



Alþingi Nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 10.10.2014
Tilvísun: 201409-0012

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 50/1998, um virðisaukaskatt, brottfall laga nr. 97/1987, um vörugjald, og breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (kerfisbreyting á virðisaukaskatti, brottfall laga og hækkun barnabóta) 2. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 50/1998, um virðisaukaskatt, brottfall laga nr. 97/1987, um vörugjald, og breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (kerfisbreyting á virðisaukaskatti, brottfall laga og hækkun barnabóta) 2.mál.


Með frumvarpinu er í fyrsta lagt til að almennt skatthlutfalls virðisaukaskatts verði lækkað úr 25,5% í 24% þann 1. janúar 2015. Í örðu lagi að lægra skatthlutfall virðisaukaskatts hækki úr 7% í 12% þann 1. janúar 2015. Í þriðja lagi að fólksflutningar í afþreyingarskyni verði gerðir skattskyldir frá og með 1. maí 2015 og falli ekki lengur undir undanþáguákvæði laga nr. 50/1998. Í fjórða lagi er í frumvarpinu lagt til að almennt vörugjald verði að fullu afnumið frá og með 1. janúar 2015 og í fimmta lagi eru lagðar til hækkunir á viðmiðunarfjárhæðum og hækkunir á tekjuskerðingarhlutföllum barnabóta á árinu 2015.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands og fjölmörg aðildarfélög sambandsins hafa á síðustu vikum sent frá sér ályktanir um fjárlagafrumvarp fyrir komandi ár. Ályktanirnar eiga það allar sammerkt að í þeim er lýst verulegri andstöðu við fyrirætlanir um hækkunir virðisaukaskatts á matvörur sem mun koma illa niður á launafólki sem ver stórum hluta tekna sinna til kaupa á nauðsynjum auk þess sem þær takmörkuðu mótvægisáðgerðir sem kynntar eru muni einungis gagnast hluta launafólks. Ályktanir miðstjórnar ASÍ og aðildarfélaga má sjá í meðfylgjandi viðauka við umsögnina.

Athugasemdir við einstaka þættir frumvarpsins:

Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu munu hafa umtalsverð áhrif á verðlag einstakra vara og ráðstöfunartekjur heimilanna og ljóst að þær munu koma með mjög mismunandi hætti við heimili eftir tekjum og neyslu enda fer mun stærri hluti tekna lágtekjuheimila til kaupa á matvöru en hjá tekjuhærri heimilum.

Þegar útgjöld til kaupa á mat- og drykkjarvörum eru greind eftir tekjutíundum (þar sem fyrsta tíundin hefur lægstu tekjurnar og sú tíunda hæstu) má sjá að munurinn á því hversu stór hluti ráðstöfunartekna fer til kaupa á matvörum er umtalsverður. Tekjulægstu heimilin nota allt að fimmtungi ráðstöfunartekna sinna til kaupa á mat á meðan tekjuhæstu heimilin nota tæp 10% (sjá mynd að neðan). Tæplega 5% hækkun á mat- og drykkjarvörum mun því koma einkar illa niður á tekjulágum heimilum sem mörg hver ná ekki endum saman.



Sem aðgerð til að koma til móts við tekjulægri barnafjölskyldur vegna breytinga á virðisaukaskatti og vörugjöldum er í frumvarpinu lög til hækkun á tekjutengdum barnabótum en á móti hækka tekjuskerðingarhlutföll um 1 prósentustig. Skerðingarmörk bótanna eru hins vegar óbreytt þriðja árið í röð sem veldur því að tekjur þeirra sem fá óskertar barnabætur á árinu 2015 er um 6% lægri að raungildi en á árinu 2013. Benda má á að tekjuskerðingarmörk barnabóta eru það lág að barnafjölskyldur sem hafa lágmarkslaun á vinnumarkaði fá ekki óskertar barnabætur.

Þó þessi mótvægisáðgerð komi vissulega að einhverju leyti til móts við tekjulág hjón með börn og einstæða foreldra gagnrýnir Alþýðusambandið harðlega að ekki skuli gripið til neinna mótvægisáðgerða gangvart öðrum viðkæmum hópum sem hækkun á nauðsynjavörum mun koma afar illa við.

Í greinagerð með frumvarpinu er vísað til úttektar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um virðisaukaskatt og vörugjöld sem gerð var fyrr á þessu ári og umfjöllunar OECD um að virðisaukaskattskerfið sé illa fallið til tekjujöfnunar en heppilegra sé að jafna lífskjör með markvissari hætti í gegnum skattkerfið. AGS bendir sérstaklega á það í skýrslu sinni að við breytingar á kerfinu þurfi að koma til móts við tekjulægri hópa í samfélaginu. Auk þess er í úttekinni bent á að til að veða á móti verðlagsáhrifum breytinga á virðisaukaskattskerfinu og draga úr verðbjögun sé skynsamlegt að afnema vörugjöld og endurskoða tolla á landbúnaðarvörur. Við núverandi breytingar er einungis farið eftir hluta þessara ráðlegginga með afnámi vörugjalda. Það afnám mun einungis hafa mjög takmörkuð áhrif til lækkunar á matvöruverði á móti þeirri hækkun sem breytingar á virðisaukaskatti munu valda en eins og rakið hefur verið koma hækkunir á matvöru annars vegar og lækkun á ýmsum dýrari raftækum, heimilistækjum og byggingavörum með mjög mismunandi hætti við heimili eftir efni og aðstæðum. Endurskoðun á tollakerfi landbúnaðarvara, sem eru mikilvæg uppistaða í matarinnkaupum flestra heimila, hefði hins vegar verið til þess fallin að veða á móti hækkun á lægra þrepi virðisaukaskatts.

Samkvæmt frumvarpinu er áætlað að breytingin leiði til um 5% hækkunar á matvöru og öðrum vörum sem falla undir lægra þrep virðisaukaskatts en um 1,2% lækkunar á þeim vörum sem falla undir almenna skatthlutfallið auk þeirrar lækkunar sem verður vegna afnáms vörugjalda á þeim vöruflokkum sem bera slíkt gjald. Breytingin er í frumvarpinu talin hafa 0,2% áhrif til lækkunar á vísitölu neysliverðs en í þeim áætlunum er gert ráð fyrir að breytingarnar skili sér allar að fullu út í verðlag til neytenda.

Í þessu samhengi er rétt að hafa í huga að verð er að jafnaði tregbreytanlegra til lækkunar en hækkunar. Þannig má t.a.m. ætla að hækkun á virðisaukaskatti á matvæli úr 7% í 12% muni skila sér hratt út í verðlag en möguleg lækkun á vörugjöldum og efra þrepi virðisaukaskattsins úr 25,5% í 24,5% kunni að skila sér síður. Árið 2007 þegar lægra þrep virðisaukaskatts var lækkað úr 14% í 7% og vörugjöld afnumin af matvörum öðrum en sykri og sætindum fylgdist verðlagseftirlit ASÍ í samstarfi við viðskiptaráðuneytið vel með hvernig sú breyting skilaði sér út í verðlag til neytenda. Niðurstaðan var í stuttu máli sú að aðgerðin skilaði sér einungis að hluta, einkum skilaði lækkun vörugjalda á matvöru sér illa til neytenda, auk þess sem ýmsir minni liðir lækkuðu minna en tilefni var til og ber þar helst að nefna lækkun á verði á hótél- og gististöðum. Þessar aðstæður eiga ekki síst við þegar kaupmenn sjá fram á vaxandi eftirspurn en flestar efnahagsspár eru sammála um að einkaneysla fari vaxandi á komandi misserum og því kann hvatinn til að skila lækkun á neyslusköttum út í verðlag að vera minni en ella. Verði þetta raunin nú verða verðlags- og ráðstöfunartekjuáhrif breytinganna í heild neikvæð.

Til viðbótar má benda á að afnám vörugjalda kann við núverandi aðstæður að hafa ýmsar neikvæðar þjóðahagslegar afleiðingar sem ekki hefur verið lagt mat á. Þær vörur sem nú bera vörugjöld og muna lækka í verði eru að megninu til innfluttar vörur og eftirspurn eftir þeim í flestum tilvikum næm fyrir verðbreytingum þannig að afnám vörugjalda mun að líkindum leiða til aukins innflutnings með neikvæðum áhrifum á viðskiptajöfnuð. Þá mun samkeppnisstaða

innlendar framleiðslu versna í samanburði við innfluttar vörur þar sem innfluttar vörur bera vörugjald af heildarverðmæti varanna á meðan innlend framleiðsla ber einungis vörugjald af innfluttum aðföngum en ekki launum starfsmanna. Þetta mun aftur leiða til verri viðskiptajafnaðar og hafa neikvæð áhrif á atvinnustig. Þessar aðstæður setja aukinn þrýsting á gengi íslensku krónunnar og ýta undir verðbólgu.

F.h. Alþýðusambands Íslands

A handwritten signature in blue ink, reading 'Henný Hinz' in a cursive script.

Henný Hinz
hagfræðingur



Alþýðusamband Íslands

Reykjavík 17. september 2014

Fjárlagafrumvarpið 2015 - Aðför að launafólki

Miðstjórn ASÍ lýsir yfir miklum vonbrigðum með að ríkisstjórnin velji með fjárlagafrumvarpi sínu fyrir árið 2015 að ráðast enn og aftur gegn hagsmunum launafólks í stað þess að hefja uppbyggingu velferðarkerfisins. Almennt launafólk hefur á síðustu árum tekið á sig miklar byrðar með samdrætti í tekjum, auknum útgjöldum og skuldsetningu sem leitt hafa til minni kaupmáttar. Þetta á ekki síst við um lágtekjuhópa og lífeyrisþega. Á sama tíma hefur verið skorið verulega niður í heilbrigðis-, velferðar og menntakerfinu sem leitt hefur til meiri greiðsluþátttöku, minni þjónustu og meira óöryggis. Launafólk sem færði miklar fórnir hefur réttmætar væntingar um að endurreisn og uppbygging velferðarkerfisins hafi ríkan forgang nú þegar viðsnúningur hefur orðið í efnahags- og atvinnulífi þjóðarinnar.

Því er haldið að launafólki að nauðsynlegt sé að mæta minni tekjum ríkissjóðs með aðhaldsaðgerðum og margháttuðum skerðingum gagnvart almenningi. Alþýðusamband Íslands hafnar alfarið slíkum málflutningi og bendir á að skattar á eignafólk og hátekjumenn hafa verið lækkaðir svo um munar. Þá hafa skattar á fyrirtæki sem skila methagnaði verið lækkaðir umtalsvert þannig að samtals hefur ríkisstjórnin skert tekjur ríkissjóðs um tugi milljarða.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands lítur þessa aðför að almennu launafólki mjög alvarlegum augum og telur engan grundvöll fyrir frekara samstarfi eða samræðu við ríkisstjórnina verði þetta að veruleika.

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar kalla á að aðildarfélög ASÍ undirbúi sig og félagsmenn sína fyrir harðari deilur við gerð kjarasamninga en verið hefur um áratuga skeið. Við þessar aðstæður þarf verkalýðshreyfingin að þetta raðir sínar. Hún verður að beina spjótum sínum að viðsejendum sínum til að rétta hlut félagsmanna bæði með tilliti til réttmætra leiðréttinga á launum en einnig til að treysta stöðu launafólks í þeirri aðför sem stjórnvöld virðast í gagnvart öðru fólki en því ríkasta í landinu.

Aðförin að launafólki felst meðal annars í:

Hækkun á matvælum

Hækkun virðisaukaskatts á matvæli er aðför að hagsmunum launafólks sem ver stórum hluta tekna sinna til kaupa á mat- og drykkjarvöru. Þær mótvægisáðgerðir sem boðaðar eru munu aðeins gagnast hluta lágtekjufólks og aðeins að takmörkuðu leyti.

Atvinnuleysistryggingar

Aðför að atvinnulausu fólki sem boðuð er með styttingu bótatímabilsins er fordæmalaus og mun koma sérstaklega illa við þá sem veikast standa á vinnumarkaði og auka enn á fátækt í landinu.

Starfsendurhæfing

Með því að fella niður lögboðið og umsamið framlag til Starfsendurhæfingarsjóðs er vegið með alvarlegum hætti að hagsmunum fólks sem veikist og slasast og þarf á starfsendurhæfingu að halda. Með því er dregið úr möguleikum þess að komast aftur á vinnumarkað og þannig til virkrar þátttöku í samfélaginu.

Heilbrigðismál

Skerðingar á framlögum til jöfnunar örorkubyrða almennra lífeyrissjóða veldur því að skerða þarf lífeyrisgreiðslur til félagsmanna Alþýðusambandsins, og er félagsmönnum þeirra sjóða þannig enn á ný mismunað gagnvart þeim sjóðum sem njóta ríkisábyrgðar.

Kostnaður vegna lyfja og heilbrigðisþjónustu eykst verði frumvarpið að lögum og þannig er sérstaklega vegið að hagsmunum sjúklinga og allra þeirra sem þurfa á þessari þjónustu að halda.

Húsnæðismál

Ekki er gert ráð fyrir neinum auknum framlögum til að mæta kröfum um úrbætur í húsnæðismálum, hvorki í almenna húsnæðiskerfinu eða vegna félagslegra íbúða.

Menntamál

Þrátt fyrir fögur fyrirheit ráðamanna um að efla starfs-, verk- og tæknimenntun er dregið hlutfallslega úr framlögum til verkmenntaskóla og vinnustaðanáámssjóður þurrkaður út. Möguleikar fólks á vinnumarkaði til að sækja nám í framhaldsskólum eru skertir verulega. Þá er framlag til framhaldsfræðslu fyrir fólk með litla formlega menntun skert umtalsvert.

Formannafundur SGS 9.-10. september 2014

Ályktun um fjárlagafrumvarp

Formannafundur Starfsgreinasambandsins mótmælir harðlega þeirri herferð sem ríkisstjórnin er í gegn atvinnulausum og öðru tekjulágu fólki og birtist í nýju fjárlagafrumvarpi. Skerðing á bótatíma atvinnulausra er afturhvarf til fortíðar. Með hækkun á matarskatti er verið að velta álögum frá tekjuhæsta fólkinu yfir á lágtekjufólk. Formenn og varaformenn aðildarfélaga Starfsgreinasambandsins sem nú funda á Ísafirði munu berjast hart gegn öllum þeim áformum sem birtast í frumvarpinu og verða til þess að rýra enn afkomu almenns launafólks og sérstaklega þeirra tekjulægstu.

Ísafirði 9. september 2014



Landssambands íslenzkra verzlunarmanna mótmælir harðlega þeim skerðingum sem fram koma í fjárlagafrumvarpinu

Formannafundur Landssambands íslenzkra verzlunarmanna, haldinn 22. september 2014, mótmælir harðlega þeim skerðingum sem fram koma í fjárlagafrumvarpi 2015. Þrátt fyrir að forystumenn ríkisstjórnarinnar haldi því fram að fjárlagafrumvarpið bæti hag heimila að meðaltali, þá er ljóst að það gildir ekki um tekjulægri hópa samfélagsins.

Formannafundur LÍV gerir mjög alvarlegar athugasemdir við:

- Hækkun lægra þreps virðisaukaskatts úr 7% í 12%
- Skerðingu réttar til atvinnuleysisbóta
- Að ekki verði staðið við gefin fyrirheit um framlag til VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs
- Skerðingu framlaga til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða
- Skert framlög til mennta-, heilbrigðis- og vinnumarkaðsmála

Það er ljóst að ofangreind atriði auðvelda ekki þá kjarasamningsgerð sem framundan er og stefnir að óbreyttu í hörð átök á vinnumarkaði. Formannafundur LÍV skorar á ríkisstjórn Íslands að endurskoða framkomið fjárlagafrumvarp.



Ályktun sambandsstjórnar Samiðnar: Ríkisstjórnin stuðli að sátt í stað sundrungar

Sambandsstjórnarfundur Samiðnar, haldinn 26. september 2014, mótmælir harðlega þeim skerðingum sem fram koma í frumvarpi til fjárlaga 2015. Þrátt fyrir yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um mótvægisáðgerðir sem eiga að bæta hag heimila er ljóst að þær snerta heimilin með mismunandi hætti og koma síst tekjulægri heimilum til góða.

Sambandsstjórnarfundur Samiðnar mótmælir sérstaklega:

- Hækkun lægra þreps virðisaukaskatts úr 7% í 12% sem eykur tekjur ríkissjóðs um 11 milljarða og fjármagnar nánast allar breytingar á hærra þrepi virðisaukaskatts og niðurfellingu á vörugjöldum
- Skerðingu réttar til atvinnuleysisbóta með styttingu bótatímabils og takmörkun á vinnumarkaðsúrræðum atvinnulausra
- Að ekki verði staðið við gefin fyrirheit um framlag til VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs
- Skerðingu framlaga til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða sem mun leiða til skertra réttinda sjóðsfélaga og auka mismun á milli almennu lífeyrissjóðanna og þeirra sem eru með ábyrgð ríkis og sveitarfélaga
- Að ekki er tryggt fjármagn til að bregðast við auknum vanda í heilbrigðiskerfinu og að þátttaka sjúklinga í lyfjakostnaði er aukin
- Að tekjutengingar barnabóta eru auknar og útgjöld til málaflokksins lægri að raungildi en árið 2010
- Að framlög til verknámsskóla hækka minna en til bóknámsskóla og framlög til vinnustaðanáms lögð niður.
- Lækkun á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna byggingar og viðhalds húsnæðis sem mun leiða til hækkunar byggingakostnaðar íbúðahúsnæðis, auk þess að svört vinna mun aukast.
- Að húsnæðisstuðningur lækkar að raungildi og viðmiðunarfjárhæðir vaxtabóta eru óbreyttar fimmta árið í röð þrátt fyrir að almennt verðlag hafi hækkað og kostnaður við öflun húsnæðis stóraukist.
- Að engir fjármunir séu ætlaðir til að auka fjölbreytni í búsetuúrræðum á húsnæðismarkaði, þrátt fyrir augljósa þörf og yfirlýsingar stjórnvalda.

Það er ljóst að ef ofangreind atriði koma til framkvæmda hafa orðið mikil vatnaskil í samskiptum stjórnvalda og stéttarfélaganna sem mun leiða til harðari árekstra í tengslum við gerð kjarasamninga en þekkt hefur hér á landi síðustu áratugi.

Við gerð síðustu kjarasamninga tóku stéttarfélagin, ríkisvaldið og sveitarfélög saman höndum um að koma á efnahagslegum stöðugleika með það að markmiði að verðbólga yrði undir viðmiðunarmörkum Seðlabanka Íslands. Árangurinn af því samstarfi er betri en menn þorðu að vona



Rafiðnarsambandið lýsir miklum vonbrigðum með fjárlagafrumvarpið

Miðstjórn Rafiðnaðarsambands Íslands (RSÍ) gagnrýnir harðlega áform stjórnvalda um hækkun virðisaukaskatts á matvælum sem mun hafa mest áhrif á þá sem minnst hafa. Hækkun á nauðsynjum líkt og mat- og drykkjarvörum, raforku, heitu vatni og bleium hefur bein áhrif á útgjöld heimilanna. Þetta eru þær vörur sem hvað erfiðast reynist að skera niður í rekstri heimilanna, enda hafa heimilin nú þegar dregið úr neyslu þeirra vara sem mögulegt er að sleppa.

Miðstjórn RSÍ gagnrýnir jafnframt áform stjórnvalda um að draga úr verkefninu „Allir vinna“ en fyrir liggur að endurgreiðsla virðisauka af vinnu lækkar úr 100% niður í 60%. Þegar ákveðið var að hækka þetta hlutfall var það gert til þess meðal annars að fjölga verkefnum í viðhaldsvinnu en ekki síður til að draga úr svartri atvinnustarfsemi. Gera má ráð fyrir að þeir sem þó hafa svigrúm til framkvæmda dragi frekar úr fyrirhuguðum framkvæmdum eða leiti annarra leiða til að standa undir þeim kostnaði.

Miðstjórn RSÍ gagnrýnir harðlega þá ákvörðun stjórnvalda að ætla sér að auka fjárveitingu minna til iðn- og verknámsskóla í samanburði við bóknámsskóla. Gefur það vísbendingu um að iðn- og verknám sé ekki metið til jafns við bóknám hjá stjórnvöldum og kemur jafnframt í veg fyrir að fleiri nemendur komist að í iðnnámi. Þetta eru þær greinar sem skortir starfsafl og þörfin fyrir iðn og verkmenntað fólk verður meiri á næstu árum verði ekkert að gert.

Miðstjórn RSÍ telur að eðlilegra hefði verið að ríkið hefði aflað sér aukinna tekna með öðrum leiðum en að sækja þær í vasa þeirra sem minna hafa á meðan þeir efnameiri njóti góðs af minni skattbyrði. Auknum útgjöldum heimilanna verður að mæta með auknum tekjum og því verður ekki séð önnur leið en að sú hækkun verði sótt í komandi kjarasamningum.




Stjórn VR gagnrýnir fjárlagafrumvarpið

Stjórn VR mótmælir auknum álögum á þorra launafólks sem fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar felur í sér og harmar framkomu stjórnvalda í garð atvinnulausra sem þurfa að þola skerðingu á bótarétti sínum.

Hækkunin leggst þyngst á tekjulægri

Hækkun á lægra þrepi virðisaukaskatts úr 7% í 12% kemur verst niður á tekjulægri heimilum sem þegar eru komin að þolmörkum. Launafólk með lægstu tekjurnar ver í dag 17,6% ráðstöfunartekna sinna í matar- og drykkjarvörur á móti 10,7% hjá þeim sem hafa hæstu tekjurnar, eins og sjá má á myndinni hér að neðan.

Hlutfall matar- og drykkjarvöru af ráðstöfunartekjum heimila



Hér má sjá hve stórum hluta ráðstöfunartekna heimilin verja til að kaupa mat- og drykkjarvöru, þar sem búið er að skipta fjölda heimila í fernt eftir tekjum. Í neðsta tekjufjórðungi eru þau heimili sem hafa lægstu ráðstöfunartekjum og í þeim efsta eru þau heimili þar sem hæstu tekjurnar eru.

Breytingarnar á virðisaukaskattkerfinu, sem ríkisstjórnin leggur nú til, leggst með næstum tvöfalt meiri þunga á lægsta tekjuhópinn en þann hæsta. Það er óásættanlegt.

Koma þarf til móts við tekjulægri heimili



Ályktun frá Stéttarfélaginu Samstöðu

Stéttarfélagið Samstaða mótmælir harðlega þeirri aðför að launafólki sem birtist í nýju fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar.

Hækkun virðisaukaskatts á matvæli, skert réttindi atvinnulausra og lækkun framlags ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða, eykur á byrðar lágtekjuhópa og sýnir að þeir eru ekki í forgangshópi ríkisstjórnarinnar.

Með þessu frumvarpi er ríkisstjórnin að gefa samstarfi og samræðum við verkalýðshreyfinguna langt nef. Við þær aðstæður þarf verkalýðshreyfingin að svara þeim skilaboðum skýrt og búa sig undir harðari deilur við gerð kjarasamninga en verið hafa um langa hríð.

Félög innan ASÍ hafa sýnt mikla ábyrgð við gerð samninga á undanförunum árum. Þau eiga ekki að bera hana ein í þjóðfélagi sem vill byggja á jöfnuði og sanngirni fyrir þegna sína.



**Verkalýðs- og
sjómannafélag
Keflavíkur og nágrennis**

Fjárlagafrumvarp gegn hagsmunum launafólks

Stjórn Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis lýsir miklum vonbrigðum með þær niðurskurðarhugmyndir sem fram koma í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Frumvarpið sýnir á grímulausan hátt fyrir hverja þessi ríkisstjórn starfar. Og það er ekki venjulegt launafólk í landinu. Á fyrsta starfsári sínu skerti ríkisstjórnin tekjur ríkissjóðs um tugi milljarða króna til hagsbóta fyrir þá efnamestu í samfélaginu. Nú ræðst hún með niðurskurðarhnífinn að þeim sem síst skyldi. Atvinnulausum, lífeyrisþegum, sjúklingum, þeim sem þurfa á starfsendurhæfingu að halda og þeim sem hafa minnstu menntunina. Er þá ónefndur matarskatturinn sem mun hækka matarreikning fjölskyldna um tugi þúsunda króna á ári.

Stjórn Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur skorar á ríkisstjórnina að draga til baka niðurskurðarhugmyndir sem koma við þá sem lökust hafa kjörin.



Framsókn ályktar - Hjarta ríkistjórnarinnar slær ekki með verkafólki

Hörð gagnrýni kom fram á fjárlagafrumvarp ríkistjórnarinnar á fundi stjórnar og trúnaðarmannaráðs Framsóknar í gær. Eftir miklar og góðar umræður um málið var eftirfarandi ályktun samþykkt.

Ályktun Framsóknar stéttarfélags um fjárlagafrumvarpið

„Framsókn stéttarfélag gerir alvarlegar athugasemdir við framkomið fjárlagafrumvarp fyrir árið 2015. Í frumvarpinu er ráðist að ákveðnum grunngildum sem miða að því að fólk geti séð fyrir sér og sínum með reisn.

Hvað ríkisstjórninni gengur til með að skerða réttindi atvinnulausra er ekki vítað. Þá er með hækkun á matarskatti verið að auka enn frekar álögur á lágtekjufólk.

Því miður fyrir láglounafólk í landinu slær hjarta ríkisstjórnarinnar ekki með þeim tekjulægri í þjóðfélaginu. Fjárlagafrumvarpið staðfestir það sem og þær skattkerfisbreytingarnar sem gerðar voru síðasta vetur þegar þeir tekjulægstu voru skildir eftir.

Greinilegt er að ríkisstjórnin hefur ekki áhuga fyrir því að vinna með verkalýðshreyfingunni í því að skapa þjóðfélag sem byggir á jöfnuði. Verkalýðshreyfingunni ber skylda til og mun svara þessum skilaboðum með skýrum hætti í komandi kjaraviðræðum við atvinnurekendur og í samskiptum við stjórnvöld. Ábyrgðin liggur ekki bara hjá verkalýðshreyfingunni."



**Ályktun stjórnar og fulltrúaráðs VM–Félags vélstjóra og málmæknimanna
vegna fjárlagafrumvarps 2015.**

Stjórn og fulltrúaráð VM telja fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar aðför að íslensku samfélagi. Sköttum er létt af fyrirtækjum og einstaklingum sem vel eru aflögufærir en álögur auknar á almennt launafólk með matarskatti og niðurskurði. Forystumenn ríkisstjórnarinnar hafa engin málefnaleg rök gegn gagnrýni á frumvarpið en svara þeim sem koma athugasemdum á framfæri með hroka og skítkast. Afstaða þeirra lýsir vel hve illa þeir eru tengdir inn í daglegt líf almennings sem reynir að láta enda ná saman.

Ljóst er að launafólk mun ekki taka á sig þessar byrðar öðruvísi en að sækja bætt kjör með hörku á viðsejendur sína. Í mörgum atvinnugreinum ætti það ekki að vera vandamál miðað við afkomu þeirra.

Stjórn og fulltrúaráð VM telur að launafólk eigi að standa saman og hunsastjórnvöld, ætli þau að nota frumvarpið sem skiptimynt í komandi kjaraviðræðum. Í fjárlagafrumvarpinu birtist þjóðinni raunveruleg stefna ríkisstjórnarinnar og við henni verður að bregðast af hörku.

Stjórn og fulltrúaráð VM telur að ríkistjórnin eigi engan annan kost í stöðunni en að endurskoða tekjuhlíð frumvarpsins, ætli hún að hafa aðkomu að viðræðum sem ætlað er að tryggja hér stöðugleika.

Helstu fórnarlömb þess óréttlætis sem boðað er í frumvarpinu með niðurskurði og auknum álögum eru fjölskyldur, einstaklingar og börn þeirra sem minnst hafa milli handanna.

Við það óréttlæti verður ekki unað.



Ályktun stjórnar Verslunarmannafélags Skagafjarðar um fjárlagafrumvarp Ríkisstjórnar Íslands 2015

Stjórn Verslunarmannafélags Skagafjarðar mótmælir harðlega þeim skerðingum sem fram koma í fjárlagafrumvarpi 2015. Þrátt fyrir að forystumenn ríkisstjórnarinnar haldi því fram að fjárlagafrumvarpið bæti hag heimila að meðaltali, þá er ljóst að það gildir ekki um tekjulægri hópa samfélagsins.

Stjórn Verslunarmannafélags Skagafjarðar gerir miklar athugasemdir við:

- Hækkun lægra þreps virðisaukaskatts úr 7% í 12%
- Skerðingu réttar til atvinnuleysisbóta
- Að ekki verði staðið við gefin fyrirheit um framlag til VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs
- Skerðingu framlaga til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða
- Skert framlög til menntamála sem bitna m.a. annars mjög harkalega á Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra þrátt fyrir fögur orð á hátíðarstundum um eflingu iðnmenntar í landinu og fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni.
- Skert framlög til heilbrigðismála sem enn og aftur bitna m.a. á Heilbrigðisstofnuninni Sauðárkróki.

Stjórn Verslunarmannafélags Skagafjarðar skorar á Ríkisstjórn Íslands að endurskoða framkomið fjárlagafrumvarp. Nú er kominn tími á að hlusta á fólkið í landinu.

Sauðárkróki 29.september 2014

Stjórn Verslunarmannafélags Skagafjarðar



Félag verslunar- og
skrifstofufólks Akureyri

Ályktun

Fundur í stjórn- og trúnaðarráði Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni, haldinn 23. september 2014, skorar á ríkisstjórn Íslands að endurskoða fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2015 með hliðsjón af þeirri gagnrýni sem frumvarpið hefur fengið frá samtökum launafólks undanfarið.

Þau atriði sem einkum eru gerðar athugasemdir við eru:

- Hækkun lægra þreps virðisaukaskatts úr 7% í 12%
- Skerðingu réttar til atvinnuleysisbóta
- Að ekki verði staðið við gefin fyrirheit um framlag til Virk Starfsendurhæfingaráðs
- Skerðingu framlaga til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða
- Skert framlög til mennta-, heilbrigðis- og vinnumarkaðsmála.

Ljóst er að ef ofangreind atriði verða samþykkt óbreytt verða launþegasamtökin að efna til harðari kröfugerðar gagnvart atvinnurekendum en reiknað var með til að rétta hlut þeirra sem minnst hafa.



Ályktun félagsfundar VLFS Hellu

Verkalýðsfélag Suðurlands mótmælir harðlega þeirri aðför að launafólki sem birtist í nýju fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Þar má helst telja.

Hækkun virðisaukaskatts á matvæli, skert réttindi atvinnulausra, lækkun framlags ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði Lífeyrissjóða á sama tíma og dælt er peningum inn til opinberu sjóðanna sem þýðir enn meiri ójöfnuð á milli kjara almennra og opinberra Lífeyrissjóða. Þetta leggur auknar byrðar á lágtekjuhópa og sýnir að þeir eru ekki í forgangshópi ríkisstjórnarinnar.

Það er ótrúlegt skilningsleysi ríkjandi við gerð þessa fjárlagafrumvarps á kjörum almennings. Með þessu frumvarpi er ríkisstjórnin að gefa samstarfi við verkalýðshreyfinguna langt nef. Við þessar aðstæður verður verkalýðshreyfingin að svara þeim skilaboðum skýrt og búa sig undir harðari deilur við gerð kjarasamninga en verið hafa í langan tíma.

VLFS áréttar að félög innan ASÍ hafa sýnt mikla ábyrgð við gerð samninga á undanförunum árum. Það getur ekki verið réttlæt看legt að þau beri hana ein í þjóðfélagi sem vill byggja á jöfnuði og sanngirni fyrir þegna sína.



Ályktun stjórnar
Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis.
29. september 2014

Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis mótmælir harðlega þeirri aðför að íslensku launafólki sem birtist í nýju fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar.

Þar má helst telja:

Hækkun virðisaukaskatts á matvæli, skert réttindi atvinnulausra sem er mest á Suðurnesjum og lækkun á framlagi ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði Lífeyrissjóða.

Með þessu frumvarpi er ríkisstjórnin að gefa samstarfi við verkalýðshreyfinguna langt nef. Við þessar aðstæður verður verkalýðshreyfingin að svara þeim skilaboðum skýrt og búa sig undir harðari deilur við gerð kjarasamninga en verið hafa í langan tíma.

Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis áréttar að félög innan ASÍ hafa sýnt mikla ábyrgð við gerð samninga á undanförunum árum. Það getur ekki verið réttlæt看legt að þau ein axli ábyrgð á stöðuleika í samfélagi sem vill byggja á jöfnuði og sanngirni fyrir þegna sína.



Verslunarmannafélag
Suðurlands

Ályktun Verslunarmannafélags Suðurlands

Stjórnarfundur Verslunarmannafélags Suðurlands haldinn þann 29. september 2014 fordæmir þá lítilsvirðingu, sem ríkisstjórnin sýnir lægst launaða fólki landsins, með fjárlagafrumvarpi ársins 2015. Meðal þeirra atriða sem harðast koma niður á þessum hópi er:

1. Skerðing framlaga, til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóðanna.
2. Hækkun lægra þreps virðisaukaskatts.
3. Að ekki er staðið við framlög til VIRK starfsendurhæfingajóðs.
4. Aukin greiðsluþátttaka sjúklinga í lækni- og lyfjakostnaði.
5. Skerðing framlaga til menntamála.
6. Stytting tíma til greiðslu atvinnuleysisbóta.

Stjórn VMS skorar á ríkisstjórnina að endurskoða fram komið frumvarp og hafa þá hag þeirra sem minnst mega sín í fyrrirúmi.



Ályktun frá stjórn Einingar-Iðju um fjárlagafrumvarpið

Stjórnarfundur í Einingu-Iðju á Akureyri samþykkti í gær harðorða ályktun um fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar.

Ályktun frá stjórn Einingar-Iðju um fjárlagafrumvarpið

Fjárlagafrumvarpið þarf að endurskoða tafarlaust

Stjórn Einingar-Iðju lýsir yfir miklum vonbrigðum með fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar og þeim skerðingum sem í því má finna. Á síðustu árum hefur almennt launafólk tekið á sig miklar skerðingar með minnkandi tekjum og auknum útgjöldum sem leitt hafa til minni kaupmáttar. Á meðan eru tekjur ríkissjóðs skertar um tugi milljarða með því að aflétta sköttum af fyrirtækjum og einstaklingum sem vel eru aflögufærir.

Nú á enn og aftur að auka álögur á almennt launafólk og niðurskurðarhnífnum beint að þeim sem síst skyldi. Atvinnulausum, lífeyrisþegum, sjúklingum, þeim sem þurfa á starfsendurhæfingu að halda og þeim sem hafa minnstu menntunina.

Forystumenn ríkisstjórnarinnar halda því fram að mótvægisáðgerðir muni bæta hag heimila í landinu að meðaltali, en það meðaltal hallar verulega á þá sem lægri hafa launin og virðist sem hópurinn sé ekki í forgangi hjá ríkisstjórninni. Hækkun barnabóta og breytingar á vörugjöldum jafna ekki út hækkun matvæla hjá þeim sem lægst hafa launin. Fjölmargir launþegar sem eru með lágar- og millitekjur eru barnlausir eða með eldri börn á framfæri og of margir sem ekki geta veitt sér þann munað að vera tíðir gestir í verslunum sem geta lækkað verð í kjölfar afnáms almennra vörugjalda.

Stjórn Einingar-Iðju mótmælir harðlega þeirri aðför sem stjórnvöld eru í gegn þeim sem eru í atvinnuleit, sérstaklega þeim einstaklingum sem hafa verið hvað lengst án atvinnu. Skerðing á bótarétti getur kippt fótunum undan lífsafkomu fjölda fólks og atvinnuleysi mun ekki minnka við það að velta vandanum yfir á sveitarfélögin.

Stjórn Einingar-Iðju gerir mjög alvarlegar athugasemdir við:

- Hækkun lægra þreps virðisaukaskatts úr 7% í 12%
- Skerðingu réttar til atvinnuleysisbóta
- Svik við gefin fyrirheit um framlag til VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs
- Skerðingu framlaga til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða
- Skert framlög til mennta-, heilbrigðis- og vinnumarkaðsmála

Að óbreyttu er ljóst að það stefnir í hörð átök á vinnumarkaði því ofangreind atriði auðvelda ekki þá kjarasamningsgerð sem framundan er. Stjórn Einingar-Iðju skorar á ríkisstjórn Íslands að endurskoða tafarlaust framkomið fjárlagafrumvarp.

Ábyrgðin er ekki bara okkar.

Akureyri, 30. september 2014

Stjórn Einingar-Iðju



Báran, stéttarfélag lýsir vanþóknun sinni á aðgerðum stjórnvalda

Ályktun frá stjórn Bárunnar

Báran, stéttarfélag lýsir vanþóknun sinni á því hugarfari sem lýsir sér í flestum þeim aðgerðum stjórnvalda sem snerta almennt launafólk á Íslandi og opinberar, í besta falli algjöra vanþekkingu á kjörum venjulegs fólks.

Það verður ekki lengur við unað að láglauhópar innan verkalýðshreyfingarinnar beri hitann og þungann af viðreisn efnahagslífsins. Hagsmungæsla stjórnvalda gagnvart þeim efnameiri í formi lækkaðra og niðurfelldra skatta eru stjórnvaldsaðgerðir sem ekki eru til þess fallnar að jafna kjörin.

Almennt launafólk á Íslandi er búið að leggja sitt á vogarskálar efnahagsviðreisnarinnar og hefur borið þær byrðar möglunarlítið meðan ákveðnir hópar samfélagsins hafa komið sér undan því að taka ábyrgð og haldið sínu striki. Ljóst er að nægt fjármagn er til í landinu til að bæta kjör þeirra lægst launuðu. Um það vitna hagnaðartölur fyrirtækja og hækkandi laun stjórnenda þeirra.

Báran, stéttarfélag hvetur stjórnvöld til að setjast niður til heiðarlegra viðræðna um hvernig skipta má lífsgæðum þessa lands á sanngjarnari hátt en nú er.

Selfossi 19.09 2014

Stjórn Bárunnar, stéttarfélags á Suðurlandi



Félagsfundur Eflingar - Fjárlögin uppskrift að ófriði

Félagsfundur Eflingar-stéttarfélags mótmælir harðlega þeim áformum í fjárlagafrumvarpinu sem leiða mun til skerðingar á kjörum almennings:

Við mótmælum hækkun virðisaukaskatts á matvælum úr 7% upp í 12%.

Við mótmælum styttingu á tímabili atvinnuleysisbóta um hálf ár þegar um 1200 félagsmenn Eflingar eru án atvinnu.

Við mótmælum harðlega þeim áformum ríkisstjórnarinnar að standa ekki við gefin loforð í tengslum við gerða kjarasamninga með því að fella niður framlag ríkissjóðs til starfsendurhæfingar og skerða þar með getu VIRK starfsendurhæfingarsjóðs til þess að sinna hlutverki sínu í baráttu við örorkuna.

Við mótmælum þeirri stefnu ríkisvaldsins að auka enn á kostnað almennings í lyfjakostnaði og komugjöldum á heilsugæslustöðvar.

Við hörmum að svíkja eigi margítrekaðar yfirlýsingar ríkisstjórnar um átak í húsnæðismálum þar sem ekki á að leggja neina fjármuni til málaflokksins.

Við hörmum að stuðningur í formi vaxtabóta vegna húsnæðiskaupa lækkar að raungildi fimmta árið í röð.

Félagsfundur Eflingar-stéttarfélags krefst endurskoðunar á þeim forsendum sem færa byrðar á herðar þeirra sem minna hafa til ráðstöfunar.

Það er hlutverk stjórnvalda að stuðla að stöðugleika í efnahagsmálum og leggja grundvöll að auknum jöfnuði í samfélaginu en magna ekki upp ófrið á vinnumarkaði.

Fjárlagafrumvarpið sem nú liggur fyrir er uppskrift að ófriði á vinnumarkaði.

Vegið að lífeyriskjörum þeirra lakast settu

Félagsfundur Eflingar stéttarfélags mótmælir harðlega fyrirhugaða skerðingu ríkisstjórnarinnar á framlögum til jöfnunar á örorkubyrði.

Í fjárlagafrumvarpinu sem nú er í vinnslu eru kynnt áform um að fella niður greiðslur til jöfnunar á örorkulífeyrisbyrði lífeyrissjóða sem mun hafa áhrif til skerðingar lífeyrisbóta sjóðfélaga í þeim sjóðum þar sem örorkubyrði er mikil og getur numið allt að 4,5% hjá Gildi lífeyrissjóði að óbreyttu. Með þessum áformum er ríkisstjórnin að rjúfa samkomulag sem hún gerði um jöfnun á örorkubyrði sem var ein af forsendum sem fylgdi kjarasamningum með yfirlýsingu ríkisstjórnar 2005 og síðan var lögfest ári síðar á Alþingi. Ríkisstjórnin sem nú situr telur að forsendur hafi breyst og því sé rétt að taka þetta fyrirkomulag til endurskoðunar. Ljóst er að engin rök mæla með því að þessu fyrirkomulagi verði breytt ef stjórnvöld vilja standa við fyrirheit um jöfnun lífeyrisskuldbindinga eins og lögfest hafði verið á sínum tíma. Þess vegna eru áform ríkisstjórnarinnar nú aðför að lífeyriskjörum þeirra lakast settu í landinu.

Félagsfundur Eflingar tekur undir með Gildi lífeyrissjóði að ekki séu forsendur til áformaðra breytinga hvað varðar örorkubyrði sjóðanna. Þar sem sjóðfélagar Gildis lífeyrissjóðs bera einna hæstar örorkubyrðar lífeyrissjóðanna koma þessi áform einna harðast niður á þeim sjóðfélögum og munu leiða til skerðingar allt að 4,5% hjá sjóðfélögum að óbreyttu.

Þá er ljóst að þessi áformaða breyting mun ekki jafna lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna og starfsmanna á almennum markaði, sem var eitt af markmiðum breytinganna, heldur auka þennan mismun þar sem opinberir starfsmenn fá skerðingar sjóðanna bættar frá skattgreiðendum eins og verið hefur.

Þess vegna munu þessi áform leiða til þess ef þau ná fram að ganga að sjóðfélagar í lífeyrissjóðum almenns verkafólks og sjómanna mun hafa minna fé í ellilífeyri og þannig munu kjör þessa hóps versna.

Það eru því engin rök sem réttlæta afturhvarf frá fyrri ákvörðun um stuðning við þá sjóði sem vegna samsetningar starfa og áhættu lenda í hærri örorkubyrði. Það er hrópleg ósanngirmi ef þessir sjóðfélagar eiga að taka á sig ábyrgð af örorku sem eðlilegt er að atvinnulífið og samfélagið allt beri en ekki fólk í tilteknum störfum þar sem meira reynir á slit í stoðkerfum, slyshætta er meiri og afleiðingar slysa oft alvarlegri.

Stefnumörkun ríkisstjórnar frá 2005 var einmitt ætlað að mæta þessu með samfélagslegri, sameiginlegri stefnumörkun þar sem þjóðfélagið axlaði ábyrgð á þessum þætti atvinnulífsins.

Félagsfundur Eflingar-stéttarfélags krefst þess að ríkisstjórnin standi við gert samkomulag við aðila vinnumarkaðarins og lýsir yfir fullri ábyrgð á hendur henni ef hún lætur þessi áform verða að veruleika.



Linnulaus flutningur fjármagns til þeirra tekjuháu

Kjaramálaráðstefna AFLs Starfsgreinafélags ályktar um fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar.

Kjaramálaráðstefna AFLs Starfsgreinafélags lýsir áhyggjum af þeim breytingum á skattkerfi sem fram koma í fjárlagafrumvarpi. Félagar AFLs telja boðaða mótvægisáðgerð léttvæga með tilliti til hækkana á matarverði. Félagið bendir á að skattabreytingar síðustu tveggja ára og það fjárlagafrumvarp sem nú hefur verið lagt fram – varða leið til enn frekari misskiptingar í samfélaginu.

AFL Starfsgreinafélag hefur þungar áhyggjur af því hvernig stjórnvöld flytja linnulaust fjármuni úr samneyslunni til tekjuhæstu heimila landsins. Félagið fordæmir harðlega svik ríkisvaldsins varðandi samning um Virk Endurhæfingarsjóð og lýsir yfir vonbrigðum með lækkun framlaga til vinnumarkaðsaðgerða, styttingu atvinnuleysisbóta og fleiri velferðarliða.

AFL hvetur stjórnvöld til að líta á stöðu þeirra verst settu á vinnumarkaði heilstætt og styrkja stöðu þeirra með vinnumarkaðsaðgerðum, aðgengi að námi og möguleika á endurhæfingu. Eins og fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar lítur út núna – er hópur þegna landsins settur til hliðar og ekkert sinnt um hagsmuni þeirra.

Sama sjónarmiðs gætir í aukinni kostnaðarþátttöku sjúklinga bæði í komugjöldum og lyfjakostnaði. Félagið vekur athygli á að nú þegar sækir allt að 6% tekjulægsta fólksins sér ekki lækniástoðar vegna kostnaðar og stefnir í að það hlutfall aukist enn.

Félagið fordæmir harðlega að verkafólk landsins eigi að axla örorkubyrði landsmanna allra með því að framlagi til jöfnunar lífeyrisréttinda er skorið niður en með því er örorkubyrðin að mestu leyti lögð á fáa lífeyrissjóði verkafólks á meðan t.d. lífeyrir opinberra starfsmanna er ríkistryggður og skerðist ekki.

AFL Starfsgreinafélag fordæmir aukinn niðurskurð í heilbrigðisþjónustu og annarri velferðarþjónustu sem bitnar harkalega á landsbyggðinni og gerir búsetuskilyrði æ erfiðari. Það samræmist illa yfirlýstum markmiðum stjórnarflokkanna um byggðaðróun að sækja svo hart fram gegn velferðarþjónustunni. Sama gildir um hækkun virðisaukaskatts á rafmagn og hita – sem bitur harðast á landsbyggðinni þar sem húshitun er með rafmagni.



Ályktun frá Verkalýðsfélaginu Hlíf vegna fjárlagafrumvarpsins

Stjórn Verkalýðsfélagsins Hlífar mótmælir harðlega þeim niðurskurðar hugmyndum sem eru aðför að launafólki sem stjórnvöld eru að leggja til og birtist í nýju fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar.

Það má helst telja:

Hækkun lægra þreps virðisaukaskatts úr 7% í 12%.

Aðför að atvinnulausu fólki sem boðuð er með styttingu bótatímabilsins er fordæmalaus og mun koma sérstaklega illa við þá sem veikast standa á vinnumarkaði og auka enn á fátækt í landinu.

Með því að fella niður lögboðið og umsamið framlag til Starfsendurhæfingarsjóðs er vegið með alvarlegum hætti að hagsmunum fólks sem veikist og slasast og þarf á starfsendurhæfingu að halda.

Skerðingar á framlögum til jöfnunar örorkubyrða almennra lífeyrissjóða veldur því að skerða þarf lífeyrisgreiðslur til félagsmanna ASÍ og er félagsmönnum þeirra sjóða þannig enn á ný mismunað gagnvart þeim sjóðum sem njóta ríkisábyrgðar.

Kostnaður vegna lyfja og heilbrigðisþjónustu eykst verði frumvarpið að lögum og þannig er sérstaklega vegið að hagsmunum sjúklinga og allra þeirra sem þurfa á þessari þjónustu að halda.

Ekki er gert ráð fyrir neinum auknum framlögum til að mæta kröfum um úrbætur í húsnæðismálum, hvorki í almenna húsnæðiskerfinu eða vegna félagslegra íbúða.

Þrátt fyrir fyrirheit ráðamanna um að efla starfs-, verk- og tæknimenntun er dregið hlutfallslega úr framlögum til verkmenntaskóla og vinnustaðanámssjóður þurrkaður út.

Möguleikar fólks á vinnumarkaði til að sækja nám í framhaldsskólum eru skertir verulega. Þá er framlag til framhaldsfræðslu fyrir fólk með litla formlega menntun skert umtalsvert.

Verkalýðsfélagið Hlíf munu berjast hart gegn öllum þeim áformum sem birtast í frumvarpinu og verða til þess að rýra enn afkomu almenns launafólks og sérstaklega þeirra tekjulægstu.



Stjórn Verk Vest mótmælir harðri og óvæginni aðför að launafólki

Hin harða og óvægna aðför að launafólki sem birtist í fjárlagafrumvarpi 2015 á sér vart hliðstæðu hin síðari ár. Slík aðför er hvatning til launafólks inn í komandi kjaraviðræður um að láta sverfa til stáls.

Stjórn Verkalýðsfélags Vestfirðinga hvetur stjórnvöld til að koma í veg fyrir að óbreytt fjárlagafrumvarp nái fram að ganga um leið og stjórn félagsins bendir á nokkur alvarlegustu svikin sem boðuð eru í frumvarpinu.

- Lífeyrismál

Það eru alvarleg svik við launafólk að ætla skerða framtíðarlífeyrissparnað um allt að 4,5% með því að fella niður framlag til jöfnunar örorkubyrðna hjá almennu lífeyrissjóðunum sem var ein megin forsenda kjarasamninga árið 2005.

- Starfsendurhæfing

Það eru alvarleg svik að fella niður framlag ríkisins til starfsendurhæfingar. Afleiðingin mun þýða að skjólstæðingar ríkisins munu ekki fá þjónustu hjá VIRK starfsendurhæfingasjóði.

- Menntun

Það eru alvarleg svik við launafólk að skerða framlög til fullorðinsfræðslu og þannig takmarka möguleika til starfsnáms. Framlög til fullorðinsfræðslu var hluti af yfirlýsingu ríkisstjórnar með kjarasamningum 2011.

- Matarskattur

Hækkun matarskatts er alvarleg aðför að framfærslu launafólks. Hjá lágtekjufólki mun allt að 21% ráðstöfunatekna fara til matarinnkaupa. Slíkt er ólíðandi.

- Atvinnuleysisbætur

Algjört virðingarleysi gagnvart stöðu atvinnulausra birtist í skerðingu atvinnuleysisbóta með styttingu bótatímabils og takmörkun á framlögum til vinnumarkaðsúræða fyrir atvinnulausa.

- Heilbrigðismál

Vanda heilbrigðiskerfisins er velld yfir á almenning með aukinni þátttöku í lyfjakostnaði, hækkun komugjalda langt umfram verðlagsþróun og stórauðinni þátttöku í sérfræðiþjónustu.

Á sama tíma og almennu launafólki er ætlað að taka á sig niðurskurð og auknar álögur í heilbrigðis-, velferðar- og menntakerfi samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2015, er launafólki jafnframt ætlað að standa undir stöðugleika á íslenskum vinnumarkaði og bættu efnahagslífi.

Má með sanni segja að verði óbreytt fjárlagafrumvarp að veruleika hafi ríkisstjórnin sjálf gefið út ávísun á ófrið á vinnumarkaði. Félagsmenn Verk Vest þurfa því að undirbúa sig fyrir harðari deilur við gerð kjarasamninga en verið hefur um áratuga skeið.

Þingeyri 7. október 2014

Stjórn Verkalýðsfélags Vestfirðinga



Aldan stéttarfélag - Fjárlagafrumvarpið nagli í líkkistu velferðarsamfélagsins

Stjórn Öldunnar stéttarfélags ályktar vegna fjárlagafrumvarps ríkisstjórnarinnar.

Ályktun

Stjórn Öldunnar stéttarfélags lýsir yfir miklum vonbrigðum með stefnu ríkisstjórnar Íslands sem birtist við gerð fjárlagafrumvarpsins sem nú liggur fyrir Alþingi. Það sætir undrun að þeir sem treyst er fyrir því að fara með forystu í landinu skuli í skjóli þessa valds síns leyfa sér að velja þá leið að tryggja hinum launahæstu enn betri afkomu á kostnað hinna tekjulægri. Það er fráleitt að ætla að halda því fram að umræddar breytingar á skattkerfi, hækkun á matvöru, stóraukinn kostnaður vegna lyfjakaupa og heilbrigðisþjónustu og skertur réttur atvinnulausra, öryrkja og ellilífeyrisþega muni bæta hag heimila. Hverjum manni er ljóst að slíkar aðgerðir munu skerða lífsafkomu þorra þjóðarinnar og efla svarta hagkerfið. Er það markmiðið ?

Ef þetta framferði nær fram að ganga liggur í augum uppi að enn einn naglinn verður rekinn í líkkistu hins íslenska velferðarsamfélags.

Stjórn Öldunnar skorar hér með á ríkisstjórn Íslands að endurskoða fjárlagafrumvarpið og taka upp samstarf við stéttarfélögin með það að markmiði að byggja upp sanngjarnt samfélag sem við getum verið stolt af.

Stjórn Öldunnar stéttarfélags

07.10.2014

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Nefndarsvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2014

Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, brottfall laga nr. 97/1987, um vörugjald, og breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (kerfisbreyting á virðisaukaskatti, brottfall laga og hækkun barnabóta).

Breytingar á lögum um virðisaukaskatt og mótvægisáðgerðir vegna þeirra

BHM gerir ekki athugasemdir við þann rökstuðning sem settur er fram í fjarlagafrumvarpinu, og er studdur af rannsóknum OECD og AGS, að virðisaukaskattskerfið sé ekki heppilegt til tekjujöfnunar samanborið við önnur kerfi.

BHM tekjur undir að tímabært sé að fella niður almenn vörugjöld enda gjaldflokkurinn óskilvirkur og hamlandi fyrir samkeppni. BHM lýsir þó áhyggjum sínum af því að samhliða sé ekki sett fram áætlun stjórnvalda til að tryggja að niðurfellingin skili sér til neytenda. Forsenda þess að áðgerðin virki sem mótvægisáðgerð vegna breytinga á virðisaukaskattskerfinu er að áhrifin skili sér að fullu út í verðlag í landinu.

Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um hækkunir fjárframlaga til barnabóta er staðfesting á því að mótvægisáðgerða sé þörf vegna breytinga á virðisaukaskattskerfinu. Sé tekið mið af meðallaunum í kjarakönnun BHM árið 2014 er ljóst að hjón sem bæði eru félagsmenn aðildarfélags BHM njóta ekki barnabóta vegna tekjuskerðingar kerfisins. BHM getur því ekki látið hjá líða að benda á að mótvægisáðgerð ríkisstjórnarinnar í barnabótakerfinu gagnast ekki millitekjuhópnum í landinu. Því er ljóst að á sama tíma og enn er óvissa um endanleg verðlagsáhrif vegna niðurfellingar almennra vörugjalda réttlæta mótvægisáðgerðirnar ekki fyrirhugaðar breytingar á virðisaukaskattkerfinu. BHM harmar að skerðingarhlutföll barnabóta vegna tekna foreldra verði hækkuð um eitt prósentustig enda ljóst að sú breyting bitnar á einstæðum foreldrum í tekjuhóp BHM fólks.

BHM hefur ítrekað bent á að á árunum eftir efnahagshrunið hefur auknum byrðum verið velt á millitekjuhópinum í landinu. BHM hefði kosið að ríkisstjórnin sýndi það í verki að sá tími sé að baki og að tryggt hefði verið að mótvægisáðgerðirnar skiluðu sér jafnframt til millitekjuhópsins.

Virðingarfyllst,

Guðlaug Kristjánsdóttir,
formaður.

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 30. október 2014

Efni: Viðbótarumsögn við umsögn BSRB um frumvarp til laga um virðisaukaskatt o.fl. þingskjal 2 - 2. mál.

BSRB telur að forsendur útreikninga á áhrifum breytinga á virðisaukaskatti og vörugjöldum í fjárlagafrumvarpinu séu ekki réttar. Í frumvarpinu eru nokkur dæmi þar sem reiknuð eru áhrif breytinganna á mismunandi fjölskyldugerðir. Í þessum útreikningum er gert ráð fyrir því að skattabreytingarnar skili sér að fullu út í verðlag. Það á við um lækkanirnar og hækkanirnar. Það er mjög erfitt að spá fyrir um hvernig þessar breytingar muni skila sér þar sem að slíkar breytingar hafa ekki oft verið framkvæmdar. Ein vísbending um áhrif utanaðkomandi þátta á verðlag felst í því að skoða áhrif gengissveiflna á verðlag. Það hefur mikið verið ritað um þau áhrif og má t.d. nefna rannsókn Rannsóknarseturs verslunarinnar frá árinu 2011. Slík áhrif eru að mörgu leiti svipuð og skattabreytingarnar þar sem þau eru utanaðkomandi áhrif sem virka á sama hátt á alla aðila.

Í fyrrgreindri rannsókn frá 2011 kemur skýrt fram að styrking krónunnar hafi minni áhrif á verðlag en veiking:

„Styrking krónunnar hefur í öllum tilfellum minni áhrif á verðlag en veiking hennar gerir til skamms tíma. Niðurstöðurnar staðfesta þannig þær fullyrðingar sem oft er varpað fram um að viðbrögð fyrirtækja séu ólík eftir því hvort gengi styrkist eða veikist, en eins og fram kemur í greininni er slík hegðun fyrirtækja ekki sér íslenskt fyrirbæri.“¹

Yfirfært á þær breytingar sem nú stendur til að gera þá bendir þetta til þess að skattahækkanirnar muni skila sér betur út í verðlag en skattalækkanirnar.

Rannsóknin metur auk þess gengisáhrif á verðlag mismunandi vöruflokka, innfluttrar matvöru, heimilistækja, raftækja og byggingarefnis. Áhrif gengisbreytinga skila sér best í verðlagningu matvara. Veiking krónunnar skilar að fullu og styrking skilar sér að um tveimur þriðju hlutum. Verð matvöru hækkar því í fullu samræmi við gengisbreytingarnar og lækkanir skila sér að miklu leyti. Þegar kemur að heimilistækjum skilar veiking krónunnar sér að fullu en áhrif af styrkingu eru „hverfandi“. Sama saga á við um efni til viðhalds heimilis og raftæki. Veiking krónunnar skilar sér að mjög miklu leyti en styrking krónunnar hefur „takmörkuð áhrif“ á raftæki og „engin martæk áhrif“ á byggingavörur.

Því eru sterkar vísbendingar til þess, sem oft hefur verið haldi fram að, hækkanirnar muni skila sér hratt út í verðlag en lækkanirnar að litlu leyti. Þar sem fyrrgreindar skattabreytingar virka að mjög miklu leyti á sama hátt og gengisbreytingar þá verður að segjast að þessi samanburður gefi sterkar vísbendingar um

¹ Kári Joensen.(2011). *Áhrif gengis á verðlag*. (bls.2) Rannsóknasetur verslunarinnar við Háskólann á Bifröst

raunveruleg áhrif skattabreytinganna á verðlag. Það á sérstakleg við um þessa vöruflokka sem um ræðir. Hækkunar á matvöru sem er að miklu leyti í 7% þrepinu skila sér fljótt og að fullu út í verðlag. Lækkunar á þeim hlutum sem bera vörugjöld skila sér illa út í verðlag (hverfandi, engin martæk áhrif, takmörkuð áhrif).

Nefnt hefur verið að þegar neðra skattþrepið var árið 2007 lækkað úr 14% niður í 7% hafi sú breyting skilað sér að miklu leyti út í verðlag. Það þarf ekki að koma á óvart þar sem að hún var á þeim vörum, matvöru, þar sem slíkar breytingar skila sér betur út í verðlag en á öðrum vörum. Verðlagning fyrrnefndra vöruflokka er mjög mismunandi og því er sú breyting ekki góð vísbending um að þær skattalækkunar sem nú á að fara í muni skila sér út í verðlag.

Nefnt hefur verið að verslanir séu farnar að lækka verð nú þegar. Það er ekki næg vísbending um hver áhrifin verða almennt.

Ef skattalækkunirnar skila sér ekki út í verðlag þá bresta þau markmið sem á að ná með skattabreytingunum. Komið hefur fram að VNV muni lækka um 0,2% vegna skattalækkanna. Vísitalan mun þá verða nokkuð hærri en það og hugsanlega verða þessar breytingar til hækkunar verðlags. Auk þess verða áhrifin á ráðstöfunartekjur heimilanna verri en haldið hefur verið fram.

Í frumvarpinu eru nokkur dæmi um áhrif skattabreytinganna á mismunandi fjölskyldur. Þau dæmi eru ófullkomin og byggja ekki á heildarútgjöldum heimilanna í hvoru skattþrepi. Því hefur einnig verið haldið fram að þessar breytingar komi öllum til góða. Þau fáu dæmi sem í frumvarpinu eru eru alls ekki nógu góð til þess að af þeim sé hægt að draga slíkar ályktanir. Þegar við bætist að líklegt er að forsendan um að skattalækkunarhlutinn skili sér ekki út í verðlag þá verður að teljast enn ólíkleggra að þessar aðgerðir komi öllum til góða.

BSRB leggur til að hætt sé við þessar breytingar þar til áhrif þeirra hafa verið skoðuð mun betur. Við bendum auk þess á að við síðustu álagningu var auðlegðarskatturinn 10,9 ma. En hækkun matarskattarins er áætluð 11.0 ma. Því er hægt að lækka vörugjöldin og efra skattþrepið ef auðlegðarskattinum og matarskattinum er haldið óbreyttum. Þ.e. auðlegðarskatturinn er ekki lækkaður og matarskatturinn ekki hækkður.

Skýrsla rannsóknarseturs verslunarinnar: http://www.rsv.is/files/Skra_0049618.pdf

Fyrir hönd BSRB


Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. október 2014

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til lagaum breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, brottfall laga nr. 97/1987, um vörugjald, og breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (kerfisbreyting á virðisaukaskatti, brottfall laga og hækkun barnabóta), þingskjal 2 -2. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1998, um virðisaukaskatt, brottfall laga nr. 97/1987, um vörugjald, og breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (kerfisbreyting á virðisaukaskatti, brottfall laga og hækkun barnabóta. Í frumvarpinu er meðal annars lagt til að lægra þrep virðisaukaskatts hækki úr 7% í 12%, að hærra þrepið lækki úr 25,5,% í 24% og almenn vörugjöld verði afnumin frá og með 1. janúar 2015.

BSRB leggst alfarið gegn hækkun á neðra virðisaukaskattsþrepi sem lagt er til í frumvarpinu. Boðuð skattahækkun mun hækka nauðsynjavörur á borð við matvæli og heitt vatn umtalsvert í verði. Þessi aðgerð mun bitna harðast á þeim sem síst skyldi og minnst hafa á milli handanna. Þannig hefur BSRB verulegar áhyggjur af því að breytingin leiði til hærra verðlags og auki þar með álögur á heimilin í landinu.

Þá telur BSRB það alls ótryggt að þær mótvægisáðgerðir sem ráðist er í með hækkun barnabóta muni vega upp skattahækkanir helstu nauðþurfta og koma þannig til móts við aukin útgjöld þeirra tekjulægstu. BSRB telur óeðlilegt að barnabætur skerðist hjá fólki á lágmarkslaunum og því ætti að hækka skerðingarmörk þeirra. BSRB bendir á að stór hluti þeirra efnaminni hafa ekki börn á framfæri og njóta því ekki mótvægisáðgerða vegna skattahækkanna. Auknar byrðar eru lagðar á þennan stóra hóp. BSRB telur nauðsynlegt að áhrif áðgerðanna verði metnar með ítarlegri hætti og auk þess telur bandalagið að fjármálaráðuneytið hafi ekki sýnt fram á að hækkunin komi þeim tekjulægri til góða.

BSRB telur þannig alls óásættanlegt að leggja auknar álögur á heimilin í landinu í formi hækkunar á neðra þrepi virðisaukaskatts sem eigi að að skila um 11 milljörðum í ríkissjóð á sama tíma og afnám auðlegðarskatts felur það í sér að ríkissjóður verður af um 11 milljarða tekjum sé miðað við tekjur af auðlegðarskatti á þessu ári. BSRB gerir alvarlegar athugasemdir við þá forgangsroðun stjórnvalda sem þarna birtist.

Fyrir hönd BSRB



Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri

Grindavík 25. nóvember 2014

Athugasemdir Bláa Lónsins hf. við breytingar á lögum um virðisaukaskatt:

2. mál

Í fyrirbyggjandi tillögum um breytingar á lögum um virðisaukaskatt er gert ráð fyrir að baðstaðir eins og Bláa Lónið greiða virðisaukaskatt í neðra þrepi frá 1.9.2015.

Sundstaðir og líkamsræktarstöðvar eru undanþegin.

Aðgreiningin byggir á því hvort um afþreyingu eða íþróttaiðkun er að ræða.

Fyrir liggur að fjöldi erlendra ferðamanna stundi sund í afþreyingaskyni og er sú þjónusta markaðssett sérstaklega til erlendra ferðamanna sbr. fylgiskjal

Einnig markaðssetja líkamsræktarstöðvar afþreyingu í húsakynnum sínum til erlendra ferðamanna sbr. fylgiskjal.

Bláa Lónið hf. gerir kröfu um að

- a) fyrrgreind starfsemi lúti sömu lagareglu og gildi um Bláa Lónið þannig að stjórnarsýslulegs jafnræðis og samkeppnissjónarmiða sé gætt.
- b) að þetta veigamikil breyting á rekstrarumhverfi taki ekki gildi fyrir en 1.janúar 2016.

Virðingarfyllst

Grímur Sæmundsen, forstjóri Blá Lónsins hf.

Reykjavik's Thermal Pools

A source of health

ONLY
600 isk.*
ADULTS
130 isk.
CHILDREN

Thermal
swimming
pools

Hot tubs
and
jacuzzi

Saunas,
steambaths
and
showers

For
health and
well-being

Seven
locations
Open early
until late

Thermal pools and baths in Reykjavik are a source of health, relaxation and pureness. All of the city's swimming pools have several hot pots with temperatures ranging from **37° to 42° C** (98°-111° F). The pools are kept at an average temperature of **29° C** (84° F).



Tel: +354 411 5000 • www.spacity.is

FROM OUR CEO

Stopover in Iceland



Birgir Hólm Guðnason
Icelandair CEO

Dear Customer,
Thank you for choosing Icelandair. Regular air travellers may notice that this magazine is a little different from other in-flight publications. We publish Icelandair Stopover to showcase what our country has to offer to visitors and to encourage you to stopover in Iceland as part of your trip across the Atlantic.

Some airlines give you miles. Icelandair gives you time.

This philosophy sums up something we think is quite special about this airline. When you fly across the Atlantic with Icelandair, you can stop in our country for up to seven nights at no additional airfare – that is, time to spend at your leisure in Iceland.

Of course, we also have a comprehensive air miles program in the Saga Club where you earn Saga Points that can be converted into flight tickets, hotels, goods or transferred to the Special Children Travel Fund.

Whether you choose to take an extra 24 hours for a quick taste of the capital,

Reykjavik, or if you hire a car and tour this entire island over a week, there is plenty to choose from, anytime of year.

For example, you may wish to hop on a short flight from Reykjavik to my hometown of Akureyri. Even on a day-trip from the capital you can get an insight into a family-friendly way of life in North Iceland, as you'll see in our feature on page 28.

Or maybe you're going to be in Iceland this winter for the acclaimed Iceland Airwaves music festival. Icelandair is a proud founding sponsor of this event, which showcases the best of local and international musical talent. Read more about it on page 12.

Finally, I encourage you to take a look at our infographic on page 42 for further Stopover inspiration, and our article on page 40 for an in-depth look at this groundbreaking campaign.

I hope you enjoy your flight with us today and that we'll have the pleasure of serving you again soon, perhaps on a special Stopover.



In this Issue

Autumn in Iceland	
All about Airwaves	
Christmas in Iceland	
North Iceland	
Icelandair on Instagram	
Stopover Behind the Scenes	
What to do on your Stopover ..	
Route Network	
Icelandair @work	
Services on Board	
Films & Television	
The Icelandair	
Travel Experience	
Safety on Board	
Personal Electronic Devices	
US Customs Forms	
Canada Customs Forms	

ABOUT ICELANDIC LETTERS

The articles in this magazine use Icelandic letters and accents. In Icelandic, you can use accents on all the vowels – á, é, í, ó, ö, ý. Each accent makes the pronunciation of the vowel different. We also have an additional three letters:

æ (sometimes written as ae) is pronounced like the I in tide.

ð (sometimes written as d) is pronounced like the th in there.

þ (sometimes written as th) is pronounced like the th in this.

Thank you for reading!
Kærar þakkir fyrir að lesa bláðið!

Published by Icelandair
Editor: Elza Reid
Contributing writers: Mark Asch, Catharina Fülcr, Edca Kenish, Jones Moody
Contributing photographers: Alexander Metul Roman Gerasymenko, Dians Jullueddottir, Klar Kariadóttir, Marino Thorlacius, Jonas Valtysso
Cover image: Þingvelli - Klara Kariadóttir
Advertising: www.icelandair.us/advertising-en/
Design: Klara Kariadóttir - Icelandic Ad Agency
Printing: Ooda



OUR NETWORK. OUR PRIDE. YOUR BENEFIT.

Iceland is a traveller's nation. Since its settlement in the ninth century, Icelanders have had the urge to travel and discover. The Icelandic Sagas tell us stories of men and women travelling, some discovering parts of the world not yet known to Europeans (Greenland in the tenth century and North America in the year 1000). Others travelled all the way to Istanbul, or Mikligarður, as it was called in the Sagas.

Living on an island in the middle of the Atlantic Ocean, modern Icelanders have two means of travel: by sea and by air. Regarding this geographical position as a strength rather than a weakness, Icelandair has built up a network connecting Europe and North America. By combining our aircraft passengers visiting Iceland, passengers departing from Iceland and passengers travelling across the Atlantic via Iceland, we have been able steadily to expand our network over the past decades.

Our mission is to offer customers reliable, quality service based on the experience and knowledge we have gained through over 77 years of operation. We work towards being the airline of choice for travel to and from Iceland, and a unique, exciting alternative for air travel across the North Atlantic.



Enjoy a relaxing holiday in **Laugar Spa**



Situated in the heart of Reykjavik, Laugar Spa offers a wellness center for your whole family.

Enjoy our luxury health spa and ensure your body and soul feel their best.

Laugar's outdoor and indoor thermal pools, beauty and massage clinic, unique fitness center combined with luxury spa will help you breeze into a wonderful and relaxing holiday.

Laugar, together with the fitness center and the offer you the best total health and body experience Iceland has to offer.

Laugar
Sundlaugarvegur 30a
105 Reykjavik
Tel. +354 553 0000
www.laugarspa.is

Laugar Opening hours
Mon - Fri 06:00 - 23:30
Sat 08:00 - 22:00
Sun 08:00 - 20:00

LAUGAR

**World Class
ICELAND**

Events

HERE AND THERE

Here's what happening on the hippest island in the North Atlantic this autumn.

Compiled by Edda Kaniash



• SEYÐISFJÖRÐUR

4 October

The "Autumn Blush" market & crops family festival adds even more colour to the already colourful town of Seyðisfjörður in the east of Iceland. Seyðisfjörður is a convenient stop if your plan is to drive the Ring Road, and you can check out the festival if you find yourself running low on rhubarb, second hand goods and handicrafts – all necessary road trip items. An ideal place for a break from those anticipated "are we there yet" moments.

en.earthis.com/Discover/EastIceland/events/event/634/

• GRUNDARFJÖRÐUR

17 – 19 October

The annual Northern Waves film festival is hosted by the village of Grundarfjörður to rave reviews. The festival is centred on short films and documentaries and attracts filmmakers from around the world. Grundarfjörður is only about two and a half hours' drive from Reykjavik and since the nature is spectacular en route (obviously), you could pack a parka, a flask of something nice, and make a nice day trip out of it.

www.northernwavesfestival.com



• REYKJAVÍK

9 Oct – 8 Dec

On 9 October, the Imagine Peace Tower is lit. The tower, located on the island of Viðey, is ignited on John Lennon's birthday every year, and remains an ever-present reminder of peace until 8 December – the day of his death.

imaginepeacetower.com/

• REYKJAVÍK

5 – 9 November

Iceland Airwaves

This five-day festival has gained a respectable following over the years, and many return again and again to enjoy the varied musical notes that float out of music halls, pubs, cafés, churches and other venues on this first weekend in November. If you intend to sleep at all during this intense weekend of musical masterpieces, bring earplugs. Or not.

icelandairwaves.com

• HEIÐMÖRK

Weekends in December

During selected weekends in December, Yule lads, children and parents can be seen scurrying through the forests of reservation Heiðmörk, saws in hand, in search of the perfect Christmas tree. Enjoy the atmosphere of the snow-covered forest, sip hot chocolate and nibble on ginger snaps, and make sure to prepare yourself for the mischief of the infamous Yule Lads.

christmas.visitreykjavik.is

• ICELAND

24 December

Should you be of Anglo-Saxon descent, you might not be accustomed to Christmas being celebrated on 24 December. But fear not – Christmas Eve has turned out to be quite an evening for high tide celebrations. Christmas in Iceland may seem peculiar from the outside, but this festival of twinkling fairy lights and smoked meat of various sorts is quite magnificent in its own way. For those who are spiritually inclined, the afternoon mass at the Reykjavik Cathedral downtown is

considered by many to be the true feeling of Christmas, with vesper broadcast live on the National Radio before the bells ring in Christmas at 6 o'clock.

• NEW YEAR'S EVE

31 December

Picture this. It's dark. The air is calm with suspense and anticipation. The clock moves ever forward, approaching the magic minute of years colliding. You hear the first, timid rocket soar up to the velvety black and see twinkle: for a mere moment, before all fall still again. This was the cue. More and more rockets soar away, lit by enthusiastic families doing their best to contribute to the fire-lit sky. At two minutes to midnight, the lights and sounds are almost overwhelming. Enlaced by pyrotechnics, the New Year rings in. Happy New Year!



Nefndasvið Alþingis
vt. Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Sent með tölvupósti á netfangið:
nefndasvid@althingi.is

Kópavogur, 13. október 2014

Efni: Umsögn um þingskjal 2; 2. mál á 144. löggjafarþingi 2014-2015.

Vísað er til tölvupósts frá efnahags- og viðskiptanefnd, dags. 22. september 2014, þar sem Deloitte ehf. var gefinn kostur á að veita umsögn um framangreint þingmál.

1. Fyrirhugaðar breytingar á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, 1. gr. frumvarps

a. Breyting á 6. tölul. 3. mgr. 2. gr. laganna

Í 6. tölul. 3. mgr. 2. gr. gildandi laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988 (vskl.) kemur fram að fólksflutningar eru undanþegnir virðisaukaskatti. Í skattfráttvæmd hefur þessi undanþága verið túlkuð þannig að til „fólksflutninga“ hafa talist hvers kyns ferðir undir leiðsögn fararstjóra, t.a.m. hestaferðir, vélsleðaferðir og útsýnisferðalög með ferðamenn.

Í frumvarpinu hefur efnahags- og fjármálaráðherra lagt til að 6. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. verði breytt þannig að hann verði svohljóðandi:

„Eftirtalin vinna og þjónusta er undanþegin virðisaukaskatti:

Fólksflutningar. Flutningur á ökutækjum með ferjum, sem eru í beinum tengslum við fólksflutninga, telst til fólksflutninga samkvæmt þessum staflið. *Undanþágan nær ekki til fólksflutninga í afþreyingarskyni.*“ (skáletrun undirritaðra)

Ef lagatextanum verður breytt samkvæmt framangreindu þarf seljandi að meta tilgang ferðar þegar hann ákveður hvort sala fólksflutninga eigi að bera virðisaukaskatt. Að mati Deloitte kann það ekki góðri lukku að stýra að lög láti lesanda eftir að beita slíku huglægu mati við ákvörðun skattskyldu.

Í almennum athugasemdum með lagafrumvarpinu kemur einnig fram að gert er ráð fyrir því að undanþágan takmarkist enn frekar en orðalagið gefur til kynna. Í athugasemdum segir að

fólksflutningar í afþreyingarskyni séu að stórum hluta til þjónusta sem beinist að ferðamönnum en þar undir falla einnig tilfallandi fólksflutningar, utan áætlunar, með hópferðabifreiðum. Með öðrum orðum er gert ráð fyrir því að undanþágan vegna fólksflutninga nái ekki til ferða í afþreyingarskyni og ekki til rútuferða utan áætlunar. Að mati Deloitte er varhugavert að orða lagatextann eins og fyrirhugað er þegar ljóst er að frumvarpið gerir ráð fyrir því að takmarkanir á undanþágunni séu víðtækari en orðalagið gefur til kynna. Þá er t.d. óljóst hvaða reglur gilda um tilfallandi fólksflutningar utan áætlunar með flugvél.

Sem dæmi um örðugleika við túlkun lagatextans eins og fyrirhugað er að breyta honum má nefna fyrirtæki sem leigir rútu til að flytja hóp starfsmanna á fund. Tilefni ferðanna í augum starfsmanna verður seint talið vera „afþreying“ en samkvæmt athugasemdum í frumvarpinu verður að telja að þessi fólksflutningur yrði virðisaukaskattsskyldur, óháð tilefni ferðarinnar. Velta má fyrir sér hvort ekki væri skilvirkara að orða takmörkun á undanþágunni með öðrum hætti þannig að alveg ljóst væri við hvað er átt.

Í dönsku virðisaukaskattslögunum, sem íslensku lögin taka mið sitt af (a.m.k. þegar lögin voru fyrst sett), eru fólksflutningar einnig undanþegnir virðisaukaskatti en þó nær undanþágan hvað varðar fólksflutninga einungis til reglubundinna flutninga með rútum, s.s. með strætisvögnum og áætlunarferðum langferðabifreiða. Þannig var t.d. „turistkørsel“ eða flutningur á ferðamönnum ekki talin undanþegin starfsemi enda ekki um að ræða „fólksflutninga“ í þrengri merkingu þess orðs. Í seinni tíma hefur tilskipun ESB um virðisaukaskatt leitt til þess að almennt eru fólksflutningar virðisaukaskattsskyld starfsemi. Þó þannig að aðildarríki hafa heimild til að halda þessari þjónustu sem undanþeginni eða að hafa hana skattskylda í lægra þrepi virðisaukaskatts. Í dag er undanþágan vegna fólksflutninga í dönsku virðisaukaskattslögunum sem hér segir, samkvæmt upplýsingum frá IBFD¹:

The following supplies of goods and services are exempted according to section 13(1) of the VAT Act:

- *Transportation of persons. However, other commercial transportation of passengers by bus, other than by regular service, shall be taxable.*

Deloitte leggur til að 6. tölul. 3. mgr. 2. gr. vskl. verði breytt sem hér segir (sjá skáletraðan texta hér á eftir):

Eftirtalin vinna og þjónusta er undanþegin virðisaukaskatti:

Fólksflutningar. Flutningur á ökutækjum með ferjum, sem eru í beinum tengslum við fólksflutninga, telst til fólksflutninga samkvæmt þessum staflið. Fólksflutningar með hópferðabifreiðum utan reglubundinna áætlana eru þó skattskyldir svo og annar flutningur fólks þegar megintilgangur ferðar er annar en flutningur.

¹ IBFD Tax Research Platform, *Denmark Value Added Tax*.

Heimild til að færa virðisaukaskatt til innskatts

Í lögum um virðisaukaskatt gilda strangar reglur um heimild til að færa virðisaukaskatt af kaupum á bifreiðum til innskatts. Þessar reglur munu hafa í för með sér að hluti þeirra sem eiga að innheimta virðisaukaskatt af sölu ferða munu þurfa að greiða 25,5% virðisaukaskatt vegna kaupa á aðföngum en hafa ekki heimild til að færa kaupin til innskatts. Þannig mun aðili sem selur jeppaferðir ekki geta fært kaup á jeppanum til innskatts, en sá sem selur ferð með rútu mun geta fært virðisaukaskatt af rútu kaupunum til innskatts, a.m.k. að hluta. Báðir þessir aðilar þurfa innheimta virðisaukaskatt af sölu sinni. Huga þarf að þessu misræmi.

Uppsafnaður virðisaukaskattur í aðföngum

Hvað varðar uppsafnaðan virðisaukaskatt í aðföngum þá er mjög misjafnt hvort og þá hve mikið er um að ræða. Til dæmis eru loftför og skip án virðisaukaskatts (undanþegin velta – líka í innflutningi) án tillits til starfsemi. Hins vegar eru minni rútur (2/3 virðisaukaskatts er endurgreiddur af stærri rútum), vélsleðar, jeppar og önnur ökutæki með áhvílandi virðisaukaskatt í aðföngum.

2. Fyrirhugað brottfall laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum

Deloitte fagnar þeirri tillögu að brottfella um vörugjald, nr. 97/1987. Breytingin mun einfalda verulega bæði innflutning vöru og innlenda framleiðslu.

Rétt er þó að benda á eitt sem kann að skjóta skökku við. Samkvæmt núgildandi lögum um vörugjald skal t.d. greiða vörugjald af vörum sem falla undir tollskránúmer 8708 *Hlutar og fylgihlutar fyrir vélknúin ökutæki* og 4011 *Nýir lofthjólbarðar, úr gúmmí*, eins og t.d. hjólbörðum, vatnskössum, höggdeyfum og stuðurum. Vörugjald þetta mun falla niður ef frumvarpið verður að lögum. Aftur á móti skal enn greiða vörugjald við innflutning fólksbifreiða, skv. lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.

Að öðru leyti gerir Deloitte ekki athugasemdir við frumvarpið.


Vala Valtýsdóttir
eigandi

Virðingarfyllst,
f.h. Deloitte ehf.


Hjördís B. Gunnarsdóttir
verkefnastjóri

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. október 2014


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, brottfall laga nr. 97/1987, um vörugjald, og breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum– þskj. 2.

Við er til frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, brottfall laga nr. 97/1987, um vörugjald, og breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, sbr. þingskjal nr. 2. Efni frumvarpsins lýtur aðallega að tveimur meginþáttum, þ.e. afnámi vörugjalda og einföldun neysluskatta. Félag atvinnurekenda hefur talað fyrir umræddum breytingum og fagnar því frumvarpinu enda orðið tímabært að breytingar verði á núgildandi skattaumhverfi til einföldunar.

Bæði núverandi vörugjalds- og virðisaukaskattskerfi eru nú óhagkvæm og flókin í framkvæmd. Það er því mikilvægt þau séu einfölduð og efni frumvarpsins jákvætt skref í þá átt. Ennfremur ber að nefna að vörugjaldskerfið, eins og það er útfært í lögum nr. 97/1987, hefur lengi þótt ósanngjarnt í framkvæmd enda felur það í sér skattheimtu sem er handahófskennd og mismunar vöruflokkum og atvinnugreinum. Afnáam þessara gjalda er skref í þá átt að gera skattkerfið hagkvæmt og gegnsætt. Ekki er síður mikilvægt að afnema svokallaðan sykurskatt sem ekki hefur skilað tilætluðum árangri til stýringar á neyslumynstri Íslendinga heldur einungis verið til þess fallinn að hækka matvælaverð og gera skattheimtu ógegnsærri og þyngri í vöfum. Félag atvinnurekenda benti á galla innheimtu þessa sykurskatts í aðdraganda þess að hann var innleiddur í vörugjaldalögin árið 2012 og fagnar því félagið þeim áætlunum að afnema skattinn.

Félag atvinnurekenda mælir með því að umrætt frumvarp verði samþykkt en áskilur sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum. Félagið lýsir sig jafnframt reidubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllt,
Félag atvinnurekenda


Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA

From: Sigurjón Bjarnason <sb@skrifa.is>
Sent: 25. september 2014 15:48
To:
Subject: Umsagnir frá Félagi bókhaldsstofa.

Til nefndasviðs Alþingis.

Fyrir hönd Félags bókhaldsstofa fara hér á eftir umsagnir um þrjú mál sem borist hafa félaginu til umfjöllunar. Voru svofelldur álit samþykkt á fundi laganefndar FBO fimmtudaginn 25. september 2014:

MNR: 1405120

- a. ~~1. mál.~~ **Tilmæli 2013/34 frá Evrópuþinginu dags. 26. júní 2013 varðandi framsetningu ársreikninga og tengdra gagna.** Nefndin hefur ekki aðstöðu til að kynna sér málið til hlítar og skilar því ekki umsögn um það.
- X b. **Þingskjal 2 - 2. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Umsögn um 1. grein a og d.:** Erfitt getur verið er að skilgreina sérstaklega fólksflutninga í afþreyingarskyni og eftirlit með framkvæmd útilokað. **Gildistaka þessa ákvæðis þann 1. maí 2015** getur valdið enn frekari vandamálum við bókun og skýrsluskil. Betra væri að miða við áramót.
- c. **Þingskjal 3 – 3. mál. Frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2015.** Efni frumvarpsins fjallar um fjárhæðir og hlutföll en snertir að öðru leyti ekki beinlínis hina faglegu hlið í starfi bókara og reikningsskilamanna. Engar athugasemdir því gerðar.

Fyrir hönd laganefndar FBO
Sigurjón Bjarnason.

Með kveðju
Sigurjón Bjarnason
SKRIFA – Skrifstofuþjónusta Austurlands
Fagradalsbraut 11,
700 Egilsstaðir.
Sími 471 1171
Netfang: sb@skrifa.is



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. október 2014

Umsögn Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) um frumvarp til laga um virðisaukaskatt o.fl. (skattkerfisbreytingar), 2. mál. Lagt fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014–2015.

Það er mat FÍB að skattkerfisbreytingarnar sem boðaðar eru í frumvarpinu séu jákvæðar varðandi eign og rekstur heimilisbíla.

Lækkun almenna virðisaukaskattsþrepsins úr 25.5% í 24% mun lækka verð á bílum og aukahlutum til þeirra. FÍB fagnar sérstaklega fyrirhugaðri niðurfellingu almennra vörugjalda. Flestir vara- og aukahlutir fyrir ökutæki bera 15% vörugjald og til viðbótar er algengt að varahlutir frá svæðum utan evrópska efnahagssvæðisins beri einnig 7% toll. Þessi gjaldtaka eykur kostnað við almennan heimilisrekstur vegna samgangna. Niðurfelling almennra vörugjalda og lækkun almenna virðisaukaskattsþrepsins á einnig að lækka iðgjöld bílatrygginga þar sem kostnaður vegna munatjóna lækkar.

Rekstur heimilisbílsins er um 15,5% af útgjöldum heimilanna og í vísitölu neysliverðs er það aðeins húsnæðiskostnaðurinn sem vegur þyngra í heimilisrekstrinum. Bílakostnaðurinn hefur veruleg áhrif á vísitölu neysliverðs og verðtryggt lán heimilanna.

Í kjölfar skattkerfisbreytinga um komandi áramót er mjög mikilvægt að tryggja að lækkun gjalda skili sér í lægra vöruverði til neytenda. Stjórnvöld, neytendur og samtök þeirra þurfa að fylgjast vel með verðþróun og samkeppni nýju ári til að tryggja ávinning samfélagsins af skattabreytingunum.

Virðingarfyllst,

Félag íslenskra bifreiðaeigenda

Runólfur Ólafsson
Framkvæmdastjóri



Til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis

Umsögn frá Félagi íslenskra bókaútgefenda vegna laga nr. 50/1988.

Virðisaukaskattur á bókum í Evrópu

- Fimm þjóðir Evrópu leggja **engan** virðisaukaskatt á bækur, enda mikilvægi bóka, lesturs og bókaútgáfu viðurkennt sem skilvirkasta og sanngjarnasta leiðin til læsis, lesskilnings og varðveislu tungumálsins.
- Tuttugu þjóðir Evrópu leggja lægri virðisaukaskatt á bækur en 7%, líkt og nú er á Íslandi.
- Einungis þrjár þjóðir Evrópu leggja hærri virðisaukaskatt en 7% á bækur, og í þeim hópi er Búlgaría þar sem læsi mælist lakast í allri álfunni.
- Fjölbreyttakerfi er viðurkennt í allri Evrópu, og þá ekki síst vegna bókútgáfu.

Harðnandi samkeppni - greinin gefur eftir

- Frá árinu 2008 hefur velta íslenskra bókaútgefenda, skv tölum Hagstofunnar, dregist að raunvirði saman um **19%**. *
- Öfugt við flesta aðra markaði frá hrúni þá bendir ekkert til viðsnúnings, heldur fremur til frekari samdráttar.
- Hækkun virðisaukaskatts á bækur getur eingöngu orðið til þess að draga úr eftirspurn, með hækkandi verði. Í september 2014 lagði Oslo Economics fram ítarlega skýrslu um áhrif virðisaukaskattsbreytinga á bækur og bóksölu, þar sem þetta var staðfest með óbyggjandi hætti, hækkun á verði bóka **dregur mun meira úr eftirspurn** en sem nemur prósentulegri verðhækkun.
- Um allan heim er bókaútgáfa í basli og útgefendur og ríkisstjórnir að leita leiða til þess að spyrna við þeirri þróun, svo sem með lækkun virðisaukaskatts á rafbækur.
- Bókaútgáfa á Íslandi býr við afar veika innviði, og áframhaldandi minnkun eftirspurnar mun draga mikinn þrótt úr íslenskri bókaútgáfu, sem má við litlu.
- Félag íslenskra bókaútgefenda mótmælir hafnar með öllu samanburði við fyrri ár, þegar virðisaukaskattur var annar á bókum á Íslandi. Á undanförunum árum hefur orðið bylting í allri miðlun efnis um allan heim sem hefur haft í för með sér verulegan samdrátt í lestri, og hefur ekkert með virðisaukaskatt að gera. Hækkað verð dregur hins vegar enn frekar úr eftirspurn.

Áhrif þegar í stað

- Íslenskum útgefendum munu lítið sem ekkert gagnast boðaðar mótvægisáðgerðir, enda bein áhrif þeirra á bókaútgáfuna engin.
- Fyrst kreppir skóinn enn frekar að þeirri útgáfu sem erfiðast stendur; **barnabókum, kennslubókum og þýddum heimsbókmenntum** og við búið að útgáfa dragist strax saman.
- Framboð minnkar í kjölfar minnkandi eftirspurnar með tilheyrandi áhrifum.
- Yfir 100 aðilar gefa í dag út bók árlega á Íslandi, og flestir þeirra skila litlum eða engum hagnaði af starfseminni. Minnkandi eftirspurn mun verða til þess að gera þeim enn erfiðar fyrir og getur orðið til þess að draga verulega úr útgefnum bókum, og orðið til þess að gera íslenskan bókamarkað enn **einhæfari** en hann nú er.

- Útgefendur munu lenda í verulegum vandræðum með fjármögnun dýrari verka, sem skipta íslenska menningu og þjóð í miklu og vandséð að nokkur útgefandi geti fjármagnað slík verk, nema þá með verulegum styrkjum frá hinu opinbera.
- Hækkaður virðisaukaskattur á bækur árið 2008 í Lettlandi varð til þess að **sala drógst saman um 70%** fyrstu 3 mánuðina eftir hækkunina. Á ársgrundvelli drógst bóksala saman um yfir 30%. Lettnesk stjórnvöld lækkuðu þá virðisaukaskatt á bókum þegar við blasti fullkomið hrun í greininni. Hún hefur nú, 6 árum síðar, enn ekki jafnað sig.
- Þó ekki sé hægt að bera þetta að öllu leiti saman, er ljóst að áhrifin geta orðið alvarleg. Hér eru innviðir veikir og bókaútgáfa má við litlum skakkaföllum frá því sem nú þegar er.

Félag íslenskra bókaútgefenda legst eindregið gegn áformum um hækkun virðisaukaskatts á bækur, og telur að afleiðingar slíkrar hækkunar geti orðið mjög alvarlegar og á mjög skömmum tíma.

Íslensk bókaútgáfa nýtur afar lítilla beinna styrkja, mun minni en margar aðrar listgreinar njóta - en þiggur sinn helsta styrk í dag með skilvirkasta hætti - lægri virðisaukaskatti.

Réttast og eðlilegast, í ljósi þeirrar stöðu sem við búum nú þegar við á íslenskum bókamarkaði og í ljósi kannana á læsi ungmenna, væri að afnema með öllu virðisaukaskatt af bókum.

Íslenskir bókaútgefendur velta rúmum 3 milljörðum á ári og því um óverulegan tekjumissi að ræða, en yrði langsamlega skilvirkasta leið ríkisstjórnarinnar til þess að vinna að markmiðum sínum um aukinn lestur og lesskilning ungmenna auk þess að hlúa að varðveislu og jafnframt þróun íslenskrar tungu.

Félag íslenskrar bókaútgefenda leggur jafnframt áherslu á að fá að koma á fund Efnahags- og viðskiptanefndar til þess að kynna ítarlegar alvarleg áhrif boðaðrar virðisaukaskattshækkunar á íslenska bókaútgáfu. auk þess að geta lagt fram ítarlegra efni máli okkar til stuðnings.

Virðingarfyllt,
Egill Örn Jóhannsson
Formaður Félags íslenskra bókaútgefenda / Útgefandi Forlaginu

Heiðar Ingi Svansson
Varaformaður Félags íslenskra bókaútgefenda / Útgefandi Iðnú

Bryndís Loftsdóttir
Verkefnisstjóri Félagi íslenskra bókaútgefenda

*Velta bókaútgáfunnar:

	ÍSAT2008	jan-feb	mar-apr	maí-jún	júl-ágú	sep-okt	nóv-des	ALLS
2008	58110	502,9	427,8	512,2	633,3	441,1	1.075,3	3.592,6
2009	58110	442,6	374,2	475,9	641,3	570,9	1.267,7	3.772,6

2010	58110	387,4	402,4	571,0	637,3	514,2	1.352,4	3.864,7
2011	58110	428,9	409,1	582,2	638,9	576,9	1.326,1	3.962,1
2012	58110	452,4	403,0	545,9	602,5	608,6	1.196,4	3.808,9
2013	58110	450,4	360,5	506,7	635,5	524,9	1.275,7	3.753,6

Virðisaukaskattsþrep í heldstu Evrópulöndum					
	Hæsta vsk þrep	2. þrep	3. þrep	4. þrep	5. þrep
Ungverjaland	27%	18%	5%		
Ísland	25,5%	7%			
Danmörk	25%				
Króatía	25%	13%	5%		
Noregur	25%	15%	8%		
Svíþjóð	25%	12%	6%		
Finnland	24%	14%	10%		
Rúmenía	24%	9%	5%		
Grikkland	23%	13%	6,5%		
Írland	23%	13,5%	9%	4,8%	
Portúgal	23%	13%	6%		
Pólland	23%	8%	5%		
Ítalía	22%	10%	4%		
Slóvenía	22%	9,5%			
Belgía	21%	12%	6%		
Holland	21%	6%			
Lettland	21%	12%			
Litháen	21%	9%	5%		
Spánn	21%	10%	4%		
Tékkland	21%	15%			
Austurríki	20%	10%			
Bretland	20%	5%			
Búlgaría	20%	9%			
Eistland	20%	9%			
Frakkland	20%	7%	5,5%	2,1%	
Slóvakía	20%	10%			
Kýpur	19%	8%	5%		
Þýskaland	19%	7%			
Malta	18%	5%			
Lúxemborg	15%	12%	9%	6%	3%
Sviss	8%	3,8%	2,5%		

Alþingi 15.10.14

Málsnr.:

1409 032

Málalykill:

0.343

Virðisaukaskattur á bækur í Evrópu

5 lönd í Evrópu leggja ekki virðisaukaskatt á bækur.

20 lönd eru með lægri virðisaukaskatt á bókum en hér á landi

1 land er með sama virðisaukaskatt á bókum og hér á landi eða 7%

13 lönd eru með hærri virðisaukaskatt á bókum en hér á landi

4 lönd eru með 12% eða hærri virðisaukaskatt á bókum líkt og nú er boðað hér á landi.

Miðgildi virðisaukaskatts á bækur er 6% og meðaltalið 7% í Evrópu

Miðgildi á efsta virðisaukaskattsþrepi er 23% og meðaltalið 21,15% í Evrópu

Hér á landi er nú lægra skattþrepið 7% og það hærra 25.5%

Fyrir utan 0% vsk eða undanþáguflokkinn sem finna má í flestum eða öllum löndum þá er:

1 land í Evrópu er með eitt skattþrep – Danmörk með 25%

11 lönd í Evrópu eru með tvö skattþrep – líkt og hér þekkist

23 lönd með 3 eða fleiri skattþrep, þ.e. fleiri þrep en hér á landi

	Virðisaukaskattur á bækur	Hæsta VSK þrep	Önnur virðisaukaskattsþrep
Stóra Bretland	0%	20%	5%
Úkraína	0%	20%	Aðeins tvö þrep
Írland	0%	23%	13,5% og 9% og 4,8%
Færeyjar	0%	25%	Aðeins tvö þrep
Noregur	0%	25%	15% og 11% og 8%
Sviss	2,5%	8%	3,8%
Lúxemborg	3%	15%	6%
Ítalía	4%	21%	10%
Spánn	4%	21%	10%
Kýpur	5%	18%	9%
Malta	5%	18%	7%
Pólland	5%	23%	8%
Króatía	5%	25%	10%
Ungverjaland	5%	0	18%
Frakkland	5,5%	19,6%	10% og 2,1%
Belgía	6%	21%	12%
Holland	6%	21%	Aðeins tvö þrep
Portúgal	6%	23%	13%
Svíþjóð	6%	25%	12%
Grikkland	6,5%	23%	13%
Þýskaland	7%	19%	5,5%
Ísland	7%	25,5%	Aðeins tvö þrep
Tyrkland	8%	18%	10%
Eistland	9%	20%	Aðeins tvö þrep
Litháen	9%	21%	0
Rúmenía	9%	24%	5%
Slóvenía	9,5%	22%	Aðeins tvö þrep
Rússland	10%	18%	Aðeins tvö þrep
Austurríki	10%	20%	12%



Nefndasvið Alþingis
b.t. Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. nóvember 2014

Efni: Umsögn frá Félagi réttihafa í sjónvarps- og kvikmyndaiðnaði (FRÍSK) vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, o.fl., 2. mál

I. Almennt

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, brottfall laga nr. 97/1987, um vörugjald, og breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (kerfisbreyting á virðisaukaskatti, brottfall laga og hækkun barnabóta), 2. mál, og er til umfjöllunar hjá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Félag réttihafa í sjónvarps- og kvikmyndaiðnaði (FRÍSK) eru samtök helstu sjónvarpsstöðva og kvikmyndahúsaiðnaðarins hér á landi. Félagsmenn samtakana eru með um 1.000 starfsmenn á sínum snærum og velta tæpum 17 milljarða króna á ársgrundvelli og þá er eingöngu horft til dreifingu á myndefni og tengdri starfsemi. Hagsmunir þessara aðila af skilvirku og um leið réttmætu virðisaukaskattkerfi eru því verulegir og því hafa breytingar á lögum um virðisaukaskatt mikil áhrif á aðildarfélög samtakana. Í ljósi þessa vilja samtökin koma á framfæri við Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftirfarandi ábendingum.

FRÍSK vill vekja athygli efnahags- og viðskiptanefndar á skýrslu rýnihóps á vegum mennta- og menningarmálaráðherra um greiningu á hindrunum fyrir streymiþjónustu sem kom út í júní á þessu ári. Einn veigamesta tillaga rýnihópsins var að lagt var til að virðisaukaskattur af sölum kvikmynda á netinu verði lækkaður í neðra skattþrep þar sem slíkt hefur nú þegar verið gert um tónlist (úr 25,5% í 7%). Auk þess lagði rýnihópurinn til að virðisaukaskattur á myndefni eftir pöntun (e. Video on Demand – VOD) verði líka settur í lægra skattþrep til samræmis við skatt af afnotagjöldum sjónvarpsstöðva.

Í þessu samhengi vekja samtökin athygli nefndarinnar á að bæði bækur og tónlist hafa notið stuðnings frá hinu opinbera með því að vera sett í neðra þrep virðisaukaskatts en það sama á ekki við um kvikmyndir og sjónvarpsefni.

Það verður að teljast einkennilegt að slík nátengd form menningarefnis skuli ekki sitja við sama borð. Ef upptaka af tónleikum er gefin út sem geisladiskur, fellur hann í neðra þrep virðisaukaskatts en sé sami viðburður gefin út á DVD disk (hljóð og mynd) fellur sá diskur í efra þrep virðisaukaskatts.



II. Afnotagjöld og myndefni eftir pöntun

FRÍSK bendir á að afnotagjöld sjónvarpsstöðva bera í dag 7% og falla því í neðra þrep virðisaukaskatts enda teljast þau falla undir ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga um virðisaukaskatt. Af þessu má ráða að svo virðist sem ákvæðið sé bundið við svokallaða línulega dagskrá sem var eina útsendingaform þess tíma er lögin voru sett. Í dag er línuleg dagskrá sjónvarpsstöðva aftur á móti að fá sífellt minna vægi í þeirri þjónustu sem stöðvarnar veita viðskiptavinum sínum en þess í stað hefur mynd- og sjónvarpsefni eftir pöntun aukist gríðarlega þar sem notendur velja sjálfir hvar og hvenær þeir horfa á einstaka dagskrárliði.

Þannig er hægt í dag að nota svokallað „tímaflakk“ allt að sólarhring aftur í tímann þar sem viðskiptavinurinn sækir sitt efni úr dagskrá síðasta sólarhrings þegar honum hentar. Þess fyrir utan er nánast allt efni í línulegri dagskrá aðgengilegt í gegnum „frelsi“ þjónustu sjónvarpsstöðvanna en þar getur viðskiptavinurinn sótt flest allt það efni sem sýnt hefur verið allt að tvær vikur aftur í tímann. Þessu til viðbótar hafa sjónvarpsstöðvarnar byrjað að bjóða upp á svokallaðar „áskriftarpantanir“ (e. Subscription Video on Demand) þar sem hægt er að sækja heilu þáttaraðirnar í einu og því þarf ekki að bíða eftir sýningu næsta þáttar í seríunni. Ofan á þetta er síðan boðið upp á myndefni eftir pöntun á (e. Video on Demand – VOD) þar sem unnt er að kaupa kvikmyndir eða sjónvarpsþætti sem ekki falla undir áður nefnt frelsi eða tímaflakk sjónvarpsstöðvanna.

Myndefni eftir pöntun (VOD) fellur því ekki undir áður nefnda 2. mgr. 14. gr. laga um virðisaukaskatt og fellur þar af leiðandi í efra þrep virðisaukaskatts á meðan afnotagjöld falla í neðra þrep þessa skattkerfis. Fyrir neytendur er erfitt að sjá muninn þarna á milli þar sem viðbótarþjónusta við línulega dagskrá, þ.e. tímaflakk, frelsi og áskriftarpantanir, svipar mjög til myndefnis eftir pöntun og því er verið að mismuna á milli útsendingatækni hjá sjónvarpsstöðvum/fjölmiðlaveitum.

Í ljósi þessa leggur FRÍSK eindregið til þess að virðisaukaskattur á myndefni eftir pöntun (VOD) verði fært í neðra skattþrep til samræmis við skatt af afnotagjöldum sjónvarpsstöðva og þannig tryggja að miðlun dagskrárefnis með nýrri tækni njóti sömu sanngirni og línuleg dagskrá. Óbreytt fyrirkomulag felur óneitanlega í sér mismunun sömu eða sambærilegrar starfsemi eftir tæknilausnum.

III. Kvikmyndahús

FRÍSK bendir á að árið 2013 sóttu tæp 1.370.000 manns kvikmyndahús á Íslandi sem skilaði rétt um 1.485.000.000 kr. í heildartekjur og eru hér því um mikla hagsmuni að ræða og sérstaklega í ljósi þess að heildaraðsókn í kvikmyndahúsin hafa farið dvínandi undanfarin ár. Aðgöngumiði í kvikmyndahús fellur undir 1. mgr. 14. gr. laga um virðisaukaskatt og ber því í dag 25,5% virðisaukaskatt en í þessu sambandi benda samtökin á að hvergi í heiminum er svo hátt hlutfall aðgöngumiða greitt í virðisaukaskatt. Í nánast öllum löndum Evrópu er virðisauki á aðgöngumiða í kvikmyndahús í lægra þrepi virðisaukaskatts og af þeim löndum í kringum okkur sem við berum okkur mest við er það eingöngu Danmörk sem er með virðisaukaskatt á aðgöngumiða í hærra þrepi, þ.e. 25%. Í Svíþjóð er virðisaukaskattur á aðgöngumiða 6%, í Noregi er hann 8% og í Finnlandi 9% svo dæmi séu tekin.

Með því að lækka virðisaukaskatt úr hærra þrepi í það lægra, þ.e. boðað 10,71%, mundi innkoma ríkisins lækka um rétt tæpar 160.000.000 krónur á ársgrundvelli miðað við aðsókn síðasta árs. Hins vegar má vel færa rök fyrir því að aðsókn í kvikmyndahús aukist eitthvað með lækkuðu miðaverði auk þess sem önnur þjónusta, sbr. myndefni eftir pöntun – VOD, er áætlað að koma til með að aukast, enda hefur svokallaður „réttargluggi“ nýlega styst og eru nýjar kvikmyndir þ.a.l. oft komnar inn á „VOD leigur“ þremur mánuðum eftir sýningu í kvikmyndahúsi. Sala mynda á VOD formi, t.d. í gegnum þjónustu Vodafone og Símans, hefur aukist ár frá ári en betur má ef duga skal. Lægra gjald mun því óneitanlega vera til þess fallið að virkja vilja notenda til þess að njóta efnis á löglegu formi og í stað þess að hlaða því niður ólöglega.

IV. Ósanngjörn samkeppni

FRÍSK vekur hér athygli á að hið opinbera verður að hafa það hugfast að aðilar samtakanna, sem starfa á íslenskum markaði, hafa þurft að horfa upp á ósanngjarna samkeppni frá erlendum aðilum sem sækja hér á landi viðskipti sem nema allt að 25% af heimilum landsins. Þjónusta fyrirtækja sem skráð eru erlendis og borga hér engin opinber gjöld, þ.e. hvorki virðisaukaskatt né heldur önnur gjöld, hafa þar af leiðandi tekjur að stórum hluta markaðarins og bjóða hér upp á sambærilega þjónustu og íslenskir samkeppnisaðilar. Í ljósi þessa aðstöðumunar geta hin erlendu fyrirtæki eðli málsins samkvæmt verðlagt sig undir þeirri þjónustu sem er í boði hér á landi enda leggjast opinberar álögur ekki á þjónustu þessara erlendu aðila.

Talið er að hér á landi þjónusti bandaríska efnisveitan Netflix um 20.000 heimili á landinu á landinu þó svo að fyrirtækið hafi aldrei opnað formlega fyrir þjónustu sína hér á landi. Þá er áætlað að 5-6.000 íslensk heimili kaupi áskrift af breska fyrirtækinu BSKYB í gegnum SKY gervihnattaþjónustu þess, sem jafnframt hafa ekki neinar heimildir til að selja áskriftir hér á landi. Auk þess er fjöldi heimila með aðgang og greiðir fyrir efnisveitur á borð við Hulu og iTunes. Því má áætla að um 25% heimila landsins kaupi þjónustu fyrirtækja sem hér hvorki borga hér á landi virðisaukaskatt né önnur gjöld sem eðlilega skeykir samkeppnisstöðu félagsmanna FRÍSK.

Þrátt fyrir að hafa hvorki starfsstöð hér á landi né heldur starfa samkvæmt þeim skilyrðum sem innlendum aðilum er gert þá eru framangreind fyrirtæki, sem og önnur sambærileg erlend þjónusta, í beinni samkeppni við innlenda aðila. Þessu til viðbótar hvíla ekki aðrar skyldur á þessum erlendu aðilum líkt og þeim innlendu, sbr. m.a. kvikmyndaskoðun, textum og talsetning á efni o.s.frv. Eins og áður segir skeykir þessi veruleiki sannarlega samkeppnisstöðu þar sem erlendum aðilum er hyglað á kostnað innlendra aðila.

Það ítrekast hér með að félagsmenn FRÍSK fagna erlendri samkeppni sé hún háð á jafnréttisgrundvelli en því miður virðist svo ekki vera. Má í þessu samhengi benda á að nýlega opnaði Google fyrir sjónvarpsþjónustu sína Google Play, og nær sú þjónusta m.a. til Íslands, þar sem hægt er að kaupa nýlegar kvikmyndir og annað sjónvarpsefni. Ákvæði sem tók gildi 1. nóvember 2011, sbr. lög nr.



121/2011 um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, er ætlað að taka á óskattskyldum aðilum sem selja rafræna þjónustu hér á landi. Samkvæmt 35. gr. laganna skal erlendur seljandi rafrænnar þjónustu skrá sig hjá Ríkisskattstjóra og skila virðisaukaskatti af sölunni.

Hið opinbera virðist hins vegar engan veginn fylgja þessu eftir og því er ekki að sjá að Google Play standi skil hér á landi á virðisaukaskatti af sinni sölu á meðan félagsmenn FRÍSK þurfa að greiða 25,5% virðisauka af sinni þjónustu. Sama virðist eiga við varðandi aðrar erlendar veitur, sbr. Spotify sem hér selur tónlist inn á íslenskan markað. Af þessum dæmum sést vel við hversu ósanngjarna samkeppni félagsmenn FRÍSK þurfa að keppa við.

Við þetta má bæta að félagsmenn FRÍSK þurfa að uppfylla ákvæði 29. gr. laga um fjölmiðla, nr. 38/2011, hvað varðar tal og texta á íslensku á sínu efni. Efnisveitur með starfsstöð erlendis lúta ekki sömu reglum og því eru engar kvaðir gerðar til þeirra að talsetja eða texta efni sem selt er til Íslands. Óneitanlega fela þessar kvaðir fjölmiðlalaga í sér verulegan kostnað fyrir félagsmenn sem hinar erlendu veitur þurfa ekki að taka á sig. Íslensk fyrirtæki keppa því ekki á jafnréttisgrundvelli við erlenda aðila og er lækkun virðisaukaskatts í neðra þrep skref í átt að jafna þá samkeppnisstöðu en um leið er áfram tryggð verndun á íslenskri menningu og tungu.

Að mati FRÍSK er nauðsynlegt, með bæði hagsmuni innlendra fyrirtækja á þessu sviði sem og hagneytenda að leiðarljósi, að rétta af þann samkeppnishalla sem íslensk sjónvarps- og kvikmyndabjónusta þarf að glíma við með því að samræma virðisaukaskattinn við það sem tíðkast varðandi bækur og tónlist. Þá er með slíkri breytingu einnig verið að samræma innheimtu virðisaukaskatts við það sem viðgengst í nágrannalöndum okkar.

FRÍSK ítreka enn og aftur að ójöfn samkeppni við erlendar þjónustu sem hér borga engan virðisaukaskatt gerir samkeppnisumhverfi félagsmanna samtakanna verulega erfitt. Þá er ótalið það tjón sem ólöglegt niðurhal hefur á starfsemi félagsmanna FRÍSK hér á landi en ef tekið er mið af tölum Capacent úr könnun sem framkvæmd var 2011 er tap rétthafa vegna ólögðs niðurbætur, á annan milljarð árlega. Tapaðar skatttekjur hlaupa á hundruðum milljóna.

Er framangreindu hér með komið á framfæri við Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis. FRÍSK áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað af hálfu nefndarinnar.

Virðingarfyllt,

F.h. FRÍSK

Hallgrímur Kristinsson,
Stjórnarformaður



Streymiþjónusta á Íslandi fyrir kvikmyndir, sjónvarpsefni og tónlist

**Skýrsla rýnihóps á vegum mennta- og
menningarmálaráðherra um greiningu á
hindrunum fyrir streymiþjónustu ásamt tillögum**

Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Júní 2014

Útgefandi: Menntamálaráðuneyti
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík
Sími: 545 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.is
Veffang: www.menntamalaraduneyti.is

Umbrot og textavinnsla: Mennta- og menningarmálaráðuneyti

© 2014 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

ISBN 978-9935-436-37-5

Streymiþjónusta á Íslandi fyrir kvikmyndir, sjónvarpsefni og tónlist.

Skýrsla rýnihóps á vegum mennta- og menningarmálaráðherra um greiningu á hindrunum fyrir streymiþjónustu ásamt tillögum

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Inngangur	2
1 Tillögur rýnihópsins um aðgerðir og áherslur	3
2 Framboð á stafrænu menningarefni á Íslandi	3
3 Tækninýjungar og framþróun í miðlunarleiðum á netinu	4
3.1 „Grái markaðurinn“	5
4 Mögulegar hindranir í íslenskum lögum	7
4.1 Lög um fjölmiðla, nr. 38/2011	7
4.2 Lög um virðisaukaskatt, nr. 50/1998	7
4.3 Íslensk menning og íslensk tunga	8
5 Könnun um áhorf á kvikmyndir og sjónvarpsefni og hlustun á tónlist hér á landi	9
6 Ólöglegt niðurhal	10
6.1 Meðvitund og fræðsla	11
7 Niðurstaða rýnihópsins	11
8 Verklag rýnihópsins	12
Fylgiskjöl	12

Inngangur

Í desember 2013 skipaði mennta- og menningarmálaráðherra rýnihóp um greiningu hindrana á uppsetningu streymiþjónustu hér á landi fyrir kvikmyndir, sjónvarpsefni og tónlist. Samkvæmt skipunarbréfi var hlutverk rýnihópsins að greina þær hindranir sem kunna að vera á því að íslenskum notendum standi til boða sambærileg streymiþjónusta fyrir kvikmyndir, sjónvarpsefni og tónlist eins og notendum í öðrum norrænum ríkjum. Var rýnihópurinn skipaður fulltrúum frá útgefendum og rétthöfum fyrir kvikmyndir og tónlist, og fulltrúa frá fjölmiðlanefnd vegna greiningar á lagaskilyrðum fyrir starfsrækslu streymiþjónustu hér landi.

Í rýnihópnum sátu:

- Magnús Ragnarsson, formaður, skipaður af ráðherra án tilnefningar,
- Björn Sigurðsson, tilnefndur af hálfu Senu,
- Elfa Ýr Gylfadóttir, tilnefnd af hálfu fjölmiðlanefndar,
- Guðrún Björk Bjarnadóttir, tilnefnd af hálfu STEFs,
- Hilmar Sigurðsson, tilnefndur af hálfu SÍK, Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda,
- Snæbjörn Steingrímsson, tilnefndur af hálfu Samtaka myndréttarhafa á Íslandi.

Starfsmaður rýnihópsins var Margrét Magnúsdóttir lögfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneyti.



Mynd: Biophilia

1 Tillögur rýnihópsins um aðgerðir og áherslur

- Lagt er til að virðisaukaskattur af sölu kvikmynda á netinu verði lækkaður úr 25,5% í 7%. Slíkt hefur nú þegar verið gert um sölu tónlistar.
- Auk þess er lagt til að virðisaukaskattur á myndefni eftir pöntun (e. video on demand) verði 7% til samræmis við skatt af afnotagjöldum sjónvarpsstöðva (áskriftagjöldum) og þannig allur vafi tekinn af um að miðlun hljóð- og myndiefnis með nýrri tækni beri sömu skattprósentu.
- Leggja þarf áherslu á að ný miðlunartækni verði notuð til að stuðla að auknu framboði löglegu efnis þar sem hagsmunir rétthafa og notenda eru tryggðir á fullnægjandi hátt.
- Auka þarf framboð af innlendu stafrænu menningarefni, jafnframt því sem tryggja ber textun og talsetningu erlends efnis.
- Efla þarf miðlalæsi almennings og því eru leiðbeiningar og fræðsla um höfundarétt mikilvæg bæði fyrir rétthafa og notendur.
- Lagt er til að hvatt verði til víðtækrar kynningarherferðar til að upplýsa almenning um kosti lögmætra nota á efni á netinu, umfram ólögmæt not.
- Vakin verði sérstök athygli á hindrunum og mögulegum úrræðum fyrir lítil markaðssvæði í tengslum við efniskaupasamninga á höfundavörðu efni á formennskuári Íslands í norrænu samstarfi.
- Vakin verði athygli á stöðu lítilla málsvæða og hvemig menning smárikja verði sem best tryggð í kjölfar alþjóðavæðingunnar og tækniþróunar í upplýsingatækni.

2 Framboð á stafrænu menningarefni á Íslandi

Á Íslandi hefur staðan til langs tíma verið sú að mikið hefur skort á að almenningi stæði til boða löglega framboðið menningarefni á stafrænu formi í sama mæli og notendum í nágrannalöndunum. Reynslan hefur sýnt að viðskiptaaðferðir til að nálgast efni á löglegan hátt eru oft torveldari og vanþróaðri en þær aðferðir sem eru notaðar til að sækja efni ólöglega hér á landi.¹ Framleiðendur og rétthafar tónlistar og kvikmynda hafa verið seinir að taka við sér við að nýta tækifæri netsins og þróa ný viðskiptamódel. Lengst af sýndu stórar erlendar efnisveitur lítinn áhuga á því að bjóða þjónustu til íslenskra notenda. Úr því hefur reyndar ræst hvað varðar framboð á tónlist á netinu með tilkomu erlendu tónlistarveitnanna *Deezer*, *Rdio* og *Spotify* sem opnuðu fyrir þjónustu við íslenska notendur á árinu 2012 og bættust þá við innlendar veitur sem höfðu verið starfræktar allt frá 2003.² Á hinn bóginn hafa erlendar efnisveitur með kvikmyndir og sjónvarpsefni líkt og iTunes og Netflix ekki sýnt áhuga á að bjóða þjónustu sína hér á landi og hafa ekki fengist á því fullnægjandi skýringar. Þá vekur athygli að þrátt fyrir augljósa eftirspurn hér á landi er ekki í boði nein áskriftarþjónusta að sjónvarps- og kvikmyndaefni, hvorki innlend né erlend, fyrir utan þjónustu Skjásins með barnaefni. Með hliðsjón af því var talin þörf á því að greina hvaða hindranir valda því að efnisveitur eins og *iTunes* og *Netflix* hafa ekki enn sýnt áhuga á að opna fyrir aðgang íslenskra notenda að þjónustu sinni líkt og þeir hafa þegar gert í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð.

¹ Ummæli Nellie Kroes framkvæmdastjóra fyrir stafræn málefni hjá framkvæmdastjórn ESB um þörf að því að búa til einn innri markað í Evrópu fyrir tónlist og kvikmyndir í ræðu á fundi framámanna í evrópsku viðskiptalífi í Brussel 4. maí 2010: http://europa.eu/rapid/press-release_SPEECH-10-203_en.htm

² Þess má geta að tónlist.is hefur verið starfrækt frá árinu 2003.

3 Tækninýjungar og framþróun í miðlunarleiðum á netinu

Tæknipróun á sviði upplýsinga- og samskiptatækni hefur leitt til margs konar breytinga, bæði fyrir lýðræðislega umræðu og aðgengi að menningu. Í alþjóðlegum samanburði er Ísland eitt af netvæddustu löndum í heimi. Netnotkun almennings hér á landi er ein sú mesta í Evrópu og teljast 95% íbúa landsins til reglulegra netnotenda.³ Í raun má segja að innviðir íslensks samfélags séu orðnir svo háðir virkni netsins að tilvera án þess er óhugsandi, auk þess sem netið hefur auðveldað daglegt líf á margan hátt. Samhliða nýrri tækni hafa á hinn bóginn komið upp á yfirborðið nýjar áskoranir af ýmsum toga.

Framþróun í miðlunarleiðum á netinu hefur leitt til gagngerrar byltingar á með hvaða hætti almenningur nálgast fróðleik og upplýsingar, og nýtur afþreyingar og miðlunar á hvers kyns menningarefni. Mynd- og hljómdiskar eru á undanhaldi⁴ og áhorf og hlustun hefur færst í auknum mæli yfir á netið í gegnum tölvur og snjallsíma. Á sviði tónlistar hafa erlendar efnisveitur á borð við *Spotify*, *Deezer* og *Rdio* rutt sér til rúms hér á landi og stóraukið framboð á tónlist á netinu í gegnum streymi.

Þessi þróun hefur þegar leitt af sér breytt neyslumunstur á ýmiss konar menningarupplifun. Framboð kvikmynda og sjónvarpsefnis hefur í auknum mæli færst yfir á netið þar sem tækninýjungar og hraðari nettengingar hafa auðveldað hljóð- og myndmiðlun í háskerpugæðum. Nú eru komin á markaðinn margs konar snjalltæki og nettengd sjónvarpstæki sem veita aðgang að nýrri streymipjónustu fyrir mynd- og hljóðmiðlun, sem kemur til viðbótar hefðbundinni sjónvarpsþjónustu í línulegri dagskrá. Efnisveitur á netinu eins og *iTunes*, *Netflix* og *Hulu* og myndmiðlun eftir þöntun (e. video on demand) hafa að miklu leyti tekið við hlutverki hefðbundinna myndbandaleiga sem hafa átt erfitt uppdráttar hér á landi sem erlendis á undanförunum missirum. Slíkar efnisveitur eru meira að segja farnar að standa að eigin sjónvarpsþáttagerð.⁵ Þá má sem dæmi nefna að efnisveitan *YouTube* er komin í samkeppni við hefðbundnar sjónvarpsstöðvar með því að bjóða upp á sérstakar rásir með ýmsu faglegu framleiddu efni. Í þessu sambandi má t.d. nefna að *Youtube* hefur gert samninga um kaup á efni frá efnisveitum á borð við *Dinsney* og hafið útsendingar frá stórum íþróttaviðburðum, t.d. tryggt sér sýningarrétt frá hafnaboltadeildinni í Japan, og farin að horfa frá því að bjóða ekki einungis upp á „heimager“ efni frá áhugafólki.

Samkvæmt framansögðu getur almenningur nú nálgast mikið af efni á sínum eigin forsendum og er ekki lengur háður línulegri dagskrá sjónvarpsstöðvanna. Breytt neyslumynstur á kvikmynda- og sjónvarpsefni inni á heimilum hefur leitt til þess að dregið hefur úr sameiginlegum stundum fjölskyldna við sjónvarpið þar sem horft er á sama myndefnið. Í stað hinna sameiginlegu stunda við skjáinn, er nú algengara að fjölskyldur komi saman þar sem hver og einn horfir á sinn „skjá“ með ólíku efni. Þá er sú nýjung að framleiðendur framhaldspátta geri þáttaraðir í heilu lagi aðgengilegar þannig að hver og

³ Hagtíðindi. Ferðamál, samgöngur og upplýsingatækni. „Tölvu- og netnotkun á Íslandi og í öðrum Evrópulöndum 2013.“ 27. janúar 2014, 99. árg. 1. tbl. Þess má geta að talsverð aukning var á milli ára á kaupum á kvikmyndum og tónlist hér á landi í gegnum netið skv. könnuninni. Hins vegar kemur það á óvart að ef lítið er til heildarhlutfalls mannfjölda (í stað netnotenda) versla aðeins 56% Íslendinga á netinu. Þrátt fyrir að almenn netnotkun sé mikil hér á landi hefur vefverslun ekki náð miklum hæðum og í 9 Evrópuríkjum versla hlutfallslega fleiri á netinu en á Íslandi.

⁴ Á árunum 2000 til 2010 fækkaði seldum eintökum af erlendum geisladiskum á Íslandi um 77%. Sjá nánar: Upplageftirlit FHF fyrir 2010.

⁵ Í þessu sambandi má nefna *Spilaborgin* (e. House of Cards) og *Arrested Development* en *Netflix* er framleiðandi þáttanna.

einn getur fengið aðgang að þeim á þeim stað og á þeirri stundu sem hann sjálfur kys. Breytt miðlunartækni hefur skapað eftirspurn eftir því að sjónvarpsefni sé aðgengilegt án hins hefðbundna vikulega biðtíma sem fylgir dagskrá línulegrar hjóð- og myndmiðlapijónustu. Handritshöfundar sjónvarpsþátta eru þannig farnir að miða við áhorf þeirra í einu lagi líkt og um væri að ræða kvikmynd. Að horfa á marga þætti í einu og jafnvel heilu sjónvarpsþáttaseríurnar er orðið algilt (e. binge viewing).

Að mati rýnihópsins er gott aðgengi að stafrænu menningarefni og hvers konar afþreyingu afar mikilvægt fyrir öflugt menningarlíf í íslensku samfélagi. Greiðara aðgengi að löglegu stafrænu efni spomar gegn ólögmætri notkun.⁶ Með tilkomu löglegra efnisveita á netinu, sem bjóða upp á einfaldari og aðgengilegri leiðir til að njóta tónlistar, kvikmynda og sjónvarpsefnis er ólöglegt niðurhal orðið síðri kostur fyrir notendur en áður. Að mati rýnihópsins eru það nokkur vonbrigði hversu lítil þróun hefur orðið á framboði á löglegum kostum fyrir notendur á stafrænu menningarefni hér á landi, einkum þó myndefni.

3.1 „Grái markaðurinn“

Með tilkomu netsins hafa hefðbundin landamæri milli markaðssvæða horfið. Með lítilli fyrirhöfn er mögulegt að færa rafrænt aðsetur sitt og nálgast þannig efni í gegnum netið sem ætlað er fyrir annað landssvæði en Ísland. Þróun á þessu sviði hefur leitt til þess að erlendar efnisveitur á borð við *iTunes*, *Hulu* og *Netflix* hafa nú þegar talsverða markaðshlutdeild án þess að bjóða formlega upp á þjónustu sína hér á landi. Áætlað er að um tuttugu þúsund heimili hér á landi hafi aðgang að slíkri þjónustu hjá Netflix.⁷ Ljóst er að löggjöf á þessu sviði er talsvert á eftir tækninni. Með tilkomu internetsins hafa fallið niður þær landfræðilegu takmarkanir sem að áður giltu um dreifingu efnis og geta notendur hér á landi með tæknilegum aðferðum nálgast efni sem ætlað er til notkunar á öðrum landssvæðum. Deilur hafa risið á milli fjarskiptafyrirtækja og rétthafa um lögmæti þess að auðvelda notendum að flytja rafrænt aðsetur sitt til annarra markaðssvæða. Hér verður ekki tekin afstaða til lögmætis slíkrar notkunar en ljóst er þó að henni verði ekki jafnað við ólögmæta dreifingu efnis á netinu sökum þess að greiðsla kemur fyrir. Eftirspurn eftir þjónustunni er fyrir hendi hér á landi og því ætti að vera kappsmál fyrir rétthafa að stuðla að löglegu framboði þjónustunnar því hlutfall ólöglegs niðurrhals á kvikmyndum og sjónvarpsefni er með því hæsta í heiminum á Íslandi.

Hins vegar er áhyggjuefni hvort erlendar efnisveitur með kvikmyndir og sjónvarpsefni muni nokkurn tímann sjá sér hag í því að laga þjónustu sína að íslenskum notendum vegna þess að þær hafa nú þegar stóra markaðshlutdeild hér á landi án þess að hafa nokkuð aðhafst. Þá er álitamál hvort það hafi fælandi áhrif á aðra aðila, innlenda og erlenda, sem hyggjast bjóða upp á slíka þjónustu hér landi, því þeir hafa ekki jafna samkeppnisstöðu gagnvart þessum veitum. Erlendar efnisveitur sem hafa ekki veitt formlega aðgang að sínu efni á íslensku landssvæði greiða enga skatta hér á landi og

⁶ Þess má geta að í Kanada fór niðurhal (e. BitTorrent) niður um 50% eftir að Netflix opnaði formlega fyrir aðgang þar í landi fyrir þremur árum. Sjá nánar frétt á heimasíðu BBC frá 16. september 2013. Aðgengilegt á vefslóðinni: <http://www.bbc.com/news/technology-24108673>

⁷ Samkvæmt könnun sem MMR framkvæmdi fyrir Viðskiptablaðið fyrr á þessu ári er einn af hverjum sex Íslendingum, eða 16,7%, með aðgang að Netflix á heimili sínu. Þá sögðust 5,5% aðspurðra ekki vera með þjónustuna, en að þeir ætli sér að kaupa áskrift að Netflix á næstu sex mánuðum. Þá vekur athygli að í aldurshópnum 18-29 ára er fjórði hver með aðgang að Netflix á sínu heimili en hlutfallið minnkar eftir því sem aldur aðspurðra hækkar. Má því áætla að um 20.000 heimili séu með áskrift að Netflix hér á landi miðað við tölur Hagstofunnar um fjölda heimila hér á landi. Sjá nánar: <http://www.vb.is/frettir/102026/>

lúta ekki íslensku lagaumhverfi. Slíkar efnisveitur hafa t.a.m. ekki þurft að texta eða tasetja efnið sitt eins og innlendir sjónvarpsstöðvar þurfa að gera. Þá hafa þær ekki aðlagð sig að markaðnum s.s. með því að bjóða upp á efni sem framleitt hefur verið hér á landi. Aðili sem hefði hug á að koma upp lögmætri efnisveitu hér á landi þyrfti að kaupa sýningarrétt fyrir Ísland sérstaklega og yrði efnisvalmynd slíkrar þjónustu sértæk fyrir íslenskan markað og aðeins ætluð honum. Ætla má að uppsetning þjónustunnar yrði mjög kostnaðarsöm miðað við smæð markaðarins hér á landi.

Smæð hins íslenska markaðar telst því vera ein helsta hindrunin fyrir því að erlendar sem og innlendir efnisveitur bjóði upp á þjónustu sína hér á landi með formlegum hætti. Gera má ráð fyrir að þær sjái sér einfaldlega ekki haug í því að leqgia út í þann kostnað sem myndi fylgja aðlögun þjónustunnar fyrir hinn íslenska markað.

Rýnihópurinn ræddi á fundum sínum um þörf á að stuðla að framboði á íslensku menningarefni í umhverfi þar sem fyrirsjáanlegt er að með áframhaldandi þróun í sömu átt verður erlent efni ráðandi. Rýnihópurinn hvetur mennta- og menningarmálaráðherra að vekja sérstaka athygli á vanda lítilla markaðssvæða í tengslum við efniskaupasamninga á höfundavörðu efni á formennskuári Íslands í norrænu samstarfi. Sá vandi sem hér um ræðir felst í því að við efniskaupasamninga fara framleiðendur fram á tiltekna lágmarksgreiðslur frá hverju svæði fyrir sig og það kemur sérstaklega illa niður á landi með einungis 320 þúsund íbúa. Jafnframt hvetur rýnihópurinn til þess að fjallað verði um lítil málsvæði og hvernig menning smárikja verði sem best tryggð í kjölfar alþjóðavæðingunnar og tækniþróunar í upplýsingatækni. Á Norðurlöndum búa samanlagt um 25,3 milljónir manns og þau eru tíunda stærsta hagkerfi í heimi. Norræna samstarfið er því kjörinn vettvangur til þess að vekja máls á mögulegum úrræðum og frekara samstarfi Norðurlandanna á þessu sviði. Þá er jafnframt lagt til að tekið verði upp samtal á sama vettvangi um verndun lítilla málsvæða og menningu smárikja í kjölfar alþjóðavæðingar og þróun upplýsingatækni.



Mynd: Christiaan Dirksen / Norden.org

4 Mögulegar hindranir í íslenskum lögum

Í tengslum við vinnu rýnihópsins var talið mikilvægt að greina nánar lagaskilyrði fyrir starfrækslu streymisþjónustu hér á landi og hvort hindranir leyndust í íslenskum lögum fyrir erlend fyrirtæki um að bjóða upp á þjónustu sína hér á landi með formlegum hætti.

4.1 Lög um fjölmiðla, nr. 38/2011

Samkvæmt 3. gr. laga um fjölmiðla, nr. 38/2011 gilda lögin um alla fjölmiðla og fjölmiðlaveitur með staðfestu hér á landi sem miðla efni handa almenningi hér á landi að teknu tilliti til ákvæðis 4. gr. laganna. Þau gilda því um allt hjóð- og myndefni í læstri og ólæstri dagskrá, línulegri dagskrá eða eftir pöntun sem og allt ritefni hvort sem því er miðlað í prentuðu eða öðru sambærilegu formi eða með rafrænum hætti. Í 4. gr. er nánar kveðið um lögsögu yfir fjölmiðlaveitum sem miðla myndefni. Þá er ljóst skv. fjölmiðlalögum að myndmiðlun eftir pöntun (e. video on demand),⁸ uppfylli hún ákvæði 3. og 4. gr. laganna er ekki leyfisskyld starfsemi, heldur er hún skráningarskyld. Ef fjölmiðlaveitan er með staðfestu hér á landi þarf hún þannig að uppfylla ákvæði 29. gr. laganna um tal og texta á íslensku. Þess ber að geta að gerð var breyting á 3. gr. fjölmiðlalaga á vormánuðum 2013. Í greinargerð með breytingafrumvarpinu kemur fram að gildissvið laganna skuli afmarkað við Ísland með tilkomu breytinga á 3. gr. laganna þannig að skýrt komi fram að lögin taki til allra fjölmiðla sem hafa staðfestu hér á landi.

Með breytingunni var með afdráttarlausari hætti en áður kveðið á um að fjölmiðlalögin gilda um fjölmiðla sem ætlaðir eru almenningi hér á landi og að þær fjölmiðlaveitur sem heyra undir lögsögu íslenska ríkisins séu þær sem hafa staðfestu hér á landi. Ljóst er samkvæmt þessu að myndmiðlun eftir pöntun, t.d. *SkjárBíó* og *Leiga Vodafone*, fellur undir gildissvið íslenskra laga. Það er hins vegar ólíklegt að starfsemi Netflix myndi falla undir gildissvið fjölmiðlalaga nema félagið hefði staðfestu hér á landi. Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu *Netflix*, er *Netflix* í Evrópu með staðfestu í Lúxemborg.⁹ Ef *Netflix* myndi hefja starfsemi hér á landi með sambærilegum hætti og gert er í öðrum Evrópuríkjum myndi félagið þar af leiðandi ekki þurfa að uppfylla ákvæði 29. gr. fjölmiðlalaga um tal og textun. Framangreint er í samræmi við þær upplýsingar sem fjölmiðlanefnd hefur fengið frá systurnefndum/stofnunum á Norðurlöndum þar sem starfsemi *Netflix* er ekki skráningarskyld og fer samkvæmt lögum í Lúxemborg.

4.2 Lög um virðisaukaskatt, nr. 50/1998

Kvikmyndir og sjónvarpsefni hafa ekki notið sama stuðnings og tónlist frá hinu opinbera hvað varðar virðisaukaskatt. Rýnihópurinn telur það muni skipta miklu máli fyrir kvikmyndageirann að hann fái að njóta sömu kjara og tónlistin. Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, er kveðið á um að virðisaukaskattur af sölu vöru og þjónustu skuli vera 25,5%. Í 2. mgr. er hins vegar kveðið á um að virðisaukaskattur af sölu á tilteknum vörum og þjónustu skuli vera 7% og þar undir falla skv. 10. tölul. geisladiskar, hljómplötur, segulbönd og sambærilegir miðlar með tónlist en ekki með

⁸ Myndmiðlun eftir pöntun (ólínuleg myndmiðlun) er þjónusta sem fjölmiðlaveita býður, án tillits til þess viðtækis sem er notað til móttöku efnisins og án tillits til þess hvort greiða þarf fyrir efnið þannig að notandi getur horft á dagskrárliði í heild eða að hluta þegar hann svo kys og að sérstakri beiðni hans á grundvelli efnisskrár fjölmiðlaveitu, sbr. 30. tölul. 2. gr. fjölmiðlalaga, nr. 38/2011.

⁹ Sjá nánar á heimasíðu Netflix. Aðgengilegt á vefslóðinni: <https://support.netflix.com/en/node/6593>

mynd. Sama gildir um sölu á rafrænni útgáfu á tónlist án myndar. Stafrænt myndefni hefur því ekki notið sama stuðnings frá hinu opinbera og stafræn tónlist. Rýnihópurinn hvetur til þess að virðisaukaskattur af sölu myndefnis á netinu verði lækkaður úr 25,5% í 7%. Rýnihópurinn telur að möguleikar hins opinbera felist í lækkun á virðisaukaskatti á myndefni til samræmis við önnur fyrirtæki sem veita svipaða þjónustu með tónlist. Telja má að það mun hafa hvetjandi áhrif fyrir efnisveitur að bjóða þjónustu sína hér á landi ef skattprósantan á kvikmyndir yrði lækkuð.

Auk þess er lagt til að virðisaukaskattur á myndefni eftir pöntun (e. video on demand) verði 7% til samræmis við skatt af afnotagjöldum sjónvarpsstöðva (áskriftagjöldum) og allur vafi tekinn af um að miðlun hljóð- og myndiefnis með nýrri tækni beri sömu skattprósentu. Þáttasölusjónvarp (e. pay-per-view) og myndmiðlun eftir pöntun ber 25,5% virðisaukaskatt samkvæmt núgildandi lögum þar sem ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga nr. 50/1988 eru bundin við línulega sjónvarpsdagskrá. Hér er því lagt til að orðalagið nái jafnframt yfir nýja þjónustu þar sem telja má óeðlilegt að fjölmiðlaveitum sé mismunað eftir því með hvaða tækni þau nota til útsendingar. Eins og áður hefur verið rakið hefur sjónvarpsáhorf í miklum mæli færst frá línulegri sjónvarpsdagskrá yfir í mynd- og hljóðmiðlun eftir pöntun, þar sem notendur velja sjálfir það sjónvarpsefni sem horft er á hverju sinni, hvort sem um er að ræða fréttir, sjónvarpsefni eða kvikmyndir.

Við greiningu á öðrum mögulegum hindrunum í sömu lögum hefur athyglin beinst að álagningu virðisaukaskatts á rafræna þjónustu í 35. gr. laganna. Ákvæðið tók gildi 1. nóvember 2011, sbr. lög nr. 121/2011 um breytingu á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Samkvæmt 35. gr. skal erlendur seljandi rafrænnar þjónustu til óskattskyldra aðila hér á landi skrá sig hjá Ríkisskattstjóra og skila virðisaukaskatti af sölunni. Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisskattstjóra er á hinn bóginn enn ekki boðið upp á enskt vefviðmót til slíkrar skráningar. Þá er erlendum seljendum einnig gert skylt að hafa sérstaklega númeraða sölureikninga vegna sölu hingað til lands, auk þess sem þeir þurfa að gæta að því að uppgjör sé í íslenskum krónum, sem krefst þess að reiknuð sé út reikningsfjárhæð miðað við gengi íslensku krónunnar á kaupdegi. Að mati rýnihópsins er hér um að ræða tæknilegar hindranir sem kunna að eiga þátt í að fæla erlenda aðila frá því að bjóða þjónustu sína formlega hér á landi. Vandséð er að erlendir seljendur komist hjá því að hafa umboðsmann hér á landi vegna þessara hindrana.

4.3 Íslensk menning og íslensk tunga

Íslensk tunga er grunnur að íslenskri menningu og því telur rýnihópurinn að ekki séu allar hindranir óæskilegar, t.a.m. íslenskuskylدان í lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011. Eins og fyrr er getið þarf fjölmiðlaveita, sem er með staðfestu hér á landi, að uppfylla ákvæði 29. gr. laga um tal og texta á íslensku. Í menningarstefnu íslenskra stjórnvalda kemur fram að íslensk tunga sé ríkur þáttur í sjálfsmynd landsmanna og í samræmi við íslenska málstefnu ber að efla hana á sem flestum sviðum samfélagsins.¹⁰ Íslenska er afar lítið málssvæði í samanburði við önnur tungumál og því er nauðsynlegt að stuðla að því að menningarefni sé aðgengilegt á íslenskri tungu og erlendu efni fylgi íslenskt tal eða textun. Þetta er sérstaklega mikilvægt í tengslum við efni sem er ætlað börnum á máltökualdri.

¹⁰ Þingsályktun um menningarstefnu frá 6. mars 2013. Þskj. 1149, 196. mál, 141. löggjafarþing 2012–2013.

5 Könnun um áhorf á kvikmyndir og sjónvarpsefni og hlustun á tónlist hér á landi

Rýnihópurinn taldi mikilvægt að aflað yrði nýjustu upplýsinga um áhorf á kvikmyndir og sjónvarpsefni og hlustun á tónlist hér á landi vegna örrar þróunar á þessu sviði. Könnunin fór fram á vegum markaðsrannsóknafyrirtækisins Capacent 27. febrúar til 6. mars 2014. Um var að ræða netkönnun þar sem spurt var eftirfarandi spurninga:

- Með hvaða eftirfarandi leiðum horfir þú á kvikmyndir?
- Með hvaða leiðum horfir þú á sjónvarpsefni?
- Með hvaða leiðum hlustar þú á tónlist?

Í samanburðarskyni var horft til þess að Capacent gerði ítarlega könnun fyrir IHM - Innheimtumiðstöð gjalda - í byrjun árs 2011 um umfang neyslu og niðurhal á kvikmyndum og sjónvarpsefni.^{11 12} Í því sambandi taldi rýnihópurinn áhugavert að nýta niðurstöðurnar úr þeirri könnun til þess að fá vísbendingu um þróunina hér á landi frá því að fyrri könnunin var gerð. Fyrri könnunin tók þó aðeins til „neyslu“ kvikmynda og sjónvarpsefnis. Að mati rýnihópsins var talið áhugavert að fá nýjustu vísbendingar um hlustun á tónlist vegna tilkomu fleiri löglegra tónlistarveitna fyrir íslenska notendur undanfarin ár. Þá var svarmöguleikum lítillega breytt frá fyrri könnuninni, einkum til að rýna frekar í uppruna efnisins en tækni, sem gjarna er ruglað saman. T.d. var breytt eftirfarandi svarmöguleikum: “í sjónvarpinu” í stað “á sjónvarpsstöðum”, “vistað á tölvu í halað niður eða streymt af vefsíðu” í stað “í gegnum tölvu”, “á tölvutæku formi fengið frá vinum eða kunningjum” í stað “af hörðum diskum”. Svo var bætt við svarmöguleikanum á tölvutæku formi sem á uppruna sinn í eigin diskum. Þess ber að geta að könnunin náði aðeins til þess með hvaða leiðum almenningur hér á landi horfir á kvikmyndir og sjónvarpsefni og hlustar á tónlist. Ekki var spurt umfang líkt og gert var í könnunni árið 2011.

Helstu niðurstöður könnunarinnar eru að notkun VOD þjónustunnar tekur mikinn kipp, þ.e. úr 27,0% í 43,1% fyrir kvikmyndir og úr 19,2% í 42,4% fyrir sjónvarpsefni. Það var áberandi hversu lítið þessi þjónusta er nýtt á meðal efnaminni og yngri kynslóðarinnar. Þá kom á óvart að ekki er eins mikil aukning í áhorfi í gegnum áskrift á efnisveitum á netinu svo sem *filma.is*, *Netflix*, *Hulu* og *iTunes*, þ.e.a.s. miðað við alla umræðuna sem hefur orðið í fjölmiðlum undanfarin misseri. Þeir sem nýta sér þessa leið fara úr 10,4% í 15,8% síðan 2011. Aftur á móti þá staðfestir könnunin fyrri upplýsingar um að allt að 20.000 heimili í landinu séu þegar komin með aðgang efnisveitum á borð við *Netflix* hér á landi.¹³ Það má sjá að það er smávægileg aukning hjá almenningi á áhorfi á kvikmyndir og sjónvarpsefni, sem halað hefur verið niður af netinu eða streymt af vefsíðu og þar sem höfundur/rétthafi fær ekki greitt fyrir, einkum hvað varðar sjónvarpsefni, þ.e. úr 22,6% í 26,9%. Þá virðist vera á undanhaldi að fólk sækir sér kvikmyndir og sjónvarpsefni á tölvutæku formi sem fengið var hjá vinum eða kunningjum, þ.e. kvikmyndir úr 37,2% í

¹¹ Könnun Capacent frá mars 2011. Neysla og niðurhal á kvikmyndum og sjónvarpsefni. Aðgengilegt á vefslóðinni:

http://www.tonlistogmyndir.is/media/uppsetning/4020840_kvikmyndir_190411.pdf

¹² Könnunin leiddi í ljós úggvænlegt hlutfall af neyslu kvikmynda- og sjónvarpsefnis sem fram fór með ólöglegu niðurhali en jafnframt þörfina á að kvikmyndaiðnaðurinn finni leiðir til að bjóða upp á kvikmyndaefni á ásættanlegu verði gegnum netið. [Heimild: vefrit kvikmyndagerðarmanna Klapptré, birt á vefnum <http://www.klapptre.is> 5. nóvember 2013].

¹³ Sjá nánar á frétt á vb.is sem birtist þann 20. febrúar 2014. Aðgengilegt á vefslóðinni: <http://www.vb.is/frettir/102026/>

15,1% og sjónvarpsefni úr 26,1% í 9,1%. Það veldur hins vegar áhyggjum rýnihópsins hversu hátt hlutfall yngri kynslóðarinnar nýtur sér leiðir þar sem höfundur/réttihafi fær ekki greitt fyrir. 86% í aldersflokknum 18-24 ára sækir sér kvikmyndir þannig og 80% sjónvarpsefni. Hlutfallið fer hins vegar lækkandi með hækkandi aldri og mælist nánast ekkert í elstu aldurshópunum.

Áberandi er að aukið löglegt framboð tónlistar á netinu hefur dregið úr notkun ólöglegra leiða. Því er ljóst að tónlistarveitur á borð við *Spotify* og jafnvel tonlist.is hafi gert það að verkum að fólk, sem greiddi ekki fyrir tónlist áður, gerir það núna. Að mati rýnihópsins er það mjög jákvæð þróun. Aðeins 16,9% aðspurða segjast hlusta á tónlist sem hefur verið halað niður af vefsíðu þar sem höfundur/réttihafi hefur ekki fengið greitt fyrir. Um 18,8% segjast hlusta á tónlist í gegnum áskrift á streymiþjónustu sem greitt er fyrir. Þótt streymi komi ekki í stað þess að eiga lagið, hefur *Spotify* þjónustan í mörgum tilvikum leyst ólöglega skráardreifingu af hólmi.



Mynd: Johannes Jansson/norden.org

6 Ólöglegt niðurhal

Rýnihópurinn furðar sig á aðgerðarleysi lögreglu þegar kemur að ólöglegu niðurhali. Það er mikilvægt að úrræði höfunda- og réttarfarslaga þjóni réttihöfum á þann hátt að unnt verði að bregðast við yfirstandandi höfundaréttarbrotum með skilvirkum hætti. Þess má geta að samtök höfundaréttarhafa hér á landi lögðu fram kæru hjá lögreglu í febrúar 2012 á hendur þeim einstaklingi sem stofnaði og rekur skráardeilisíðuna deildu.net án þess að vitað sé til þess að lögregla hafi aðhafst nokkuð í málinu. Í þessu sambandi má nefna að við húsleitir og yfirheyrslur sem fram fóru á árunum 2010 og sem leiddu til játninga að miklu leyti hafa þó ekki enn leitt til útgáfu ákæra, sem verður að teljast mjög sérstakt.

Í þessu sambandi þykir ástæða til að gera grein fyrir vinnu, sem staðið hefur yfir á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins, við heildarendurskoðun höfundalaga frá árinu 2009. Endurskoðun höfundalaga hefur verið skipt upp í áfanga og lauk þeim fyrsta með framlagningu frumvarps sem varð að lögum nr. 93/2010. Lagabreytingin fól m.a. í sér valfrjálsa innleiðingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins um fullnustu hugverkaréttinda 2004/48/EB frá 29. apríl 2004. Með lögunum var réttihöfum veitt sérstök lagaheimild til að fá lagt lögbann á aðgengi, sem fjarskiptafyrirtæki veita, að vefsvæðum sem eiga beinan

þátt í eða hlutdeild í miðlun höfundavarins efnis á netinu án heimildar réttshafa, sbr. 2. mgr. 59. gr. a í höfundalögum. Ekki hefur reynt á þessa lagaheimild fyrr en á haustmánuðum 2013 þegar fern samtök höfundaréttarhafa á Íslandi, SMÁÍS, STEF, SÍK og Félag hljómplötuframleiðenda, lögðu fram lögbannsbeiðni á hendur fimm fjarskiptafyrirtækjum vegna efnis frá íslensku skrárskiptasíðunni deildu.net og fleiri sambærilegum erlendum vefsvæðum. Sýslumaðurinn í Reykjavík synjaði kröfu samtakanna um lögbann með úrskurði, dags. 11. október 2013. Synjun sýslumannsins var kærð til Héraðsdóms Reykjavíkur sem þann 19. mars 2014 vísaði lögbannsbeiðnunum frá dómi með úrskurði í þremur málum af fimm vegna aðildarskorts réttshafasamtakanna. Hæstiréttur Íslands staðfesti síðan niðurstöðu héraðsdóms að hluta með dómi 29. apríl 2014 (mál 239/2014).¹⁴

6.1 Meðvitund og fræðsla

Í þekkingarsamfélagi er mikilvægt að tileinka sér og nýta nýjustu tækni. Samhliða nýrri tækni hefur hins vegar dregið úr almennri virðingu fyrir höfundarétti hér á landi, einkum hvað varðar meðferð verndaðs efnis á netinu. Það veldur því áhyggjum rýnihópsins að þverrandi virðing er fyrir höfundarétti meðal almennings og sú staðreynd að hluti hans hafi jafnvel vanist því að greiða aldrei fyrir tónlist sem notið er í tölvum.

Úr þessu þarf að bæta með fræðslu á tungumáli sem ungt fólk skilur og í gegnum miðla sem ungt fólk notar til daglegra samskipta og upplýsingaöflunar. Vekja þarf athygli á ábyrgð einstaklinga og bættu siðferði í heimi þar sem upplýsingar og nýjir miðlar skapa nýtt umhverfi fyrir samskipti og flæði upplýsinga.

Á síðastliðnum árum hefur orðið mikill vöxtur hjá tónlistarveitum á netinu þar sem tónlistin er ókeypis eða án sérstakrar greiðslu, í það minnsta og er lögleg engu að síður. Þá hefur *Apple* nýlega boðað ókeypis tónlistarstreymisþjónustu sem nefnist *iTunes Radio*. Sú þjónusta sem nýtur nú mestra vinsælda í heiminum nú um mundir er hins vegar *Spotify* tónlistarveitan en virkir notendur hennar eru nú rúmlega 24 milljónir.

7 Niðurstaða rýnihópsins

Það er niðurstaða rýnihópsins að íslensk stjórnvöld þurfi að beita sér fyrir því að fundnar verði leiðir að til að auka framboð á menningarefni með stafrænum hætti sem notendur geta nálgast á einfaldan og skjótan hátt með löglegum hætti. Að mati rýnihópsins er það samfélagslegur ávinningur að starfræktar séu öflugar stafrænar efnisveitur sem bjóði upp efni sem ætlað er íslenskum notendum. Á Íslandi hefur staðan til langs tíma verið sú að mikið hefur skort á að almenningi stæði til boða löglegt efni í sama mæli og notendum í nágrennalöndunum. Óumdeilt er að framleiðendur og réttshafar tónlistar og kvikmynda hafa ekki beitt sér nægilega fyrir því að virkja áhuga netnotenda til að njóta efnis á stafrænu formi með því að þróa nýjar löglegar efnisveitur. Á hinn bóginn kvarta réttshafar yfir að stjórnvöld hafi ekki sýnt þeim nægilegan skilning vegna höfundaréttarbrotu.

Ef ekkert verður að gert er óvíst um stöðu íslenskrar tungu, menningar og innleðrar framleiðslu tónlistar og kvikmynda í nánustu framtíð að mati rýnihópsins. Að óbreyttum

¹⁴ Hluta málsins var vísað að nýju til meðferðar í héraðsdómi, þ.e. lögbannsbeiðni þeirra réttshafasamtaka sem höfðu hlotið viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins skv. höfundalögum, nr. 73/1972.

aðstæðum á markaði er ljóst að *Amazon*, *Spotify* og *Netflix* munu í auknum mæli afla sér notenda hér landi án þess að bjóða upp á starfsemi sína á Íslandi með formlegum hætti. *Netflix* hefur ekki séð hag sinn í því að koma hingað til lands og það vekur upp spurningar hvort fyrirtækið komi yfirhöfuð þegar markaðurinn ytir undir sölu án réttinda. Hætta er á því að stórlega muni draga úr hlutfalli innlendar framleiðslu og erfiðara muni reynast að koma íslensku menningarefni á framfæri. Innlendar efnisveitur þurfa að borga virðisaukaskatt af þjónustu sinni, talsetningu, textun og aðgengi að innlendu efni. Eina leið til samkeppni við erlenda rísa er breidd í íslensku efni og þá verða að vera til staðar sterkir íslenskir miðlar.

Því má í raun segja að aðgengi að stafrænu menningarefni sé mikilvægt menningarpólitískt mál því það nær einnig yfir málvernd og aðgengi að íslensku menningu, og stöðu menningarlegrar fjölbreytni. Að mati rýnihópsins þarf því að móta stefnu um aðgengi að stafrænu menningarefni. Engin stefnumótun er í raun slæmur kostur og því er álitafni um aðgengi að íslensku efni í nánustu framtíð.

Það er líka vert að athuga að íslenskir fjölmiðlar leggja talsvert á sig til að viðhalda íslensku tungu og menningu sem er sífellt í aukinni hættu vegna alþjóðavæðingarinnar. Ísland er angi af hinu alþjóðlega hagkerfi sem þýðir að stuðla þarf jafnri samkeppnistöðu, menningararfi, tungu og samfélagslegri vitund.

8 Verklag rýnihópsins

Tveir formlegir fundir, dags. 12. desember 2013 og 9. janúar 2014.

Samskipti viðhöfð þess á milli í gegnum tölvupóst og fulltrúar sendu starfsmanni rýnihópsins frekari gögn og upplýsingar við vinnslu skýrslunnar.

Capacent könnun um áhorf á kvikmyndir, sjónvarpsefni og hlustun á tónlist framkvæmd dagana 27. febrúar til 6. mars 2014.

Kynningarfundur um niðurstöður könnunarinnar með fulltrúa Capacent, dags. 25. mars 2014, með rýnihópnum.

Fylgiskjal

Kynning Capacent á niðurstöðum könnunar um áhorf kvikmynda og sjónvarpsefni og hlustun á tónlist. Febrúar-mars 2014.

Tillögur að breytingum á frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt o.fl. – 2. mál.

I. Breikkun skattstofns – ferðaþjónunsta o.fl.

Breytingar á ákvæðum 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988.

Í 3. mgr. 2. gr. er kveðið á um að tiltekin vinna og þjónusta sé undanþegin virðisaukaskatti. Um er að ræða tæmandi upptalningu í 14 töluliðum á vinnu og þjónustu sem haldið er utan skattskyldusviðs virðisaukaskatts. Í undanþágunni felst að ekki bera að innheimta virðisaukaskatt af veittri þjónustu. Undanþágan nær hins vegar ekki til aðfanga að starfseminni.

1. töluliður

Ákvæðið hljóðar nú:

Þjónusta sjúkrahúsa, fæðingarstofnana, heilsuhæla og annarra hliðstæðra stofnana, svo og lækningar, tannlækningar og önnur eiginleg heilbrigðisþjónusta.

Lagt er til að ákvæðið hljóði:

Þjónusta sjúkrahúsa, fæðingarstofnana, heilsuhæla og annarra hliðstæðra stofnana, svo og lækningar, tannlækningar, önnur eiginleg heilbrigðisþjónusta **og sjúkraflutningar.**

Skýringar:

Sjúkraflutningar eru undanþegnir virðisaukaskatti og hefur sú undanþága byggst á almennt undanþágu fólksflutninga. Lagt er til að fólksflutningar verði almennt gerðir virðisaukaskattsskyldir, en ástæða er þó til að halda sjúkraflutningum utan skattskyldunnar. Sú undanþága á betur heima með undanþágu annarrar heilbrigðisþjónustu, enda eru sjúkraflutningar skilgreindir sem heilbrigðisþjónusta í 4. gr. laga nr. 40/207, um heilbrigðisþjónustu.

4. töluliður

Ákvæðið hljóðar nú:

Starfsemi safna, svo sem bókasafna, listasafna og náttúrugripasafna, og hliðstæð menningarstarfsemi. Sama gildir um aðgangseyri að tónleikum, listdanssýningum, leiksýningum og leikhúsum, enda tengist samkomur þessar ekki á neinn hátt öðru samkomuhaldi eða veitingastarfsemi.

Lagt er til að ákvæðið hljóði:

Starfsemi bókasafna sbr. bókasafnalög. Starfsemi höfuðsafna og viðurkenndra safna sbr. safnalög. Aðgangseyrir að tónleikum, listdanssýningum, leiksýningum og leikhúsum, enda tengist samkomur þessar ekki á neinn hátt öðru samkomuhaldi eða veitingastarfsemi.

Skýringar:

Í gildi eru heildstæð safnalög nr. 141/2011 sem taka til hvers konar safna um varðveislu menningar- og náttúruarfs Íslands annarra en bóka- og skjalasafna. Um bókasöfn gilda sérstök lög, nr. 150/2012. Í safnalögum er að finna skilgreiningu á söfnum. Greinast þau annars vegar í höfuðsöfn og hins vegar viðurkennd söfn, þ.m.t. ábyrgðarsöfn. Höfuðsöfnin eru þrjú, Listasafn Íslands, Náttúruminjasafn

Íslands og Þjóðminjasafn Íslands. Eru þau miðstöðvar safnastarfsemi hvert á sínu sviði. Í safnalögum eru tiltekin viss skilyrði þess að safn öðlist viðurkenningu sem slíkt. Viðurkennt safn hefur tiltekið starfssvið eða starfssvæði. Viðurkennd söfn geta notið stofnstyrkja úr ríkissjóði. Viðurkennd söfn sem ekki eru í eigu ríkisins geta notið rekstrarstyrkja úr safnasjóði. Ráðherra veitir safni viðurkenningu að fenginni tillögu safnaráðs. Í bókasafnalögum er hugtakið bókasafn skýrt afmarkað. Til bókasafna teljast Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Hljóðbókasafn Íslands, háskólabókasöfn, almenningsbókasöfn, bókasöfn framhalds- og grunnskóla, sérfræðisöfn og bókasöfn í stofnunum sem reknar eru af ríki eða sveitarfélögum.

Með tillögunni er lagt til að undanþágan verði afmörkuð með skýrari hætti en nú er í lögum um virðisaukaskatt. Með tillögunni er einnig lagt til að starfsemi, safna, safnavísa, setra, sýninga og svæða sem ekki teljast höfuðsöfn eða viðurkennd söfn skv. safnalögum eða bókasöfn skv. bókasafnlögum, falli undir skattskyldusvið laga um virðisaukaskatt. Menningararfur Íslendinga felst í mörgu öðru en bókum, listmunum og náttúrugripum, en söfn um þá muni eru sérstaklega tilgreind sem undanþegin starfsemi í gildandi ákvæði virðisaukaskattslaganna. Söfn um annars konar menningararf geta fallið undir orðin hliðstæð menningarstarfsemi í gildandi ákvæði, en slíkt er háð mati skattfyrvalda hverju sinni á því hvað sé hliðstætt við þau söfn sem tilgreind eru í ákvæðinu. Frá því gildandi ákvæði var sett hafa verið sett upp ýmis konar setur, stofur, sýningar o.fl. er hafa með höndum starfsemi sem í misríkum mæli má jafna til safnastarfsemi. Breyting sú sem lögð er til miðar að því að eyða óvissu um gildissvið ákvæðisins, með því að vísa til löggjafar um safnastarfsemi og þeirra skilgreininga og afmarkana sem þar er að finna, þ.m.t. afmörkunar á þeirri heimilu gjaldtöku safna sem undanþáguákvæðinu er ætlað að ná til.

5. tölulíður

Lagaákvæðið hljóðar nú:

Íþróttastarfsemi, svo og leiga á aðstöðu til íþróttastarfsemi, aðgangseyrir að sundstöðum, skíðalyftum, íþróttamótum, íþróttasýningum og heilsuræktarstofum.

Lagt er til að ákvæðið hljóði:

Íþróttastarfsemi. Aðgangseyrir að íþróttamótum, íþróttakappleikjum og íþróttasýningum. Jafnframt aðgangseyrir og aðrar greiðslur fyrir afnot af íþróttamannvirkjum og íþróttabúnaði þeirra, svo sem íþróttasólum, íþróttavöllum, sundlaugum og skíðalyftum. Ennfremur aðgangseyrir að líkamsræktarstöðvum.

Skýringar:

Tillagan miðar að því að afmarka með skýrari hætti en nú er þá starfsemi sem undanþágunni er ætlað að ná til. Undanþáguna má flokka í fernt. Í fyrsta lagi tekur hún til skipulagðrar íþróttastarfsemi. Í öðru lagi tekur hún til aðgangs að íþróttaviðburðum. Í þriðja lagi tekur hún til aðstöðu til almenningsíþróttar og í fjórða lagi til líkamsræktar.

Hér eftir sem hingað til er undanþágunni ætlað að ná til hvers konar líkamlegrar þjálfunar sem stefnir að því að auka líkamlegt og andlegt atgerfi, heilbrigði og hreysti, sbr. skilgreiningu íþróttar í íþróttalögum nr. 64/1998. Undanþágan tekur til hverrar þeirrar íþróttar sem stunduð er innan vébanda Íþróttar- og Ólympíusambands Íslands og Ungmennafélags Íslands, en er þó ekki bundin við að íþróttin sé stunduð á vegum þeirra samtaka. Undanþágan tekur jafnframt til starfsemi innan Skáksambands Íslands og Bridgesambands Íslands. Undanþágan tekur bæði til æfinga- og keppnisgjalda íþróttaiðkenda og aðgangseyris áhorfenda að íþróttamótum, -kappleikjum og -sýningum.

Undanþágunni er ætlað að ná til aðgangseyris og annarra greiðslna fyrir aðstöðu og búnað til íþróttaiðkunar í íþróttamannvirkjum. Markmið með breyttu orðalagi ákvæðisins er að greina skýrar en

nú er á milli ípróttaaðstöðu í ípróttamannvirkjum, svo sem sundlaugum, ípróttahúsum og ípróttavöllum, annars vegar, og afþreyingaraðstöðu í leikjasölum og böðunaraðstöðu á baðstöðum og heilsulindum hins vegar. Í breytingartillögunni felst því m.a. að aðgangur að afþreyingu í ýmiskonar leikjasölum verður virðisaukaskattsskyldur og sama gildir um aðgang að baðaðstöðu, annars staðar en í hefðbundnum ípróttamannvirkjum, sundlaugum eða líkamsræktarstöðvum. Aðgreining ípróttamannvirkja frá mannvirkjum til annars konar nota er gagnvart ákvæði þessu með sama hætti og aðgreining við lögboðna skráningu og mat fasteigna og við ákvörðun fasteignaskatts.

6. töluliður

Lagaákvæðið hljóðar nú:

Fólksflutningar. Flutningur á ökutækjum með ferjum, sem eru í beinum tengslum við fólksflutninga, telst til fólksflutninga samkvæmt þessum staflíð.

Í fyrirbyggjandi frumvarpi er lagt til orðalagið:

Fólksflutningar. Flutningur á ökutækjum með ferjum, sem eru í beinum tengslum við fólksflutninga, telst til fólksflutninga samkvæmt þessum staflíð. Undanþágan nær ekki til fólksflutninga í afþreyingarskyni.

Lagt er til að ákvæðið hljóði:

Almenningssamgöngur þ.e. fastar ferðir á ákveðinni leið innanlands samkvæmt fyrirfram birtri áætlun, jafnt á landi, í lofti og á legi. Undanþágan nær einnig til skipulagðrar ferðaþjónustu fatlaðs fólks og skipulagðs flutnings skólabarna. Sama gildir um akstur leigubifreiða. Að því leyti sem fólksflutningar eru undanþegnir samkvæmt ákvæði þessu nær undanþágan til farangurs farþega og flutnings ökutækja sem er í beinum tengslum við flutning farþega.

Skýringar:

Hér er lagt til að undanþágan taki eftirleiðis aðeins til almenningssamgangna, ferðaþjónustu fatlaðs fólks og skólaaksturs barna. Aðkoma hins opinbera með einum eða öðrum hætti markar sérstöðu þeirra fólksflutninga sem lagt er til að eftirleiðis verði undanþegnir virðisaukaskatti. Í framkvæmd myndi túlkun á hugtakinu almenningssamgöngur taka mið af þeim lögum sem um þær gilda á hverjum tíma Hugtakið almenningssamgöngur er í tillögunni skilgreint með sambærilegum hætti og í lögum nr. 73/2001, um fólksflutninga og farmflutninga á landi. Ákvæði þeirra laga afmarka jafnframt skólaakstur barna. Ferðaþjónusta fatlaðs fólks afmarkast af ákvæðum laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks.

Í skattfrankvæmd hefur verið litið svo á að hugtakið fólksflutningar nái til farangurs sem farþegar hafa með sér. Lagt er til að sú frankvæmd verði fest í sessi með beinu ákvæði þar um. Til farangurs í þessu sambandi teljast m.a. reiðhjól og hjólastólar.

Til almenningssamgangna telst ferjuflutningur á fólki og bifreiðum yfir sund og firði enda komi ferjan í stað vegasambands um stofnveg eða tengiveg, sbr. 22. gr. vegalaga nr. 80/2007. Lagt er til að slíkur flutningur á ökutækjum verði undanþeginn virðisaukaskatti hér eftir sem hingað til.

Með breytingartillögunni er gengið lengra en gert er í a lið 1. gr. frumvarpsins þar sem hvers kyns ferðir með hópferðabifreiðum, sem ekki flokkast sem almenningssamgöngur, ferðaþjónusta fatlaðra eða flutningur skólabarna munu einnig falla undir skattskyldusviðið. Orðalag breytingartillögunnar gerir ráð fyrir því, eins og frumvarpið, að hvers konar flutningur fólks í afþreyingarskyni, svo sem hestaferðir, snjósleðaferðir, fjórhjólafærðir, hvalaskoðunarferðir og útsýnisferðir verði virðisaukaskattsskyldar.

13. tölulíður

Lagaákvæðið hljóðar nú:

Þjónusta ferðaskrifstofa.

Lagt er til að ákvæðið verði felld brott og þjónusta ferðaskrifstofa þannig felld undir skattskyldusvið virðisaukaskatts.

Skýringar:

Í athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, segir um þetta ákvæði:

„Starfsemi ferðaskrifstofa er þjónusta sem veitt er bæði innanlands og erlendis og er þess vegna undanþegin af tæknilegum ástæðum aðallega. Hér er eingöngu verið að undanþiggja þá starfsemi ferðaskrifstofa sem felst í milligöngu um ferðaþjónustu en ekki aðra starfsemi sem ferðaskrifstofur kunna að hafa með höndum.“

Lagt er til að undanþága þessi verði afnumin og þjónusta ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda þar með gerð virðisaukaskattskyld.

Lagt er til að „tæknilegum ástæðum“ gildandi undanþágu verði annars vegar mætt með því að fella þjónustu íslenskra ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda, sem nýtt er utan Íslands, undir undanþagna veltu skv. 1. tölul. 1. mgr. 12. gr. laganna og hins vegar með því að fella virðisaukaskattsskyldu á erlendar ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur af þeirri þjónustu sem nýtt er á Íslandi.

Breytingar á ákvæðum 11. gr.

Í 11. gr. er kveðið á um hvað telst til virðisaukaskattsskyldrar veltu þeirra sem stunda virðisaukaskattsskylda starfsemi.

Tillaga:

Lagt er til að við greinina verði bætt nýrri málsgrein svohljóðandi:

Til skattskyldrar veltu telst þjónusta ferðaskrifstofa, ferðaskipuleggjenda og ferðafélaga, jafnt innlendra sem erlendra, að því leyti sem hún varðar sölu á vöru eða þjónustu sem ferðamaður nýtir á Íslandi.

Skýring:

Ákvæði þessu er, ásamt tillögu til breytingar á 12. gr., ætlað að taka á tæknilegum ástæðum gildandi undanþágu ferðaskrifstofa. Með ákvæðinu er virðisaukaskattsskylda felld á ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur, jafnt erlendar sem innlendar, af þjónustu sem varðar kaup ferðamanns á vörum og þjónustu á Íslandi. Skattskyldan nær bæði til þjónustu ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda við milligöngu um viðskipti hér á landi og endursölu ferðaskrifstofu á vörum eða þjónustu hér á landi. Þjónusta ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda er leyfisbundin starfsemi, bundin ákveðnum skilyrðum, sbr. lög nr. 73/2005, um skipan ferðamála. Ferðamálastofa getur veitt einstökum íslenskum ferðafélögum undanþágu frá ákvæðum laganna. Ferðafélögin geta þá á grundvelli undanþágunnar, án starfsleyfis, haft með höndum starfsemi á starfssviði ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda. Lagt er til að virðisaukaskattsskyldan nái til þjónustu sem slík ferðafélög veita á starfssviði ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda. Hugtökin ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjandi eru skilgreind í lögum nr. 73/2005.

Breytingar á ákvæðum 12. gr.

Í 12. gr. er kveðið á um að velta af tiltekinni sölu eða afhendingu vöru eða þjónustu teljist ekki til virðisaukaskattsskyldrar veltu, þrátt fyrir að starfsemin falli undir skattskyldusvið virðisaukaskatts. Í því felst að ekki ber að reikna eða innheimta virðisaukaskatt af veltunni, en innskattsréttur er þó til staðar eftir almennum reglum af aðföngum er söluna eða afhendinguna varðar.

1. töluliður

Lagaákvæðið hljóðar nú:

Vara sem seld er úr landi, svo og vinna og þjónusta sem veitt er erlendis. Fjarskiptaþjónusta telst ekki vera veitt erlendis ef kaupandi hefur annaðhvort búsetu eða starfsstöð hér á landi.

Lagt er til að ákvæðið hljóði:

Vara sem seld er úr landi, svo og vinna og þjónusta sem veitt er erlendis. Fjarskiptaþjónusta telst ekki vera veitt erlendis ef kaupandi hefur annaðhvort búsetu eða starfsstöð hér á landi. **Þjónusta ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda telst veitt utan Íslands samkvæmt þessum tölulið, að því leyti sem hún varðar fólksflutninga milli landa og vöru eða þjónustu sem ferðamaður nýtir utan Íslands.**

Skýring:

Ákvæði þessu er, ásamt tillögu til breytingar á 11. gr., ætlað að taka á tæknilegum ástæðum gildandi undanþágu ferðaskrifstofa. Í tillögunni er þjónusta ferðaskrifstofa, er varðar vörur eða þjónustu sem ferðamaður nýtir utan Íslands, skilgreind sem velta undanþegin virðisaukaskatti eins og útflutningur.

2. töluliður

Lagaákvæðið hljóðar nú:

Vöruflutningar milli landa og vöruflutningar innan lands þegar flutt er beint til eða frá landinu.

Lagt er til að ákvæðið hljóði:

Vöruflutningar og fólksflutningar milli landa og vöruflutningar innan lands þegar flutt er beint til eða frá landinu.

Skýringar:

Sú breyting sem hér er lögð til er í beinu samhengi við þá tillögu til breytinga á 6. tölul. 3. mgr. 2. gr. laganna að fella fólksflutninga almennt undir skattskyldusvið virðisaukaskatts. Breytingin mun í raun ekki hafa áhrif skattgreiðslur þeirra sem hafa með höndum fólksflutninga milli landa, því sömu skattalegri stöðu þeirra er nú náð með frjálsri skráningu á virðisaukaskattsskrá, sbr. reglugerð nr. 63/1994.

Breytingar á ákvæðum 14. gr.

Í 14. gr. er kveðið á um skatthlutfall virðisaukaskatts. Í fyrri málsgrein greinarinnar er kveðið á um almennt hlutfall, sem nú er 25,5% en lagt er til að verði lækkað í 24% í fyrirliggjandi frumvarpi. Síðari málsgrein greinarinnar hefur að geyma tæmandi talningu þeirrar vöru og þjónustu sem fellur undir lægra skattþrep, sem nú er 7% en lagt er til að hækkað verði í 12% í fyrirliggjandi frumvarpi.

Tillaga:

Lagt er til að við að við 2. mgr. lagagreinarinnar verði aukið fjórum töluliðum svohljóðandi:

1. töluliður:

Fólksflutningar, sem ekki falla undir ákvæði 6. tölul. 3. mgr. 2. gr. Hér undir falla afnot af búnaði sem skipuleggjandi ferðar leggur farþegum til vegna ferðarinnar.

3. töluliður:

Þjónusta ferðaskrifstofa, ferðaskipuleggjenda og ferðafélaga við milligöngu um sölu eða afhendingu á þjónustu sem fellur undir aðra töluliði þessarar málsgreinar eða undir ákvæði 3. mgr. 2. gr.

13. töluliður:

Aðgangseyrir að söfnum, safnavísum, setrum, sýningum og svæðum er hafa með höndum safnatengda starfsemi sem fellur ekki undir ákvæði 4. tölul. 3. mgr. 2. gr.

14. töluliður:

Aðgangseyrir að baðhúsum, baðstöðum, gufubaðsstofum og heilsulindum sem ekki falla undir ákvæði 5. tölul. 3. mgr. 2. gr.

Skýringar:

Breytingar þær sem lagðar eru til á ákvæðum 3. mgr. 2. gr. laganna hafa í för með sér að virðisaukaskattsskyld verður ýmis þjónusta sem hingað til hefur verið undanþegin. Óhjákvæmilegt er því að taka afstöðu til þess undir hvort skatthlutfall virðisaukaskatts sú þjónusta eigi að falla.

Fólksflutningar eru umfangsmikill þáttur í ferðaþjónustu og gjarnan samtvinnaður annarri starfsemi sem fellur undir lægra skattþrepið eins og gistiþjónusta og veitingastarfsemi, önnur en sala áfengis. Rök standa því til þess að fella fólksflutninga undir lægra þrepið í samræmingarskyni, auk þess að auðvelda skattframkvæmdina. Í skattframkvæmd liðinna ára hefur mótast nokkuð föst afmörkun hugtaksins fólksflutningar. Undir hugtakið hafa verið felldar ýmis konar skipulagðar hópferðir undir leiðsögn í afþreyingarskyni, svo sem hestaferðir, snjósleðaferðir, fjórhjólaferðir, hvalaskoðunarferðir, sjóstangaveiðiferðir og útsýnisferðir. Litið hefur verið svo á að þáttökugjald í slíka för sé að öllu leyti gjald fyrir fólksflutning, en ekki gjald fyrir afnot farskjóta eða annars ferðabúnaðar (lausafjárleiga) og það eins þótt farþegi stjórni farskjótanum sjálfur í förinni. Lagt er til að skjóta styrkari stöðum undir þessa skattframkvæmd, með því að skilgreina sem lið í fólksflutningum afnot af ferðabúnaði, sem skipuleggjandi ferðar lætur í té vegna ferðarinnar, og það óháð því hvort leiðsögn sé í ferðinni. Sú breyting sem hér er lögð til gefur ekki tilefni til breyttrar túlkunar hugtaksins fólksflutningar að þessu leyti.

Þá er lagt til að felld verði undir lægra skatthlutfall virðisaukaskatts þóknun ferðaskrifstofa, ferðaskipuleggjenda og ferðafélaga fyrir milligöngu um vöru eða þjónustu sem fellur undir lægra skatthlutfallið. Þannig verði þóknun fyrir milligöngu um gistingu, veitingar, fólksflutninga, safnatengda þjónustu og þjónustu baðstaða felld undir lægra skatthlutfallið. Hvað virðisaukaskatt varðar mun þá ekki skipta máli hvort ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og ferðafélög kaupa og endurselja vöru eða þjónustu sem undir lægra skatthlutfallið fellur, eða taka þóknun fyrir að koma á viðskiptum með slíka vöru eða þjónustu.

Jafnframt er lagt til að undir lægra skatthlutfallið falli þóknun fyrir milligöngu um þjónustu sem undanþegin er virðisaukaskatti t.d. milliganga um aðgöngumiða að íþróttakappleik eða tónleikum. Milliganga um kaup undanþeginnar þjónustu getur ekki talist liður í þeirri þjónustu og því eru ekki

forsendur til að undanþiggja milligönguna virðisaukaskatti. Þar sem þjónusta ferðaskrifstofa, ferðaskipuleggjenda og ferðafélaga felst fyrst og fremst í milligöngu um þjónustu sem lagt er til að falli undir lægra skatthlutfallið er lagt til að milliganga um undanþegna þjónustu falli einnig undir það skatthlutfall. Orðalag tillögunnar felur í sér að þóknun ferðaskrifstofa, ferðaskipuleggjenda og ferðafélaga fellur í hærra skatthlutfallið að því leyti sem hún er um milligöngu viðskipta sem tilheyrja því skatthlutfalli. Þannig falli t.d. þóknun fyrir milligöngu um leigu lausafjármuna án stjórnanda, s.s. bílaleigubíla, undir hærra (almenna) skatthlutfallið.

Aðgangur að söfnum, safnavísum, setrum og sýningum er ríkur þáttur í ferðaþjónustu og því er lagt til að slíkur aðgangseyrir verði fellur undir lægra skattþrepið. Sama á við um aðgangseyri að baðstöðum, baðhúsum, gufubaðstofum og heilsulindum. Rétt er að taka fram að ef önnur virðisaukaskattsskyld starfsemi sem fellur í hið almenna skattþrep virðisaukaskatts, s.s. hvers kyns snyrting, fer fram samhliða aðgangi að baðstað þá hefur það ekki þau áhrif að sala á snyrtingunni færist í neðra þrep virðisaukaskatts.

Skýringar á hugtökunum söfn, safnavísar, setur og sýningar er að finna í Safnalögum nr. 141/2011. Um hugtökin baðhús, baðstaðir og gufuböð má m.a. líta til laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og reglugerðar nr. 814/2010 sem sett er með heimild í þeim lögum.

Breytingar á ákvæðum 28. gr.

5. mgr. 28. gr. laganna orðist svo:

„Vanræki skattskyldur aðili að færa tilskilið bókhald samkvæmt ákvæðum VIII. kafla laga þessara, eða nota tilskilið söluskráningarkerfi samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, eða ef söluskráningarkerfi er verulega áfátt skal ríkisskattstjóri eða skattrannsóknarstjóri ríkisins með ábyrgðarbréfi eða á annan sannanlegan hátt beina til hans fyrirmælum um úrbætur. Ef fyrirmælum þessum er ekki sinnt innan 15 daga getur ríkisskattstjóri eða skattrannsóknarstjóri ríkisins látið lögreglu stöðva atvinnurekstur viðkomandi á sama hátt og greinir í 3. mgr. þessarar greinar og þar til fullnægjandi úrbætur hafa verið gerðar. Sama gildir hafi skattaðili vanrækt tilkynningarskyldu sína samkvæmt 5. gr. laga þessara, skilaskyldu skv. 24. gr., eða sætt áætlun virðisaukaskatts samkvæmt 25. eða 26. gr. laganna í tvö uppgjörstímabil eða fleiri á næstliðnum tveimur árum frá yfirstandandi uppgjörstímabili samkvæmt 24. gr.“

Skýringar:

Með 2. gr. laga nr. 42/2013 var lögfest heimild til handa ríkisskattstjóra til þess að stöðva atvinnurekstur, fyrir atbeina lögreglu, þegar atvinnurekandi hefur vanrækt tilkynningarskyldu sína og skyldu til þess að reikna og halda eftir staðgreiðslu af launum launamanna sinna og skila staðgreiðslu til innheimtuaðila samkvæmt 2. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 19. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987. Sinni launagreiðandi ekki þessum skyldum sínum er heimilt skv. ákvæðinu að stöðva starfsemi hans að því gefnu að hann hafi ekki sinnt tilmælum eftirlitsmanna ríkisskattstjóra.

Ríkisskattstjóri hefur síðustu árin lagt aukna áherslu á samtímaeftirlit sem m.a. hefur falist í heimsóknum á starfsstöðvar skattskyldra aðila. Megintilgangurinn hefur verið að kanna tekjuskráningu og launaskil skattaðila og hafa þeim verið veitt leiðbeinandi tilmæli og aðstoð við að koma málum sínum í lag þar sem þess hefur þurft en aðgerðir þessar leiddu m.a. í ljós að 40-50% skattaðila hafa verið með atriði í skattskilum sem þarfnast hafa úrbóta. Þær heimildir sem ríkisskattstjóra voru fengnar með 2. gr. laga nr. 42/2013 hafa leitt til þess að launaskil þeirra skattaðila sem heimsóttir hafa verið hafa lagast en eftir stendur að vanhöld eru enn á tekjuskráningu þessara aðila. Með hliðsjón af framangreindu og þeirri góðu reynslu sem hlotist hefur af framangreindum breytingum á lögum nr. 45/1987 þykir rétt að gera sambærilegar breytingar á 28. gr. laga nr. 50/1988 í þeirri viðleitni að skjóta styrkari stoð undir samtímaeftirlit. Í fyrsta lagi er lagt til að gerðar verði þær breytingar á ákvæði 5. mgr. þess efnis að ríkisskattstjóra, auk skattrannsóknarstjóra, verði færðar þær heimildir að láta lögreglu stöðva atvinnurekstur skattskylds aðila vanræki hann að nota tilskilið söluskráningarkerfi eða því sé verulega áfátt. Þykir vera brýn nauðsyn til þess að ríkisskattstjóri geti

brugðist við slíku ástandi með skjótum hætti. Það eina úrræði sem ríkisskattstjóri hefur til þess að fást við mál af þessum toga, þ.e. að áætla virðisaukaskatt viðkomandi aðila, hefur reynst of seinvirkt og fremur haldslaust til þess að bregðast við vandamálum af þeim toga sem hér um ræðir með skjótum og skilvirkum hætti eins og nauðsyn er á í tilvikum sem þessum. Þá er einnig lagt til að ríkisskattstjóra verði færðar þær heimildir sem skattrannsóknarstjóri hefur haft til þessa til þess að beina fyrir mælum til skattskylds aðila um úrbætur vanræki hann að færa tilskilið bókhald samkvæmt ákvæðum VIII. kafla laganna. Í eðli sínu er oft um að ræða forsbrot og þykir rétt að ríkisskattstjóri fái þessar heimildir í sínar hendur. Loks er lagt til að bætt verði nýrri málsgrein við 28. gr. þar sem kveðið verði á um heimildir ríkisskattstjóra til þess að láta lögreglu stöðva atvinnurekstur skattskylds aðila hafi hann ekki tilkynnt um starfsemi sína til ríkisskattstjóra í samræmi við ákvæði 5. mgr. 5. gr. laganna eða aðili sætt áætlun virðisaukaskatts skv. 25. eða 26. gr. í tvö uppgjörstímabil eða fleiri.

II. Breytingartillögur við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, virðisaukaskatt o.fl. Mál nr. 2.

1. Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. frumvarpsins:

- A. a. liður 1. gr. frumvarpsins orðast svo: 6. tölul. 3. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:
Almenningssamgöngur þ.e. fastar ferðir á ákveðinni leið innanlands samkvæmt fyrirfram birtri áætlun, jafnt á landi, í lofti og á legi. Undanþágan nær einnig til skipulagðrar ferðaþjónustu fatlaðs fólks og skipulagðs flutnings skólabarna. Sama gildir um akstur leigubifreiða. Að því leyti sem fólksflutningar eru undanþegnir samkvæmt ákvæði þessu nær undanþágan til farangurs farþega og flutnings ökutækja sem er í beinum tengslum við flutning farþega.
- B. Í stað hlutfallstölunnar „89,29%“ í b lið 1. gr. kemur: 90,09%.
- C. Í stað hlutfallstölunnar „12%“ í c lið 1. gr. kemur: 11%.
- D. d. liður 1. gr. frumvarpsins orðast svo: 1. tölul. 2. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:
Fólksflutningar, sem ekki falla undir ákvæði 6. tölul. 3. mgr. 2. gr. Hér undir falla afnot af búnaði sem skipuleggjandi ferðar leggur farþegum til vegna ferðarinnar.
- E. Í stað hlutfallstölunnar „10,71%“ í e lið 1. gr. kemur: 9,91%.

2. Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. frumvarpsins:

Í stað orðanna „1. maí 2015“ í a lið 4. gr. kemur: 1. september 2015.

3. Við frumvarpið bætast eftirfarandi breytingar á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt:

a. Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 2. gr. laganna:

- i. Í stað orðanna „tannlækningar og önnur eiginleg heilbrigðisþjónusta.“ í 1. tölul. kemur: tannlækningar, önnur eiginleg heilbrigðisþjónusta og sjúkraflutningar.
- ii. Í stað orðanna „Starfsemi safna, svo sem bókasafna, listasafna og náttúrugripasafna, og hliðstæð menningarstarfsemi. Sama gildir um aðgangseyri“ í 4. tölul. kemur: Starfsemi bókasafna sbr. bókasafnalög. Starfsemi höfuðsafna og viðurkenndra safna sbr. safnalög. Aðgangseyrir.
- iii. 5. tölul. orðast svo: Íþróttastarfsemi. Aðgangseyrir að íþróttamótum, íþróttakappleikjum og íþróttasýningum. Jafnframt aðgangseyrir og aðrar þóknanir fyrir afnot til íþróttaiðkunar af íþróttamannvirkjum, svo sem íþróttasölum, íþróttavöllum, sundlaugum og skíðalyftum, ásamt íþróttabúnaði mannvirkjanna. Ennfremur aðgangseyrir að líkamsræktarstöðvum.
- iv. 13. tölul. fellur brott.

b. Eftirfarandi breytingar verða 11. gr. laganna:

Við 11. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi: Til skattskyldrar veltu telst þjónusta ferðaskrifstofa, ferðaskipuleggjenda og ferðafélaga, jafnt innlendra sem erlendra, að því leyti sem hún varðar sölu á vöru eða þjónustu sem ferðamaður nýtir á Íslandi.

c. Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

- i. Við 1. tölul. bætist nýr málslíður svohljóðandi: Þjónusta ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda telst veitt utan Íslands samkvæmt þessum tölulíð, að því leyti sem hún varðar fólksflutninga milli landa og vöru eða þjónustu sem ferðamaður nýtir utan Íslands.
- ii. Á eftir orðunum „Vöruflutningar“ í 2. tölul. kemur: og fólksflutningar.

d. Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 14. gr. laganna:

- i. 3. tölul. orðast svo: Þjónusta ferðaskrifstofa, ferðaskipuleggjenda og ferðafélaga við milligöngu um sölu eða afhendingu á þjónustu sem fellur undir aðra tölulíði þessarar málsgreinar eða undir ákvæði 3. mgr. 2. gr.

- ii. Við ákvæðið bætist nýr tölul, 13. tölul., sem orðast svo: Aðgangseyrir að söfnum, safnavísnum, setrum, sýningum og svæðum er hafa með höndum safnatengda starfsemi sem fellur ekki undir ákvæði 4. tölul. 3. mgr. 2. gr.
- iii. Við ákvæðið bætist nýr tölul. 14. tölul., sem orðast svo: Aðgangseyrir að baðhúsum, baðstöðum, gufubaðsstofum og heilsulindum sem ekki falla undir ákvæði 5. tölul. 3. mgr. 2. gr.
- e. Eftirfarandi breytingar verða á 5. mgr. 28. gr. laganna:
 - i. Í stað orðanna „skattrannsóknarstjóri ríkisins með ábyrgðarbréfi beina til hans fyrirmælum um úrbætur.“ í 1. másl. kemur: ríkisskattstjóri eða skattrannsóknarstjóri ríkisins með ábyrgðarbréfi eða á annan sannanlegan hátt beina til hans fyrirmælum um úrbætur.
 - ii. Á eftir orðinu „skattrannsóknarstjóri“ í 2. másl. kemur: eða ríkisskattstjóri.
 - iii. Við 5. mgr. 28. gr. bætist nýr málslíður svohljóðandi: Sama gildir hafi skattaðili vanrækt tilkynningarskyldu sína samkvæmt 5. gr. laga þessara, skilaskyldu skv. 24. gr., eða sætt áætlun virðisaukaskatts samkvæmt 25. eða 26. gr. laganna í tvö uppgjörstímabil eða fleiri á næstliðnum tveimur árum frá yfirstandandi uppgjörstímabili samkvæmt 24. gr.“

a, b, c og d liðir öðlast gildi 1. september 2015.

e liður öðlast gildi 1. janúar 2015.

Breytingartillögur við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, brottfall laga nr. 97/1987, um vörugjald, og breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (kerfisbreyting á virðisaukaskatti, brottfall laga og hækkun barnabóta) – 2. mál.

Breytingartillaga:

Við frumvarpið bætast sex nýir kaflar, svohljóðandi:

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 129/2009, um umverfis- og auðlindaskatta, með síðari breytingum.

4. gr.

Í stað orðanna „og laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: um innfluttar vörur og laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, um innlendar framleiðsluvörur.

V. KAFLI

Breyting á lögum nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, með síðari breytingum.

5. gr.

Í stað orðanna „laga nr. 97/1987, um vörugjald“ í 4. mgr. 9. gr. laganna kemur: tollalaga, nr. 88/2005, um innfluttar vörur og laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, um innlendar framleiðsluvörur.

VI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

6. gr.

Orðin „svo og ákvæði laga um vörugjald“ í 2. mgr. 11. gr. laganna falla brott.

VII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

7. gr.

1.3. tölul. 3. mgr. 84. gr. laganna fellur brott.

VIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

8. gr.

Orðin „og laga nr. 97/1987, um vörugjald“ í 1. mgr. 27. gr. laganna falla brott.

IX. KAFLI

Breyting á lögum nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, með síðari breytingum.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 4. másl. 1. mgr. fellur brott.

b. 2. mgr. fellur brott.

10. gr.

Á eftir 5. gr. laganna koma fimm nýjar greinar, svohljóðandi:

6. gr.

Skylda til að greiða skilagjald samkvæmt lögumum hvílir á þessum aðilum:

1. Öllum þeim sem flytja til landsins skilagjaldsskyldar vörur hvort sem er til eigin nota eða endursölu.

2. Öllum þeim sem framleiða, vinna að eða pakka skilagjaldsskyldum vörum innanlands.

3. Öllum þeim sem hafa fengið leyfi tollstjóra til að selja farþegum og áhöfnum millilandafara við komu til landsins vörur úr tollfrjálsri verslun, sbr. 3. mgr. 1. gr.

Aðilar, sem eru gjaldskyldir skv. 1. mgr., aðrir en þeir sem flytja vörur til landsins, skulu ótilkvaddir og eigi síðar en 15 dögum áður en gjaldskyld starfsemi hefst tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi til skráningar hjá tollstjóra. Breytingar sem verða á starfsemi, eftir að skráning hefur farið fram, skal tilkynna eigi síðar en 15 dögum eftir að breyting átti sér stað.

7. gr.

Tollstjóri skal reikna skilagjald af gjaldskyldum vörum sem aðilar flytja til landsins og annast álagningu skilagjalds vegna innlendrar framleiðslu.

8. gr.

Hvert uppgjörstímabil aðila sem skráðir eru skv. 2. mgr. 6. gr. er tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember. Gjaldldagi hvers uppgjörstímabils er 28. dagur annars mánaðar eftir lok þess.

Þeir sem flytja inn skilagjaldsskyldar vörur til landsins til endursölu skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs skilagjald af gjaldskyldum vörum sem voru tollafgreiddar á uppgjörstímabilinu. Aðilar, sem flytja skilagjaldskylda vöru til landsins, skulu greiða skilagjald við tollafgreiðslu.

Innlendir framleiðendur skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs skilagjald af gjaldskyldum vörum sem voru seldar eða afhentar á tímabilinu.

Gjaldskyldir aðilar skv. 2.-3. tölul. 1. mgr. 6. gr. skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils skila skilagjaldsskýrslu í því formi sem tollstjóri ákveður vegna vara sem greiða ber skilagjald af á uppgjörstímabilinu. Tollstjóri skal áætla skilagjald af viðskiptum þeirra aðila sem ekki skila skýrslu innan tilskilins tíma, senda enga skýrslu eða ef skýrslu eða fylgigögnum er ábótavant. Áætlun skal vera svo rifleg að eigi sé hætt við að gjaldfjárhæð sé áætluð lægri en hún er í raun og veru. Tollstjóri skal tilkynna gjaldskyldum aðila og öðrum innheimtumönnum um áætlanir og leiðréttingar sem gerðar hafa verið. Þó skal tollstjóri ávallt leiðrétta augljósar reikningssekkjur án sérstakrar tilkynningar til gjaldenda.

Sé skilagjald ekki greitt á tilskildum tíma skal aðili sæta álagi til viðbótar því skilagjaldi sem honum ber að standa skil á. Sama gildir ef skilagjaldsskýrslu hefur ekki verið skilað eða henni er ábótavant og skilagjald því áætlað. Álag skal vera 1% af þeirri upphæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 10%.

Sé skilagjald ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, með síðari breytingum.

9. gr.

Heimilt er að kæra álagningu skilagjalds innan 30 daga frá því að gjaldið var ákveðið. Kæru skal beint til tollstjóra. Kæru skal fylgja skriflegur rökstuðningur. Innsend fullnægjandi skilagjaldsskýrsla skal tekin sem kæra þegar um er að ræða áætlanir skv. 4. mgr. 8. gr. Tollstjóri skal kveða upp skriflegan rökstuddan úrskurð um kærana og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi innan 30 daga frá lokum kærufrests.

Gjaldskyldur aðili getur skotið úrskurði tollstjóra skv. 1. mgr. til ríkistollanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Um kærufrest og málsmeðferð fer eftir ákvæðum 118. gr. tollalaga.

10. gr.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum um gjaldskyldu, álagningu, tilhögun bókhalds, eftirlit, viðurlög og aðra framkvæmd varðandi skilagjald skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði tollalaga, nr. 88/2005, um innfluttar vörur og laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, um innlendar framleiðsluvörur.

Vegna eftirlits með skilum á skilagjaldi skal tollstjóri hafa sömu heimildir til eftirlits og skattýfirvöldum eru veitt í 38. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Gildistaka

Ákvæði 4. – 10. gr öðlast gildi 1. janúar 2015 og gilda vegna sölu og afhendingar gjaldskyldrar vöru sem á sér stað eftir 1. janúar 2015. Breytt og brottfelld ákvæði gilda þó áfram vegna sölu og afhendingar gjaldskyldrar vöru sem á sér stað fyrir 1. janúar 2015.

Um breytingartillöguna:

Við brottfall laga nr. 97/1987, um vörugjald, munu tilvísanir í öðrum lögum til vörugjaldslaga þarfnast breytinga. Breytingartillagan gerir ráð fyrir því að ýmist verði tilvísanir til vörugjaldslaga felldar brott, þeim breytt í tilvísanir til tollalaga eða laga um virðisaukaskatt eða þau ákvæði vörugjaldslaga sem eiga við um framkvæmd gjaldtöku verði tekin upp í viðkomandi lög, sbr. lög nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur.

Breytingartillagan, sem er eingöngu framkvæmdarlegs eðlis, er unnin í fjármála- og efnahagsráðuneytinu að höfðu samráði við embætti ríkisskattstjóra og tollstjóra.

Gert er ráð fyrir því að ákvæðin öðlast gildi 1. janúar 2015 en hin brottfelldu ákvæði gildi þó áfram vegna sölu og afhendingar gjaldskyldrar vöru sem á sér stað fyrir 1. janúar 2015.

Svör við spurningum efnahags- og viðskiptanefndar frá 24. september 2014**Þingskjal 2 - 2. mál: Virðisaukaskattur o.fl. (skattkerfisbreytingar) – lagafrumvarp****1. Óskað var eftir mati á ráðstöfunartekjur miðað við umsögn Jóns Steinssonar.****Svar:**

Jón Steinsson, Columbia háskóla skilaði inn umsögn um frumvarpið. Í umsögninni bendir hann á að samkvæmt neyslukönnun Hagstofunnar eru útgjöld heimila til matar og drykkjar að meðaltali 17,3% af heildarútgjöldum hjá þeim fjórðungi heimila sem verst standa. Í greinargerð með frumvarpinu var stuðst við útgjöld heimila eftir fjölskyldugerð og sem dæmi má nefna að hjá hjónum með börn er hlutfall útgjalda til matar og drykkjar 16,2% af heildarútgjöldum. Í umsögninni taldi Jón gagnlegt að lagt væri mat á áhrif frumvarpsins á verst settu heimilin, þ.e. lágsta tekjuhópin og það yrði miðað við að hlutfall matar og drykkjar væri 17,3% af heildarútgjöldum. Auk þess yrði miðað við barnlausa aðila þannig að áhrifa barnabóta gætti ekki. Í töflunni hér að neðan eru tekin tvö dæmi, annars vegar barnlaus einstaklingur með 183 þús.kr. í ráðstöfunartekjur og hins vegar barnlaus hjón með 465 þús.kr. í ráðstöfunartekjur. Miðað er við að útgjöld þessara aðila til matar og drykkjar séu 17,3% af heildarútgjöldum. Miðað við þessar forsendur aukast ráðstöfunartekjur barnlausa einstaklingsins um 94 kr. á mánuði og barnlausu hjónanna um 239 kr. á mánuði.

kr.	Barnlaus einstakl.	Barnlaus hjón
Skattskyldar tekjur *	210.000	580.000
Ráðstöfunartekjur	183.000	465.000
1. Hækkun virðisaukaskatts á matvælum úr 7% í 12%	-1.479	-3.759
2. Hækkun virðisaukaskatts á öðru úr 7% í 12%	-725	-1.860
3. Lækkun á almennu þrepi úr 25,5% í 24%	926	2.372
4. Niðurfelling vörugjalds	1.373	3.488
5. Áhrif skattabreytinga á ráðstöfunartekjur	94	241

Hér er hlutfall matar og drykkjar í lið 1. 17,3% af heildarútgjöldum. Einungis er um að ræða mat- og drykkjarvöru úr dagvöruverslunum.

* Hér er búið að draga frá lögbundið iðgjald í lífeyrissjóð.

2. Óskað var eftir dæmi þar sem mótvægisáðgerð vegna tillagna frumvarpsins væri í formi persónuafsláttar.

Svar:

Ef farin er sú leið að hækka persónuafslátt um einn milljarð kr. í stað hækkunar barnabóta um sömu fjárhæð myndi persónuafslátturinn hækka um 0,8%. Í forsendum fjárlagafrumvarps 2015 hækkar persónuafslátturinn um 2,5%. Til viðbótar myndi persónuafslátturinn hækka um 0,8% eða um 414 kr. á mánuði. Ráðstöfunartekjur einstaklinga myndu hækka jafnmikið.


Kr. á mánuði	Fjárl.frv. 2015	0.8% hækkun frá fjárl.frv.
Persónuafsláttur	51.761	52.175
Hækkun		414

3. Yfirlit yfir heildarfjárhæðir barnabóta á verðlagi hvers árs og verðlagi í september 2014.

Svar:

Í eftirfarandi mynd koma fram heildarfjárhæðir barnabóta fyrir árabilið 2007-2015 miðað við að tillaga frumvarpsins um breytingar á barnabótum verði að lögum.

Barnabætur 2007-2015, m.kr.



4. Áhrif mótvægisáðgerða vegna tillagna frumvarpsins á barnabætur eftir hjúskaparstétt

Svar:


Í töflunni hér að neðan eru sýndar fjárhæðir barnabóta, tekjumörk skerðingar og hlutfall skerðingar. Tekjustofn til skerðingar barnabóta samanstendur af heildartekjum skv. skattframtali og eru fjármagnstekjur meðtaldar. Í fjárlagafrumvarpi 2015 eru fjárhæðir barnabóta hækkaðar um 2,5% frá fyrra ári. Í tengslum við breytingu á virðisaukaskattskerfinu er lagt til að hækka fjárhæðir barnabóta um 13% til viðbótar á árinu 2015. Að auki er lagt til að hækka hlutfall skerðingar um 1%.

Upphæðir á hverju ári, byggt á tekjum fyrra árs	Fjárl.frv.		Hækkun vegna vsk
	2014	2015	2015
Hjón og sambúðarfólk			
Með fyrsta barni	167.564	171.753	194.081
Með hverju barni umfram eitt	199.455	204.441	231.019
Einstæðir foreldrar			
Með fyrsta barni	279.087	286.064	323.253
Með hverju barni umfram eitt	286.288	293.445	331.593
Með hverju barni yngri en 7 ára	100.000	102.500	115.825
Tekjustofn v. skerðingar			
Hjón og sambúðarfólk	4.800.000	4.800.000	4.800.000
Einstæðir foreldrar	2.400.000	2.400.000	2.400.000
Skerðing bóta			
Eitt barn	3%	3%	4%
Tvö börn	5%	5%	6%
Þrjú eða fleiri börn	7%	7%	8%
Auka fyrir yngri en 7 ára	3%	3%	4%

Meðfylgjandi myndir sýna barnabætur á mánuði hjá einstæðum foreldra annars vegar og hins vegar hjá hjónum. Í báðum tilfellum eru aðilarnir með tvö börn og er annað barnið yngri en 7 ára. Miðað við forsendur fjárlagafrumvarpsins 2015 fær einstæða foreldrið 56.834 kr. í óskertar


barnabætur á mánuði fram að 200.000 kr. heildartekjum en eftir 13% hækkun fjárhæða er fjárhæð barnabóta á mánuði 64.223 kr. eða 7.389 kr. hækkun á mánuði. Hækkun á hlutfalli skerðingar um 1% gerir það að verkum að við heildartekjur um 830 þús.kr. á mánuði verða barnabæturnar lægri en þær voru fyrir.

Einstætt foreldri með tvö börn, annað yngra 7 ára



Hjón eða sambúðarfólk fær 39.891 kr. í óskertar barnabætur fram að 400 þús.kr. heildartekjum á mánuði miðað við forsendur fjárlagafrumvarps 2015 en 45.077 kr. eftir hækkun fjárhæða um 13% eða um hækkun um 5.186 kr. á mánuði. Hækkun á hlutfalli skerðingar um 1% gerir það að verkum að við heildartekjur um 800 þús.kr. á mánuði verða barnabæturnar lægri en þær voru fyrir.

Hjón/sambúðarfólk með tvö börn, annað yngra en 7 ára



5. Hver eru verðlagsáhrifin af að færa sykur, gos og sælgæti upp í efra þrep vsk?

Svar:

Í töflunni hér að neðan eru sýnd verðlagsáhrif nokkurra vörutegunda yrðu þau færð úr 7% þrepi í efra þrep vsk. Þessar vörur eru sykur, sultur, marmelaði og hunang, súkkulaði, sælgæti, ís og gosdrykkir. Í fyrsta dálkinum er vægi þessara vara í vísitölu neysluverðs en heildarvogin í vísitölunni er 10.000. Verðlagsáhrifin af því að færa þessar vörur í 25,5% eru 0,35% til hækkunar en 0,33% til hækkunar ef vörurnar fara í 24%. Rétt er að áréttast að hér er einungis um nokkrar tegundir sykurvara að ræða og því ekki mat á heildaráhrifum þess að færa allar sykurvörur úr neðra þrepi í það almenna.

	vægi í vnv	Verðlagsáhrif, %	
		Fært í efra þrep 25,5%	Fært í efra þrep 24%
Sykur	12	0,02	0,02
Sultur, marmelaði og hunang	7	0,01	0,01
Súkkulaði	9	0,02	0,01
Sælgæti	102	0,18	0,16
Ís	18	0,03	0,03
Gosdrykkir	57	0,10	0,09
Samtals	205	0,35	0,33

Til upplýsinga má nefna að brottfall sykurskattsins skv. tillögu frumvarpsins er metið kringum 0,3% til lækkunar á verðlagi.

Frá sjónarhóli skattframkvæmdar gæti tilfærsla sykraðra vara úr lægra þrepi í almennt þrep skapað ýmsar flækjur hjá þeim aðilum þar sem matvörur eru aðalsöluvaran, auk ýmissa markatilvika. Má þar t.d. nefna bakarí og matvöruverslanir almennt.

6. Hvaða vöruflokkar fá á sig vörugjöld í dag, skipt á mat og ekki mat, og hvað eru þeir vöruflokkar að hækka eða lækka alls?

Svar:

Vörugjöld eru lögð á þá vöruflokka sem tilgreindir eru með tollskrárnúmerum í liðum A-E í viðauka I við lög nr. 97/1987. Á árinu 2014 eru vörugjaldsskyld tollskrárnúmer rúmlega 600 talsins. Í fylgiskjali 1 er yfirlit um helstu vörutegundir í hverjum gjaldflokki, A-E.

Gjaldflokkar A og B innihalda einungis mat- og drykkjarvöru með þeirri einu undantekningu að gjaldflokkur A inniheldur einnig dekk. Gjaldflokkar C, D og E innihalda enga mat- eða drykkjarvöru.

Áætla má að brottfall vörugjaldsins leiði til um 0,75% lækkunar verðlags samanlagt. Þar af eru um 0,3% vegna mat- og drykkjarvöru en um 0,45% vegna annarrar vöru. Í tilviki mat- og drykkjarvöru er afar misjafnt hversu mikið hver vara lækkar í verði í prósentum talið, þar sem vörugjaldið er magngjald. Það þýðir að þættir eins og einingarstærðir og smásöluálagning, sem geta verið mjög breytilegir, ráða miklu um hversu þungt vörugjaldið vegur í útsöluverðinu og þar með hver verðlækkunin verður við brottfallið. Í tilviki gjaldflokka C, D og E, sem innihalda t.d. byggingarvörur, bílavarahluti, heimilistæki og raftæki, eru verðlagsáhrifin áætluð samtals -0,45%. Með afnámi vörugjaldsins má búast við að vara í flokki C lækki um nálægt 13% í verði, í flokki D um 17% og í flokki E um 20%. (Hér er ekki reiknað með áhrifum þess að virðisaukaskattur lækki úr 25,5% í 24% eins og gert er í dæmum á bls. 11 í frumvarpinu.)

7. Hvað eru aðrar vörur að hækka/lækka mikið vegna frumvarpsins?

Svar:

Auk þeirrar vöru sem er vörugjaldsskyld í dag verður öll virðisaukaskattskyld vara og þjónusta fyrir verðlagsáhrifum vegna frumvarpsins. Að því gefnu að breyting á skatthlutföllum komi að fullu fram í verði þá breytist verð að öðru óbreyttu þannig:

Almennt skattþrep vsk lækkar úr 25,5% í 24%: vara og þjónusta lækkar um 1,2%.

Lægra skattþrep vsk hækkar úr 7% í 12%: vara og þjónusta hækkar um 4,7%.

8. Hvaða áhrif hefur frumvarpið á íbúðaverð og þar með væntanlega leigu?

Svar:

Samkvæmt gildandi lögum leggst 15% vörugjald á ýmsar tegundir byggingavara eins og rafmagnsvír, pípulagnaefni, gólfefni, hreinlætistæki, ljós, o.fl. Hins vegar eru þau ekki lögð á grunnbyggingarefni eins og sement, timbur og steypustyrktarjárn. Samkvæmt stöðlum frá verkfræðistofunni Hannarri hefur verið áætlað að hlutfall vörugjalda af byggingarkostnaði sé 1,1% - 1,2% eftir tegund húsnæðis. Niðurfelling vörugjalds ætti því að leiða til samsvarandi lækkunar á vísitölu byggingakostnaðar. Í vísitölu neysliverðs er að finna útgjaldaliði sem tengja má við breytingar á byggingavísitölu, s.s. reiknaða húsaleigu og greidda húsaleigu, en þar er einnig útgjaldaliðurinn efniskostnaður vegna viðhalds á húsnæði. Reiknað er með að vísitala neysliverðs lækki um 0,1% vegna brottfalls vörugjalds af byggingavörum. Hvort samsvarandi áhrif komi fram í íbúðaverði almennt eða leiguverði er erfitt að fullyrða, en miðað við jafnvægi í eftirspurn ætti slíkt að gerast.

9. Hvað talið er að margir starfi við útreikning og álagningu vörugjalds beggja megin (innheimtu og greiðenda)?

Svar:

Samkvæmt upplýsingum frá tollstjóra sem annast bæði álagningu og innheimtu vörugjaldsins er framkvæmd þess mjög samtvinnuð umsýslu við önnur aðflutningsgjöld, þ.m.t. virðisaukaskatt. Erfitt sé því að áætla hversu margir starfi við útreikning og álagningu vörugjalds ein og sér. Á hinn bóginn er ljóst að álitamálum um tollflokkun mun fækka til muna með jákvæðum áhrifum beggja vegna borðsins, þ.e. tollyfirvöld og greiðendur. Fjármála- og efnahagsráðuneytið er ekki í stakk búið til að meta hversu margir starfa við útreikning og álagningu vörugjalds hjá greiðendum eða fyrir hönd greiðenda (tollmiðlarar) en þau gætu verið nokkuð mörg þegar allt er talið.

10. Hvaða sveigja er í skattstofninum? Þ.e. hvað matarstofninn muni minnka og efra þreps stofn stækka?

Svar:

Matvara er nauðsynjavara og tiltölulega óteygjin sem slík. Sum matvara eru þó teygnari en önnur, þegar hún hefur minni einkenni nauðsynjavöru. Teygnistuðlar einstakra tegunda matvöru eru oft á bilinu -0,1 til -0,9 en hækka að tölugildi og nálgast -1 til lengri tíma litið. Niðurstöður rannsókna á þessu eru þó mjög næmar fyrir aðstæðum hverju sinni, eins og verða vill þegar teygnistuðlar neysluvöru eiga í hlut. Fyrst og fremst má búast við að verðhækkun vegna hækkunar vsk úr 7% í 12% leiði, í tilviki teygnari vörutegundanna, til tilfærslu innan matvöru, þ.e. yfir í ódýrari staðkvæmdarvörur. Að því marki sem það gerist munu útgjöld vegna kaupa á matvöru minnka. Í almenna skattþrepinu er fjölbreytt úrval vöru og þjónustu sem býr yfir mjög mismunandi teygni. Teygnistuðlar voru ekki notaðir með beinum hætti við mat á áhrifum frumvarpsins. Ljóst er þó að stór hluti þessarar vöru og þjónustu er töluvert næmur fyrir verðbreytingum.

11. Hversu miklum heildartekjum skilaði neðra þrep virðisaukaskattsins á árinu 2013, burtséð frá innskatti?

Svar:

Skattskyld velta og áætluð velta í lægra skattþrepinu á árinu 2013 var skv. álagningargögnum RSK 612 ma.kr. Reiknaður 7% útskattur af þeirri fjárhæð er 42,9 ma.kr. Ekki liggur fyrir í gagnagrunnum hversu stór hluti þess var aðföng í virðisaukaskattskyldri starfsemi og því endurgreiddur sem innskattur. Heildarfjárhæð innskatts nam 94–95% af heildarfjárhæð útskatts á árinu 2013 en skipting innskattsins eftir skattþrepum liggur ekki fyrir í tölfræðilegum gögnum eins og komið verður nánar inn á hér fyrir neðan.

Vegna spurninga 11. – 13. er rétt að gera stutta grein fyrir þeim gögnum og aðferðum sem notaðar eru við að áætla tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti í fjárlögum og jaðartekjuáhrif þess að breyta skatthlutfallinu í fyrirbyggjandi frumvarpi.

Í bókhaldi ríkissjóðs eru tekjur af virðisaukaskatti ekki sundurgreindar eftir skattþrepum. Ástæðan er sú að gagnagrunnar virðisaukaskattskerfisins innihalda ekki þau gögn sem slík aðgreining krefðist. Hagtölur um íslenska hagkerfið nægja ekki heldur til að unnt sé að mæla með beinum hætti tekjurnar á þann hátt. Öll álagning virðisaukaskatts, bæði á innflutning til landsins (Tollstjóri) og á veltu í virðisaukaskattskyldri starfsemi (Ríkisskattstjóri), er sundurgreind eftir skattþrepum. Jafnframt liggur álagningin fyrir skipt eftir atvinnugreinum. Innskattur er hins vegar ekki sundurgreindur eftir skattþrepum í virðisaukaskattsbókhaldinu. Á árinu 2013 var reiknaður útskattur á alla innlenda veltu 429 ma.kr. en innskattur á móti var 406 ma.kr. Með því að nýta gögn úr framtölum lögaðila um skiptingu rekstrarkostnaðar eftir skattþrepum (sem þó eru talsvert langt frá að vera fyllilega áreiðanleg), má nálgast skiptingu innskatts einstakra atvinnugreina eftir skattþrepum. Af hinni háu fjárhæð innskattsins og hinu mikla bili upp á 18,5 prósentustig milli skattþrepanna, er ljóst að tekjuáætlanir sem byggðar eru á slíkum gögnum verða næmar fyrir skekkjum í þeim forsendum sem notaðar eru um hlutdeild skattþrepanna í innskatti. Gögn um veltu og álagningu virðisaukaskatts eru ekki sundurgreind eftir tegundum vöru og þjónustu. Ekki hefur verið áætlað hvernig áætluð aðföng í 7% þrepinu skiptast nánar niður á vöru- og þjónustutegundir.

Aðrar aðferðir við að áætla tekjur af vsk byggjast á því að áætla skattstofninn út frá þjóðhagsreikningum, annað hvort ráðstöfunaruppgjöri eða framleiðsluuppgjöri. Þar sem vsk er skattur á endanlega neyslu er stærsti hluti skattstofnsins neysla heimila. Góð gögn liggja fyrir um hana hjá Hagstofunni. Aðrir aðilar en heimili sem bera virðisaukaskatt án þess að fá hann endurgreiddan eru einkum opinberir aðilar og aðilar sem starfa í undanþeginni starfsemi en auk þess stofnanir sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni, svo sem sjálfseignarstofnanir. Ekki hafa verið gerðar sérstakar rannsóknir á þessu í því skyni að nýta við mat á virðisaukaskatti. Á árinu 2012 vann Hagstofan rannsókn á skattstofni virðisaukaskatts hérlendis eftir staðlaðri aðferðarfræði ESB í tengslum við aðildarumsókn Íslands. Rannsóknin var fullunnin sem slík en um fyrstu „æfingu“ var að ræða í slíkum útreikningum fyrir Ísland og ljóst frá upphafi að endanleg niðurstaða krefðist umtalsverðrar áframhaldandi vinnu. Niðurstöður rannsóknarinnar eru þó hafðar til hliðsjónar við mat á tekjuáhrifum kerfisbreytingarinnar í frumvarpinu. Jafnframt er mat sendinefndar AGS í skýrslunni [Modernizing the Icelandic VAT](#) haft til hliðsjónar.

Skrifstofa skattamála

Af þessum ástæðum er ljóst að svör við spurningum 11, 12 og 13 eru ekki fánleg út frá fyrirliggjandi tölfræðilegum gögnum. Þar sem stærsti hluti endanlegs skattstofns virðisaukaskattsins er neysla heimila má þó nota sundurliðun á neysluútgjöldum heimila að frádregnum vsk sem vísbendingu, einkum um þær vörur/þjónustu sem er aðallega neytt af heimilum fremur en fyrirtækjum.

12. Hversu stór hluti tekna af lægra þrepi virðisaukaskattsins árið 2013 voru af liðunum matur, rafmagn og vatn hvers um sig, hlutfallslega og í krónum?

Svar:

Eins og skýrt er í svari við 11. spurningu er ekki unnt að mæla beint þær tekjur sem virðisaukaskattur af einstökum tegundum vöru og þjónustu skilar ríkissjóði. Vísbendingu um það má fá með því að skoða einkaneysluútgjöld heimila. Skipting á vísitölu neysluverðs í undirflokkana, sem byggðir eru á útgjaldarannsókn Hagstofunnar 2010-2012, gefur hins vegar nokkuð glögga mynd af því hvernig lægra vsk-þrepið dreifist niður á tegundir vöru og þjónustu. Þar sem nokkur hluti skattstofns virðisaukaskattsins er neyslu- og fjárfestingarútgjöld annarra aðila en heimila er hér einungis um nálgun að ræða. Sjá hægri dálkinn í næstu töflu. Taflan sýnir yfirflokkana tólf en auk þess undirliðina rafmagn og heitt vatn til hitunar.

Útgjaldaliðir heimila	Vægi í VNV	Dreifing lægra VSK-þrepsins
01. Matur og drykkjarvörur	14,6%	63,3%
02. Áfengi og tóbak	3,4%	0,3%
03. Föt og skór	4,8%	.
04. Húsnæði, hiti og rafmagn	27,2%	7,9%
þ.a. rafmagn	0,3%	1,3%
þ.a. vatn til húshitunar	1,5%	6,6%
05. Húsgögn, heimilisbúnaður o.fl.	4,6%	.
06. Heilsugæsla	3,8%	1,7%
07. Ferðir og flutningar	15,5%	0,6%
08. Póstur og sími	3,2%	.
09. Tómsundur og menning	10,7%	7,6%
10. Menntun	1,1%	.
11. Hótel og veitingastaðir	4,7%	18,7%
12. Aðrar vörur og þjónusta	6,3%	.
Alls	100,0%	100,0%
Skipting eftir vsk-þrepum, gróf		.
Almennt þrep	34,9%	
Lægra þrep	23,1%	
Undanþegið	42,1%	
Alls	100,0%	

Heimild: fjármála- og efnahagsráðuneytið.

13. Hvað reiknast liðirnir matur, rafmagn og heitt vatn hver um sig stór hluti þeirra 11 milljarða sem hækkun tekna af lægra þrepi virðisaukaskattsins úr 7 í 12% er talin muni skila?

Svar:

Miðað við að mat- og drykkjarvara sé 63,3% skattstofns lægra vsk -þrepsins, sbr. töfluna í svari við 12. spurningu, fæst að um 7 ma.kr. af áætluðum 11 ma.kr. tekjuauka gætu verið af matvælum sem keypt eru í verslunum (ekki á veitingahúsum). Á sama hátt fæst að um 150 m.kr. gætu verið vegna rafmagns og 730 m.kr. vegna heits vatns.

14. Yfirlit yfir aðgengileg gögn fyrir nefndina til stuðnings við ákvarðanatöku

Svar:

Í fylgiskjali 2 er að finna lista yfir þau gögn sem ráðuneytið hefur fyrst og fremst haft hliðsjón af við vinnslu frumvarpsins.

15. Hvert er lokatakmark heildarendurskoðunar virðisaukaskatts hjá fjármála- og efnahagsráðherra?

Svar:

Þann 21. febrúar sl. birtist á vef ráðuneytisins frétt um endurskoðun á virðisaukaskatts- og vörugjaldskerfunum (<http://www.fjarmalaraduneyti.is/frettir/nr/17715>). Eins og fram kemur í fréttinni er markmið endurskoðunarinnar að hverfa frá sértækri neyslustýringu með vörugjöldum og einfalda virðisaukaskattskerfið með minni mun á milli þrepa, fækka undanþágum og auka jafnræði milli skyldra atvinnugreina. Leiðinni að því marki er síðan lýst nánar í fréttinni og sömuleiðis í erindisbréfi stýrihópsins sem skipaður var í kjölfarið og starfa á til ársloka 2016 (sjá fylgiskjal 3, afrit af erindisbréfi).

16. Hvernig er hugtakið skilvirkni metið ?

Svar:

Þau rök sem talin eru vega þyngst í því frumvarpi hér er verið að fjalla um eru þau að með samþykkt þess verði stigið verulegt skref í rétta átt til aukinnar skilvirkni og einföldunar í íslensku skattkerfi. Hugtakið skilvirkni tengist oftast í skattalegu tilliti tekjuöflun eða möguleikum til tekjuöflunar. Hér verður nánar vikið að þessum mikilvægu atriðum um leið og spurningunni um mat á skilvirkni er svarað.

Með orðinu skilvirkni er átt við það hugtak sem á ensku er kallað efficiency. Eins og orðið ber með sér er átt við það hversu vel skatturinn „virkar“, og þá sem tekjuöflunartæki, en það er meginhlutverk virðisaukaskatts. Hér verður útskýrt hvernig skilvirknin er metin og hvaða gagn má hafa af slíku mati. Byggt er á ýmsum nýlegum rannsóknum og úttektum, og má þar einkum nefna efni sem birst hefur í skýrslum og ritröðum frá AGS og OECD.

Þótt virðisaukaskattur sé vel skilgreindur skattur og í eðli sínu sá sami í öllum ríkjum, getur hvert ríki haft mikil áhrif á tekjuöflunargetu hans með þeirri löggjöf sem honum er búin. Virðisaukaskattskerfin eru til í jafnmörgum útfærslum og löndin eru mörg, og tekjurnar eru talsvert mismiklar milli landa.

Skrifstofa skattamála

Áður en komið er að skilvirknistuðlunum er rétt að fara lauslega yfir þá þætti sem ákvarða þær tekjur sem virðisaukaskattur aflar. Þeim má skipta í tvo meginflokkar: (i) lög og reglur, þ.e. virðisaukaskattkerfið sjálft og (ii) löghlýðni og skattframkvæmd, þ.e. umfang skattsvika/undanskota/sniðgöngu. Þeir þættir sem hvert og eitt ríki ákvarðar í sinni löggjöf eru einkum: skatthlutfall almenna skattþrepsins, fjöldi viðbótarskattþrepa og skatthlutfallið í hverju þeirra, skattstofn í hverju skattþrepi (út frá tegundum starfsemi, skattstofn þrengist með undanþágum) og endurgreiðsluheimildir. Eftir því sem lagaumhverfið er flóknara skapast fleiri möguleikar til undanskota og því er um flókið samspil að ræða. Þetta gerir að verkum að erfitt er að áætla tekjur af vsk af nákvæmni. Nýleg rannsókn á 26 ESB-ríkjum metur þannig umfang skattundanskota að meðaltali 20% (af réttum vsk -tekjum), en fyrir einstök lönd er umfangið mjög mismunandi eða á bilinu 2% – 39%.

Vegna þess hversu margt hefur áhrif á tekjur af vsk er ekki er augljóst hvernig best sé að mæla „tekjuöflunarframmistöðu“ (e. revenue performance) skattsins. Þetta hefur verið talsvert rannsakað á umliðnum árum. Hannaðir hafa verið fremur einfaldir mælikvarðar á skilvirkni skattsins, í formi stuðla sem mæla frávik frá tilteknu viðmiði um hverjar tekjurnar væru í einföldu, hreinu skattkerfi. Reiknað er út frá almenna skatthlutfallinu sem gildir og raunverulegum tekjum í hverju landi og þannig fæst stuðull sem er óháður því hvert almenna skatthlutfallið er. Reynt er að nálgast skattstofninn með breytu úr þjóðhagsreikningum til að skapa samanburðarhæfan mælikvarða fyrir mörg lönd. Slíkt mat á skilvirkni kemur einkum að gagni við hvers konar samanburð, yfir tíma eða milli ríkja. Hér verður lýst tveimur slíkum stuðlum.

C-skilvirkni (e. C-efficiency) er algengur mælikvarði á skilvirkni vsk. C-skilvirkni er stuðull sem er reiknaður skv. eftirfarandi jöfnu: tekjur af vsk / (VLF x almenna vsk -skatthlutfallið). Hann hefur þann kost að vera einfaldur en þann galla að vera ónákvæmur.

VRR-stuðullinn (e. VAT revenue ratio) er reiknaður skv. jöfnunni: tekjur af vsk / (neysla x almenna vsk -skatthlutfallið). Neysla er hér endanleg neysla án vsk skv. þjóðhagsreikningauppgjöri. Stuðullinn mælir því hlutfallið á milli raunverulegra tekna og mögulegra tekna. Mögulegar tekjur eru sú fjárhæð sem fengist í tekjur ef almenna skatthlutfallið sem í gildi er væri lagt á alla neyslu og sú fjárhæð skilaði sér að fullu í ríkissjóð. (Þetta mætti kalla hreint skattkerfi og fullkomna löghlýðni, og tekjur af vsk verða þá hinar mestu mögulegu, miðað við það almenna skatthlutfall sem gildir.)

Dæmi: Árið 2010 voru tekjur af vsk á Íslandi 122.393 m.kr., neysla (með vsk) var 1.189.469 m.kr. og almenna skattþrepið var 25,5%. Skilvirknistuðullinn mælist því 0,45 fyrir Íslandi árið 2010.

Út frá skilvirknistuðlinum er auðvelt að lesa hvert frávikið er frá „fullu húsi“, þ.e. 1 eða 100% og í þessu fráviki felst fyrst og fremst upplýsingagildi stuðulsins. Sem dæmi má nefna að ef Ísland mælist með skilvirknina 0,45 árið 2010 og 0,46 árið 2011 þá beinast sjónir að því hvað veldur lækkuninni milli ára, ellegar hvaða munur á skattkerfum Íslands og Danmerkur skýrir að Ísland er 0,14 stigum lægri en Danmörk sem mælist með skilvirknina 0,59 árið 2010. Skilvirknifrávikin eða -tapinu er stundum skipt upp eftir meginþáttunum tveimur, þ.e. skattkerfi og löghlýðni, og reynt að meta hvorn um sig. Frávik af völdum viðbótarskattþrepa og undanþágna í skattkerfinu má kalla skattkerfistap (e. policy gap) en frávik af völdum skorts á löghlýðni má kalla löghlýðnitap (e. compliance gap). Heildarskilvirknin er því vísbending um samanlögð áhrif þessara tveggja þátta á tekjur ríkisins af virðisaukaskattinum. Ef engin

Þessara áhrifa eru til staðar þá er skilvirknin 1, annars er hún á bilinu 0 til 1. Stjórnvöld geta haft bein áhrif á fyrri þáttinn en einungis óbein áhrif á seinni þáttinn.

Skilvirknistuðli eins og VRR er ætlað að vera samanburðarhæfur mælikvarði á það hversu mikið tekjufrávik skattkerfið og skattframkvæmdin skapa frá því sem væri í ímynduðu „hreinu“ skattkerfi. Þar sem öll frávik frá slíku hreinu viðmiðunarskattkerfi, svo sem viðbótarskattþrep og undanþágur, auka flækjustig kerfisins og skapa hvata til undanskota, verður löghlýðnitapið jafnframt meira.

Skilvirkni virðisaukaskattsins hérlendis hefur farið halloka á undanförnum árum. Það sést þegar horft er til þess hvernig tekjur af honum hafa þróast miðað við veltu í virðisaukaskattskyldri starfsemi innanlands. Einnig kemur það skýrt í ljós í samanburði við aðrar þjóðir að Ísland hefur dregist aftur úr með skilvirkni virðisaukaskattsins á undanförnum árum. Skilvirkni skattsins er mælikvarði á það hversu miklum tekjum hann skilar miðað við það sem mest gæti orðið, ef kerfið væri eins einfalt og hugsast getur, án viðbótarskattþrepa, undanþágna og endurgreiðslna, og skattskil væru fullkomin og því engin undanskot og skattsvik. Að sama skapi liggja skýringarnar á því að skilvirkni Íslands mælist lítil í því að hérlendis er lægra skattþrep sem er mjög langt fyrir neðan almenna þrepið (nefnari skilvirknistuðulsins er reiknaður út frá 25,5% skattþrepinu) og lægra skattþrepið er jafnframt með breitt gildissvið.

Rannsóknir benda til þess að þróun tekna af vsk meðal ríkja heims hafi ráðist mun meira af þróun skilvirkni en þróun almenna skatthlutfallsins á sl. 20 árum. Ennfremur hefur skattkerfið meira að segja en löghlýðni (sbr. tvískiptinguna sem skýrð var hér að framan) og verulegur munur er á því milli landa hversu mikil áhrif viðbótarskattþrep og undanþágur hafa á tekjur af vsk.

17. Virðisaukaskattur og bækur

Svar:

Í eftirfarandi samantekt kemur fram hvernig virðisaukaskattur á bókum hefur þróast frá því að lögin nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, tóku gildi í ársbyrjun 1990.

Í stuttu máli þá bar sala á bókum ekki VSK frá árinu 1990 til 1. júlí 1993. Frá því tímamarki og til 1. mars 2007 báru bækur 14% vsk en frá árinu 2007 hafa þær borið 7% vsk.

Afmörkun hugtaksins „bók“ hefur talsvert breyst þessi sömu ár. Upphaflega takmarkaðist hugtakið við íslenskar bækur á hefðbundnu prentuðu formi en nú tekur það til bóka á öllum tungumálum, bæði á prentuðu og rafrænu formi. Hljóðbóka og einnig til nótnabóka með og án texta. Bækur án texta, stílabækur, ýmislegt prentefni og ritföng hafa fallið í efra þrep vsk frá upphafi.

Sagan er nokkurn veginn eftirfarandi varðandi vsk og bækur:

1) Árið 1989

Með lögum nr. 119/1989 var gerð sú breyting á upphaflegu vsk. lögunum, nr. 50/1988, að sala bóka á íslenskri tungu, jafnt frumsaminna sem þýðdra, skyldi teljast til undanþeginnar veltu. Í því felst að bóksalar voru skráðir á vsk-skrá, seldu bækur án vsk, en var heimilt að færa til innskatts kaup á

aðföngum til rekstrarins. Með bókum var átt við prentaðar bækur með texta en ekki t.d. stílabækur og annan prentvarning, sjá t.d. handbók um virðisaukaskatt frá árinu 1998 útgefna af RSK, bls. 121-122.

2) Árið 1992

Með lögum nr. 111/1992 voru bækur færðar í 14% skattþrep í virðisaukaskatti (gildistaka 1. júlí 1993). Ákvæði 6. tölul. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 50/1988 orðaðist svo:

Sala bóka á íslenskri tungu, jafnt frumsaminna sem þýddra.

Í greinargerð með lögunum segir m.a. eftirfarandi um þessa breytingu:

„Breytingar á virðisaukaskatti.

Yfirlit. Helstu breytingar á virðisaukaskatti sem felast í þessu frumvarpi eru annars vegar fækkun undanþága frá skatti og hins vegar að taka upp sérstakt 14% skattþrep. Hér er að verulegu leyti fylgt þeirri stefnu sem fólst í fjárlagafrumvarpinu, þó með þeirri breytingu að nú er gert ráð fyrir að almenna skatthlutfallið verði óbreytt til þess að standa straum af auknum útgjöldum ríkissjóðs vegna greiðslna til sveitarfélaga, framlaga til framkvæmda o.fl.

Núgildandi kerfi. Verulegar breytingar hafa orðið á íslenska virðisaukaskattskerfinu frá því sem stefnt var að í upphafi. Upphaflegu hugmyndirnar voru að taka upp almennan skatt í einu þrepi með sem fæstum undanþágum. Með þessu móti var talið unnt að lækka skatthlutfallið frá því sem gildi í söluskattskerfinu. Þegar skatturinn var lagður á í ársbyrjun 1990 höfðu þessar hugmyndir tekið verulegum breytingum sem fólu í sér fráhrarf frá því sem gildir í flestum nágrannalöndunum að þrennu leyti:

Í fyrsta lagi er skatthlutfallið hér á landi mun hærra en upphaflega var áformað, eða 24,5%, en það er næsthæsta hlutfall í Evrópu, á eftir Danmörku og Svíþjóð þar sem það er 25%.

Í öðru lagi eru undanþágur hér á landi víðtækari og skattstofninn því rýrari en að var stefnt. Þannig eru bækur, blöð, húshitun, afnotagjöld útvarps og sjónvarps, menningarstarfsemi, tómstundaiðkun, hótalgisting, vinna við íbúðarhúsnæði og fólksflutningar undanþegin skatti hér á landi, en skattlögð víða annars staðar. Þetta leiðir til þess að hér á landi eru aðeins tveir þriðju hlutar af útgjöldum heimilanna með virðisaukaskatti, en hlutfallið er mun hærra í flestum ríkjum Evrópubandalagsins.

Í þriðja lagi jafngildir mikill fjöldi undanþága innan kerfisins fráhrarfi frá upphaflegri stefnu að hafa aðeins eitt skatthlutfall. Í reynd má segja að skatthlutföllin í dag séu tvö, þ.e. 0% og 24,5%.

Öll þessi atriði vinna gegn upphaflegum markmiðum enda almennt viðurkennt að hátt skatthlutfall, mikill fjöldi undanþága og víðtækar endurgreiðslur dragi úr skilvirkni skattsins, torveldi skatteftirlit og stuðli að undanskotum. Jafnframt er það viðhorf enn í fullu gildi að frá sjónarhóli skatteftirlits og skilvirkni er heppilegast að hafa einungis eitt skattþrep líkt og var í upphaflegu tillögunum.“

3) Árið 2002

Á árinu 2002 var bókaákvæðinu breytt og undanþágan rýmkuð frá því að ná einungis til íslenskra bóka til þess að ná til bóka á öllum tungumálum. Ákvæði 6. tölul. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 50/1988 orðaðist svo eftir breytinguna:

Sala bóka, jafnt frumsaminna sem þýddra.

4) Árið 2003

Á árinu 2003 var aftur gerð breyting á afmörkun ákvæðisins, gildissvið þess rýmkað og það látið ná til hljóðbóka til viðbótar við prentaðar bækur. Eftir þá breytingu orðast ákvæði 6. tölul. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 50/1988 svona:

Sala bóka, jafnt frumsaminna sem þýddra, sem og hljóðupptökur af lestri slíkra bóka.

Skýringar í greinargerð voru þessar:

„Árið 1988 var farið að framleiða hljóðbækur hér á landi til sölu fyrir almenning. Hljóðbækur eru lesið efni, sem gefið er út á diskum, tónsnældum eða öðrum þeim miðli sem nýtist til hlustunar. Þeir sem nota hljóðbækur eru einkum aldraðir, sjónþaprir og blindir, sem og lesblindir. Almennigur nýtir sér hljóðbækur í auknum mæli við hvers kyns störf og affreyningu, þar á meðal sífellt fleiri nemendur í skólum landsins. Ætla má að 12–15 hundruð manns noti eða mundu nota hljóðbækur hér á landi ef verðlagning væri í lagi, sé tekið mið af notkun slíkra bóka t.d. í Svíþjóð, Bretlandi og Bandaríkjunum. Frá upphafi hafa hljóðbækur verið í efra þrepi virðisaukaskatts en ritaðar bækur hafa fallið í lægra skattþrep virðisaukaskattsins. Ekki er að sjá nein rök til þess að skattleggja hljóðbækur öðruvísi en aðrar bækur, enda um nákvæmlega sama efnið að ræða þótt miðlunaraðferðin sé ólík.

Ríkisútvarpið hafði þá stefnu um árábil að hljóðrita upplestur rithöfunda á eigin verkum. Nú hefur það breytt um stefnu þannig að upplesið efni skipar æ minna rými í dagskrá þess. Þess vegna er nauðsynlegt að ýta undir hljóðbókaútgáfu hér á landi, en slík útgáfa hefur án efa mikið menningargildi.

Nú á Evrópuári fatlaðra væri samþykkt þessa frumvarps gott framfaraspor því að með því væri dregið úr mismunun milli fatlaðra og ófatlaðra auk þess sem um augljóst sanngirnismál er að ræða.“

5) Árið 2007

Með lögum nr. 175/2006 er neðra þrepið í virðisaukaskatti er lækkað úr 14% í 7% (gildistaka 1. mars. 2007). Vsk á bókum lækkar við þetta úr 14% í 7%.

6) Árið 2011

Með lögum nr. 121/2011 var afmörkun bókaákvæðisins enn breytt og það látið ná til bóka á rafrænu formi og nótnabóka með og án texta.

Ákvæði 6. tölul. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 50/1988 er enn í þessu horfi í dag og orðast svo:

Sala bóka, jafnt frumsaminnna sem þýðdra, þ.m.t. nótnabóka með og án texta, sem og hljóðupptökur af lestri slíkra bóka. Sama gildir um sölu á geisladiskum og öðrum sambærilegum miðlum með bókartexta, sem og sölu á rafrænum útgáfum slíkra bóka.

Listi yfir fylgiskjöl

- Fylgiskjal 1. Vörugjaldsskyldar vörur í gjaldflokkum A–E (alls 5 töflur).
- Fylgiskjal 2. Yfirlit yfir aðgengilegt efni tengt frumvarpinu.
- Fylgiskjal 3. Afrit af erindisbréfi vegna skipunar í stýrihóp um einfaldara virðisaukaskatts- og vörugjaldskerfi.

FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Skrifstofa skattamála

Fylgiskjal 1.

Vörugjaldsskyldar vörur í gjaldflokkum A–E (alls 5 töflur).

Topp 10 Matvörur úr flokki A og B				
Tollskrárnúmer	Skýring	Gjaldfærð upphæð	Vægi	Stutt skýring
17019904	Strásykur í öðrum umbúðum (1701: Reyri- eða rófusykur og kemiskt hreinn súkrósi, í föstu formi)	980.912.850	42,84%	Sykur/strásykur í stærri umbúðum (25kg, 50kg ofl.)
21069029	Afengislaus efni (vatnssneyddir kjamar) með viðbættum sætiefnum (2106: Matvæli, ót.a.)	223.362.525	9,75%	Bragðefni, malt, þykkni fyrir Coke, Fanta, Sprite ofl.
17019903	Strásykur í smásöluumbúðum 5 kg eða minna (1701: Reyri- eða rófusykur og kemiskt hreinn súkrósi, í föstu formi)	85.369.950	3,73%	Sykur/strásykur í minni umbúðum (1kg, 2kg, 4kg ofl.)
19053110	Húðað eða hjúpað með súkkulaði eða með kræmi sem inniheldur kakaó (1905: Brauð, sætabrauð, kökur, kex og aðrar brauðvörur, einnig með kakaói; altaris brauð, lyfjahylki, innsigliunaroblatur, ris þynnur og áþekkar vörur)	66.453.834	2,90%	Kex, súkkulaði, súkkulaðikex
21069021	n/a	54.674.400	2,39%	Þykkni fyrir gosdrykki, Svála, Bum ofl.
17049007	Vörur úr akasíulími (gum Arabic) (1704: Sætindi (þar með talið hvítt súkkulaði) án kakaóinnihalds)	54.473.965	2,38%	Vingúmmi, ávaxtagúmmi, hlaup, Haribo, hlaupbangsar, súrt hlaup,
17049009	Annars (1704: Sætindi (þar með talið hvítt súkkulaði) án kakaóinnihalds)	52.976.333	2,31%	Allskonar nammi, jógurthúðaðar rúsínur, hnetukurl, sykurrúðar, súkkulaðispenir,
17023002	Siróp (1702: Annar sykur, þar með talinn kemiskt hreinn laktósi, maltósi, glúkósi og frúktósi, í föstu formi; sykursiróp sem inniheldur hvorki bragðefni né litarefni; gervihunang, einnig blandað náttúrulegu hunangi; karamel)	37.221.360	1,63%	Glúkósasiróp, siróp, agavesiróp, maple siróp
20079900	Annars (2007: Sulta, ávaxtahlaup, mauk, ávaxta- eða hnetudeig, fengið með suðu, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni)	36.101.220	1,58%	Sultur, ávaxtahlaup, eplamús, marmelaði
17049005	Brjóstsykur, sælgætistöflur (pastillur), ót.a. (1704: Sætindi (þar með talið hvítt súkkulaði) án kakaóinnihalds)	33.368.169	1,46%	Brjóstsykur, hálstöflur, piparbrjóstsykur, sleikjó
Samtals		1.624.914.606	70,96%	
Samtals gjaldfærð upphæð - Matvörur		2.289.831.411	100,00%	
Fjöldi tollskrárnúmera í flokki matvara: 303				

Topp 10 vöruflokkar með undanþágur frá vörugjöldum úr flokki A og B				
Tollskrárnúmer	Skýring	Undanþága upphæð	Vægi	Stutt skýring
17019904	Strásykur í öðrum umbúðum (1701: Reyri- eða rófusykur og kemiskt hreinn súkrósi, í föstu formi)	408.469.500	71,59%	Sykur/strásykur í stærri umbúðum (25kg, 50kg ofl.)
17019906	Sallasýkur (flörsýkur) (1701: Reyri- eða rófusykur og kemiskt hreinn súkrósi, í föstu formi)	38.934.000	6,82%	Flörsýkur, sallasýkur
17019104	Strásykur í öðrum umbúðum, sem inniheldur viðbætt bragðefni eða litarefni: (1701: Reyri- eða rófusykur og kemiskt hreinn súkrósi, í föstu formi)	38.790.000	6,80%	Strásykur í stærri umbúðum, með viðbættu bragð- eða litarefni
17049005	Brjóstsykur, sælgætistöflur (pastillur), ót.a. (1704: Sætindi (þar með talið hvítt súkkulaði) án kakaóinnihalds)	8.987.679	1,58%	Brjóstsykur, hálstöflur, piparbrjóstsykur, sleikjó
17019905	Púðursýkur (1701: Reyri- eða rófusykur og kemiskt hreinn súkrósi, í föstu formi)	8.640.000	1,51%	Púðursýkur
22021097	Í einnota plastumbúðum, ólituðum (2202: Vatn, þar með talið ölkelduvatn og loftblandað vatn, með viðbættum sykri eða öðru sætiefni eða bragðbætt, og aðrar óáfengar drykkjavörur, þó ekki ávaxtasafar eða matjurtasafar í nr. 2009)	8.434.266	1,48%	Orkudrykkir, íþróttadrykkir, t.d. Powerade
17023001	Glúkósi, án bragðefna eða litarefna (1702: Annar sykur, þar með talinn kemiskt hreinn laktósi, maltósi, glúkósi og frúktósi, í föstu formi; sykursiróp sem inniheldur hvorki bragðefni né litarefni; gervihunang, einnig blandað náttúrulegu hunangi; karamel)	8.304.750	1,46%	Glúkósi án bragðefna, Glucidex, Dextrose, Cerestar
18063209	Annað (1806: Súkkulaði eða önnur matvæli sem innihalda kakaó)	5.094.175	0,89%	Ofyllt súkkulaði, súkkulaðiþítar
22021012	Í einnota álumbúðum (2202: Vatn, þar með talið ölkelduvatn og loftblandað vatn, með viðbættum sykri eða öðru sætiefni eða bragðbætt, og aðrar óáfengar drykkjavörur, þó ekki ávaxtasafar eða matjurtasafar í nr. 2009)	3.200.837	0,56%	Gosdrykkir og orkudrykkir í dósnum
29251109	Annars (2925: Karboxymíðvirk sambönd (þ.m.t. sakkarín og sölt þess) og mímíðvirk sambönd)	3.150.000	0,55%	Strásæta, saccharin
Samtals		532.005.207	93,24%	
Samtals undanþága upphæð - Matvörur		570.595.327	100,00%	
Fjöldi tollskrárnúmera með undanþágu 103				

FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Skrifstofa skattamála

Flokkur C 2013 - byggingavörur og bílavarahlutir				
Tollskrárnúmer	Skýring	Gjaldfærð upphæð	Vægi	Stutt skýring
85446000	Aðrir rafmagnsleiðarar fyrir meira en 1000 V spennu. (8544: Einangraður vír, kaplar og aðrir einangraðir rafleiðarar).	213.512.533	10,36%	Rafmagnsleiðarar
84818000	Önnur tæki. (8481: Kranar, hanar, lokar og áþekk tæki fyrir pípur, katla, tanka, ker eða þess háttar).	154.827.904	7,51%	Lokar, kranar
85444909	Annars. (8544: Einangraður vír, kaplar og aðrir einangraðir rafleiðarar).	100.877.229	4,89%	Kaplar, rafmagnsstrengir
87083009	Aðrir. (8708: Hlutar og fylgihlutar fyrir vélknúin ökutæki í nr. 8701-8705)	88.585.902	4,30%	Varahlutir í ökutæki
87089900	Annars. (8708: Hlutar og fylgihlutar fyrir vélknúin ökutæki í nr. 8701-8705)	80.248.079	3,89%	Varahlutir í ökutæki
87082900	Annars. (8708: Hlutar og fylgihlutar fyrir vélknúin ökutæki í nr. 8701-8705)	73.291.212	3,56%	Varahlutir í ökutæki
94051009	Annað. (9405: Lampar og ljósabúnaður).	69.916.207	3,39%	Ljósakrónur, ljósabúnaður
94054009	Annað. (9405: Lampar og ljósabúnaður).	60.540.022	2,94%	Ljósabúnaður, lampar
44187200	Önnur, marglaga. (4418: Trésmíðavörur til bygginga, þar með talið holviðarþiljur, samsett parketgólfborð og þakspónn).	57.671.144	2,80%	Samsett gólfborð, parket
85071001	Með sýru. (8507: Rafgeymar, þar með taldir skiljur til þeirra, einnig réttmyndir (þar með taldir ferningslaga)).	54.482.227	2,64%	Rafgeymar, sýrugeymar, batteri
68091101	Til bygginga. (6809: Vörur úr gipsefni eða blöndu að meginstofni úr gipsefni).	41.745.700	2,02%	Gipsvörur
94051001	Flúrskinsljós. (9405: Lampar og ljósabúnaður).	41.388.260	2,01%	Flúrskinsljós
85444209	Annars. (8544: Einangraður vír, kaplar og aðrir einangraðir rafleiðarar).	34.684.758	1,68%	Rafmagnskaplar
68071001	Þak- og veggasfalt. (6807: Vörur úr asfalti eða áþekku efni (t.d. jarðolíubítú-meni eða koltjörubiki).	30.448.495	1,48%	Þak- og vegg-asfalt, þakpappi
85392100	Wolfram halógen. (8539: Rafmagnsgló- eða úrhleðslulampar, þar með taldir einangraðar geislalampaeiningar og útfjólubláir eða innrauðir lampar, bogalampar).	29.989.103	1,45%	Halogenlampar
Samtals		1.132.208.775	54,92%	
Samtals gjaldfærð upphæð í flokki C		2.061.556.532	100,00%	
Fjöldi tollskrárnúmera í flokki: 238				

FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Skrifstofa skattamála

Flokkur D 2013 - Stór heimilistæki				
Tollskrárnúmer	Skýring	Gjaldfærð upphæð	Vægi	Stutt skýring
84501100	Alsjálfvirkar vélar. (8450: Þvottavélar fyrir heimili eða þvottahús, þar með taldar vélar sem bæði þvo og þurrka).	101.312.770	16,82%	Þvottavélar
84181001	Til heimilisnota. (8418: Kæliskápar, frystar og annar kæli- eða frystibúnaður).	83.178.956	13,81%	Kæliskápar
84221100	Til heimilisnota. (8422: Uppþvottavélar; vélbúnaður til að hreinsa eða þurrka flöskur eða önnur ílát; vélbúnaður til að fylla, loka, innsigla eða festa merkimiða á flöskur, dósir, öskjur, poka eða önnur ílát; vélbúnaður til að festa tappa á flöskur, krukkur, túpur og áþekkt ílát; annar vélbúnaður til pökkunar eða umbúða).	64.302.290	10,68%	Uppþvottavélar
85166001	Rafmagnseldavélar og eldunarhellur.	62.651.627	10,40%	Eldavélar, helluborð
85166002	Aðrir ofnar. (8516: Hrað- eða geymavatnshitarar og hitastautar (hitöld) fyrir rafmagn; raftækjabúnaður til hitunar á rými (space) og jarðvegi, rafmagnshituð hársnyrtitæki og rafmagnsstraujám).	45.494.821	7,55%	Bökunarfórnar
73211100	Fyrir gas eða bæði gas og annað eldsneyti. (7321: Ofnar, eldavélar, eldstór, kabyssur (einnig með geymi aukalega til miðstöðvarhitunar), grill, glóðar-ker, gashringir, diskahitarar og áþekktur búnaður til heimilisnota, ekki fyrir rafmagn, og hlutar til þeirra, úr jámi eða stáli).	43.096.868	7,16%	Grill, gasofnar
84512100	Sem taka ekki meira en 10 kg af þurru líni. (8451: Vélbúnaður (þó ekki vélar í nr. 8450) til að þvo, hreinsa, vinda, þurrka, strauja, pressa (þar með taldar suðupressur), bleikja, líta, steina, ganga frá, húða eða gegndreypta spunagám, spunadúk eða tilbúnar spunavörur.	36.324.785	6,03%	Þurrkarar
84182100	Með þjöppu. (8418: Kæliskápar, frystar og annar kæli- eða frystibúnaður, einnig fyrir rafmagn; varmadæluur, þó ekki loftjöfnunartæki í nr. 8415).	19.073.312	3,17%	Kæliskápar m. þjöppu
85165000	Örbylgjuofnar.	16.161.721	2,68%	Örbylgjuofnar
85115000	Aðrir rafalár. (8511: Raffræsi- eða rafkveikibúnaður fyrir brunahreyfla með neista- eða þrýstikveikju, rafalár (t.d. dínamóar og altematorar) og straumlokur til notkunar við slíka hreyfla.	13.585.059	2,26%	Rafalár
Samtals		485.182.209	80,56%	
Samtals gjaldfærð upphæð í flokki D		602.236.321	100,00%	
Fjöldi tollskrárnúmera í flokki: 49				

FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Skrifstofa skattamála

Flokkur E 2013 - Græjur				
Tollskrárnúmer	Skýring	Gjaldfærð upphæð	Vægi	Stutt skýring
85287209	Önnur. (8528: Móttökutæki fyrir sjónvarp, einnig með útvarpsviðtæki eða hljóð- eða myndbandsupptökubúnaði eða -flutningsbúnaði; myndskjái (video monitors) og myndvörpur (video projectors).	394.646.938	58,60%	Sjónvörp
85183009	Annað. (8518: Hljóðnemar og standar fyrir þá; hátalarar, einnig í hátalaraboxi; heymartól og eyमतól, einnig með sambyggðum hljóðnema, og sett sem í eru hljóðnemi og einn eða fleiri hátalarar; rafmagnsheymartíðnimagnarar; rafmagnshljóðmagnarasett).	46.619.567	6,92%	Heymatól
85182209	Aðrir. (8518: Hljóðnemar og standar fyrir þá...osfrv.).	29.355.169	4,36%	Hátalarar, magnarar, bassabox
85286900	Aðrar. (8528: Móttökutæki fyrir sjónvarp...osfrv.).	27.084.605	4,02%	Myndvarpar, skjávarpar
85219021	Eingöngu til endurskila á mynd. (8521: Myndupptökutæki eða myndflutningstæki (video), einnig með innbyggðum myndmóttakara (video tuner).	20.845.690	3,10%	DVD og BluRay spilarar, heimabíó
85285900	Aðrir. (8528: Móttökutæki fyrir sjónvarp...osfrv.).	20.379.391	3,03%	Skjái
85287102	Myndlyklar með innbyggðum móttökubúnaði fyrir sjónvarp. (8528: Móttökutæki fyrir sjónvarp...osfrv.).	17.709.522	2,63%	Myndlyklar, móttakarar
85279109	Önnur. (8527: Móttökutæki fyrir firðtal, loftskýtasendingar eða útvarpssendingar, einnig sambyggð, í sama hylki, með hljóðupptöku- eða hljóðflutningsbúnaði eða klukku).	13.549.068	2,01%	Hljómtæki, útvarpstæki
85182109	Aðrir. (8518: Hljóðnemar og standar fyrir þá...osfrv.).	9.627.768	1,43%	Práðlausir hátalarar, tölvuhátalarar
85279909	Önnur. (8527: Móttökutæki fyrir firðtal, loftskýtasendingar eða útvarpssendingar, einnig sambyggð, í sama hylki, með hljóðupptöku- eða hljóðflutningsbúnaði eða klukku).	9.447.654	1,40%	Hljómtæki, magnarar
Samtals		589.265.372	87,49%	
Samtals gjaldfærð upphæð í flokki E		673.497.299	100,00%	
Fjöldi tollskrárnúmera í flokki: 49				

Fylgiskjal 2.

**Yfirlit yfir aðgengilegt efni tengt frumvarpi fjármálaráðherra um skattkerfisbreytingar
Þingskjal 2 – 2. mál.**

1. Heimasíða Hagstofunnar, hagstofa.is
 - a. Rannsókn á útgjöldum heimila 2010-2012
<https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=16009>
 - b. Vísitala neysluverðs, vogir fyrir undirvísitölur
<http://hagstofa.is/?PageID=2599&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=VIS01305%26ti=V%EDsitala+neysluver%F0s%2C+vogir+fyrir+undirv%EDsit%F6lur+fr%E1+1992%26path=./Database/visitotur/neysluverdundir/%26lang=3%26units=Hlutf%F6ll>
2. Heimasíða velferðarráðuneytis,
<https://www.velferdarraduneyti.is>,
Reiknivél fyrir neysluviðmið: <https://www.velferdarraduneyti.is/neysluvidmid/>
3. Heimasíða Ríkisskattstjóra
<https://www.rsk.is/>
Reiknivél barnabóta: <https://www.rsk.is/einstaklingar/reiknivelar/reiknivel-barnabota/nr/46>
4. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, skýrslan *Modernizing the Icelandic VAT*, apríl 2014.
Slóð: <http://www.fjarmalaraduneyti.is/frettir/nr/18499>
5. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, skýrslan *Iceland: Advancing Tax Reform and the Taxation of Natural Resources*, júní 2011.
6. Slóð: <http://www.imf.org/external/pubs/ft/scr/2011/cr11138.pdf>
7. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, skýrslan *Iceland: Improving the Equity and Revenue Productivity of the Icelandic Tax System*, júlí 2010.
Slóð: <http://www.imf.org/external/pubs/ft/scr/2010/cr10213.pdf>
8. OECD, skýrslur um þróun neysluskatta í OECD-löndunum.
Slóð: <http://www.oecd.org/tax/consumption/oecdconsumptiontaxtrendspublications.htm>
9. Ráðuneytið hefur aðgang að óbirtum gögnum og skýrslum hjá OECD. Að auki hefur ráðuneytið aðgang að gögnum frá undirstofnunum ráðuneytisins sem ekki eru aðgengileg á vefnum.

FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Skrifstofa skattamála

Fylgiskjal 3.

Afrit af erindisbréfi vegna skipunar í stýrihóp um einfaldara virðisaukaskatts- og vörugjaldskerfi.



Guðrún Þorleifsdóttir
Sörlaskjöldi 36
107 Reykjavík

FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvoll 150 Reykjavík
sími: 545 9200 bréfasími: 545 9299
postur@fjr.is www.fjr.is

Reykjavík 10. febrúar 2014
Tilv.: FJR/14020034/

Efni: Skipun stýrihóps um einfaldara virðisaukaskatts- og vörugjaldskerfi

Virðisaukaskattur og vörugjöld eru mikilvægir tekjustofnar fyrir ríkissjóð. Því er brýnt að huga reglubundið að endurskoðun á lagaumhverfi þessara skatta til samræmis við viðskiptaumhverfið á hverjum tíma. Nægir þar að nefna þá umbyltingu sem orðið hefur undanfarin ár á sviði rafræna viðskipta. Virðisaukaskattakerfið, sem tekið var upp í ársbyrjun 1990, var síðast tekið til heildarendurskoðunar á árinu 1999. Það er því löngu orðið tímabært að taka kerfið aftur til gagnerrar endurskoðunar, bæði með tilliti til efnahagslegra og framkvæmdarlegra þátta, með einföldun í huga. Lög um vörugjöld, sem eru frá árinu 1987, hafa um langa hríð sætt gagnrýni fyrir óæskileg áhrif vegna sértækrar neyslustýringar. Það er sérstakt markmið stjórnvalda að draga úr notkun slíkra vörugjalda samhliða endurskoðun á almennti neysluskattlagningu í formi virðisaukaskatts.

Í ljósi þess sem að ofan greinir hefur fjármála- og efnahagsráðherra ákveðið að skipa stýrihóp sem ætlað er að skila ráðherra tillögum að einfaldara virðisaukaskatts- og vörugjaldskerfi. Stýrihópurinn skal leggja eftirfarandi þætti til grundvallar við endurskoðunina:

I. Virðisaukaskattur:

- Fækkun þrepa.** Sérstaklega verði skoðað hvornig nálgast megi langtíma markmið um eitt þrep í virðisaukaskatti í áföngum með minnkun munar milli þrepa.
- Breikkun skattstofns.** Stelnt skal að brekkun skattstofnsins og jafnræði milli skyldra atvinnugreina. Undanþágur skulu endurskoðaðar í því ljósi.
- Tekjuskiptingaráhrif.** Litið verði til mötvægisáðgerða á grundvelli tekjufjöfnunarsjónarmiða við mótun tillagna um fækktu þrepa og breikkun skattstofns.
- Skattfrankvæmd.** Skattskil verði skoðuð og metið hvort stuðla megi að bættum skattskilum með breyttum lögum, reglugerðum eða frankvæmd.

II. Almenn vörugjöld:

Stelna her að því að dregið verði úr sértækri neysluskattlagningu sem kostur er í átt til einföldunar samhliða endurskoðun virðisaukaskattkerfisins. Jafnframt skal horft til skilvirkni og einföldunar í framkvæmd.

Skrifstofa skattamála

Í samræmi við ofangreint eruð þér hér með skipuð í stýrihópinn. Aðrir í stýrihópnum eru Marianna Jónasdóttir og Tómas Brynjólfsson.

Gert er ráð fyrir að stýrihópurinn setji á fót starfshópa sem vinni að afmörkuðum þáttum í endurskoðuninni þá munu ráðgjafaráð fjármála- og efnahagsráðherra um efnahagsmál og opinber fjármál og sérfræðingateymi AGS starfa með stýrihópnum og einstökum starfshópum hans eftir atvikum. Einnig er stýrihópnum ætlað að hafa reglubundið samráð við hagsmunasamtök launþega og vinnuveitenda og aðra þá sem hagsmuna eiga að gæta.

Stýrihópnum, sem mun starfa til loka árs 2016, er ætlað að setja fram verkefnaáætlun þar sem endurskoðuninni er áfangaskipt. Skal hún lögð fyrir fjármála- og efnahagsráðherra eigi síðar en 1. mars 2014. Áfangaskýrsla um framvindu verksins og stöðu tillögugerðar skulu liggja fyrir eigi síðar en 1. júní ár hvert.


Bjarni Benediktsson

**Yfirlit yfir aðgengilegt efni tengt frumvarpi fjármálaráðherra um skattkerfisbreytingar
Þingskjal 2 – 2. mál.**

1. Heimasíða Hagstofunnar, hagstofa.is
 - a. Rannsókn á útgjöldum heimila 2010-2012
<https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=16009>
 - b. Vísitala neysliverðs, vogir fyrir undirvísitölur
<http://hagstofa.is/?PageID=2599&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=VIS01305%26ti=V%EDsitala+neysliver%F0s%2C+vogir+fyrir+undirv%EDsit%F6lur+fr%E1+1992%26path=./Database/visitolur/neysliverdundir/%26lang=3%26units=Hlutf%F6ll>
2. Heimasíða velferðarráðuneytis,
<https://www.velferdarraduneyti.is>,
Reiknivél fyrir neysluviðmið: <https://www.velferdarraduneyti.is/neysluvidmid/>
3. Heimasíða Ríkisskattstjóra
<https://www.rsk.is/>
Reiknivél barnabóta: <https://www.rsk.is/einstaklingar/reiknivalar/reiknivél-barnabota/nr/46>
4. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, skýrslan *Modernizing the Icelandic VAT*, júní 2014. Slóð:
<http://www.fjarmalaraduneyti.is/frettir/nr/18499>
5. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, skýrslan *Iceland: Advancing Tax Reform and the Taxation of Natural Resources*, júní 2011. Slóð:
<http://www.imf.org/external/pubs/ft/scr/2011/cr11138.pdf>
6. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, skýrslan *Iceland: Improving the Equity and Revenue Productivity of the Icelandic Tax System*, júlí 2010. Slóð:
<http://www.imf.org/external/pubs/ft/scr/2010/cr10213.pdf>
7. OECD, Skýrslur um þróun neysluskatta í OECD löndunum. Slóð:
<http://www.oecd.org/tax/consumption/oecdconsumptiontaxtrendspublications.htm>
8. Ráðuneytið hefur aðgang af óbirtum gögnum og skýrslum hjá OECD. Að auki hefur ráðuneytið aðgang að gögnum frá undirstofnunum ráðuneytisins sem ekki eru aðgengileg á vefnum.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Hagsmunasamtök Heimilanna



heimilin@heimilin.is - www.heimilin.is
Ármúla 5 -108 Reykjavík
kt. 520209-2120

Erindi nr. HH14U144.0002

Dags. 15.10.2014

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 2. mál á 144. löggjafarþingi

Virðisaukaskattur o.fl. (skattkerfisbreytingar)

Hagsmunasamtök heimilanna gera þá athugasemd helsta við ofangreint frumvarp að með því er lagt til að neðra þrep virðisaukaskatts verði hækkað úr 7% í 12%, eða um rúm 71% í einu skrefi. Undir skattþrepið falla meðal annars matvörur, húshitunarorka, bleiur, tímarit, blöð og bækur.

Hér er enn og aftur höggvið þar sem síst skyldi, enda kemur hækkun á brýnustu nauðsynjavörum verst niður á tekjulægstu hópum samfélagsins. Í umræðum um frumvarpið að undanfögnu hefur verið reynt að slá ryki í augu fólks með því að leggja áherslu á þær “mótvægisaðgerðir” sem vega eigi upp á móti auknum skattaálögum á matvöru, það er afnám vörugjalda, lækkun virðisaukaskatts á vörur í efra virðisaukaskattsþrepi og hækkun barnabóta.

Hagsmunasamtök heimilanna eru almennt fylgjandi afnámi vörugjalda, en það vegur þó varla upp á móti hinni áður nefndu hækkun virðisaukaskatts á matvæli. Lækkun virðisaukaskatts á vörur í efra virðisaukaskattsþrepi kemur þeim sem minnst hafa milli handanna lítið til góða, enda er þar ekki um að ræða helstu nauðsynjavörur. Hækkun barnabóta er góðra gjalda verð en gagnast þó ekki nema hluta þeirra sem eru tekjulægstir þ.e. barnafólki. Vegna hækkunar á skerðingarhlutföllum tekjutengingar er ólíklegt að hækkunin nýtist millitekjufólki, og hún gagnast alls ekki tekjulágum foreldrum sem eiga ekki lögheimili með börnum sínum eða þeim sem ekki eiga börn sjálfir.

Samtökin leggjast alfarið gegn þeim breytingum sem kveðið er á um í síðari hluta c-liðs 1. gr. frumvarpsins sem og b-lið 3. gr. í heild sinni, og hvetja til þessi að þeir verði felldir brott. Að teknu tilliti til framangreindra athugasemda leggjast samtökin að öðru leyti ekki gegn frumvarpinu.

- o -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna

Vilhjálmur Bjarnason, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is

Hópfersamiðstöðin



Reykjavík 10. október 2014

Til Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis

Efni: Athugasemd við Frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt ofl.

Hópfersamiðstöðin - Trex ehf sem er eitt af stærstu fyrirtækjum landsins í fólksflutningum óskar að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt o fl. sbr. þingskjal - 2. mál.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að við 6. Tölul. 3. Mgr. 2.gr. bætist við að undanþága frá virðisaukaskatti nái ekki til fólksflutninga í afþreyingaskyni og þær verði gerðar skattskyldar í lægra skattþrepi virðisaukaskatts frá og með 1. maí 2015.

Þessu viljum við mótmæla á sama átt og margir innan fólksflutninga og ferðaþjónust hafa gert þar sem tilkoma virðisaukaskatts þýddi hækkun er kæmi ofaná verðsamninga sem þegar hafa verið gerðir fyrir árið 2015 og venja er að ganga frá með mun meiri fyrirvara.

Í lið IV er nánar tiltekið við hvað er átt og telur Hópfersamiðstöðin - Trex að betur sé heima setið en af stað farið vegna mismununar og misskiling sem undanþágur geti skapað. Þannig ber að skilja skýringar í lið IV að almenningssamgöngur séu undanþegnar virðisaukaskatti og það kemur skýrar fram í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins. Þar stendur að óbreytt staða verði varðandi áætlunarferðir með flugi, ferjum og hópfersabifreiðum þ.m.t. skólaakstur og akstur í hvers kyns dagvistun ásamt leiguakstri fólksbifreiða. Miðað við starfsemi Hópfersamiðstöðvarinnar - Trex og annarra sambærilegra fyrirtækja þá verður mjög erfitt og í mörgum tilvikum ómögulegt að draga mörk á milli þessara tegunda fólksflutninga þ.e. hvaða akstur eigi að vera með virðisaukaskatti og hvað ekki.

Að lokum teljum við rétt að benda á að okkur er ekki kunnugt um að fulltrúar fyrirtækja í fólksflutningum hafi verið kallaðir fyrir nefndina til að koma athugasemdum sínum á framfæri.

f. h. Hópfersamiðstöðvarinnar - Trex ehf

Kristján M. Baldursson framkvæmdastjóri



Pósthólf 4103, 124 Reykjavík
Sími: 897-2772 og 445-5752
Tölvupóstur:
arndis.thorarinsdottir@gmail.com



27. nóvember 2014

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn frá stjórn IBBY á Íslandi¹ um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Stjórn IBBY á Íslandi lýsir yfir þungum áhyggjum af fyrirhugaðri hækkun virðisaukaskatts á bókum úr 7% í 12%. Er hér um að ræða vanhugsaða aðgerð sem getur á skömmum tíma valdið óafturkræfum skaða á litlu og viðkvæmu málsvæði.

Íslendingar búa við þau forréttindi að eiga sameiginlegan menningararf sem teygir sig rúm þúsund ár aftur í tímann og er enn í lifandi og stöðugri mótun. Þessum forréttindum fylgir líka ábyrgð.

Að skilja sjálfan sig og aðra

Ítrekað sýna rannsóknir að lesskilningur íslenskra barna minnkar stöðugt og yndislestur er á undanhaldi. Þess vegna er það sérstakt áhyggjuefni að til standi að ráðast gegn þjóðtungunni með hækkun virðisaukaskatts á bækur, nú þegar sótt er að málinu úr öllum áttum og staða þess viðkvæmari en nokkru sinni. Hætt er við að hækkunin hafi í för með sér keðjuverkandi áhrif á bókamarkaði sem svo muni hríslast um samfélagið allt, því næman skilning á tungumálinu er erfitt að öðlast nema með lestri. Þegar máltilfinningunni hrakar og orðaforði skreppur saman verður stöðugt erfiðara fyrir fólk að eiga skoðanaskipti, bæði að tjá sig og að skilja blæbrigðin í hugmyndum annarra.

Hver kynslóð af læknum sem hefur dapprari lesskilning en sú á undan veitir verri heilbrigðisþjónustu. Þjónustufulltrúi sem skilur ekki erindi sem honum berast getur engan þjónustað. Stjórnmalameinn sem eiga erfitt með að skilja lagatexta eru varasamir, og kjósendur sem ekki leggja í að kynna sér kosningaloforð enn verri.

Tengsl lesskilnings og bókmennta

Flest börn læra að lesa í skólakerfinu þar sem stafir verða að hljóðum og hljóðin að orðum. En sú kúnt er bara upptakturinn að öllu hinu. Það er heima sem börn verða læs í alvöru, þegar þau byrja að lesa vegna þess að þau finna hjá sér innri hvöt til þess að leita uppi fróðleik og sögur. Á móðurmálinu byggir allt annað; án þess er hvorki hægt að nema fróðleik né önnur tungumál. Með yndislestri öðlast börn orðaforða, læra að móta hugsanir sínar og öðlast hlutdeild í reynsluheimi sem er stærri en sá sem þau hafa sjálf aðgang að.

¹ IBBY eru alþjóðleg samtök sem stofnuð voru 1953 og starfa nú í sjötíu löndum. Markmið samtakanna er að vinna í anda stofnandans, Jellu Lepman, sem áleit að góðar barnabækur gætu byggt brú á milli þjóða heims og miðlað fróðleik og skilningi milli ólíkra menningarsamfélaga.

Hækkun virðisaukaskatts á bækur, án róttækra hliðarráðstafana til mótvægis, hefur margvísleg áhrif þessar yndislestrarstundir. Hún takmarkar möguleika fjölskyldna á að kaupa bækur. Hún þrengir að bókasöfnum, bæði almenningssöfnum og skólasöfnum. Hún þrengir að bóksölum, útgefendum og rithöfundum. Smám saman mun sögunum fækka.

Sérstakar aðstæður á Íslandi

Það er ljóst að vinnan sem fer í að útbúa bók til prentunar, að skrifa hana, ritstýra henni, lesa próförkina og brjóta hana um, er alltaf sú sama, óháð því hvort bókin er prentuð í 2000 eða 200.000 eintökum. Tekjumöguleikar af sölu frumsaminna bóka á íslensku eru því minni en tekjumöguleikar af útgáfu bóka á stærri málsvæðum. Eigi íslenskan að lifa af verður þess vegna að veita henni enn meira lið en þekkest hjá fjölmennari þjóðum. Það er fráleitt að höggva hér enn nær þjóðtungunni en tíðkast annarsstaðar.

Séu stjórnvöld engu að síður staðráðin í að láta þessa ákvörðun verða að veruleika væri verulega ábyrgðarlaust að samþykkja frumvarpið áður en búið er að ákvarða umfangsmiklar mótvægisáðgerðir bókamarkaðnum og bókmenntunum til bjargar.

Fyrir hönd IBBY á Íslandi,



Arndís Þórarinsdóttir

Stjórn IBBY á Íslandi

Arndís Þórarinsdóttir, formaður
Kristjana Friðbjörnsdóttir, varaformaður
Guðlaug Richter
Ingibjörg Ösp Óttarsdóttir
Rósa Harðardóttir
Sólveig Ebba Ólafsdóttir
Ævar Þór Benediktsson

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um virðisaukaskatt o.fl.
(2. mál, þingskjal 2, 144. löggjafarþing 2014-2015)

Jón Steinsson
Columbia háskóla

18. september 2014

Ágrip: Þegar á heildina er litið er þetta frumvarp mikilvægt skref í rétta átt í skattamálum. Breytingarnar sem lagðar eru til munu draga úr óhagkvæmni skattkerfisins. Þó er vert að huga betur að mótvægisáðgerðum fyrir heimili með lágur tekjur. Best væri ef gengið væri mun lengra en gert er í þessu frumvarpi um brottnám undanþága frá virðisaukaskatti. Til lengri tíma væri skynsamlegt að minnka enn frekar bilið milli skattþrepanna í virðisaukaskattskerfinu og færa gistinætur og aðra þjónustu sem erlendir ferðamenn greiða að stórum hluta í efra þrepið (og lækka það á móti).

Hagkvæmara skattkerfi

Á Íslandi er nokkuð almenn pólitísk samstaða um að ríkið reki viðamikil velferðarkerfi. Slíkt velferðarkerfi er dýrt og það er aðalástæða þess að skattar eru háir á Íslandi. Það er óumflýjanlegt að skattar sem eiga að standa undir þessu viðamikla velferðarkerfi valdi verulegri óhagkvæmni. Einmitt vegna þess hversu háir skattar eru á Íslandi er sérstaklega mikilvægt að þeir skattar sem lagðir eru á valdi ekki meiri óhagkvæmni en þörf krefur. Með öðrum orðum, það er sérstaklega mikilvægt að skattkerfið sé þó eins hagkvæmt og unnt er.

Grunnhugsunin, þegar kemur að því að lágmarka óhagræðið sem hlýst af sköttum, er að skattar séu flatir og skattstofninn sem stærstur. Þegar skattar á einn vöruhóp eru lækkaðir þarf að hækka skatta á aðrar vörur á móti. Óhagræðið sem felst í sköttum eykst hins vegar hraðar þeim mun hærrí sem skattarnir eru. Þess vegna er óhagræðið af síðasta skattþrosentinu meira í efra þrepinu en því neðra og unnt að lækka heildaróhagræðið með því að hækka lægra þrepið og lækka hærra þrepið á móti.

Af þessum sökum er það fyrirkomulag sem nú er við lýði, þ.e. að virðisaukaskattur á matvöru og ýmsar aðrar vörur sé 7% en 25,5% á aðrar vörur, verulegt frávik frá hagkvæmu skattkerfi. Þá eru vörugjöld, sem eru ekkert annað en auka-virðisaukaskattur á nokkra útvalda vöruflokka, enn alvarlegra frávik frá hagkvæmu skattkerfi. Eins eru undanþágur frá virðisaukaskatti sérstaklega alvarlegt frávik frá hagkvæmu skattkerfi.

Frumvarpið miðar að því að draga verulega úr þessum frávikum frá hagkvæmu skattkerfi. Það er mikilvægt skref í rétta átt.

Áhrif á heimili með lágar tekjur

Ýmsir hafa gagnrýnt efni þessa frumvarps. Sú gagnrýni byggist að mestu á því að hækkun matarskatts komi verr niður á lágtekjufólki þar sem matur vegur þyngra í heildarútgjöldum lágtekjufólks en þeirra sem hafa meira milli handanna. Vandinn við þessa röksemd er að lágur matarskattur er óhagkvæm leið til þess að bæta hag þeirra sem verst eru settir. Hækkun persónuafsláttarins eða lækkun lægri þrepa tekjuskattskerfisins eru hagkvæmari leiðir til þess að ná sama markmiði (Atkinson and Stiglitz, 1976).

Þeir sem bera hag lágtekjufólks fyrir brjósti eiga því ekki að mótmæla því að virðisaukaskattskerfið sé gert flatara. Þeir eiga þess í stað að þrýsta á að stærri hluti þeirra tekna sem ríkið fær með hækkun lægri þrepsins og fækkun undanþága verði notaður til þess að hækka persónuafsláttinn eða ráðast í aðrar mótvægisáðgerðir sem tryggja að hagur lágtekjufólks versni ekki við breytingarnar.

En af hverju er lágur matarskattur óhagkvæm leið til þess að bæta hag þeirra sem verst eru settir? Það er vegna þess að það er hagkvæmara að gera hluti beint en óbeint þegar kemur að sköttum. Ef tilgangurinn er að nota skattkerfið til þess að jafna tekjur er hagkvæmasta leiðin til þess að veita fólki beinan skattaafslátt (þ.e. hærri persónuafslátt) en ekki að reyna að gera það með því að lækka verðið á mat í samanburði við aðra vöru.

Þegar virðisaukaskattur á mat er lækkaður lækka vissulega skattar þeirra lægst launuðu. Skattar þeirra sem eru með hærri tekjur lækka hins vegar enn þá meira þar sem þeir eyða meira fé í mat en láglaunafólk. Með öðrum orðum, hátekjufólk fær meiri „skattaafslátt“ en lágtekjufólk við lækkun matarskattsins. Af þessum sökum er lækkun virðisaukaskatts á mat dýr og óskilvirk leið til þess að bæta hag lágtekjufólks. Hátekjufólk fær vitaskuld líka persónuafslátt en það fær þó einungis jafn margar krónur í afslátt og lágtekjufólk. Hækkun persónuafsláttarins er því ódýrari og skilvirkari leið til þess að bæta hag lágtekjufólks.

Rétt viðmið við útreikning mótvægisáðgerða

Í umræðu um frumvarpið hafa ýmsir bent á að sáralítill munur er á vægi matvæla í neyslu heimila með lágar tekjur og heimila með háar tekjur. Árin 2010-2012 var vægi matvæla í neyslu þess fjórðungs heimila sem var með lægstar tekjur 14,7% en 14,5% hjá þeim fjórðungi heimila sem hæstar tekjur hafði. Þessar tölur hafa verið notaðar til þess að færa rök fyrir því að sáralitlar mótvægisáðgerðir í formi t.d. hærri persónuafsláttar þurfi til þess að tryggja að hagur heimila með lágar tekjur versni ekki við breytingarnar.

Vandinn er sá að ekki er alveg rétt að nota umræddar tölur í þessu samhengi. Ástæðan er sú að tekjur heimila sveiflast upp og niður og tekjur yfir skamman tíma gefa því ekki endilega rétta mynd af því hversu vel sett heimili eru. Neysla heimila er betri mælikvarði en tekjur í þessu samhengi þar sem neysla ræðst ekki aðeins af tekjum sama árs heldur einnig af væntingum um tekjur í framtíðinni.

Vægi matvæla hjá þeim fjórðungi heimila sem var með lægst *útgjöld* á árunum 2010-2012 var 17,3% en einungis 14,0% hjá þeim fjórðungi heimila sem var með hæst *útgjöld*. Á þennan mælikvarða er því talsvert meiri munur á *útgjaldamynstri* þeirra best settu og þeirra verst settu. Til þess að tryggja að hagur þeirra síðarnefndu batni þurfa því mótvægisáðgerðir í formi t.d. hærri persónuafsláttar að vera stærri en ef miðað er við tölurnar í málsgreininni hér að ofan.

Áhrif frumvarpsins á ráðstöfunartekjur

Á bls. 12 í athugasemdum sem fylgja frumvarpinu er mjög gagnleg umfjöllun um samanlögð áhrif frumvarpsins á ráðstöfunartekjum „vísitölufjölskyldu“ sem samanstendur af hjónum og tveimur börnum (annað undir sjö ára aldri) með 580 þús. kr. í mánaðartekjur og 465 þús. kr. í *útgjöld* á mánuði að meðtöldum húsnæðiskostnaði. Vægi matvæla í heildarútgjöldum þessarar fjölskyldu er 16,2%.

Áhrif frumvarpsins á ráðstöfunartekjur þessarar fjölskyldu eru jákvæð um 2.065 kr. á mánuði, eða um 0,4% af heildarútgjöldum. Þar af eru 1.586 kr. í formi hærri barnabóta. Áhrif breytinganna á fjölskyldu þar sem vægi matar í heildarútgjöldum er það sama en engin börn eru á heimilinu er því einnig jákvætt, en einungis um 0,1% af heildarútgjöldum. Eins og fyrr segir er vægi matar í *útgjöldum* þeirra heimila sem verst standa meira en 16,2%. Það er 17,3% að meðaltali hjá heim fjórðungi heimila sem eru með lægst *útgjöld* og ábyggilega nokkru herra hjá þeim sem eru allra verst sett (t.d. lægstu tíundinni).

Gagnlegt væri ef lagt væri mat á áhrif frumvarpsins á þessi verst settu heimili (t.d. heimili án barna sem hafa sama vægi matar og þau 10% heimila sem eru með lægst *útgjöld*). Mér finnst líklegt að frumvarpið hafi neikvæð áhrif á ráðstöfunartekjur þessara heimila. Við því mætti bregðast með hækkun persónuafsláttarins. Að öllum líkindum þyrfti óverulega hækkun persónuafsláttarins til þess að tryggja að jafnvel þessi verst settu heimili stæðu betur að vígi eftir að frumvarpið yrði samþykkt.

Einhverjum kann að koma á óvart að vísitölufjölskyldan sem miðað er við í útreikningunum á bls. 12 komi jafn vel út og raun ber vitni. Þar kemur tvennt til. Í fyrsta lagi eru skattalækkanirnar í frumvarpinu meiri en skattahækkanirnar. Mat á heildaráhrifum frumvarpsins á afkomu ríkisins, sem sett er fram á bls. 9 í athugasemdunum með frumvarpinu, gerir ráð fyrir að frumvarpið hafi neikvæð áhrif á afkomu ríkisins sem nemur 3.700 m.kr. Þar af eru 1.000 m.kr. í formi hærri barnabóta og 2.700 m.kr. í formi lægri skatta. Það er því ekki nema von að frumvarpið bæti ráðstöfunartekjur flestra heimila.

En þar sem vægi matar í heildarútgjöldum þeirra heimila sem verst eru sett er herra en hjá betur settum heimilum hefur frumvarpið mun meiri jákvæð áhrif á síðarnefnda hópinn. Draga má úr þessum mun með því að nota stærri hluta þeirra tekna sem aflast með hækkun neðra þrepsins til þess að hækka persónuafsláttinn en minni hluta í að lækka efra þrepið.

Rangt viðmið við útreikning mótvægisáðgerða

Alþýðusamband Íslands hefur vakið athygli á því að hjá sumum tekjulágum heimilum er neysla langt umfram tekjur. Þetta á til dæmis við um námsmenn sem vænta þess að hafa mun hærri tekjur í framtíðinni og taka því lán til þess að jafna neyslu sína yfir tíma. Hjá slíkum heimilum eru útgjöld til matarkaupa mun hærra hlutfall af tekjum en hjá fólki um miðjan aldur sem er almennt að greiða niður námslán og safna í sjóð til efri ára.

Alþýðusambandið virðist telja að þetta geri það að verkum að tillögur sem fram koma í frumvarpinu komi sérstaklega illa niður á þessum heimilum. Þetta er ekki rétt. Slík heimili eyða einnig mun hærra hlutfalli af tekjum í vörur sem eru í hærra skattþrepinu. Þau hagnast því meira á lækkun hærra þrepsins (og afnámi vörugjalda) og tapa meira á hækkun lægra þrepsins. Hvort þau koma betur eða verr út þegar á heildina er litið ræðst af vægi matar í heildarútgjöldum, ekki hlutfalli matarútgjalda í heildartekjum. Þær tölur sem koma fram í minnisblaði ASÍ frá 9. september 2014, sem vakið hafa talsverða athygli og vitnað hefur verið til á Alþingi, eru því ekki rétti mælikvarðinn á nauðsynlegt umfang mótvægisáðgerða fyrir þau heimili sem verst eru sett fjárhagslega.

Undanþágur frá virðisaukaskatti

Í frumvarpinu er tekið jákvætt skref í þá veru að fækka undanþágum frá virðisaukaskatti. Hér mætti þó ganga mun lengra. Hvaða rök eru fyrir því að fólksflutningar séu almennt undanþegnir virðisaukaskatti? Það má ef til vill réttlæta slíka undanþágu í tilviki almenningsgangna sem hvort eð er eru reknar af hinu opinbera með miklum niðurgreiðslum. Þá skiptir kannski ekki öllu hvort niðurgreiðslurnar eru að hluta í formi undanþágu frá virðisaukaskatti. Þegar kemur að fólksflutningum einkaaðila á almennum markaði er hins vegar erfitt að sjá af hverju eitthvað annað á að gilda um þá en aðra þjónustu sem er skattskyld (Hér er vitaskuld mikilvægt að muna að tilgangurinn með breikkun skattstofnsins er að skapa svigrúm til þess að lækka skattprósenta).

Þá er mikilvægt að hugað sé að því hvort aðrar undanþágur séu ekki ef til vill túlkaðar of vítt. Þegar litið er yfir listann yfir undanþágur frá virðisaukaskatti virðist hugsunin á bak við stóran hluta þeirra hafa verið sú að þær næðu yfir þau svið þar sem starfsemi væri rekin eða stórlega niðurgreidd af hinu opinbera. Þá er, eins og fyrr segir, til einskis að vera að rukka virðisaukaskatt þar sem ríkið þyrfti að greiða sjálfu sér þann skatt í formi hærri niðurgreiðslna. Slíkt á augljóslega við um lækningar og heilbrigðisþjónustu, félagslega þjónustu, rekstur skóla og menntastofnana og útfarar- og prestþjónustu. Það átti við um pósthjónustu þegar lögin voru upphaflega sett og átti ef til vill að meira marki við um menningarstarfsemi, starfsemi íþróttafélaga og fólksflutninga á þeim tíma.

Samfélagið hefur hins vegar tekið talsverðum breytingum síðan virðisaukaskattskerfinu var komið á og þá sérstaklega í þá veru að þáttur ríkisins á ýmsum sviðum hefur dregist saman. Þetta á til dæmis við um pósthjónustu en einnig um menningarstarfsemi og fólksflutninga.

Af þessum sökum er mikilvægt að þessar undanþágur verði endurskoðaðar og þeim breytt þannig að þær nái einungis yfir þau svið þar sem ofangreind rök eiga við. Á sviði pósthjónustu og þjónustu ferðaskrifstofa get ég ekki séð nein sterk rök fyrir áframhaldandi undanþágum. Þær undanþágur ætti því að afnema með öllu. Á sviði menningarstarfsemi, starfsemi íþróttafélaga og fasteignaleiga ætti jafnframt að fara fram endurskoðun með það að leiðarljósi að þrengja undanþágurnar. Á síðustu dögum hefur verið bent á að undanþágur vegna laxveiðileyfa og Bláa lónsins skjóti skökku við en slík dæmi eru eflaust mun fleiri.

Frekari hækkun neðra þrepsins

Eins og ég lýsi hér að ofan hníga hagkvæmnisrök að því að dregið sé enn frekar úr þeim mun sem er á efra og neðra þrepi virðisaukaskattkerfisins. Munurinn á efra og neðra þrepinu verður enn mjög mikill jafnvel þótt þetta frumvarp nái fram að ganga. Markmiðinu að bæta hag þeirra sem minnst hafa milli handanna með því að hafa til dæmis mat í neðra þrepinu er betur náð með hækkun persónuafsláttarins. Af þessum sökum tel ég að til lengri tíma eigi stjórnvöld að stefna að því að draga enn úr muninum á efra og neðra þrepi virðisaukaskattkerfisins og ef til vill afnema neðra þrepið með öllu.

Þjónusta sem beinist aðallega að ferðamönnum

Það skýtur alveg sérstaklega skökku við að starfsemi sem beinist að stærstum hluta að erlendum ferðamönnum sé í neðra þrepi virðisaukaskattkerfisins. Hvaða vit er í því að íslensk stjórnvöld niðurgreiði það sem erlendir ferðamenn kaupa á Íslandi? Íslensk náttúra er viðkæm. Hún getur einungis annað takmörkuðum fjölda ferðamanna. Víða annars staðar eru sérstakir skattar lagðir á hótél- og gistipjónustu. Það má hugsa um slíka skatta sem „græna skatta“ sem eiga að vega upp á móti þeim umhverfisskaða sem ferðamenn valda.

Gjaldtaka af ferðamönnum hefur mikið verið í umræðunni síðustu misseri, samanber umræðu um umhverfispassa og gjaldtöku við náttúruperlur eins og Geysi. Einföld leið til þess að taka gjald af ferðamönnum – ef til vill sú einfaldasta og besta – er að hækka virðisaukaskatt á þá þjónustu sem að stærstum hluta beinist að ferðamönnum. Fyrsta skrefið í þessa átt væri að færa hótél- og gistipjónustu í efra þrep virðisaukaskattkerfisins.

Hagsmunaaðilar í ferðapjónustu hafa kvartað yfir stuttum fyrirvara þegar stjórnvöld hafa ætlað að hækka skatta á þá þjónustu sem greinin veitir. Þetta er skiljanlegt sjónarmið í ljósi þess með hve miklum fyrirvara fyrirtæki í ferðapjónustu ákveða almennt verð á þjónustu sinni. Því væri skynsamlegt að veita ferðapjónustunni góðan fyrirvara með því að bæta inn í þetta frumvarp ákvæði um stighækkandi virðisaukaskatt á hótél- og gistipjónustu yfir nokkurra ára bil þar til hún er komin í efra skattþrepið.

Heimildir

Atkinson, A.B., J.E. Stiglitz (1976): „The Design of Tax Structure: Direct versus Indirect Taxation,“ *Journal of Public Economics* 6 (1-2): 55–75.



Nefndasvið Alþingis
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. nóvember 2014
1411013/0.1.2/eg

Efni: Umsögn Embættis landlæknis um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, brottfall laga nr. 97/1987, um vörugjald, og breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (kerfisbreyting á virðisaukaskatti, brottfall laga og hækkun barnabóta), þingskjal 2 - 2. mál.

Í ofangreindu frumvarpi er meðal annars lagt til að virðisaukaskattur á matvæli hækki úr 7% í 12% og að efra þrep virðisaukaskatts lækki úr 25,5% í 24%. Jafnframt á að afnema vörugjald, þar með talið það sem í dag leggst á sykrud matvæli og sykraðar drykkjarvörur.

Embætti landlæknis vekur athygli á að ef þessar tillögur ná fram að ganga munu hollustuvörur á borð við ávexti og grænmeti hækka í verði sem nemur um 5%. Kíló af tómötum sem kostar í dag 459 krónur, í ákveðnum stórmarkaði, kemur til með að hækka í a.m.k. 480 krónur eftir breytingarnar, endanlegt verð fer eftir álagningu vörunnar. Kíló af gulrótum myndi fara úr 718 krónum í 752 krónur.

Samhliða þessu koma gosdrykkir til með að lækka í verði við afnám vörugjalds, þó mismikið eftir stærð pakkinga og álagningu, þrátt fyrir að virðisaukaskattur á þeim hækki. Tveggja lítra gosflaska sem í dag kostar 295 krónur, í ákveðnum stórmarkaði, gæti lækkað um a.m.k. 11%. Kolsýrt vatn myndi hins vegar hækka um 5% eins og ávextir og grænmeti. Hvað sælgæti varðar eru áhrifin mismunandi en þau fara m.a. eftir núverandi vörugjaldi sem leggst á eftir sykurinnihaldi.

Embætti landlæknis telur það ekki farsælt, hvorki út frá sjónarmiðum heilsueflingar né ójöfnuðar til heilsu, að lækka álögur á óhollustu eins og gosdrykki og sælgæti því það getur haft í för með sér aukna neyslu á þessum vörum sem er þó mikil fyrir. Neysla á sykurrikum vörum eykur líkur á offitu og tannskemmdum og mikil neysla á sykrudum gos- og svaladrykkjum getur auk þess aukið líkur á sykursýki af tegund tvö.

Hækkun á verði grænmetis og ávaxta getur hins vegar dregið úr neyslu þeirra sem er nú þegar of lítil, aðeins um helmingur af því sem ráðlagt er. Það hefur sýnt sig að verðbreytingar á grænmeti hafa haft áhrif á neyslu en við lækkun innflutningstolla og síðar afnám jókst grænmetisneyslan en við efnahagsþrengingarnar 2008 dró úr henni.

Fyrirhugaðar breytingar eru því í andstöðu við það sem Embætti landlæknis leggur til varðandi skattlagningu á matvörum. Hún er einnig í andstöðu við tillögur sem vinnuhópur á vegum velferðarráðuneytis setti fram í aðgerðaáætlun til að draga úr tíðni offitu en þar var í fyrsta sæti að hækka álögur á óhollustu og nýta þá til skattalækkunar á hollari vörum. Rannsóknir hafa sýnt að slík forvarnaraðgerð sé áhrifaríkari heldur en fræðsla ein og sér. Ennfremur gætu fyrirhugaðar breytingar leitt til aukins ójöfnuðar til heilsu en opinberar ákvarðanir sem leiða til þess að hollar vörur hækki í verði og óhollar vörur lækki í verði geta leitt til þess að fólk færi sig í auknum mæli yfir í kaup á óhollum matvörum. Mikilvægt er að hafa í huga að ákvarðanir sem teknar eru fyrir utan heilbrigðiskerfið, t.d. skattabreytingar, geta haft mikil áhrif á heilsu og því er mælt með að ávallt séu metin möguleg áhrif slíkra aðgerða á heilsu, líkt og gert er í „*Health in all policies*“.

Leiðin sem farin var 2013 ekki líkleg til að skila árangri

Samkvæmt breytingum á vörugjaldi sem tóku gildi 1. mars 2013 hækkaði vörugjald á sykri úr 60 í 210 kr./kg og tók vörugjald af öðrum vörum mið af hlutfalli viðbættis sykurs og sætuefna í viðkomandi vöru, sjá nánar í fylgiskjali 1. Vörugjald á gosdrykki hækkaði einungis um 5 krónur á lítra eða 2,5 krónur á hálfan lítra. Þessar breytingar árið 2013 voru því ekki líklegar til að hafa mikil áhrif til að draga úr neyslu á gosdrykkjum en gosdrykkir er sú vörutegund sem vegur hvað þyngst í sykurneyslu landsmanna, eða um þriðjung af sykurneyslu fullorðinna samkvæmt niðurstöðum landskönnunar á mataræði 2010–11 og enn hærra hjá unglingum.


Áhrifaríkasta leiðin núna

Niðurstöður rannsóknar sem birtist í New England Journal of Medicine 2009 sýndu að verðstýring með sköttum eða vörugjaldi á sykraða gosdrykki geti verið áhrifarík forvörn, þ.e. til að minnka neyslu. Áhrifin yrðu mest þar sem þörfin er brýnust, þ.e. hjá börnum og ungmennum og þeim sem drekka mest af gosdrykkjum.

Í grein sem birtist 2011 í The Lancet var lagt mat á hvaða aðgerðir stjórnvalda í Ástralíu skiluðu mestum ávinningi og árangri til að bæta heilsu og draga úr útgjöldum vegna offitu. Niðurstaðan var sú að skattar á óhollustu væru áhrifaríkasta leiðin.


Embætti landlæknis hvetur eindregið til að við fyrirhugaðar breytingar á virðisaukaskattskerfinu og vörugjaldi verði gætt að því að gosdrykkir og sælgæti lækki ekki í verði. Leiðir til þess væru annars vegar að leggja áþreifanlegan skatt á gosdrykki og sælgæti beint til að draga úr sykurneyslu landsmanna, það er almennilegan sykurskatt. Önnur leið væri að færa gosdrykki og sælgæti í efra þrep virðisaukaskatts, þ.e. í 24% þrepið. Jafnframt er mælt með að nýta fjármuni sem koma inn við álagningu á óhollustu til að standa straum af afnámi virðisaukaskatts á grænmeti og ávöxtum. Slíkt myndi skapa aðstæður sem hvetja til heilbrigðari lifnaðarháttar og aukins jöfnuðar til heilsu með því að auðvelda aðgengi að hollum matvælum en takmarka aðgengi að þeim óhollari.

Virðingarfyllst,



Hólmfríður Þorgeirsdóttir

Næringarfræðingur



Elva Gísladóttir

Næringarfræðingur

Fylgiskjöl

Nr. 1 [Þróun virðisaukaskatts og vörugjalda á matvælum \(PDF\)](#)

http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item24872/Verdlags%C3%BEroun_skjal%20med%20frett%202%2010%202014_1.pdf

Nr. 2 [Aðgerðaáætlun til að draga úr tíðni offitu \(PDF\)](#)

http://www.velferdarraduneyti.is/media/Rit_2013/Adgerdaraaetlun-til-ad-draga-ur-tidni-offitu.pdf



Þróun virðisaukaskatts og vörugjalda á gosdrykkjum, sælgæti og öðrum matvælum

<i>Virðisaukaskattur</i>						
	1.1.1994	1.3.2007 ¹	1.9.2009	1.1.2010	1.3.2013	Tillaga 2015 ⁴
Gosdrykkir	24,5%	7%	E.b.	E.b.	E.b.	12%
Sælgæti	24,5%	7%	E.b.	E.b.	E.b.	12%
Aðrar matvörur	14%	7%	E.b.	E.b.	E.b.	12%
Aðrar vörur	24,5%	E.b.	E.b.	25,5%	E.b.	24%
<i>Vörugjöld</i>						
	1.1.1994	1.3.2007 ¹	1.9.2009 ²	1.1.2010	1.3.2013 ³	Tillaga 2015 ⁴
Gosdrykkir	8 kr/L	Felld niður ¹ 0 kr/L	16 kr/L	E.b.	21 kr / L	0
Sykur	30 kr/kg	E.b.	60 kr/kg	E.b.	Lögð á vörugjöld út frá sykurmagni – 210 kr á kg af sykri ³	0
Súkkulaðivörur	40-50 kr/Kg	E.b.	100 kr/kg	E.b.	Lögð á vörugjöld út frá sykri – 210 kr á kg af sykri ³	0
Aðrar vörur – mismunandi vörugjöld, t.d. Kaffi Kakó Niðursoðnir ávextir Rjómaís	 35 kr/kg 50 kr/kg 10 kr/kg 8 kr/L	Felld niður ¹ 0 kr/kg 0 kr/kg 0 kr/kg 0 kr/L	Vantar upplýsingar 70 kr/kg 130 kr/kg 24 kr/kg 16 kr/L	E.b.	Lögð á vörugjöld út frá sykri – 210 kr á kg af sykri ³	0

E.b.= Engin breyting



Þróunin frá árinu 2007

1. Árið 2007 voru gosdrykkir og sykraðir svaladrykkir ekki undanskyldir niðurfellingu vörugjalds, líkt og önnur sætindi. Niðurstaðan var því sú að þessir drykkir voru meðal þeirra matvara sem lækkuðu hlutfallslega mest þegar bæði kom til lækun á virðisaukaskatti úr 24,5% í 7% og niðurfelling á vörugjaldi sem var 8 kr/L. Samkvæmt upplýsingum úr greinargerð um verðþróun á matvælum og veitingum í tengslum við aðgerðir ríkisstjórnarinnar frá árinu 2008 er ljóst að afnám vörugjalda skilaði sér ekki að fullu til neytenda. Hins vegar leiddu þær til nokkurrar raunlækkunar á gosdrykkjum og sætindum og hækkunar á hollum vörum líkt og ávöxtum og fiski.

2. Í september 2009 voru lögð vörugjöld á sykraðar vörur og fleiri vörur. Sú aðgerð var því almenns eðlis frekar en að heilsusjónarmið lægju til grundvallar.

3. Þegar breytingar voru gerðar á vörugjöldum árið 2013 hækkuðu vörugjöld á sykri úr 60 í 210 kr/kg en vörugjöld á öðrum vörum sem innihéldu sykur tóku mið af hlutfalli viðbættis sykurs og sætuefna í viðkomandi vöru. Þetta leiddi til þess að afnumið var vörugjald af kolsýrðu vatni og var það jákvætt skref. Hins vegar hækkuðu vörugjöld á gosdrykkjum einungis lítillega, eða um 5 krónur á lítra, eða 2,5 krónur á hálfan lítra, en vörugjald á súkkulaði lækkaði um 16 krónur á kíló, einnig á ýmsu öðru sælgæti og kexi.

Þessar breytingar þóttu því ekki líklegar til að hafa mikil áhrif til að draga úr neyslu á gosdrykkjum en gætu aukið neyslu á sælgæti. Þetta eru þær vörutegundir sem vega hvað þyngst í sykurneyslu landsmanna, eða yfir 50% af sykurneyslu fullorðinna samkvæmt niðurstöðum landskönnunar á mataræði 2010-11 og enn hærra hjá unglingum.

Ekki er hægt að segja að sú leið sem valin var tæki nægjanlega mið af mannelðissjónarmiðum. Hækka hefði þurft vörugjöld á sykri talsvert meira en gert var til þess að það skilaði verðhækkun sem einhverju nemur á þeim vörum sem vega þyngst í sykurneyslu landsmanna en árangursríkara væri að hækka vörugjöld beint á gosdrykki og sælgæti ef ætlunin væri að draga úr sykurneyslu landsmanna. Önnur leið sem væri hægt að fara er að færa gosdrykki og sælgæti í efra virðisaukaþrepið.

4. Meginbreytingin, ef tillögur ná fram að ganga, er sú að virðisaukaskattur á matvæli hækkar úr 7% í 12% en efra þrepið lækkar úr 25,5% í 24%. Jafnframt á að afnema vörugjöld, þar með talin þau sem í dag leggjast á sykrað matvæli. Ef þessar tillögur ná fram að ganga munu hollustuvörur á borð við ávexti og grænmeti hækka í verði sem nemur um 5%.

Kíló af tómötum sem kostar í dag 459 krónur, í ákveðnum stórmarkaði, kemur til með að hækka í a.m.k. 480 krónur eftir breytingarnar, endanlegt verð fer eftir álagningu vörunnar. Kíló af gulrótum myndi fara úr 718 krónum í 752 krónur. Samhliða þessu koma gosdrykkir til með að lækka í verði við afnám vörugjalda, þó mismikið eftir stærð pakkninga og álagningu, þrátt fyrir að virðisaukaskattur á þeim hækki. Tveggja lítra gosflaska, sem í dag kostar 295 krónur í ákveðnum stórmarkaði, gæti lækkað um a.m.k. 11%. Kolsýrt vatn myndi hins vegar hækka um 5% eins og ávextir og grænmeti. Hvað sælgæti varðar eru áhrifin mismunandi en þau fara m.a. eftir núverandi vörugjöldum sem leggjast á eftir sykurinnihaldi.

Reykjavík, 2. október 2014

Elva Gísladóttir
Hólmfríður Þorgeirsdóttir
verkefnisstjórar næringar

Minnisblað

Dagsetning: 8.02.2013

Málsnúmer/skjalalykill:

Vinnuhópur 8.

Dóra Guðrún Guðmundsdóttir, formaður
Héðinn Jónsson
Ingibjörg Gunnarsdóttir
Ludvig Guðmundsson
(til vara: Erla Gerður Sveinsdóttir)
Margrét Björnsdóttir
Sesselja Guðmundsdóttir
Sigrún Daníelsdóttir
Tryggvi Helgason

Starfsmenn Embættis landlæknis

Elva Gísladóttir
Gígja Gunnarsdóttir
Hólmfríður Þorgeirsdóttir
Kristján Þór Magnússon

Aðgerðaáætlun til að draga úr tíðni offitu

Mikilvægi forvarna gegn langvinnnum ósmittbærum sjúkdómum (*noncommunicable diseases*) er óumdeilt því eins og Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur bent á má rekja 77% sjúkdómabyrði í Evrópu til þessa breiða hóps sjúkdóma. Sjúkdómabyrðin kemur að stórum hluta til vegna hjarta- og æðasjúkdóma, krabbameina, langvinnrar lungnateppu og sykursýki. Einnig hefur verið sýnt fram á að sameiginlegir áhættuþættir þeirra, eins og offita, hreyfingarleysi, óhollt mataræði, tóbaksneysla og skaðleg neysla áfengis, koma misjafnlega fram eftir félags- og eflahagslegri stöðu fólks. Sú staðreynd ætti að hvetja yfirvöld til að jafna möguleika allra til heilbrigðis.¹

Nýjustu upplýsingar um stöðu mála hér á landi benda til þess að um 21% fullorðinna Íslendinga flokkist sem of feitir (BMI≥30). Mælingar benda til mikillar aukningar í þessum hópi frá 1990 til 2007 en að síðan hafi hægt á þróuninni.² Tæp 5% nýu ára barna á höfuðborgarsvæðinu flokkast of feit og 18,5% of þung³ en ofþyngd í æsku hefur verið tengd offitu síðar á ævinni.⁴ Á síðari hluta 20. aldar var mikil auking á hlutfalli þeirra barna sem flokkuðust of þung eða of feit en mælingar undanfarinn áratug benda ekki til merkjanlegrar aukningar hvað þetta varðar.⁴ Þrátt fyrir að vísbendingar séu um

¹ WHO Europe. (2012). *Action Plan for implementation of the European Strategy for the Prevention and Control of Noncommunicable Diseases 2012-2016*. Kaupmannahöfn: WHO Regional Office for Europe.

² Hólmfríður Þorgeirsdóttir ofl. (2012). *Hvað borða Íslendingar? Könnun á mataræði Íslendinga 2010-2011*. Reykjavík: Embætti landlæknis, Matvælastofnun og Rannsóknastofa í næringarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala-háskólasjúkrahús.

³ Stefán Hrafn Jónsson ofl. (2012). *Líkamsþyngd barna á höfuðborgarsvæðinu Niðurstöður úr Ískrá á þyngdar og hæðarmælingum barna frá 2003/04-2011/12*. Reykjavík: Embætti landlæknis og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins.

⁴ Jonna Juhola o.fl. (2011). Tracking of Serum Lipid Levels, Blood Pressure, and Body Mass Index from Childhood to Adulthood: The Cardiovascular Risk in Young Finns Study. *J Pediatrics*, 159(4), 584-590.

jákvæða breytingu í þróun offitu á meðal fullorðinna og barna á síðustu árum er mikilvægt að horfast í augu við stöðuna og til mikils að vinna fyrir íslenskt samfélag að stuðla með ábyrgum hætti að heilsusamlegu holdafari og lífsháttum landsmanna almennt.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur bent á að ef stemma á stigu við núverandi stöðu þurfi að koma til fjölbættar, heilrænar stefnur og aðgerðir á öllum stigum samfélagsins með aðkomu margra hagsmunaaðila úr mismunandi geirum þjóðfélagsins. Heilsusamlegir lífnaðarhættir hafa fjölbætt gildi fyrir heilsu og líðan, óháð holdafari. Rannsóknir benda ennfremur til þess að fólk bregðist almennt jákvæðar við lýðheilsuskilaboðum um bættu lífnaðarhætti án sérstakrar vísunar til þyngdar, heldur en skilaboðum þar sem athygli er beint að offitunni sem slíkri.⁵ Því er æskilegt að útgangspunktur stjórnvaldsaðgerða, sem ætlað er að sporna gegn tíðni offitu, sé almennt að skapa aðstæður sem styðja landsmenn til að ástunda heilsusamlega lífnaðarhætti í sínu nærumhverfi óháð holdafari og félagslegri eða efnahagslegri stöðu. Er þarna átt við meðal annars daglega hreyfingu og hollar matarvenjur í samræmi við ráðleggjngar.^{1,6} Auk þess væri æskilegt að leggja áherslu á að efla aðra þætti sem þekkt er að hafa tengsl við offitu s.s. góðar svefnvenjur⁷ og takmörkun streitu⁸. Auk almennra aðgerða þurfa að vera í boði sértækari úrræði fyrir þá sem glíma nú þegar við offituvanda.

Mikilvægt er að tryggja reglulega vöktun á stöðu lykiláhrifapátta heilbrigðis á landsvísu, skima markvisst fyrir þeim í heilbrigðiskerfinu og tryggja í framhaldinu aðgengi að úrræðum ef þörf krefur. Þannig má fylgjast með framþróuninni og grípa fyrr til aðgerða en ella sem er aftur líklegt til að vera mun hagkvæmari leið fyrir einstaklinga, fjölskyldur og samfélagið í heild sinni.¹

Rannsóknir undanfarinna áratuga sýna að fitufordómar (*anti-fat prejudice*) og mismunun á grundvelli holdafars er algeng í vestrænum samfélögum⁹ og hafa íslenskar rannsóknir m.a. staðfesta að slík mismunun á sér stað í atvinnulífinu hér á landi.¹⁰ Við innleiðingu aðgerða þarf því að leggja áherslu á að þær stuðli allt í senn að andlegu, líkamlegu og félagslegu heilbrigði og vellíðan en verði ekki til þess að auka neikvæð viðhorf eða vanlíðan í tengslum við holdafar. Þvert á móti er mikilvægt að efla virðingu fyrir fjölbreyttum líkamsvexti í samfélaginu þar sem slæm líkamsmýnd og fordómar vegna holdafars geta haft neikvæð áhrif á heilsutengda hegðun, heilbrigði og líðan.¹¹ Því er ráðlagt að aðgerðir stjórnvalda felist í **eflingu heilbrigðra lífnaðarháttá á breiðum samfélagslegum grundvelli** án sérstakrar áherslu á offitu eða líkamspýngd.

⁵ Puhl, R., Peterson, J.L. og Luedicke, L. (2012). Fighting obesity or obese persons? Public perceptions of obesity-related health messages. *International Journal of Obesity*. doi:10.1038/ijo.2012.156

⁶ WHO. (2007). *The Challenge of obesity in the WHO European region and the strategies for response. Summary*. Kaupmannahöfn: WHO Regional Office for Europe.

⁷ Spiegel, K. o.fl. (2009). Effects of poor and short sleep on glucose metabolism and obesity risk. *Nature Reviews Endocrinology*, 5, 253–261.

⁸ Dallman, M.F. o.fl. (2010). Stress-induced obesity and the emotional nervous system. *Trends in Endocrinology & Metabolism*, 21, 159–165.

⁹ Puhl, R.M., & Heuer, C.A. (2009). The stigma of obesity: a review and update. *Obesity*, 17, 941–64.

¹⁰ Asgeirsdóttir, T.A. (2011). Do body weight and gender shape the work force? the case of Iceland. *Economics & Human Biology*, 9, 148–156.

¹¹ Puhl, R.M. o.fl. (2010). Obesity stigma: important considerations for public health. *Am J Public Health*. 100(6):1019–28.

Tillögurnar sem lagðar eru fram hér að neðan snúast fyrst og fremst að fyrirbyggjandi aðgerðum og snemmíhlutun.

1. Tillögur að forgangsaðgerðum

Forgangsverkefni stjórnvalda er að kalla eftir samstarfi allra ráðuneyta til að samhæfa aðgerðir til þess að draga úr óheilbrigðum lífnaðarháttum og vaxandi þyngd þjóðarinnar.

1. Skattur á óhollustu – ívilnun á hollustu
2. Rannsóknir á lífnaðarháttum – regluleg vöktun – mat á árangri aðgerða
3. Efling þjónustu heilsugæslunnar
4. Ávísun á hreyfingu
5. Næringarráðgjöf innan heilsugæslunnar
6. Samnorrænt hollustumerki
7. Klínískar leiðbeiningar um offitu fyrir börn (endurskoðaðar) og fyrir fullorðna
8. Mat á heilsufarsáhrifum (*health impact assessment*)
9. Kortleggja fitufordóma og vinna gegn þeim

Nánari lýsing:

1. Skattur á óhollustu – ívilnun á hollustu

Lýsing: Hækka skatta og/eða vörugjöld á óhollustu (t.d. sykrudum gos- og svaladrykkjum, drykkjum með sætuefnum og sælgæti) og lækka skatta á hollustu (t.d. grænmeti, ávöxtum og fiski). Þannig sé útgangspunkturinn sá að hækun skatta á óhollustu nýtist almenningsi a.m.k. að hluta til í formi skattalækkunar á hollari vöru. Vörugjöld (t.d. föst krónutala per líter) hvetur til kaupa á minni einingum meðan prósentuskattur líkt og virðisaukaskattur hvetur til kaupa á ódýrari tegundum og stærri einingum. Tekjur af álagningu á óhollustu ætti að nýta til að standa straum af kostnaði við aðgerðir sem leiða til heilbrigðari lífnaðarháttá eins og þær sem tilgreindar eru hér að neðan.

Sjá fylgiskjal (1).

Ábyrgð: Stjórnvöld

Framkvæmdaraðilar: Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Hvað þarf til (mannafli og önnur aðföng): Breytingar á viðkomandi lögum.

2. Rannsóknir á lífnaðarháttum – regluleg vöktun – mat á árangri aðgerða

Lýsing: Regluleg vöktun á lífnaðarháttum og þar með talið áhættuþáttum langvinnra sjúkdóma annara en smitsjúkdóma (*Non-communicable diseases*) er mikilvæg því þekking á stöðu þeirra mála á hverjum tíma er forsenda allra viðbragða. Íhlutandi aðgerðir sem miða að því að draga úr áhættuþáttum og/eða tilfellum sjúkdóma þurfa í kjölfarið að vera metin á hverjum tíma þannig að færa megi rök fyrir beitingu þeirra. Þetta hefur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin bent rækilega á undanfarin ár, t.a.m. nú síðast með skýrslu frá mars 2012 þar sem lagður er til rammi um

hvernig best megi haga slíkri vöktun óháð landsvæðum.¹² Byrði þessara sjúkdóma í vestrænum ríkjum er stór því um 2/3 allra dauðsfalla í heiminum 2008 mátti rekja til langvinnra sjúkdóma eins og hjartasjúkdóma, krabbameina, sykursýki og langvinnra lungnasjúkdóma. Skilningur á því (á öllum þrepum samfélagsins) að koma megi í veg fyrir stóran hluta þessara sjúkdóma, með því að draga úr áhættuþáttum þeirra á fyrri stigum er forsenda úrbóta. Því þarf vöktun helstu áhrifaþátta heilbrigðis svo veita megi stjórnvöldum ráðgjöf við stefnumótun, löggjöf og fjárveitingar til heilbrigðismála. Árlega þarf að tryggja fjármagn svo vakta megi helstu áhrifaþátti heilbrigðis, heilsu og líðan landsmanna á áreiðanlegan hátt. Í þessu samhengi er bent á mikilvægi landskannana á borð við „Heilsu og líðan“ frá 2007 og 2009 og „Landskönnun á mataræði Íslendinga“ frá 2010-2011, einnig meðal barna (einnig þarf að þróa og leggja fram samskonar landskönnun á hreyfingu). Þessar kannanir ætti að framkvæma reglulega. Tryggja þarf ábyrgðaraðila, framkvæmaáætlun, fjármagn og úrvinnslu niðurstaðna þannig að þær upplýsingar sem safnast nýtist sem best í ofangreindum tilgangi.

Ábyrgð: Stjórnvöld

Framkvæmdaraðilar: Embætti landlæknis, háskólasamfélagið

Aðrir þátttakendur: Velferðarráðuneytið

3. Efling þjónustu heilsugæslunnar

i. Markviss skimun lifnaðarháttá (áhættuþátta)

Lýsing: Að starfsfólk heilsugæslunnar skimi markvisst fyrir lifnaðarháttum skjólstaðinga sem tengjast t.d. hreyfingu, næringu, líðan, svefni, streitu, tóbaks- og áfengisneyslu.

1. SÖGU kerfið: (komið í vinnslu)

Aðgerðir sem m.a. þarf að fara í er að útbúa nýtt rafrænt vaxtalínurit fyrir börn og setja rauð flögg í SÖGU sem birtast fagfólki þegar börn fara undir eða yfir sína vaxtarkúrfu. Rauðu flöggin eiga að nýtast sem vísbendingar um mögulegan vanda en ekki sem sjúkdóms-greiningar. Fari barn undir eða yfir sína vaxtarkúrfu ætti að boða foreldra í viðtal til þess að kanna lifnaðarhætti barnsins og fjölskyldunnar og veita aðstoð ef úrbóta reynist þörf. Eins þarf að einfalda kerfið þannig að hægt sé að taka út skýrslur í SÖGU um tíðni offitu barna og verðandi mæðra.

Ábyrgð: Embætti landlæknis

Framkvæmdaraðilar: Heilsugæslan, Landspítali-háskólasjúkrahús

ii. Heilsumóttaka með þverfaglegu teymi sérfræðinga (komið í vinnslu)

Lýsing: Tryggja þarf fjármagn til að koma á og þróa heilsumóttökur heilsugæslunnar. Heilsumóttökurnar munu samanstanda af heilsunámskeiðum fyrir viðkomandi markhópa og einstaklingsviðtölum. Heilsumóttakan er m.a. hugsuð fyrir verðandi mæður (BMI>30kg/m²), foreldra of feitra barna og of feita fullorðna. Sjá fylgiskjal (2). Mikilvægt er að heilsugæslan efli samstarf við sálfræðinga og opni fyrir samstarf við t.d. næringarfræðinga/ráðgjafa (sjá nánar aðgerð 1.5 hér að neðan) og fagfólk á sviði hreyfingar (sjá nánar um ávísun á hreyfingu næsta lið). Mikilvægt er að þjálfna innri vitund og tilfinningar fyrir svengd og seddu og að

¹² Sjá „A comprehensive global monitoring framework including indicators and a set of voluntary global targets for the prevention and control of noncommunicable diseases“ 2012, Second WHO discussion paper, http://www.who.int/nmh/events/2012/discussion_paper2_20120322.pdf

áhersla verði lögð á heilbrigðar lífsvenjur til frambúðar fremur en þyngdartap. Einnig er mikilvægt að félagsleg staða sé metin og ráðgjöf og þjónusta veitt ef þörf er á. Heilsugæslan þarf að hafa frumkvæði að samstarfi út fyrir raðir hefðbundinna heilbrigðisstétta á sínu starfssvæði með heilsuefningu fyrir augum.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið

Framkvæmdaraðilar: Heilsugæslan

Aðrir þátttakendur: Mikilvægt að tryggja aðkomu eftirfarandi stétta: Hjúkrunarfræðingar, læknar, ljósmæður, næringarráðgjafar/næringarfræðingar, sálfræðingar, sjúkraþjálfarar og íþróttfræðingar

Hvað þarf til (mannafli og önnur aðföng): Áherslubreyting innan heilsugæslunnar og fjármagn

4. Ávísun á hreyfingu

4.1 Hreyfiseðill

Mikilvægt að VEL styðji við áframhaldandi þróun og upptöku hreyfiseðils. Rannsóknir staðfesta fjölpætt gildi hreyfingar sem forvörn og ekki síður sem meðferðarform fjölmargra sjúkdóma. Reynsla t.d. Svía og Englendinga sýnir að með markvissri hreyfingu megi m.a. draga úr lyfjanotkun, læknaheimsóknum og innlögnum sem þýðir aftur verulegan sparnað fyrir samfélagið. Afar mikilvægt er að missa ekki þráðinn, halda áfram að byggja á því sem þegar hefur áunnist og vinna markvisst að því að hreyfiseðill verði varanlegur valkostur í heilbrigðiskerfinu.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið

Framkvæmdaraðilar: Heilsugæslan

Aðrir þátttakendur: Sjúkraþjálfarar, íþróttfræðingar

Hvað þarf til (mannafli og önnur aðföng): Með tilvísan í erindi aðstandenda Hreyfiseðils til VEL 22. nóvember 2011 er áætlað að um 2 stöðugildi samhæfingaraðila (4 í hlutastarfi) dugi til að byrja með til að halda utanum ávísanir lækna á 18 heilsugæslustöðvum, í 3 umdæmum á höfuðborgarsvæðinu og 1 umdæmi á norðurlandi.

Tími (hve stórt er verkefni með t.t. tíma (mán., ár): Til frambúðar

4.2 Hreyfitorg.is og fjölgun hreyfitilboða

Til að styðja við uppbyggingu kerfis um ávísun á hreyfingu er mikilvægt að Hreyfitorg.is, gagnvirkur vefur sem veitir yfirsýn yfir þá hreyfingu sem er í boði á hverjum tíma, komist vel á legg og umsjón þess verði tryggð til framtíðar. Einnig þarf að koma á fót menntun fyrir leiðbeinendur á sviði almenningsíþróttar og vinna enn frekar að fjölgun einfaldra, ódýrra hreyfitilboða í heimabyggð.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið

Framkvæmdaaðilar: Embætti landæknis (í skoðun að ÍSÍ taki við vefnum til framtíðar)?

Aðrir þátttakendur: VIRK, Læknafélag Íslands, Félag íslenskra sjúkraþjálfara, Íþróttakennarafélag Íslands, Reykjalundur, UMFÍ, háskólar o.fl.

Hvað þarf til (mannafli og önnur aðföng):

Áætlað er að til ársins 2015 um hálf stöðugildi til að fylgja Hreyfitorgi vel úr hlaði, koma á fót námskeiðum og vinna markvisst að fjölgun hreyfitilboða. Einnig þarf að tryggja fjármagn í rekstur og kynningu Hreyfitorgs á umræddu tímabili.

Tími (hve stórt er verkefni með t.t. tíma (mán., ár): Til ársins 2015. Verði síðan endurskoðað.

5. Næringarráðgjöf innan heilsugæslunnar

Lýsing: Mikilvægt er að Velferðarráðuneytið styðji innleiðingu á næringarráðgjöf í mæðra, ung- og smábarnavernd (forgangshópar), sem og aðra þjónustu heilsugæslunnar. Slík þjónusta er ekki til staðar í dag (með örfáum undantekningum). Þróa þarf mælikvarða sem unnt er að nýta til að finna þau börn/fjölskyldur sem helst þurfa á ráðgjöf um næringu að halda auk þjálfunar er tengist vali á hollum mat og matargerð (vaxtarkúrfur, mælikvarða á heilsu og lifnaðarháttum, þ.m.t. mataræði foreldra).

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið, Heilsugæslan

Framkvæmdaraðilar: Rannsóknastofa í næringarfræði í samvinnu við Næringarstofu Landspítala. *Rök: Þar eru starfsmenn sem búa yfir þeirri sérþekkingu sem þarf til að leiða þetta starf, þ.e. blanda af næringarráðgjöfum með áratuga reynslu úr klínísku starfi auk sérfræðinga á sviði næringarfræði sem búa yfir færni til þess að túlka niðurstöður nýjustu rannsókna yfir í klínískar leiðbeiningar og/eða verklagsreglur.*

Aðrir þátttakendur: Næringarfræðingar og næringarráðgjafar nú þegar starfandi í heilsugæslunni og/eða á meðferðarstofnunum. Heilbrigðisstarfsfólk sem tekur þátt í þróunarstarfi innan heilsugæslunnar.

Hvað þarf til (mannafli og önnur aðföng):

Þróunarferlinu er skipt í tvo verkþætti:

- 1) Faglegur undirbúningur; eitt stöðugildi sérfræðings í 1-1,5 ár.
Faglegur undirbúningur felur í sér gerð klínískra leiðbeininga með tilliti til næringarráðgjafar í heilsugæslunni á völdum sviðum.
- 2) Innleiðing; eitt stöðugildi sérfræðings í 1 ár
Meta þarf þörf fyrir mannafla á hverri heilsugæslustöð fyrir sig. Slíkt veltur á því hversu víðtæka ráðgjöf skuli veita, hvort ákveðnum hópum verði forgangsraðað (svo sem þungaðar konur og ung börn), hvort sinna eigi skjólstæðingum á öllum aldurskeiðum eða byggja þjónustuna í kringum ákveðna sjúkdóma.

6. Samnorrænt hollustumerki: (komið í vinnslu)

Lýsing: Samnorræna hollustumerkið „Skráargatið“ verði tekið upp sem fyrst á Íslandi. Markmiðið með Skrárgatinu er að við innkaup geti neytendur á skjótan hátt valið hollari matvörur með tilliti til mettaðrar fitu, viðbættis sykurs, salts og trefja. Reynsla nágrannaþjóðanna er sú að upptaka Skrárgatsins hvetji matvælaíðnaðinn til að þróa hollari matvöru.

7. Klínískar leiðbeiningar um offitu fyrir börn (endurskoðaðar) og fyrir fullorðna

Ábyrgð: Velferðarráðuneyti.

Framkvæmdaraðili: Embætti landlæknis.

Samstarfsaðilar: Sérfræðingar á sviði offitu barna og fullorðinna, til dæmis læknar, sálfræðingar, næringarfræðingar/næringarráðgjafar, sjúkraþjálfarar og hjúkrunarfræðingar.

Kostnaður: Innan ramma.

8. Mat á heilsufarsáhrifum (*health impact assessment*)

Lýsing: Mikilvægt að komið verði á mati á heilsufarsáhrifum (*health impact assessment*) á fyrirhuguðum stjórnvaldsaðgerðum. T.d. að gert verði mat á fyrirhuguðum áhrifum samgönguáætlunar á heilsu og líðan landsmanna.

Ábyrgð: Velferðarráðuneyti

Framkvæmdaraðilar: Velferðarráðuneyti

Aðrir þátttakendur: Embætti landlæknis, Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands,

Hvað þarf til: Setja á fót vinnuhóp til að útfæra matið auk fjármagns til að fylgja því eftir.

9. Kortleggja fitufordóma og vinna gegn þeim (komið í vinnslu)

Lýsing: Rannsaka umfang fitufordóma meðal Íslendinga og fræða nemendur og starfsfólk í skólum og á heilbrigðisstofnunum um tilvist og áhrif fitufordóma, hvaða orðalag og áherslur ýta undir fitufordóma og hvernig hægt er að vinna samhliða að eflingu heilbrigðis og virðingu allra óháð holdafari. Einnig er mikilvægt að koma reglulegum skilaboðum til fjölmiðla um hverskonar myndefni, fyrirsagnir og áherslur ýta undir fordóma í tengslum við holdafar.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið

Framkvæmdaraðilar: Embætti landlæknis

Aðrir þátttakendur: Háskólar, heilbrigðisstofnanir, fjölmiðlar, starfsfólk allra skólastiga

Hvað þarf til (mannafli og önnur aðföng): Útbúa fræðslusefni fyrir nema og starfsfólk mennta- og heilbrigðisviða.

Tími (hve stórt er verkefni með t.t. tíma (mán., ár): Fræðsluefni tilbúið fyrir árslok 2014.

2. Aðrar aðgerðir

2.1. Stjórnvaldsaðgerðir

2.1.1. Ný mannelis- og neyslustefna

Lýsing: Árið 1989 var samþykkt þingsályktun um mannelis- og neyslustefnu frá 1990-2000. WHO gaf út Second WHO European action plan for food and nutrition policy 2007-2012 og hvatti aðildarlöndin til að setja sér slíka stefnu.

2.1.2. Aukin heilbrigðisfræðsla á öllum skólastigum

Lýsing: Mikilvægt að nemendur á öllum skólastigum (leik-, grunn-, framhalds- og háskóla) fái fræðslu um hollt mataræði, mikilvægi reglulegrar hreyfingar og eflingu líkamsmyndar. Mikilvægt er að kennarar og aðrir sem vinna með börnum og unglingum fái viðeigandi menntun á þessu sviði. Eins er mikilvægt að skilaboð sem nemendum eru send um þessa þætti séu samræmd og stangist ekki á. Sömuleiðis er mikilvægt að efla þekkingu heilbrigðisstétta á þessu sviði.

2.1.3. Takmörkun auglýsinga sem beint er til barna

Lýsing: Það er mikilvægt að kanna hvort ný fjölmiðlalög 2011, ganga nógu langt. Á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) er starfandi hópur sem vinnur að gerð viðmiðunarramma um hvernig takmarka beri auglýsingar sem beint er til barna. Von er á niðurstöðum þessa hóps innan tíðar og nýleg fjölmiðlög hér á landi skyldu yfirfarin og borin saman við þann viðmiðunarramma sem settur verður af WHO.

Í fjölmiðlalögunum segir í 41. grein að auglýsingar og fjarkaupainnskot eru óheimil í dagskrá sem er ætluð börnum yngri en 12 ára. Bann þetta hefst 5 mínútum áður en dagskrá ætluð börnum yngri en 12 ára hefst og stendur þar til 5 mínútum eftir að útsendingu slíkrar dagskrár lýkur. Í 38. grein segir m.a. að í viðskiptaboðum og fjarkaupum sé óleyfilegt að: „hvetja börn til neyslu á matvælum og drykkjarvörum sem innihalda næringarefni og efni sem hafa næringar- og lífeðlisfræðileg áhrif og ekki er mælt með að séu í óhóflegum mæli hluti af mataræði, einkum fitu, transfitusýrur, salt/natríum og sykur.

2.1.4. Stofnun teymis

Lýsing: Lagt er til að stofnaður verði faghópur, sem starfi í anda IOTF (www.iotf.org) sem hafi það að markmiði að styðja við stjórnvöld í aðgerðum sem stuðla að bættum lífnaðarháttum og minni offitu. Eins mætti sjá fyrir sér hlutverk í að koma góðum og gagnrýndum upplýsingum á framfæri við almenning.

2.1.5. Rýnihópur fólks í offitu

Lýsing: Heyra raddir markhópsins þ.e. offeittra. Hvernig þeir upplifa samfélagið og það sem stjórnvöld eru að gera. Einnig að heyra hvað er hægt að gera til að hlúa að þeim.

2.1.6. Samstarf við iðnaðinn

Lýsing: Samstarfs verði leitað við matvælaíðnaðinn um að matvörur verði þróaðar í hollustuátt þ.e. innihaldi minna af mettaðri fitu, viðbættum sykri og salti. Einnig samstarf við Samtök verslunar og þjónustu um meira framboð á hollari vörum og uppröðun þeirra í verslunum verði með þeim hætti að holla valið verði auðveldla valið.

2.1.7. Skipulag bæja og umferðar

Lýsing: Gera úttekt á skipulagi byggðar og samgangna með tilliti til heilsufarslegra þátta. Útbúa þarf gátlista í þessu skyni. Atriði sem þarf að hafa í huga snerta hreyfingu, streitu, hættur, mengun, almenningssamgöngur, nálægð hvers konar þjónustu við íbúahverfi, mannvænt umhverfi sem gott er að dvelja í, opin svæði, leik- og íþróttasvæði, blöndun íbúa og fleira. Göngu- og hjólaleiðir hafi forgang á bílaumferð. Bíllaus svæði verði aukin. Almenningsamgöngur séu niðurgreiddar og eiga ekki að þurfa að standa undir sér. „Einkabílsminn“ er í dag niðurgreiddur í ríkum mæli gegnum dýr umferðarmannvirki og bílastæði. Í Reykjavík er um 47-48% landsvæða borgarinnar lögð undir umferðarmannvirki.

2.2. Aldursskeið 0-6 ára

2.2.1. Lög um matseðla hjá leikskólum/dagforeldrum

Lýsing: Að stjórnvöld setji í lög að matur sem er í boði hjá leikskólum og dagforeldrum sé í samræmi við opinberar ráðleggingar um mataræði og næringarefni líkt og er í lögum um grunnskóla.

2.2.2. Gæðastefna sveitarfélaga um matseðla leikskóla/dagforeldra

Lýsing: Hvetja sveitarfélögin til að marka sér stefnu varðandi gæði matar hjá dagforeldrum og í leikskólum.

2.2.3. Úttektir á gæðum fæðis leikskóla/dagforeldra

Lýsing: Úttektir á gæðum leikskólastarfs taki einnig til hvort sá matur sem er í boði í leikskóla sé samkvæmt ráðleggingum EL.

2.3. Aldursskeið 6-20 ára

2.3.1. Gæðastefna sveitarfélaga um matseðla grunnskóla

Lýsing: Hvetja sveitarfélögin til að marka sér stefnu varðandi gæði þess matar sem er í boði í grunnskólum og styðja skólana í að gerast heilsueflandi grunnskólar.

2.3.2. Heilsueflandi skólar

Lýsing: Mikilvægt er að ráðneytin (MMR, VEL) styðji við verkefni um heilsueflandi skóla. Heilsueflandi grunn- og framhaldsskóli er heildræn nálgun sem tekur til allra sem koma að skólastarfinu. Í henni felst að skólar myndi sér heildstæða stefnu sem nær m.a. yfir mataræði, hreyfingu og geðrækt. Allir í skólasamfélaginu taka þátt í að móta stefnuna. Mikilvægt er að „vinnutími“ barna sé ekki lengri en fullorðinna.

2.3.3. Úttektir á skólamáltíðum og frístund

Lýsing: Úttektir á grunnskólastarfi taki einnig til hvort skólamáltíðir og matur í frístund/eftirskóla séu samkvæmt ráðleggingum EL

2.3.4. Stefna íþróttafélaga um matarframboð innan íþróttamannvirkja

Lýsing: EL hvetur íþróttafélög og SF til að marka sér stefnu varðandi matarframboð í íþróttamannvirkjum. Í því sambandi má benda á tillögur Lýðheilsustöðvar um framboð á matvörum til íþróttafélaga og íþróttamannvirkja sem gefnar voru út árið 2009. EL mun kalla forsvarsmenn íþróttahreyfingarinnar til fundar á árinu 2012.

2.3.5. Dagleg skipulögð hreyfing grunnskólabarna

Lýsing: Koma á daglegri, skipulagðri hreyfingu barna, helst 30-45 mín alla skóladaga, af miðlungs og mikilli ákefð. Fjölgun á tímum í hreyfingu barna og unglunga er eitt af höfuð markmiðum sem finna má í stefnumótunarplaggi MMR í íþróttamálum 2011. T.d. með aðgerðum eins og skipulagðri hreyfingu í frímínútum og sambættingu hreyfingar og almennra námsgreina bæði innan og utandyra. Mikilvægt er að sú hreyfing sem í boði er á skólatíma sé fjölbreytt og miðuð eins og hægt er að getu og áhuga hvers og eins. Mikilvægt er að virðing fyrir mismunandi útliti, holdafari og getu ríki í umhverfi skólaíþróttar.

2.3.6. Heilsuskóli barnaspítala hringsins

Lýsing: Heilsuskólinn hefur tekið til starfa. Til að þar byggist upp þekking á offitumeðferð barna á öllum sviðum þarf að fjölga í teyminu. Þetta er sérstaklega mikilvægt ef dreifa á þekkingunni út fyrir höfuðborgarsvæðið þar sem þörfin er brýn. Tryggja þarf þverfaglega teymisvinnu lækna, hjúkrunarfræðinga, sálfræðinga, fagfólks á sviði hreyfingar og næringarfræðinga/ráðgjafa

2.3.7. Tillögur faghóps á vegum Landlæknisembættisins 2008

Lýsing: Árið 2008 komu fram tillögur faghóps á vegum Embættis landlæknis að samræmdri stefnu og aðgerðum í forvörnum og meðferð of þungra og of feitra barna. Lagt er til að VEL yfirfari tillögurnar frá 2008 og innleiði hugmyndir sem enn eru ekki komnar til framkvæmda.

2.3.8. Almenningsíþróttir

Lýsing: Hvetja þarf fleiri íþróttafélög til að bjóða upp á almennings- og skemmtihópa auk hins hefðbundna framboðs íþróttar innan félaganna. Í þessu samhengi er mikilvægt að fjármagn verði aukið til íþróttahreyfingarinnar en jafnframt að slíku fjármagni fylgi sú ábyrgð að íþróttafélög og forsvarsmenn íþróttamannvirkja marki sér heilðræna stefnu sem gerir holla valið að auðvelda valinu og eflir þannig heilsu þeirra sem þar stunda íþróttir. Skipulag íþróttaiðkunar og náms á að vera með þeim hætti að fjölskyldan geti borðað saman kvöldmat. Svefn og samvera fjölskyldunnar er ekki síður mikilvæg en góð næring og hreyfing.

2.4. Fullorðnir

2.4.1. Heilsueflandi vinnustaðir

Lýsing: Að vinnandi fólki standi til boða hollur og næringarríkur matur á vinnutíma í samræmi við ráðleggingar EL. Að vinnandi fólki standi til boða að hreyfa sig á vinnutíma í samræmi við ráðleggingar EL.

2.4.2. Offitumeðferðir

2.4.2.1. Þekkingarteymi

Lýsing: Sett verði á fót þekkingarteymi sem hægt sé að vísa til alvarlegri tilvikum. Það teymi hafi nokkur hlutverk: Að vera til stuðnings og fræðslu fyrir aðra innan heilbrigðisþjónustunnar um offitu og offitutengd efni. Að skipuleggja meðferð þeirra sem til þess er vísað og beina í viðeigandi úrræði sem geta verið göngudeildarþjónusta eða á stofnunum, atferlismeðferð/(lyfjameðferð) eða offituaðgerðir. Sérfræðingar og sjúkrahús sem sinna offitutengdum sjúkdómum vísi einnig til þekkingarteymisins (dæmi eru sykursýki, hjartasjúkdómar, kæfisvefn, gigtarsjúkdómar og verkir, fjölblöðrusjúkdómur (PCOS), geðrænir kvillar). Staðir

sem í dag gætu komið til greina að sinna þessu eru Heilsuborg, Reykjalundur og Kristnes í Eyjafirði.

2.4.2.2. Erfið tilfelli

Lýsing: Stofnanir sem sinna markvissri skipulagðri offitumeðferð eru Reykjalundur og Kristnes (Heilsustofnun NLFÍ gæti bæst í hópinn með bættu skipulagi). Í framtíðinni ættu þær eingöngu að sinna allra erfiðustu tilvikum offitunnar.

2.4.2.3. Landspítalinn

Lýsing: Styrkja þarf starfsemi Landspítala við offituaðgerðir frá því sem nú er. Þar er mjög gott teymi starfandi, en læknaþeir sem framkvæma aðgerðirnar eru starfandi erlendis að miklu leyti. Það veldur því að aðgerðirnar eru gerðar í tórnum þegar þeir koma heim og stundum langt á milli þess að þeir komi. Þeir eru ekki heldur til staðar við eftirfylgd og ef eitthvað þjatar á. Mikilvægt er einnig að Landspítali sinni offeitur skjólstæðingum spítalans sem sækja þangað þjónustu vegna meðferðar ýmissa annarra sjúkdóma, þar sem þyngdartap getur verið lykilþáttur í meðferð. Hér væri hægt að hugsa sér samstarf Næringarstofu Landspítala við aðrar stofnanir sem byggt hafa upp sérfræðipækkingu. Mikilvægt er að tryggja gæði meðferðar og gott næringarástand á meðan á meðferð stendur.

2.5. Efling þjónustu heilsugæslunnar

2.5.1. Vefurinn frjals.is

Gagnvirkur vefur fyrir heilbrigðisstarfsfólk sem gagnast til þess að skima fyrir lífnaðarháttum og leiðbeina um hvernig þá megi bæta með áhugahvetjandi samtali (*Motivational Interviewing*). Embætti landlæknis vinnur að gerð vefsins.

2.5.2. Gagnvirkur vefur fyrir almenning

Að komið verði á gagnvirkum vef fyrir almenning til að stuðla að heilbrigðum lífnaðarháttum. Embætti landlæknis vinnur að gerð vefsins.

20.10.2014

Umsögn Landssambands eldri borgara um þingmál nr 2/2014, frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt o.fl.

Stjórn Landssambands eldri borgara, er sammála þeirri aðgerð að fella niður vörugjöld en lýsir yfir mikilli andstöðu við þá hækkun neðra þreps virðisaukaskatts að fara úr 7% í 12%. Það kemur afar illa við lágtekjuhópa og þá eldri borgara sem eru á lægstu bótum almannatrygginga, en það er afar fjölmennur hópur eldri borgara. Þær mótvægisáðgerðir í formi barnabóta sem talað er um, gagnast á engan hátt eldri borgurum. Þeir munu taka þessar hækkunir á sig að fullu.

Þessar breytingar munu hækka matarinnkaup og hækka kostnað við hita og rafmagn. Auk þess er fyrirséð að hækkun verður á flutningskostnaði vegna breyttra öryggiskrafna á hjólbörðum bifreiða. Það mun einnig leiða til hækkunar vöruverðs. Hækkunirnar bitna því með enn meiri þunga á eldri borgurum sem búa á landsbyggðinni, þar sem bæði hiti, rafmagn og vöruverð er almennt hærra en á höfuðborgarsvæðinu og virðisaukaskatturinn leggst ofan á verðið.

Ef ætlunin er að koma með mótvægisáðgerðir sem koma til góða þeim sem lægstar tekjur hafa þá er æskilegast og áhrifaríkast að hækka persónuafsláttinn. Það myndi ekki hvað síst bæta afkomu allra lágtekjuhópa.

Reynslan sýnir að þegar hækkunir eiga sér stað kemur það fram að fullu í vöruverði, en erfitt er að tryggja að lækkunir skili sér í vöruverði.

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. september 2014

Efni: Umsögn laganefndar LMFÍ vegna frumvarps til laga um virðisaukaskatt o.fl. (skattkerfisbreytingar), 2. mál, lagt fyrir 144. löggjafarþing 2014-2015.

Vísað er til tölvuskeytis frá nefndasviði Alþingis hinn 22. september 2014, þar sem að laganefnd Lögmannafélags Íslands var boðið að skila umsögn um ofangreint frumvarp. Í tilefni af bréfinu beinir laganefnd Lögmannafélags Íslands eftirfarandi erindi til nefndarinnar.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands telur tilefni til að gera athugasemdir við eitt atriði og það varðar útvíkkun skattskyldusviðs virðisaukaskattslaganna.

Í dag nær skattskylda til allra vara og verðmæta, nýrra og notaðra. Þó er tiltekin vinna og þjónusta undanþegin virðisaukaskatti, þar á meðal fólksflutningar, sbr. 6. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988. Að þessu leyti eru löggin í takt við sambærileg lög víða erlendis. Tillagan nú lýtur að því að undanþága þessi náí ekki til fólksflutninga í afþreyingarskyni. Í greinargerð er þetta skýrt þannig að þetta taki til þess, ef „... megintilefni ferðar er afþreying.“ Gert er ráð fyrir að þessi þjónusta verði í lægra þrepi virðisaukaskatts.

Afmörkun þeirrar starfsemi, sem á ekki lengur að falla undir framangreinda undanþágu, er mjög óskýr, svo ekki sé fastar að orði kveðið. Í gildistíð söluskattslaga og síðar laga um virðisaukaskatt er komin löng hefð fyrir því að skilgreina skattskyldusvið og hefur verið leitast við að líta til hlutlægra þátta, séðum frá sjónarhóli rekstraraðila, en forðast að líta til huglægra þátta, svo sem þess hvert tilefni einhverra ferða er, einkum ef vísað er til tilefnis þess sem nýtur þjónustunnar. Vafalaust er að orðalag þetta mun kalla á mörg álitæfni og deilumál, ekki aðeins vegna íslenskra rekstraraðila heldur einnig erlendra aðila sem koma hingað til lands með eigin farartæki til afnota fyrir skjólstæðinga þeirra, eftir atvikum í afþreyingarskyni.

Samkvæmt frumvarpinu á þessi tillaga á að skila 300 milljónum í ríkissjóð en útreikningur er ekki rakinn í frumvarpinu. Þannig kemur t.d. ekki fram hvort búið sé að taka tillit til þess að rekstur, sem nú er undanþeginn virðisaukaskatti, verður virðisaukaskattsskyldur og nýtur þá sem slíkur þar með réttar til að draga frá skattskyldri veltu sinni svokallaðan innskatt. Fjárhæð innskatts getur hæglega verið hærri en fjárhæð útskatts í þeim tilvikum að starfsemi fellur í lægra þrep virðisaukaskatts, ekki síst vegna kostnaðarsamra fjárfestinga við stofnun rekstrar. Síðastgreint atriði leiðir auk þess til aðstöðumunar þeirra sem eru þegar í rekstri við gildistöku laganna, og hafa greitt virðisaukaskatt af fjárfestingum sínum, og þeirra sem stofna til slíks rekstrar eftir gildistöku laganna.

Vekja má athygli á því að margir aðilar, sem falla undir ákvæði frumvarpsins, falla ýmist í skattskylda starfsemi og skattfrjálsa starfsemi sem aftur kallar á aukið flækjustig í uppgjörsvinnu þeirra og í

framhaldinu líklegra deilumála. Frumvarpið mun þannig auka á kostnað þessara aðila auk óhjákvæmilegs kostnaðar við úrlausn deilumála um túlkun laga. Óvíst er hvort útreikningur á áhrifum frumvarpsins hafi tekið tillit til þessa.

Virðingarfyllt,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands,

Reimar Pétursson hrl., formaður



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. september 2014

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, lögum um vörugjald og lögum um tekjuskatt. 144. löggjafarþing 2014 - 2015. Þingskjal nr. 2 - 2. mál.

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) hefur ákveðið að taka ofangreint frumvarp til umsagnar. Frumvarpið inniheldur tillögur að breytingum á lögum um virðisaukaskatt, lögum um vörugjald og lögum um tekjuskatt.

MRSÍ gerir eftirfarandi athugasemdir;

I. kafli – breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

MRSÍ telur að hækkun neðra þreps virðisaukaskatts úr 7% í 12% geti haft veruleg áhrif á þá hópa samfélagsins sem hafa lægstu tekjurnar. Þessir hópar er margvíslegir og er ljóst að fyrirætlanir um hækkun barnabóta koma ekki til með að bæta þessa skerðingu nema einum hópi af mörgum. Ákvæði 22. gr. – 25. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu mæla fyrir um rétt hvers einstaklings til þess að lifa mannsæmandi lífi og skyldu ríkisins til þess að tryggja það að einstaklingur geti með þeim launum sem hann vinnur sér inn eða með aðstoð ríkisins lifað við félagslegt öryggi og mannsæmandi lífskjör. Þegar talað er um mannsæmandi lífskjör er átt við fæði, klæði, húsnæði, læknishjálp og nauðsynlega félagslega þjónustu, aðstoð vegna tekjumissis, sem og rétt til hvíldar og tómsunda.

Í samfélagi okkar í dag hafa margar fjölskyldur nú þegar varla eða alls ekki nægilegt fé til þess að kaupa mat fyrir alla fjölskyldumeðlimi og má ætla að staða þeirra verði mun erfiðari ef matarverð hækkar. Þessar fjölskyldur munar um hverja krónu og er ljóst, að ef stjórnvöld telja nauðsynlegt að hækka skatt á mat- og nauðsynjavöru, verður á móti að koma til meiri aðstoð fyrir þessa tekjulágu hópa samfélagsins. Einnig verður að tryggja að þessir einstaklingar geti tekið virkan þátt í samfélaginu en ekki aðeins lifað af.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, lögfræðingur



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 – 10.
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. október 2014.

Athugasemdir Neytendasamtakanna við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, brottfall laga nr. 97/1987, um vörugjald, og breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (kerfisbreyting á virðisaukaskatti, brottfall laga og hækkun barnabóta), 2. mál.

Neytendasamtökin gera eftirfarandi athugasemdir við ofangreint frumvarp:

Um I. Kafla: Hinn 15. september sl. sendu Neytendasamtökin frá sér eftirfarandi ályktun vegna fyrirhugaðra breytinga á virðisaukaskattskerfinu:

„Fram kemur í fjárlagafrumvarpi næsta árs að virðisaukaskattur á matvæli verði hækkaður úr 7% í 12%. Fram hefur komið að tekjulægstu heimilin verja 17,6% ráðstöfunartekna sinna í matar- og drykkjarvörur, á móti 10,7% hjá tekjuhæstu heimilunum. Neytendasamtökin mótmæla þessum áformum harðlega enda ljóst að þetta kemur verst niður á tekjulægri heimili.

Stjórnvöld halda því fram að þetta sé til einföldunar á skattakerfinu. Ekki er hægt að fallast á þau rök enda verða áfram tvö virðisaukaskattsþrep, þó svo að annað hækki um 5 prósentustig en hitt lækki um 1,5 prósentustig.

Minnt er á að það voru einmitt sömu flokkar í ríkisstjórn þegar ákveðið var að lækka virðisaukaskatt á matvörur úr 14% í 7%. Neytendasamtökin studdu eindregið þá aðgerð og hljóta því að spyrja hvað hafi breyst síðan þá.

Það ber að taka fram að Neytendasamtökin styðja hugmyndir um að leggja vörugjald niður enda er það til þess fallið að einfalda skattakerfið, en vörugjaldskerfið er mjög flókið. Auk þess er það oftast en ekki lagt á vörur sem eru nauðsynlegar heimilunum. Einnig er minnt á að þessar sömu vörur eru í hærra virðisaukaskattsþrepinu og því eru opinberar álögur á þessar vörur mjög miklar. Niðurfelling vörugjalda og lækkun hærra virðisaukaskattsþrepsins vegur þó að mati Neytendasamtakanna ekki upp á móti mikilli hækkun virðisaukaskatts á matvæli.

Neytendasamtökin gera ráð fyrir að hækkun á matarskatti komi fram í verðlagi um leið og hún tekur gildi og hafi þar með umtalsverð áhrif á verðtryggingu húsnæðislána. En samtökin hafa áhyggjur af því að lækkanir í efra þrepi virðisaukaskatts og niðurfelling vörugjalda muni ekki skila sér til neytenda í sama mæli, enda hafa dæmin sýnt að slíkar lækkanir skila sér í mörgum tilvikum illa til neytenda, nema því aðeins að stjórnvöld komi á fót sérstöku eftirliti til að fylgjast með að lækkanir skili sér í verðlagi. Gera Neytendasamtökin því þá kröfu, verði

Þessar tillögur að veruleika, að því verði sérstaklega fylgt eftir, að umræddar lækkunir skili sér til neytenda.“

Neytendasamtökin ítreka þessa afstöðu sína og lýsa sig því andvíg áformum um lækkun neðra þreps virðisaukaskatts úr 7 í 12%.

Um II. Kafla: Neytendasamtökin lýsa sig samþykkt áformum um niðurfellingu laga um vörugjald nr. 97/1987, en ítreka þó áhyggjur sínar af því að sú niðurfelling, auk lækkunar á efra virðisaukaskattstigi, komi ekki til með að skila sér til neytenda.

Raunar fá samtökin nú þegar margar ábendingar þess efnis að seljendur hafi hækkað verð á t.a.m. raftækjum og gosdrykkjum, og má gera því skóna að það sé í þeim tilgangi að gera verðlækkun vegna afnáms vörugjalda léttbærari. Þá er þess skemmt að minnst að í sumar, í kjölfar lækkunar á m.a. tóbaksgjöldum, gerðu Neytendasamtökin könnun á því hvort seljendur hefðu lækkað útsöluverð á tóbaki í kjölfar lagabreytingarinnar og verðlækkunar frá ÁTVR. Í ljós kom að einungis tveir af þeim tíu seljendum sem könnunin náði til höfðu lækkað verðið. Hinir höfðu einfaldlega hækkað álagningu sína. Er því fullt tilefni til að efast um að brottnám vörugjalda og lækkun efra virðisaukaskattsþreps komi til með að skila sér að fullu til neytenda.


Neytendasamtökin ítreka því þá skoðun sína, verði þær breytingar sem hér eru lagðar til að veruleika, að nauðsynlegt sé að koma upp skilvirku eftirlitskerfi til að fylgja því eftir að þessar breytingar skili sér til neytenda. Slíku eftirliti yrði svo að koma á fót strax enda lítur út fyrir, reynist þær ábendingar sem samtökunum berast á rökum reistar, að sumir seljendur hafi þegar hækkað verð til að eiga betra með að bregðast við lækkun síðar meir.

Um samráðshóp hagsmunaaðila: Í almennum athugasemdum við ofangreint frumvarp kemur fram að sérstakur stýrihópur hafi verið skipaður í þeim tilgangi að vinna tillögur að einfaldara virðisaukaskatts- og vörugjaldskerfi. Jafnframt kemur fram að stýrihópnum hafi verið gert að hafa reglubundið samráð við hagsmunasamtök launþega og vinnuveitenda og aðra þá sem hagsmuna hafa að gæta. Þá kemur fram að samráðshópur hagsmunaaðila hafi verið skipaður og að í honum eigi sæti fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, BHM, BSRB, Kennarasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Félagi atvinnurekenda, Samtökum Atvinnulífsins, Samtökum aðila í ferðaþjónustu, Samtökum iðnaðarins og Samtökum verslunar og þjónustu, auk fulltrúa frá ríkisskattstjóra og tollstjóra.

Neytendasamtökin lýsa vonbrigðum og jafnframt undran sinni á því að þeim hafi hvorki verið boðin þátttaka í umræddum hagsmunahópi né að haft hafi verið samráð við þau af hálfu stýrihópsins.

Að öðru leyti gera Neytendasamtökin ekki athugasemdir við ofangreint frumvarp.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna,


Jóhannes Gunnarsson, formaður

Umsögn

- Efni:** Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, brottfall laga nr. 97/1987, um vörugjald, og breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (kerfisbreyting á virðisaukaskatti, brottfall laga og hækkun barnabóta).
- Viðtakandi:** Borgarráð
- Sendandi:** Fjármálastjóri

Fyrir efnahags- og viðskiptanefnd alþingis liggur frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, brottfall laga nr. 97/1987, um vörugjald, og breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (kerfisbreyting á virðisaukaskatti, brottfall laga og hækkun barnabóta). Skrifstofa borgarstjórnar hefur óskað eftir að Fjármálaskrifstofa veiti umsögn um frumvarpið.

Í þessu minnisblaði er gerð grein fyrir mati á fjárhagslegum áhrifum áformaðrar lagabreytinga á A-hluta borgarsjóðs Reykjavíkurborgar vegna breytinga á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Fyrirhugaðar breytingar fela í sér hækkun neðra skattþrepsins úr 7% í 12% og lækkun efra skattþrepsins úr 25,5% í 24%. Ennfremur fellur út bráðabirgðaákvæði nr. XV, nánar tiltekið þriðja málsgrein er varðar 100% endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu við uppbyggingu, endurbætur eða viðhald fasteigna sem eru alfarið í eigu sveitarfélaga.

Breytt prósentustig virðisaukaskatts:

Mat á fjárhagslegum áhrifum vegna breytinga á skattprósentum virðisaukaskatts eru miðuð við greiningu á raunútgjöldum A-hluta árið 2013 og felur í sér að gert er ráð fyrir óbreyttri kauphegðun og magni. Auk þess er gert ráð fyrir að breytingar skili sér að fullu í verðskrá verslana og heildsala. Miðað við forsendur munu útgjöld borgarinnar vegna vörukaupa í neðra skattþrepinu hækka um 4,7% eða 91 mkr á verðlagi 2013, þar af mun matvælakostnaður aukast um 70 mkr á verðlagi 2013. Mikilvægt er að taka fram að um 88% útgjalda Reykjavíkurborgar vegna matvælakaupa fellur til hjá mötuneytum borgarinnar.

Lækkun á efra virðisaukaskattþrepi um 1,5 prósentustig mun lækka útgjöld borgarinnar um 1,2% eða um rúmlega 40 mkr.

Þannig má ætla að heildarútgjöld borgarsjóðs (A-hluta) vegna vörukaupa aukist um 1% eða um 50 mkr á verðlagi 2013 verði frumvarpið í breytttri mynd að lögum.

Brottfall bráðabirgðarákvæðis nr. XV:

Bráðabirgðarákvæði í virðisaukaskattslögum um fulla endurgreiðslu virðisaukaskatts af útgjöldum vegna vinnu manna á byggingastað hefur verið í gildi frá árinu 2009 en verður ekki endurnýjað um næstu áramót. Áætluð útgjöld borgarsjóðs (A-hluta) vegna fjárfestinga 2015 gætu aukist um 220 mkr



ef gert er ráð fyrir 8,6 makr í fjárfestingar og þegar litið er til fjárfestinga ársins 2013 og endurgreiðslna vegna bráðabirgðaákvæðis nr. XV. Fjárfestingar borgarsjóðs (A-hluta) yfir gildistíma ákvæðisins frá 2009-2014 námu um 39 makr.

Brottfall vörugjalds:

Erfitt er að áætla áhrif þess að vörugjald verði fellt niður en innkaup borgarsjóðs af vörum sem hafa borið þennan skatt eru lítil og áhrifin talin óveruleg.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri

Reykjavík, 24. október 2014

Til nefndarmanna í efnahags- og viðskiptanefnd skv. beiðni eftir áheyrnarfund nefndarinnar með formönnum Rithöfundasambands Íslands og Félags íslenskra bókaútgefenda.

Hels tu styrkir ríkis ins til rithöfunda og bókaútgefenda:			
Miðstöð íslenskra bókmennta	Kr.	Fjöldi verka	Meðaltal pr. verk
Útgáfustyrkir til bókaútgefenda úthlutun 2014	15.000.000	31	483.871
Þýðingastyrkir - íslenskar þýðingar 2014	6.000.000	19	315.789
Nýræktarsstyrkir 2014 til höfunda	1.000.000	4	250.000
Þýðingastyrkir - erlendar þýðingar á íslenskum verkum 2013	18.000.000	67	268.657
Kynningaþýðingar vegna sölu á íslenskum verkum erlendis 2013	842.000	30	28.067
Ferðastyrkir rithöfunda 2013	2.500.000	34	73.529
Samtals:	43.342.000	185	
Þróunarsjóður námsgagna 2014			
Úthlutun til bókaútgefenda	1.950.000	2	975.000
Úthlutað til einstaklinga / annarra en starfandi útgefenda	46.050.000	36	1.279.167
Samtals:	48.000.000	38	
Launasjóður listamanna 2014			
	Kr.		
555 mánuðir (kr. 310.913) til 70 einstaklinga	172.556.715	70	2.465.096
Samtals:	172.556.715		
Bókasafnsjóður 2014			
22 milljónir til höfunda íslenskra verka vegna útláns á bókasöfnum	22.000.000	1.232.493	17,85
Samtals:	22.000.000		
Samtals helstu styrkir til rithöfunda og bókaútgefenda	286.000.000		
Þar af beinir styrkir til starfandi útgefenda um 14%	40.000.000		

Dæmi úr bransanum

Útgáfa á skáldverki eftir nýjan íslenskan höfund í kilju

	0% vsk	12% vsk
Verð á kiljunni út úr búð	3.290	3.685
Hlutur ríkisins		395
Hlutur smásalans (37%)	1.217	1.217
Samtals heildsöluverð:	2.073	2.073
Höfundalaun 18% af heildsöluverði	373	373
Hlutur útgefanda fyrir rits tjörn, uppsetningu, prentun, markaðssetningu, dreifingu og fjármögnun:	1.700	1.700
Ef vel gengur seljast 1000 eintök.	0% vsk	12% vsk
Hlutur Ríkis sjóðs	-	395.000
Hlutur smásala	1.217.000	1.217.000
Hlutur höfundar	373.000	373.000
Hlutur útgefanda	1.700.000	1.700.000
Ef bókin slær í gegn og selst í 2500 eintökum	0% vsk	12% vsk
Hlutur Ríkis sjóðs	-	987.500
Hlutur smásala	3.042.500	3.042.500
Hlutur höfundar	932.500	932.500
Hlutur útgefanda	4.250.000	4.250.000

Af þessu má sjá að þrátt fyrir hæstu höfundaprósentu í heimi þá fá höfundar lítið í sinn hlut.

Af þessu má einnig sjá að verði 12% virðistaukaskattur lagður á bækur mun ríkið fá meira í sinn hlut en höfundar.

Þarna er þó tekið dæmi um ágæta sölu. Skv. erlendum upplýsingum er tap á 80% allra útgáfu sem útgefendur greiða með hagnaði sínum að þeim 20% sem titla sem vel ganga.

Nokkur atriði um stöðu bókmennta á Íslandi fyrir hækkun bókaskatts:

Staða útgáfunnar:

Nú á haustdögum 2014 berjast litlu útgáfunnar í bökkum. Nokkrar útgáfur stefna í gjaldþrot enda 19% samdráttur í bóksölu frá árinu 2008 staðreynd samkvæmt tölum Hagstofunnar. Bókin berst á stórum vígvelli afþreyinganna þar sem nýjungar bætast stöðugt við. Um leið hefur hún það hlutverk að gera manneskjur sem allra hæfastar til að lesa samfélagið og þroska færni. Bókin þjónar lykilhlutverki í skólakerfi þjóðar og miðlar menningu og tungu. Fimm lönd í Evrópu hafa gripið til þess að vernda menningu sína og tungu og efla læsi með því að afnema bókaskatt. Þau eru Noregur, Færeyjar, Bretland, Írland og Grænland. Noregur með yfir fimm milljónir íbúa.


Staða einstakra bókmenntagreina: Barnabókmenntir hafa undanfarin ár átt mjög undir högg að sækja. Íslenskar myndskreyttar barnabækur fyrir yngstu lesendurna koma ekki lengur út eins og áður. Slík útgáfa er of kostnaðarsöm og myndhöfundar og rithöfundar þurfa að deila rentunum sem verða þá afar lítilfjörlegar. Því eru það fyrst og fremst höfundar sem eru jafnvígir á ritlist og myndlist sem ennþá sinna þessari bókmenntagrein, en þeir eru sárafáir. Lítil endurnýjun er meðal barnabókahöfunda almennt og þeir sem spreyta sig á barnabókinni staldra oftar en ekki stutt við, enda lítið að hafa upp úr kröfnum.

Staða tungumáls: Um leið og bókin berst við vaxandi afþreyingarmöguleika og íslenska barnabókin er í lífshættu standa samtök og einstaklingar fyrir þjóðaráttaksverkefnum í lestri. Örtungan íslenska lifir aðeins af í gegnum prentað mál og kennarar og kunnugir segja tungumálinu hraki ört í meðförum yngri kynslóða. Viðkvæmt tungumál á svo smáum málsvæðum þarf ekki langan tíma til að líða undir lok. Félagar í Rithöfundasambandi Íslands telja það hlutverk sitt að starfa á öllum sviðum til að viðhalda íslensku og efla hana og miðla sem mest og víðast með sögum og ljóðum þjóðar.

Staða höfunda:

Launasjóður rithöfunda getur aðeins greitt hluta af höfundum laun á verk tíma og í flestum tilfellum aðeins fyrir brot af þeim verkum sem eru í vinnslu. Höfundar reiða sig einnig á tekjur af bóksölu og fá að meðaltali 23 prósent af hverri seldri bók, en aðeins 18 prósent af hverri seldri kilju. Þá ótalinn Bókasafnssjóður, en hann hefur á einu ári dregist saman um meira en helming, úr rúmlega 46 milljónum króna í um 22 milljónir. Í tíð Björns Bjarnasonar mælti nefnd á vegum hans með því að stefnt yrði að því að koma þessum sjóði í 90 milljónir króna svo hann stæðist samanburð. Það væru tæpar 200 milljónir að raungildi dagsins í dag. Eitthvað þokaðist og sjóðurinn fór í 46 milljónir króna í tíð fyrrverandi menntamálaráðherra. Í ár fær hver höfundur greiddar 17,85 kr. á hvert lánað eintak, en í fyrra fékk sami höfundur 37 kr. á eintak. Útlánatekjur höfunda hafa því minnkað um helming. Barnabókahöfundar hafa notið sannmælis á þessum vettvangi og verið útlánaháir. Þó er það nú svo að fimmti útlánahæsti höfundurinn yfir landið fékk innan við 300 þúsund krónur greiddar á vordögum fyrir ársafnot landsmanna af verkum sínum og höfundur með 6000 útlán yfir árið fær ríflega 100 þúsund krónur fyrir afnotin. Engin viðmið eru í gildi varðandi greiðslur úr sjóðnum. Tölur hvers árs virðast háðar geðþóttaákvörðunum ráðherra hverju sinni. Þessu þarf nauðsynlega að breyta. Krafa RSÍ er að málefni sjóðsins verði sett í faglegan farveg og stefnt að lagabreytingu til að tryggja höfundum stöðugar greiðslur fyrir afnot af verkum sínum á bókasöfnum landsins.

Hækkun virðisaukaskatts á bækur er náðarhögg frá stjórnvöldum á menningargrein sem starfar við mjög erfiðar aðstæður og þarf á stuðningi að halda en ekki auknum álögum sem sliga. Gangi stjórnvöld þessa leið er það árás á tungu og menningu sem mun skilja eftir varanleg samfélagsleg ummerki og marka djúp spor inn í framtíðina.



**Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík**

Reykjavík 2. október 2014

Umsögn frá stjórn Rithöfundasambands Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Tillögur um hækkun virðisaukaskatts á bókum úr 7% í 12%:

Rithöfundasamband Íslands mótmælir harðlega hækkun virðisaukaskatts á bækur sem frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988 felur í sér. Stjórn RSÍ fer fram á að bókaskattur þessi verði aflagður með öllu og þar með snúið af þeirri ógæfuleið sem sligað gæti stóran hluta bókaútgáfu í landinu og haft hraðvirk hrúnáhrif á viðkvæma bókmenningu þjóðar sem kennir sig við bækur.

Afnáms bókaskatts - ábyrg aðgerð:

Pungt er vegið að bókmenningu, læsi og tungumáli í landinu í þeirri rafmenningu sem nú stækkar ört og elur upp kynslóðir sem beita í auknum mæli fyrir sig ensku tungu í daglegum tjáskiptum. Sú þróun er hröð og ógnvænleg. Ein öflugasta mótvægisáðgerðin gegn þeirri þróun er að auðvelda sem allra mest aðgengi að rituðu móðurmáli. Það er meðal annars gert með því að afnema bóka-skatt. Það er jafnframt viðurkennd og meðvituð aðgerð í nágrannalöndum sem hafa metnað fyrir menntun og menningu og framtíðarsýn fyrir tungumál.

Menningarleg meðvitund nágrannaþjóða í Evrópu:

Fimm Evrópulönd leggja ekki virðisaukaskatt á bækur þar sem slíkt stríðir gegn menningar- og menntastefnum þessarar þjóða. Meðal þeirra landa eru Bretland, Írland og Noregur sem þó eru ekki örsmá málssvæði líkt og Ísland og að auki með margfalt stærri bókamarkað en okkar litla samfélag. Tuttugu lönd eru með lægri en 7% bókaskatt og aðeins fjögur lönd Evrópu eru með 12% virðisaukaskatt á bókum eða meira. Við skipum okkur á bekk með þeim Evrópumeisturum í bókaskattheimtu ef af hækkun verður.

Bókafjóð á söguleyju. Ímynd á erlendri grund:

Hækkun virðisaukaskatts á bækur sendir sterk skilaboð til landsmanna og nágrannalanda um vægi bókmennta og þá menningarstefnu sem stjórnvöld vilja standa fyrir. Skattahækkun á bækur sýnir viðhorf og framtíðarsýn fyrir bókmenntir, tungu og læsi í landinu. Alþjóðlegi bókmenntaheimurinn er ekki stór og það fregnast fljótt ef stjórnvöld á söguleyju leggjast af fullum þunga á bókaútgáfu til að reyna hvort hún standi af sér þyngri skattþyngingar eður ei. Slík tilraun hefur óafturkræfar afleiðingar. Útgefendur fækka fljótt titlum, aðgengi ungra höfunda minnkar enn, nýjum höfundum, einkum barnabókahöfundum fækkar hratt og kostnaðarsamasta og metnaðarfullsta útgáfan hverfur af sjónarsviðinu.

Hverfandi bóklestur og þjóðtunga á flóttu:

Íslenska á mjög undir högg að sækja. Sú barátta er töpuð ef stjórnvöld snúa ekki vörn í sókn og beita sértækum aðgerðum til að auðvelda til muna aðgengi að rituðu máli; fjölbreyttum bókmenntum á auðugri tungu. Afnáam bókaskatts er liður í þeirri baráttu. Bókaútgáfa í landinu stendur nú þegar höllum fæti og öll minni forlög berjast í bökkum. Barnabókatitlum fækkar ört og nýliðun í þeirri stétt er nánast engin. Útgáfa myndskreyttra íslenskra barnabóka heyrir nú þegar nær sögunni til. Aukin skattlagning á greinina veitir náðarhögg.


Hringekja gleyskunnar:

Árið 1990 bjó íslensk bókaútgáfa við hæsta söluskatt í Evrópu, 25 prósent. Það var hróplegt ósamræmi að minnsti bókamarkaður heims byggi við þyngstu skattana. Bókmenntirnar höfðu þó allt annað andrými í þeim tíðaranda sem þá ríkti svo greinin lifði það hallæri tímabundið af. Aðstæður í dag eru með þeim hætti að ekki verður borið saman, en þeir sem til þekkja vita að hvorki bókmenntir né tungumál munu þola þessar álögur nú án þess að liða varanlega fyrir. Allir sem störfuðu við bókaútgáfu á þeim tíma lögðu hart að stjórnvöldum að aflétta skattinum mikla og skapa þannig framtíðargrundvöll fyrir íslenskt ritmál. Svo kom að því að Landsfundur Sjálfstæðisflokks mótmælti skattinum og lagði til að hann yrði afnuminn með öllu. Þetta var í fjármálaráðherratið Ólafs Ragnars Grímssonar.

Menn læra, breyta, gleyma, læra aftur, breyta og gleyma. Það var stór stund fyrir bókmenntaþjóðina þegar söluskattur á bækur var afnuminn árið 1990. Þingmenn fögnuðu jafnt sem almenningur. Haustið 1993 var þessum skatti svo óvænt komið á í fjármálaráðherratið Friðriks Sophussonar. Það er hringekja gleyskunnar og ferðin heldur áfram.

Það er von stjórnar og félagsmanna Rithöfundasambands Íslands að þingmenn á Alþingi Íslendinga stigi nú af þessari hringekju gleyskunnar, upplifi alvöru málsins og stöðvi feigðarför.

Virðingarfyllst,
í h stjórnar Rithöfundasambands Íslands



Kristín Helga Gunnarsdóttir
formaður



Ragnheiður Tryggvadóttir
framkvæmdastjóri

Stjórn RSÍ:

Kristín Helga Gunnarsdóttir, formaður
Jón Kalman Stefánsson, varaformaður
Hallgrímur Helgason
Sölvi Björn Sigurðsson
Úlfhildur Dagsdóttir
Gauti Kristmannsson
Oddný Eir Ævarsdóttir

Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 14. október 2014
R2014090017/12.8.4
G-ums 06/14

420169-3889

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt o.fl. (skattkerfisbreytingar), Þingskjal 2 - 2. mál.

Ríkisskattstjóri hefur þann 22. september 2014 móttengið tölvupóst frá nefndarsviði Alþingis þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um framangreint frumvarp. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með áorðnum breytingum, og að lög nr. 97/1987, um vörugjald, verði brottfelld.

Ríkisskattstjóri hefur engin sjónarmið varðandi 2. og 3. gr. frumvarpsins en að því er varðar 1. og 4. gr. frumvarpsins er eftirfarandi tekið fram:

Með frumvarpinu eru lagðar til annars vegar breytingar á 6. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 þess efnis að undanþága þess liðar taki ekki til fólksflutninga í afþreyingarskyni sem verði skattskyldir í lægra skatthlutfalli skv. 2. mgr. 14. gr. sömu laga frá og með 1. maí 2015. Hins vegar er lögð til breyting á 1. mgr. 14. gr. sömu laga þess efnis að efra skatthlutfallið verði 24% en hið lægra 12% frá og með 1. janúar 2015.

1. Breyting undanþáguákvæðis 6. tölul. 3. mgr. 2. gr.; 1. gr.; liðir a og d

Ríkisskattstjóri fagnar öllum tillögum sem miða að fækkun undanþága enda leiða þær til einföldunar á skattfrankvæmd. Ástæða er þó til að benda á eftirfarandi:

Hugtakið afþreyingarskyn

Samkvæmt a-lið 1. gr. frumvarpsins er lagt til að fólksflutningar í afþreyingarskyni verði ekki undanþegnir skattskyldu eins og aðrir fólksflutningar, þ.e. það sem almennt er kallað almenningssamgöngur eða áætlunarferðir. Gera má ráð fyrir að tekist verði á um túlkun á því hvað felist í slíku. Hætt er við að einstakir skattaðilar muni vilja túlka ákvæðið með öðrum hætti. Telur ríkisskattstjóri að e.t.v. myndi fara betur á að í ákvæðinu séu fyrst taldir með tæmandi hætti þeir þættir fólksflutninga sem ættu að vera undanþegnir samkvæmt því sem fram kemur í athugasemdum við frumvarpið.

Jafnframt telur ríkisskattstjóri nauðsyn á að lögfesta ákvæði um virðisaukaskattsskyldu erlendra fyrirtækja sem standa fyrir komu hópferðabifreiða eða annarra farartækja til flutnings á ferðamönnum hér á landi, t.d. með Norrænu, þannig að ekki komi til samkeppnisröskunar. Til einföldunar á framkvæmd og útreikning á skattverði mætti t.a.m. miða við fjölda farþega eða ekna kílómetra hér á landi og innheimta skattinn við komu eða við brottför úr landi.

2. Breytingar á skatthlutföllum – 1. gr., liðir b, c og e

Í II. kafla í athugasemdum með frumvarpinu er greint frá því að fjármála- og efnahagsráðuneytið hafi skipað stýrihóp sem ætlað er að vinna tillögur að einfaldara virðisaukaskatts- og vörugjaldskerfi. Kemur þar fram að í erindisbréfi hópsins sé honum m.a. falið að skoða sérstaklega hvernig nálgast megi langtímamarkmið um eitt þrep í virðisaukaskatti í áföngum með minnkun munar á milli þrepa. Ríkisskattstjóri styður þetta markmið enda er virðisaukaskattskerfið skilvirkast ef skatthlutfallið er einungis eitt.


Ríkisskattstjóri bendir hins vegar á mikilvægi þess að milliprep fram að einu þrepi verði höfð sem allra fæst til þess að ekki skapist óvissa, hætta á mistökum eða undanskotum, t.a.m. vegna útgáfu kreditreikninga eða við afskrift tapaðra krafna, sem heimilt er að draga frá skattskyldri veltu. Óheppilegt er að mörg skattþrep séu við slíkar aðstæður. Þá er ljóst að hver einstök breyting skatthlutfalls hefur í för með sér kostnað vegna uppgjörskerfa og álagningarkerfa sem þarf að forrita upp á nýtt o.fl.


Í skýrslu ríkisendurskoðunar um áhrif skattbreytinga skv. lögum nr. 122/1993 (gefin út í október 1994) kemur m.a. fram að fjölgun skattþrepa þyngi framkvæmd, flæki bókhald, geri eftirlit erfiðara og auki þar með hættu á undanskotum þar sem hún feli í sér möguleika á tilfærslu veltu á milli þrepa. Með því að færa skatthlutföllin nær hvort öðru, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, verður að telja að það dragi úr líkum á þess háttar undanskotum þar sem ætla má að aðilar telji ávinning af slíku athæfi minni en ella.

3. Gildistaka – 4. gr., liður b:

Ríkisskattstjóri telur að sá fyrirvari sem skattyfirvöldum, atvinnulífinu og hugbúnaðarframleiðendum er ætlaður til þess að bregðast við fyrirhuguðum breytingum á skatthlutföllum sé í skemmra lagi. Þá þykja efni til þess að hugað sé að lagaskilareglum, einkum hvað varðar útgáfu reikninga og réttaráhrif þess.

Virðingarfyllst


Skúli Eggert Þórðarson


Ingvar J. Rögnvaldsson



Skrifstofa Alþingis
Nefndasvið, Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

SÍBS | Icelandic Chest Patients Association

Síðumúli 6 | IS-108 Reykjavík | Ísland
tel +354 560 4800 | fax +354 562 9150

sibs@sibs.is | www.sibs.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um vsk. og vörugjöld, 2. mál

SÍBS mótmælir eindregið fyrirhugaðri niðurfellingu á vörugjöldum á viðbættum sykri og sætuefnum (sykurskatti), sem felst í frumvarpi til laga um vsk. og vörugjöld.

- Á sama tíma og íslensk stjórnvöld áforma að létta álögum af sykri hefur Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) gefið út nýjar leiðbeiningar um að enn verði hert á takmörkunum á magni af sykri í matvælum úr 10% í 5% af orkuþörf.
- Mataræði er stærsti einstaki áhættuþáttur heilsu Íslendinga að mati Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO). Tveir þriðjuhlutar dauðsfalla og stór hluti örorku orsakast af sjúkdómum sem tengjast lífsstíl.
- Rannsóknir sýna í auknum mæli fram á skaðlega virkni sætuefna engu síður en sykurs, og því er skattur sem beinist gegn sykri og sætuefnum enn nauðsynlegri en ella.
- Ákvæði um sykurskatt er nauðsynlegt til setja skýran mælikvarða á lýðheilsu- og heilsuhagfræðilega þætti tengda neyslumynstri og forsenda þess að viðurkenna vandann.
- Út frá fyrirliggjandi rannsóknum telur SÍBS að heildarkostnaður hins opinbera hér á landi vegna offitu nemi milli kr. 5 og 15 ma. á ári.
- Sakir samfélagslegs kostnaðar og heilsufaráhrifa offitu, telur SÍBS ofneyslu sykurs ekki vera alfarið einkamál hvers og eins, frekar en neysla áfengis og tóbaks.
- Adam Smith benti á þetta þegar árið 1776 í *Auðlegð þjóðanna*, að sykur er kjörinn til skattlagningar, því hann er engum nauðsyn og hægt að sneiða hjá honum.
- SÍBS tekur undir rökstutt viðhorf Landlæknis og erlendar rannsóknir sem sýna að neyslustýring með skattlagningu sé áhrifarík leið til að minnka neyslu óhollra vara.
- Norðurlöndin skattleggja undantekingalaust sykur og sætindi. Fyrirhugaðri útvíkkun sykurskattsins var slegið á frest í Danmörku og Noregi 2013 en er sífellt meira í umræðunni í þeim löndum sem við berum okkur saman við.
- Neyslustýring með beinum inngrípum virkar, líkt og hefur sannað sig gagnvart tóbaksíðnaðinum. Nú stöndum við frammi fyrir heimsfaraldri langvinnra, lífsstílstengdra sjúkdóma þar sem sykurneysla er stærsti orsakapátturinn hvað mataræði varðar.



Heildarmyndin

Út frá fyrirbyggjandi tölum telur SÍBS að heildarkostnaður hins opinbera hér á landi vegna offitu nemi milli kr. 5 og 15 ma. á ári (sjá nánar í kaflanum hér að neðan).

Sakir samfélagslegs kostnaðar og heilsufaráhrifa offitu og sjúkdóma tengdra mataræði er ofneysla sykurs ekki alfarið einkamál hvers og eins meðan samfélagið ber kostnaðinn. Líkt og vegna ofneyslu áfengis og tóbaksneyslu er gjaldtaka því réttlætanleg og nauðsynleg.

Langvinnir, lífsstílstengdir sjúkdómar valda 86% allra dauðsfalla í okkar heimshluta. Vandinn er af þeirri stærðargráðu að hann stendur í vegi fyrir hagvexti og er að sliga heilbrigðiskerfið.

<http://www.laeknabladid.is/tolublod/2012/11/nr/4665>

Með neyslustýringu má draga úr neyslu óhollra fæðutegunda en auka í staðinn neyslu ávaxta og grænmetis. Góð leið til þess er sykurskattur. Óhófleg neysla sykurs stuðlar að þeim offitufaraldri sem flest lönd búa við í dag. Offita og afleidd sykursýki er ein helsta undirrot margra langvinnra sjúkdóma. Það er því mikivægt lýðheilsuáhrif að draga úr sykurneyslu þjóðarinnar.

<http://www.laeknabladid.is/tolublod/2013/03/nr/4790>

Meðalævilíkur Íslendinga við fæðingu eru með því mesta sem gerist í Vestur-Evrópu (80 ár hjá körlum og 84,4 hjá konum árið 2010), meðan meðalævilengd heilbrigðs lífs (healthy life expectancy, HALE) er aðeins 66,9 ár hjá körlum og 69,9 ár hjá konum. Við eyðum með öðrum orðum að meðaltali síðustu 14 árum ævinnar í veikindi skv. grein í The Lancet:

<http://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0140673612616900>

Heilsuhagfræðileg staða

Beinn kostnaður hins opinbera vegna offitu var áætlaður kr. 3 ma. hér á landi árið 2007, eða sem samsvarar á fimmta milljarði á verðlagi dagsins í dag – og þó líklega meiru, því offituvandinn hefur aukist verulega frá 2007.

http://skemman.is/en/stream/get/1946/3254/10284/1/Kristin_Thorbjornsdottir_fixed.pdf

Í skýrslu Háskólans á Bifröst sem gerð var fyrir heilbrigðisráðuneytið í nóvember 2008 kemur m.a. fram að þjóðhagslegur sparnaður af því að lækka meðalþyngd landsmanna um 1 BMI-stig (léttast um ca. 3 kg) nemi um kr. 1 ma. á ári, eða kr. 1,5 ma. á verðlagi dagsins í dag.

<http://www.velferdarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur2012/Bifrost-Offita-171108.pdf>

Sé tekið mið af vandaðri sænskri rannsókn sem út kom 2011, gæti kostnaðurinn verið enn meiri. Þar nam heildarkostnaður tryggingakerfis og heilbrigðiskerfis vegna offitu SEK 15 ma. árið 2003, eða 0,6% af vergri landsframleiðslu, og gert er ráð fyrir 40–80% aukningu fram til ársins 2020, sem heimfært á Ísland væri ISK 15 ma. á ári nú – og samt erum við töluvert feitari en Svíar.

http://eso.expertgrupp.se/wp-content/uploads/2013/07/ESO-2011_3-till-webben.pdf



Þá vill SÍBS taka undir það rökstudda og skýra viðhorf Landlæknisembættisins, að neyslustýring með skattlagningu sé áhrifarík leið til að takmarka neyslu óhollra vara, bæta heilsu og draga úr útgjöldum. Landlæknir vísar m.a. í grein sem sannar að verðstýring með sköttum eða vörugjöldum á sykraða gosdrykki geti verið áhrifarík leið til að minnka neyslu á þeirri vöru. Slík verðhækkun getur haft áhrif þar sem þörfin er brýnust, þ.e. hjá börnum og ungmennum og öðrum þeim sem drekka mest af gosdrykkjum.

<http://www.landlaeknir.is/um-embættid/frettir/frett/item23650/Laekkom-alogur-a-hollustu-og-takmorkum-adgengi-ad-ohollustu>
<http://www.nejm.org/doi/pdf/10.1056/NEJMp0902392>

Einnig vísar Landlæknir til greinar í The Lancet 2011 þar metið var hvaða aðgerðir stjórnvalda í Ástralíu skiluðu mestum árangri í því að sporna gegn offitu, og voru þar skattar á óholla mat- og drykkjarvöru efst á blaði, bæði til að bæta heilsu og til að draga úr útgjöldum.

<http://www.landlaeknir.is/um-embættid/frettir/frett/item18902/Hvad-tharf-til-ad-alogur-a-matvaeli-virki-sem-forvarnaradgerd->
<http://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0140673611608155#>

Út frá fyrirliggjandi tölum má ætla að heildarkostnaður hins opinbera hér á landi vegna offitu nemi milli kr. 5 og 15 ma. á ári.

Íslendingar borða of mikinn sykur

Sykurneysla Íslendinga hefur numið kringum 50 kg á mann á ári um árabil, en yngstu aldurshóparnir eru að neyta tvöfalds þess magns.

http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item14901/Hva%C3%B0%20bor%C3%B0a%20%C3%8Dslendingar_april%202012.pdf (bls. 37)

Ofan á þetta bætist að WHO telur nú ekki aðeins viðbættan sykur með í sínum viðmiðum eins og Íslendingar gera, heldur einnig náttúrulegan sykur í hunangi, sýrópum, ávaxtasöfum og ávaxtaþyknum (e. free sugars).

Borið hefur á þeim falsrökum að þyngdaraukning þjóðarinnar geti ekki verið sykurneyslu að kenna, þar sem sykurneysla sé ekki að aukast. Þetta er rökvilla, vegna þess að ofneysla sykurs getur haldið áfram að valda þyngdaraukningu jafnvel þótt ofneyslan minnki – hún er enn ofneysla, og margföld hjá Íslendingum á við það sem WHO telur æskilegt.

Neyslustýring með sköttum virkar

Fjöldi vísindagreina hefur birst sem sanna áhrif verðs á eftirspurn, en ein sú athyglisverðasta út frá næringarsjónarmiðum kom út í janúar 2014:

Rannsóknin tók til *næringarefna* matvæla (ekki aðeins varanna sjálfra), með nákvæmri greiningu á innihaldsefnum einstakra matvara í 123 milljón innkaupum hjá bandarískum neytendum. Niðurstaða



rannsakendanna er að skattur á innihaldsefni (þ.e. sykurskattur) sé mun áhrifameiri en skattur á vöruflokka (þ.e. vörugjöld eða virðisaukaskattur), án aukins heildarkostnaðar fyrir neytendur.

<http://www.nber.org/papers/w19781>

Óparfi er að minna á að neyslustýring á skaðvænlegum neysluvörum hefur verið lengi við lýði hvað varðar áfengi og tóbak. Sjálfur frumkvöðull frjálshyggjunnar Adam Smith segir svo í Auðlegð þjóðanna: "Sugar, rum, and tobacco, are commodities which are nowhere necessities of life, [but] which are ... objects of almost universal consumption, and which are therefore extremely proper subjects of taxation."

http://www.who.int/tobacco/research/economics/prices_taxes_revenues/en

Innlendir rannsakendur styðja neyslustýringu með sköttum á sykur:

<http://www.ruv.is/heilbrigdismal/verdstyring-skilvirkasta-leidin>

<http://www.landlaeknir.is/um-embættid/frettir/frett/item18902/Hvad-tharf-til-ad-alogur-a-matv-aeli-virki-sem-forvarnaradgerd->

<http://www.landlaeknir.is/um-embættid/frettir/frett/item23650/Laekkom-alogur-a-hollustu-og-takmorkum-adgengi-ad-ohollustu>

Staða mála á Norðurlöndum

Í Danmörku hefur skattur á gos, ís, sælgæti og ýmist sætabrauð verið við lýði síðan 1922, og í núverandi formi síðan 1998. Rangt er, sem haldið hefur verið fram af sykuriðnaðinum hér á landi, að fallið hafi verið frá sykurskatti í Danmörku. Hið rétta er, að við fjárlagagerð vegna 2013 var samið um að falla frá eða fresta fyrirhugaðri útvíkkun á sykurskattinum ásamt fyrirhuguðum reglum um skatt á harða fitu sem taka áttu gildi 1. janúar 2013. Dönsku lögin taka eftir sem áður til sykurrinnihalds í fjölmörgum vörum, allt frá sælgæti og kexi yfir í kókómjólk og -duft.

<https://www.retsinformation.dk/Forms/R0710.aspx?id=146531>

Í Noregi hefur verið í gildi skattur á gos og sælgæti síðan 1981, og sérstakur skattur á súkkulaði og sykurvörur síðan 1922. Með sameinaðri reglugerð árið 2001 var m.a. skattur á gosdrykki sem innihalda viðbættan sykur færður á einn stað, og nemur fjárhæð hans nú um ISK 70 pr lítra. Frá 1. janúar 2013 hækkaði skattur á sykraða drykki, svo hálf lítra flaska hækkaði um sem nemur ISK 20. Í dag er gjaldtakan í Noregi bæði beint á sykurrinn sjálfan og á pr. kíló sykraðrar vöru:

<http://www.statsbudsjettet.no/Statsbudsjettet-2015/Artikler/Avgiftssatser-2015/>

Í Finnlandi er þegar við lýði skattur á sykraða drykki, ís og sælgæti, en unnið er við að skoða hvers konar gjöld séu best til þess fallin að stýra neyslu á sykruðum vörum almennt.

Í Svíþjóð var síðast lögð fram þingsályktunartillaga í október 2012 um álagningu sykurskatts, en málið er ekki komið lengra á sænska þinginu.



Næringarfræðileg sjónarmið

Gegnum þróunarsögu mannsins hefur sykur alls ekkert komið við sögu fyrr en á síðasta árbúsundinu í Evrópu og litlu fyrr í Austurlöndum. Fyrst á 18. öld varð sykur algengur í Evrópu; fyrst sem lúxusvara en svo á 19. öld sem nauðsynjavara.

Liffræðilega erum við ekki hönnuð til að þola sykur vel: Frúktósinn í venjulegum sykri (súkrósa) meltist í lifrinni líkt og alkóhól, sem tekur tíma og heldur áfram að skila orku löngu eftir að við erum hætt að vera sólgín í sykur. Þessi umframorka breytast síðan í fitu – gjarnan kviðfitu eða fitusöfnun í lifur. Skiptir þá engu hvort um er að ræða hvítan sykur, hrásykur eða annan sykur.

Það er ekki náttúrulega fitan í matnum sem orsakar offituna. Hún þarf að vera til staðar til að veita nauðsynleg næringarefni og gefur hæga orku sem ekki örvar insúlínsveiflur eins og hröðu kolvetnin. Það er gegndarlaust sykur- og sterkjuát sem fyrst og fremst hefur komið okkur í koll.

<http://www.sibs.is/allar-greinar/item/81-aftur-til-upprunans>

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO)

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) notar í dag víðari skilgreiningu á viðbættum sykri en tíðkast hefur á Íslandi, og telur með allar ein- og tvísykrur sem bætt er við matinn *eða eru til staðar frá náttúrunnar hendi* í hunangi, sýrópum, ávaxtasöfum og ávaxtaþykknunum.

WHO sendi þann 5. mars 2014 frá sér tillögur að nýjum manneldismarkmiðum, þar sem áfram er litið til þess að í mesta lagi 10% af heildarorkuþörf verði mætt með sykurneyslu en stefna beri að 5%. Þetta magn samsvarar 25 g af sykri á dag, eða 6 teskeiðum. Í lítilli gosdós eru 9 teskeiðar.

<http://www.who.int/mediacentre/news/notes/2014/consultation-sugar-guideline/en/>

Samkvæmt WHO er mataræði nú stærsti einstaki áhættuþáttur lýðheilsu Íslendinga.

http://www.healthdata.org/sites/default/files/files/country_profiles/GBD/ihme_gbd_country_report_iceland.pdf

Til að bæta gráu ofan á svart eru Íslendingar heldur ekki að mæla sykur á sama hátt og WHO, sem telur með safe, þykkni og sýróp sem við undanskiljum og fáum því lægri neyslutölur.

Brottfall sykurskatts væri meiri háttar áfall fyrir viðleitni okkar til að ná markmiðum WHO.

Evrópumeistarar í ofþyngd

Ársneysla Íslendinga á sykri hefur verið nálægt 50 kílóum á mann á ári í langan tíma. Viðvarandi ofneysla sykurs veldur sívaxandi þyngd þjóðarinnar. Það er því fullkomin rökvilla sem haldið hefur verið fram að þyngdaraukning geti ekki verið sykurneyslu að kenna þegar sykurneyslan vex ekki. Íslendingar eru nú feitasta þjóð Evrópu með 74% karla og 61% kvenna í ofþyngd skv. greiningu á skýrslu WHO Global Burden of Disease 2013.



<http://www.ruv.is/frett/feitust-og-naest-feitust-i-vestur-evropu>

[http://www.thelancet.com/journals/lancet/article/PIIS0140-6736\(14\)60460-8/fulltext?_eventId=login](http://www.thelancet.com/journals/lancet/article/PIIS0140-6736(14)60460-8/fulltext?_eventId=login)

Eftirfarandi grein í The Lancet tekur saman 900.000 manns í Norður-Ameríku og Evrópu og fylgir þeim eftir í að meðaltali 8 ár. Kyrfilega er sýnt fram á að líkamspyngdarstuðull yfir 25 (ofþyndarmörk) tengist verulega auknum líkum á sjúkdómum og dauða:

<http://www.thelancet.com/pdfs/journals/lancet/PIIS0140673609603184.pdf>

Böndin berast að sykurneyslu og gervisykri

Anna Sigríður Ólafsdóttir um sykur, sætt bragð og seddustjórnun

<http://www.ruv.is/mannlif/feitasta-thjod-evropu> (útvarp)

<http://www.sibs.is/allar-greinar/item/76-sykur-og-s%C3%A6ta-brag%C3%B0i%C3%B0>
(grein)

Ýmsir erlendir visindamenn sem nefndir eru til sögunnar í þessari fréttaskýringu frá kanadíska ríkissjónvarpinu CBC: "The Secrets of Sugar" - the fifth estate - CBC News

https://www.youtube.com/watch?feature=player_embedded&v=xDaYa0AB8TQ

Ný rannsókn úr Nature um skaðsemi sætuefna (17. september 2014). Gervisykur (sakarín, súkralósi og aspartam) hefur áhrif á brenglað sykurl, þ.e. forstig sykursýki. Niðurstöðurnar eru sláandi og byggðar sterkum tilraunum, bæði í músum og mönnum og styðja mjög álagningu sykurskatts á gervisætu til jafns við sykur.

<http://www.nature.com/nature/journal/vaop/ncurrent/full/nature13793.html>

<http://ruv.is/frett/saetuefni-kunna-ad-vera-varhugaverd>

Fræðilegur fyrirlestur Dr. Robert H. Lustig "Sugar: The Bitter Truth" frá University of California San Francisco Mini Medical School for the Public um það hvernig frúktósinn í sykri er aðalskaðvaldurinn í efnaskiptavillu.

<http://www.youtube.com/watch?v=dBnniua6-oM>

Nokkurra mínútna fræðslumyndir fyrir almenning um mataræði og sykur frá University of California San Francisco:

<http://www.youtube.com/watch?v=Xn1cl8FNU6M&list=PL39F782316B425249&index=4>



Um SÍBS

SÍBS á og rekur endurhæfingarmiðstöðina Reykjalund og öryrkjavinnustaðinn Múlalund, og innan sambandsins starfa sjúklingafélög með um sex þúsund félagsmenn.

SÍBS beitir sér fyrir endurhæfingu, heilsuefingu og forvörnum á sviði lífsstíls. Tveir þriðju hlutar dauðsfalla og verulegur hluti örorku orsakast af sjúkdómum sem tengjast lífsstíl, þar meðtalið óheilsusamlegu mataræði, hreyfingarleysi, tóbaksnoktun og misnotkun áfengis.

Reykjavík, 13. október 2014

Virðingarfyllst,

Guðmundur Löve
framkvæmdastjóri SÍBS



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 21. október 2014

1409027SA GB/TP
Málalykill: 401

Efni: Frv. til laga um skattkerfisbreytingar (VSK o.fl.) - 2. mál 144. lþ.

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 26. september sl., þar sem ofangreint þingmál var sent til umsagnar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Sambandið óskaði eftir framlengdum umsagnarfresti og var orðið við þeirri beiðni.

Almennt um frumvarpið

1. Skortur á samráði

Á undanförnum árum hafa umfangsmiklar skattkerfisbreytingar verið til umfjöllunar í embættismannanefndum skipuðum af fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Heildstæðar skattkerfisbreytingar hafa eðli málsins samkvæmt veruleg áhrif á báðum stjórnsýslustigum - hjá ríki og hjá sveitarfélögum - einkum hvað varðar virðisaukaskatt og gjöld sem tengjast umhverfinu (þar á meðal umferð, fasteignum og auðlindum). Þrátt fyrir þetta hefur samráð við sveitarfélög verið af skornum skammti í þessari vinnu og aðkoma þeirra lögð að jöfnu við svokallaða „hagsmunaaðila“. Skýtur það verulega skökku við þar eð fyrir liggur stefna um að horfa beri á opinber fjármál stjórnvalda sem eina heild, sbr. frv. um það efni sem lagt hefur verið fram á Alþingi (206. mál).

Heildarsýn á opinber fjármál stjórnvalda var einnig lykilboðskapur hjá sérfræðingahópum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) sem komu tvisvar til Íslands á árunum 2010 og 2011 og gerðu úttektir á íslenska skattkerfinu. Fulltrúar sambandsins hittu þessa hópa á fundum og fóru yfir skattaumhverfi sveitarfélaganna og ríkti eindrægni um þær ráðstafanir sem grípa þyrfti til, m.a. varðandi fjármálareglur sveitarfélaga. Mörg tilmæli sérfræðingahópanna hafa komið til framkvæmda en ýmsum öðrum sem snúa að sveitarfélögunum hefur lítt verið sinnt af fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Óhjákvæmilegt er að lýsa yfir vonbrigðum með að sveitarfélögin hafi ekki verið höfð betur með í ráðum þegar tillögur í frumvarpinu voru mótaðar. Sambandið hefur því fyrirvara á afstöðu sinni til kerfisbreytinga skv. þessu frumvarpi auk þess sem kallað er eftir því að sambandið fái gott ráðrúm til þess að lýsa sjónarmiðum og stefnu sinni við meðferð efnahags- og viðskiptanefndar á málinu.

2. Virðisaukaskattsumhverfi sveitarfélaga

Stefna sambandsins er sú að starfsemi sveitarfélaganna eigi ekki að mynda skattstofn fyrir ríkið. Því eigi ríkið að endurgreiða þann virðisaukaskatt (innskatt)



sem leggst ofan á almenna starfsemi og fjárfestingar sveitarfélaganna að því marki sem sveitarfélögin eru ekki hlekkur í virðisaukaskattskeðjunni.

Sérfræðingahópur AGS sem hér var í heimsókn árið 2010 fjallaði sérstaklega um virðisaukaskattsumhverfi sveitarfélaga. Í skýrslu sinni¹ mælir hópurinn með því að sveitarfélögin fái VSK endurgreiddan í fleiri tilvikum en nú er, þ.e. að innskattur sem sveitarfélög standa skil á verði endurgreiddur af ríkinu að minnsta kosti í þeim tilvikum þar sem hagstætt er að útvista þeirri starfsemi sem sveitarfélögin greiða VSK af.

Í skýrslunni kemur jafnframt fram að íslensk sveitarfélög telji sig fá endurgreiðslu á 12% þess virðisaukaskatts sem þau standa skil á til ríkisins. Sé litið til annarra ríkja er þetta mjög lágt hlutfall og má þar sem dæmi nefna að bresk sveitarfélög fá endurgreiðslu frá ríkinu sem nemur um 99%.

Gildandi framkvæmd endurgreiðslna hefur jafnframt verið rædd á fundum með sérfræðingum AGS. Þar lagði sambandið megináherslu á endurbætur þannig að sveitarfélögum væri ekki synjað um réttmætar endurgreiðslur eða endurgreiðslur dregnar á langinn, en töluvert hafði borið á slíkum tilvikum. Jafnframt var vikið að áframhaldi ríkisstuðnings sem verið hafði ígildi endurgreiðslu virðisaukaskatts, m.a. til fráveituframkvæmda á árunum 1995 - 2008.

Í framhaldi af þessari umræðu gaf sambandið út greinargerð um endurgreiðslurnar í samvinnu við sérfræðinga KPMG.² Brugðist hefur verið við nokkrum atriðum í greinargerðinni en öðrum hefur ekki verið sinnt.

3. Samkeppnishæfni atvinnulífs

Samskipti stjórnáslustiga - þ.e. ríkis og sveitarfélaga - hafa þróast hratt á umliðnum misserum. Áformuð löggjöf um opinber fjármál er til marks um þá þróun þar sem megináhersla er lögð á gerð stefnumarkandi áætlana.

Áætlanir af þessi tagi skipta miklu máli fyrir samkeppnishæfni atvinnulífs í viðum skilningi. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) hafa tekið saman ítarlegt yfirlit um samkeppnishæfni atvinnulífs³ þar sem sérstaklega er vikið að hinu skattalega umhverfi.⁴ eru tillögur gerðar um endurskoðun bæði á vörugjaldakerfinu í heild sem og á VSK-greiðslum sveitarfélaga.

Með fyrirliggjandi frumvarpi um skattkerfisbreytingar eru vörugjöld afnumin og með því komið verulega til móts við atvinnulífið. Sambandið telur hins vegar ófært að hvergi sé komið til móts við tillögur um endurskoðun á endurgreiðslum sveitarfélaga, þar á meðal frá sérfræðingahópi AGS, en skattgreiðslur þeirra þvert á móti auknar eins og vikið er að hér á eftir.

Af yfirliti SSH má ráða að nettóvirðisaukaskattur sem sveitarfélög standa skil á sé árlega á bilinu 7 - 9 ma.kr. Sambandið fer ekki fram á að slík endurgreiðsla verði tekin upp á einu bretti, en gerir hins vegar kröfu um að viðamiklar skattkerfisbreytingar séu ekki gerðar án þess að kanna afstöðu sveitarfélaganna og líta til hlutverks þeirra sem annarrar af tveimur stöðum framkvæmdavaldsins.

¹ Sjá efnisgreinar 100 – 103: <http://www.imf.org/external/pubs/ft/scr/2010/cr10213.pdf>.

² Sjá: <http://www.samband.is/media/fjarmal-sveitarfelaga/Skyrsla-um-vsk-umhverfi.pdf>.

³ Samantekt niðurstaðna frá september 2014: http://issuu.com/ssh.is/docs/vaxtarsamn_hbsv_net-1.

⁴ http://ssh.is/images/stories/Soknarasetlun/Lokaskyrslur/Vaxtarsamningur/skatta_umhverfi_NET2.pdf.



4. Einföldun regluverks

Áríðandi er einnig að kerfisbreytingar leiði í reynd til einföldunar á regluverki en eins og bent hefur verið á í umsögnum sem borist hafa um þetta þingmál, gætu tillögur í því leitt til flóknara skattumhverfis fyrir almenningsamgöngur, þar sem lagt virðist á rekstraraðila að meta í hvaða tilgangi ferð sé farin.

Hér er einkum vísað til tillögu í frumvarpinu um að orðalag 6. tölul. 3. mgr. 2. gr. virðisaukaskattlaganna verði svohljóðandi:

Eftirtalin vinna og þjónusta er undanþegin virðisaukaskatti:

Fólksflutningar. Flutningur á ökutækjum með ferjum, sem eru í beinum tengslum við fólksflutninga, telst til fólksflutninga samkvæmt þessum staflíð. Undanþágan nær ekki til fólksflutninga í afþreyingarskyni.

Sambandið hefur lagt áherslu á að allir þættir almenningsamgangna eigi að vera hlutlausir gagnvart virðisaukaskatti, þ.e. að innskattur vegna aðfanga í slíkri starfsemi sé endurgreiddur ásamt öðrum gjöldum.

Til þess að framfylgja þeirri stefnu er eðlilegt að sérstaklega verði kveðið á um undanþáguna í virðisaukaskattslögum og byggt á þeirri skilgreiningu sem unnið hefur verið með við smíði frumvarps um fólksflutninga í atvinnuskyni þ.e.:

Almenningsamgöngur. Fastar ferðir á ákveðinni leið samkvæmt fyrirfram birtri áætlun, þar sem þjónustan er öllum opin og farþegar eru teknir upp og settir af á leiðinni á biðstöð eða samgöngumiðstöð.

Um einstakar tillögur frv.

1. Hækkun á neðra þrepi VSK

Nái tillaga um hækkun á neðra þrepi VSK úr 7% í 12% fram að ganga mun það þýða hærri útgjöld sveitarfélaga þegar frá áramótum, einkum vegna kaupa á aðföngum m.a. til mótuneyta og annarrar hliðstæðrar starfsemi.

Út frá ársreikningum sveitarfélaga fyrir árið 2013 (A-hluta) hefur hag- og upplýsingasvið sambandsins reiknað út að hliðstæð aðgerð fyrir það ár hefði þýtt um 340 m.kr. útgjaldauka. Upplýsingar liggja ekki fyrir vegna ársins 2014 eða áætlanir vegna 2015, en ætla verður að áhrifin gætu orðið svipuð á næsta ári.

Síaukinn fjöldi í hópi þeirra sem fá fjárhagsaðstoð hefur beint sjónum sveitarfélaga að því hvernig framfærslukostnaður og útgjöld heimilanna hafa þróast. Sambandið hefur tekið þátt í vinnu við gerð neysluviðmiða þar sem gerð er tilraun til þess að greina samhengi í niðurstöðum úr lífshagránnsókn Hagstofunnar og grunni sem byggja megi á við ákvarðanir um fjárhagsaðstoð. Út frá þeirri vinnu má ljóst vera að hækkun á neðra þrepi muni leiða til marktækrar hækkunar framfærslufjárhæða, enda eru matur og drykkjarvörur u.þ.b. 40% af því grunnviðmiði sem mótað hefur verið um framfærslukostnað án húsnæðis og samgangna.

Nái tillagan fram að ganga mun breytingin valda þrýstingi á hækkun fjárhagsaðstoðar þegar fram í sækir. Óvíst er hver áhrifin verða en rétt er að hafa í huga að hvert prósent sem fjárhagsaðstoð hækkar um þýðir u.þ.b. 50 m.kr. útgjaldauka hjá sveitarfélögum.



Ennfremur er bent á að langfjölmennasti hópurinn á fjárhagsaðstoð eru karlar sem búa einir eða um 44,5% þeirra heimila sem njóta aðstoðar skv. tölum Hagstofunnar fyrir árið 2013.⁵ Ljóst er að boðaðar mótvægisáðgerðir í formi hærri barnabóta koma þessum hópi ekki til góða og gagnast ekki til þess að milda áhrifin á framfærslu viðkomandi. Ekki er því óvarlegt að ætla að útgjaldaþrýstingur vegna fjárhagsaðstoðar vaxi um 1 - 2%, eða á bilinu 50 til 100 m.kr. á ári þegar fram í sækir.

Samandregið gæti hækkun á neðra þrepi VSK því þýtt á bilinu 390 - 440 m.kr. útgjaldaauka á ársgrundvelli.

2. Lækkun á efra þrepi VSK

Samkvæmt útreikningum hag- og upplýsingasviðs sambandsins upp úr ársreikningum sveitarfélaga 2013 myndi hliðstæð áðgerð hafa þýtt lækkun rekstrarútgjalda um tæplega 250 m.kr. á því ári. Forsendur fyrir næsta ár liggja ekki fyrir auk þess sem sennilegt má telja að tregðu muni gæta í verðlækkunum á þeim vörum og aðföngum sem eru í efra þrepinu.

Gagnvart áðurnefndum grunnviðmiðum um framfærslu, mun lækkunin að líkindum hafa hverfandi áhrif þar sem stærstur hluti þess sem viðmiðið mælir (fyrir utan mat og drykkjarvörur) er undanþegið VSK.

Fyrir sveitarfélögin í heild má því ætla að áhrif til lækkunar á rekstrargjöldum verði sennilega á bilinu 200 - 250 m.kr. á ársgrundvelli.

3. Kostnaðaráhrif

Samkvæmt ofangreindu má ætla að kostnaðaráhrif frv. geti á ársgrundvelli hlaupið á 140 - 240 m.kr. hækkun rekstrarútgjalda fyrir sveitarfélögin. Koma þau áhrif til viðbótar þeim útgjaldaauka sem að óbreyttu mun hljóta af fylgifrúmvörpum fjárlaga fyrir árið 2015 en þau hafa ekki verið kostnaðarmetin.

Að mati sambandsins er það óásættanlegt verklag hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu að setja fram slík frúmvörp án þess að kostnaðarmat fari fram í samræmi við meginreglu 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er farið fram á að efnahags- og viðskiptanefnd kalli eftir upplýsingum frá ráðuneytinu um möguleg áhrif umræddra frúmvarpa á fjárhag sveitarfélaga.

Tekið skal fram að vegna tímaskorts hefur sambandinu ekki reynst unnt að greina eða meta þau áhrif til lækkunar sem verða samhliða niðurfellingu vörugjalda fyrir sveitarfélögin. Mikilvægt er engu að síður að það verði gert.

Ástæða er jafnframt til að hvetja fjármála- og efnahagsráðuneytið til að sinna því hlutverki að vera leiðandi í þróun góðra samskipta milli ríkis og sveitarfélaga.

4. Brottfall bráðabirgðaákvæðis nr. XV

Gildandi ákvæði til bráðabirgða tryggir sveitarfélögum fulla endurgreiðslu þess virðisaukaskatts sem þau greiða af vinnu manna á byggingarstað eða við endurbætur og viðhald húsnæðis sem er alfarið í þeirra eigu (eða stofnana og félaga sem alfarið eru í eigu sveitarfélaga).

⁵ <https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=16970>.



Ákvæðið fellur að óbreyttu brott um áramótin en af hálfu sveitarfélaga er lögð afar rík áhersla á að heimildin gagnvart sveitarfélögunum verði framlengd um a.m.k. tvö ár enda hefur ákvæðið haft verulega þýðingu við atvinnusköpun og ákvarðanatöku um verklegar framkvæmdir sem ella hefðu beðið vegna efnahagsástands.

Eins og áður greinir hafa kostnaðaráhrif af brottfalli ákvæðisins ekki verið metin og munu þau m.a. helgast af þeim áætlunum um verklegar framkvæmdir sem sveitarfélög hyggjast fara út í á komandi ári. Athyglisvert er að Reykjavíkurborg telur í umsögn sinni að brottfall ákvæðisins muni hækka áætluð fjárfestingarútgjöld borgarsjóðs (A-hluta) um 220 m.kr. á árinu 2015. Út frá áðurnefndu viðmiði um umsvif borginnar má ætla áhrifin fyrir sveitarfélögin í heild gætu mögulega verið á bilinu 500 - 600 m.kr.


Rétt er að taka fram að lækkun á efra skattþrepi tempri áhrifin af brottfalli ákvæðisins. Út frá forsendum í greiningu hag- og upplýsingasviðs sambandsins á ársreikningum árið 2013 má ætla að mótvægisáhrifin geti verið á bilinu 180 - 200 m.kr.

Samantekt

Eins og rakið er í þessari umsögn munu boðaðar skattkerfisbreytingar og fylgifrumvörp vegna fjárlaga ársins 2015 hafa áhrif á fjárhag sveitarfélaga svo nemur hundruðum milljóna króna á ársgrundvelli. Sambandið telur einsýnt að þessar breytingar fari í gegnum aðlögun við meðferð þingsins og kallar eftir því að þar verði horft heildstætt á fjármál hins opinbera og að skattkerfisbreytingar séu ekki nýttar til þess að afla ríkissjóði aukinna tekna frá sveitarfélögunum.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs

Afrit: Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
Fjármála- og efnahagsráðuneytið



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 4. desember 2014

1409027SA TP
Málalykill: 401

Efni: **Framhaldsumsögn um frv. til laga um skattkerfisbreytingar (VSK o.fl.)
- 2. mál 144. lp.**

Vísað er til fyrri umsagnar sambandsins um ofangreint þingmál, dags. 21. október sl., og umræðna sem fulltrúar sambandsins tóku þátt í á fundi efnahags- og viðskiptanefndar þann 25. nóvember sl.

Til efni þessa erindis er að óska eftir framlengingu tveggja bráðabirgðaákvæða við lög um virðisaukaskatt.

Gildandi bráðabirgðaákvæði nr. X með lögum um virðisaukaskatt

Athygli sambandsnis hefur verið vakin á þeirri staðreynd að gildandi bráðabirgðaákvæði nr. X við lög nr. 50/1988, mun að óbreyttu falla úr gildi um komandi áramót. Í umræddu ákvæði er mælt fyrir um heimild til endurgreiðslu á $\frac{2}{3}$ hluta þess virðisaukaskatts sem greiddur er vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða og almenningsvagna á tímabilinu til og með 31. desember 2014. Þeir sem njóta þessarar heimildar eru handhafar leyfa til fólksflutninga í atvinnuskyni samkvæmt lögum nr. 73/2001, um fólksflutninga og farmflutninga á landi.

Ekkert er vikið að umræddu ákvæði í því frumvarpi um breytingar á virðisaukaskattslögum sem Alþingi hefur nú til meðferðar.

Sveitarfélögin, sem ábyrgðaraðilar almenningsgangna, hafa ótvíræða hagsmuni af þessari endurgreiðsluheimild sem hefur verið í lögum óslitið frá 1. september 2000. Verður raunar að telja að þetta framlag ríkisins til starfsemi almenningsgangna sé búið að vera svo lengi í lögum að það sé komið langt með að ávinna sér þann sess að undirbúa þurfi þau áform að heimildin falli brott. Augljóst er þó að með tilliti til áætlanagerðar sveitarfélaga er afar óheppilegt að hafa þessa undanþágu árum saman í formi bráðabirgðaákvæðis, líkt og reyndin hefur verið.

Sambandinu er kunnugt um að Strætó bs. hafi byggt á því í sínum fjárfestingaráætlunum að $\frac{2}{3}$ af virðisaukaskatti vegna innkaupa á vögnum fengjust endurgreidd. Falli heimildin niður mun það draga verulega úr getu Strætó bs. til þess að endurnýja vagnakostinn á næstu árum. Má ljóst vera að



það getur haft neikvæð áhrif á þjónustustig, umhverfismál og jafnvel öryggi farþega.

Jafnframt er minnt á að í vændum eru auknar kröfur til þess að almenningssvagnar uppfylli viðmið í loftlagsmálum sbr. nýframlagt frumvarp um það efni sem ætlað er að innleiða tilskipanir ESB (þingmál nr. 424). Í greinargerð með því frumvarpi er rakið að samþykkt þess mun hafa í för með sér að opinberir aðilar (ríki, Reykjavíkurborg og önnur stærstu sveitarfélögin) kaupi fleiri umhverfisvæn ökutæki en að á móti komi að innkaupsverð á vistvænum og orkunýtnum ökutækjum sé í mörgum tilfellum [mun] hærra en á hefðbundnum ökutækjum.

Sambandið leggur áherslu á að innleiðing þessara tilskipana verður íþyngjandi fyrir sveitarfélög og er eðlilegt að sveitarfélögin spyrji á hvern hátt löggjafinn geti komið til móts við sveitarfélögin í því að mæta þeim kostnaði. Brottfall bráðabirgðaákvæðis X er augljóslega aðgerð sem eykur enn frekar kostnað við almenningssamgöngur, komi til þess. Varanleg endurgreiðsla virðisaukaskatts myndi hins vegar senda mjög jákvæð skilaboð af hálfu löggjafans í þágu almenningssamgangna.

Til þess að koma í veg fyrir röskun á fjárfestingaráætlunum almenningssamgangna og stuðla að framgangi markmiða í loftlagsmálum leggur sambandið eindregið til að háttvirt efnahags- og viðskiptanefnd tryggi áframhaldandi gildistíma bráðabirgðaákvæðis X, a.m.k. til og með 31. desember 2015.

Þess er jafnframt farið á leit að komandi ár verði nýtt til þess að greina reynsluna af bráðabirgðaákvæðinu þau bráðum 15 ár sem það hefur verið í gildi og að unnið verði að því að festa þessa endurgreiðslu varanlega í sessi.

Sú vinna haldist í hendur við mat á áhrifum reglugerðar sem væntanlega verður sett til innleiðingar á áður nefndum tilskipunum. Þannig verði tryggt að ábyrgðaraðilar almenningssamgangna séu til framtíðar í stakk búnir að tryggja þjónustustig, umhverfismál og öryggi farþega.

Gildandi bráðabirgðaákvæði nr. XV um vinnu á byggingarstað

Sambandið ítrekar óskir sínar úr fyrri umsögn um að bráðabirgðaákvæðið verði framlengt gagnvart sveitarfélögunum um a.m.k. tvö ár, þannig að þau fái endurgreiddan VSK vegna verklegra framkvæmda við byggingar.

Rök fyrir þeirri framlengingu snúa fyrst og fremst að hlutverki sveitarfélaganna við atvinnusköpun. Ljóst er af öðrum fylgimálum fjárlagafrumvarps ríkisstjórnarinnar að á komandi ári munu sveitarfélögin fá yfir til sín mjög marga atvinnuleitendur sem misst hafa rétt til atvinnuleysisbóta. Reiknað er með að sá hópur skipti hundruðum þegar frá áramótum og má ætla að karlar verði þar í allmiklum meirihluta.

Sveitarfélögin vilja geta boðið þessum hópi störf og þá skiptir höfuðmáli að geta vísað til verkefna m.a. við meiriháttar endurbætur og viðhald. Framlenging endurgreiðsluheimildar væri ákveðinn lykill að ákvarðanatöku um slíkar verklegar framkvæmdir.



Í fyrirbyggjandi álitum frá efnahags- og viðskiptanefnd er ekki vikið að gildandi bráðabirgðaákvæði nr. XV, sem að óbreyttu mun falla niður um komandi áramót. Óskar sambandið eindregið eftir því að nefndin ræði mögulega framlengingu þessa ákvæðis fyrir þriðju umræðu um frumvarpið.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Afrit:
Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
Strætó bs.
Innanríkisráðuneytið
Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Tillögur SA að breytingum á virðisaukaskattskerfinu



Tillögur að breytingum á VSK kerfinu

1. Velta afþreyingar og samgangna innanlands færð í neðra þrep VSK
2. Áfengi fært í neðra þrep VSK en áfengisgjaldið hækkað til að mæta tekjutapi á heildsölustigi
3. Öll fót og skór færð í neðra þrep VSK
4. Afnáam endurgreiðslu VSK til erlendra ferðamanna af öllum vörum í neðra skattþrepi. Lágmarksfjárhæð hækkuð.
5. Allir vinna átaki verði framhaldið þar til afstaða hefur verið tekin til mannvirkja innan eða utan vsk.

📌 Aukin virkni eftirlits með skattskilum





Rökstuðningur fyrir breyttri nálgun


- Núverandi upplegg hefur einkum verið gagnrýnt fyrir tvennt:
 1. Áhrif af hækkun matarskatts á kaupmátt tekjulægri heimila
 2. Tillögurnar gangi ekki nægilega langt í einföldun virðisaukaskattskerfisins. Undanþágum fækki óverulega og breikkun því takmörkuð.
- Með þeirri nálgun sem hér er lagt upp með er komið til móts við þessa gagnrýni. Áætla mætti að áhrif til lækkunar á VNV væru um 0,5%. Kaupmáttaráhrif væru því veruleg og varanleg – ekki hvað síst fyrir tekjulægri barnafjölskyldur.
- Stigið væri mun stærra skref í þá átt að færa ferðaþjónustu í eitt vsk þrep – einföldun sem ætti að skila stórbættum skattskilum þegar fram í sækir.
- Þetta útspil gæti jafnframt leikið stórt hlutverk við gerð kjarasamninga í vetur.
- Tekjuáhrif fyrir ríkissjóð eru í fyrstu neikvæð um 1.200 milljónir króna en reikna má með því að einföldun kerfisins muni einfalda eftirlit og auka skilvirkni virðisaukakerfisins. Líkast til myndi það veða upp þetta tekjutap



Metin áhrif aðgerðanna á tekjur ríkissjóðs



Aukin skattlagning á afþreyingu og samgöngur innanlands



Heimildir: Hagstofa Íslands, aðilar í ferðaþjónustu, Fjársýsla ríkisins, Rannsóknastofnun atvinnulífsins, áfengisheildsalar, útreikningar efnahagssviðs SA



Forsendur

Áfengi færð í neðra þrep VSK

- Lækkun VSK tekna á áfengi sem selt er á vínveitingastöðum er metin út frá gögnum úr skýrslu Rannsóknarstofnunar atvinnulífsins um skattsvik í ferðaþjónustu. Gert er ráð fyrir að helmingur þeirrar áfengisveltu sem ekki var færð í rétt VSK þrep hafi verið færð í neðra þrep og helmingur svikinn undan skatti bæði fyrir og eftir færslu áfengis í neðra þrep VSK.
 - Ef færsla áfengis í neðra þrep myndi aftur á móti leiða til aukinna VSK skila og öll áfengissala vínveitingahúsa yrði réttilega færð eftir breytingar yrði tekjutap ríkisins 400 m.kr. minna en í grunddæminu.

Aðrar forsendur

- Allar tölur miðast við árið 2013
- Fataverslun íslenskra heimila erlendis hefur verið metin u.þ.b. 35% af heild



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 10. október 2014

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, brottfall laga nr. 97/1987, um vörugjald, og breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (kerfisbreyting á virðisaukaskatti, brottfall laga og hækkun barnabóta), 2. mál, 144. löggjafarþingi 2014–2015.

Í frumvarpinu eru lagðar til þær breytingar á lögum um virðisaukaskatt að almenna þrepið lækki úr 25,5% í 24,0%, að neðra þrepið hækki úr 7% í 12% í byrjun árs 2015 og að virðisaukaskattsskylda verði tekin upp vegna fólksflutninga í afþreyingarskyni frá 1. maí 2015. Samhliða er lagt til að almennt vörugjald verði afnumið og að barnabætur verði hækkaðar til að koma til móts við hugsanlega lækkun ráðstöfunartekna hjá barnafjölskyldum vegna hækkunar neðra þrepsins.

Samtök atvinnulífsins telja umræddar breytingar auka skilvirkni og jafna samkeppnisstöðu í atvinnulífinu, bæta hag heimila og ríkissjóðs, einkum þegar til lengri tíma er litið, og hvetja Alþingi til að lögfesta frumvarpið.

Á undanförunum árum hafa Samtök atvinnulífsins hvatt stjórnvöld til að minnka í áföngum bil milli þrepa í virðisaukaskatti með hækkun lægra þrepsins og lækkun þess hærra. Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu er almenna þrepið á Íslandi næst hæst í heiminum og bilið á milli þess efra og neðra óvíða meira. Hinn mikli munur milli þrepa hvetur til undanskota og mismunar atvinnugreinum. Hagkvæmnis- og jafnræðisrök styðja því minnkun munar milli þrepanna.

Virðisaukaskattur er ekki eins skaðlegur og flestir aðrir skattar þar sem hann hefur tiltölulega lítil áhrif á fjárfestingar og vinnuframboð og þar með verðmætasköpun. Ríkið þarf að rækta þennan mikilvægasta skattstofn sinn, hafa hann sem breiðastan, hlutfallið sem lægst og stuðla að stækkun hans. Fækkun undanþága og minnkun munar milli þrepa er því heppileg leið til að auka skilvirkni virðisaukaskattskerfisins.

SA telur rétt að gengið verði lengra í afnámi undanþága í virðisaukaskattskerfinu. Má þar benda á almenningsamgöngur þannig að allir fólksflutningar verði felldir undir virðisaukaskattkerfið, ekki aðeins fólksflutningar í afþreyingarskyni. Þannig verði öll starfsemi fólksflutningafyrirtækjanna í sama skattþrepi. Rök kunna þó að standa til að undanþiggja innanlandsflugið. Þá telja SA mikilvægt að fyrirtækjum sé gefinn eðlilegur aðlögunartími að breytingum á skattalögum sem að lágmarki ætti að vera eitt ár. Í tilviki ferðabjónustunnar eru þó rök fyrir lengri aðlögunartíma þar sem samningar um verð eru í mörgum tilvikum gerðir enn lengra fram í tímann.

Virðisaukaskattur hentar afar illa til jöfnunar lífskjara. Samkvæmt neyslurannsókn Hagstofu Íslands fyrir tímabilið 2010-2012 varði efri tekjuhellingur heimila 14,8% útgjalda sinna til kaupa á mat- og drykkjarvörum en neðri hellingurinn 15,0%. Sá stuðningur sem í lægra þrepinu felst fellur þar af leiðandi að meiri hluta til tekjuhærra heimila en þeirra tekjulægri. Nánar til tekið rennur 57% stuðningsins til þess helmings sem hærri tekjurnar hafa. Sé litið til tekjufjórðunga þá ver lögsti tekjufjórðungurinn 14,7% útgjalda sinna til kaupa á mat- og drykkjarvörum en sá tekjuhæsti 14,5%. Fjórðungurinn með hæstu tekjurnar nýtur 31% stuðningsins en fjórðungurinn með lægstu tekjurnar 20%.

Áform um afnám sérstakra vörugjalda er sérstakt fagnaðarefni. Vörugjaldskerfið er úrelt, handahófskennt, þunglamalegt og rekstur þess kostnaðarsamt fyrir atvinnulífið og ríkið. Samtök atvinnulífsins hafa ítrekað bent á skaðleg áhrif vörugjalda á samkeppni þar sem þau valda oft og

tíðum verulegu misræmi í verðlagningu sambærilegra vara. Þá er það sérkennileg skattastefna að skattleggja matvörur í lægra þrepi en leggja sérstakt vörugjald á innréttingar í eldhúsum og rafmagnstæki til notkunar við matseld.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Hannes G. Sigurðsson

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík 10. október 2014

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, brottfall laga nr. 97/1987, um vörugjald, og breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (kerfisbreyting á virðisaukaskatti, brottfall laga og hækkun barnabóta). 2. mál

Ágætu nefndarmenn í efnahags- og viðskiptanefndar,

Í fjárlagafrumvarpi ársins 2015 er m.a. gert ráð fyrir að skattstofn virðisaukaskatts verði breikkaður og undanþágum fækkað þannig að fólkflutningar í afþreyingaskyni falli undir lægra þrep virðisaukaskatts. Samtímis er gert ráð fyrir að lægra þrep virðisaukaskatts hækki úr 7% í 12% en með þeirri breytingu færast bæði sala á gistingu og veitingum í 12% virðisaukaskatt.

Ferðaþjónustan verðleggur sínar vörur a.m.k. 12 mánuði fram í tímann. Þá fá ferðaheildsalar um allan heim verðskrá og áframselja ferðamanninum vöruna – Íslandsferðina. Þess vegna eru t.a.m. öll helstu ferðaþjónustufyrirtæki á Íslandi fyrir allnokkru þegar búin að festa verð sitt fyrir næsta sumar og út árið 2015. SAF kalla eftir skilningi stjórnvalda á slíku viðskiptaumhverfi og áhrifum svo viðamikilla breytingar að starfsumhverfi atvinnugreinarinnar. Það getur vart talist eðlilegt að breyta virðisaukaskattsumhverfi ferðaþjónustufyrirtækja með nokkurra vikna eða mánaða fyrirvara.

Miðað við núverandi tillögur virðist vera að eingöngu hluti ferðaþjónustunnar, þótt veigamikill sé, verði virðisaukaskattsskyldur og eftir stendur að lagaákvæðin eru áfram óljós og fyrirséð að flækjustigið verði áfram hátt og jafnvel enn meira en það er í dag. Með því að endurskoða virðisaukaskattsumhverfi ferðaþjónustunnar í heild og gefa sér tíma í vetur til þess, ásamt því að fresta gildistöku breytinga þar til 2016 er tryggt að ferðaþjónustan verði skilvirkari með tilliti til skattskyldu í virðisaukaskatti. Samtök ferðaþjónustunnar lýsa sig reiðubúin til að vinna með stjórnvöldum að heildstæðri endurskoðun á löggjöf um virðisaukaskatt ferðaþjónustunnar með það fyrir augum að útvíkka skattstofninn og skýra reglurnar þannig að virðisaukaskattsumhverfi greinarinnar verði einfaldað sem leiði til bættra skattskila og aukinna skatttekna af atvinnugreininni.

Ein mestu áhrifin af fyrirhuguðum breytingum á ferðaþjónustuna eru ekki síður vegna þess að breytingin tekur ekki í heild sinni á virðisaukaskattsskyldu greinarinnar og afleiðingin er að starfsumhverfi ferðaþjónustunnar verður áfram flókið m.t.t. virðisaukaskattsins. Það sem hefur háð greininni er að núverandi löggjöf um virðisaukaskatt gerir í raun ekki ráð fyrir atvinnugreininni nema að mjög litlu leyti enda eru löggin að stofni til margra áratuga gömul en ferðaþjónustan sem atvinnugrein hefur verið að þróast og breytast undanfarin ár með tilkomu fleiri ferðamanna til

landsins. Í lögum og reglugerðum um virðisaukaskatt er gert ráð fyrir ákveðinni sérstöðu sjávarútvegsins svo sem vegna útflutnings á sjávarafurðum og kaupum á hráefni til fiskvinnslu. Fram til þessa hafa reglur um skattskyldu í ferðaþjónustu verið leiðdar af ákvæðum um undanþegna starfsemi eins og um fólksflutninga, fasteignaleigu, íþróttastarfsemi og aðgang að söfnum auk þess sem milliganga ferðaskrifstofa hefur verið undanþegin virðisaukaskatti. Til þess að útvíkka skattskyldu til virðisaukaskatts þarf því að horfa til þessarar atvinnugreinar í heild sinni því annars verður þetta áfram sú atvinnugrein þar sem eitt mesta flækjustigið ríkir vegna virðisaukaskatts sem veldur því að svört starfsemi þrífst betur og ríkissjóður verður af skatttekjum. Með því að atvinnugreinin verði í heild sinni virðisaukaskattsskyld í sama þrepi, hvort sem boðið er upp á afþreyingu fyrir ferðamenn sem innifelur rútuferð, gistingu, veitingar, skoðunarferðir, sportveiði, sýningar, jeppaferðir og hópefli af ýmsum toga eða ekki þá fyrst verður kerfið einfaldað.

Samtökin leggja til eftirfarandi tillögur til einföldunar virðisaukaskattkerfisins sem leiða til bættra skattskila og aukinna skatttekna

- *Gildistöku breytinga sem boðaðar eru verði frestað þar til 1. janúar 2016 og löggjöf um virðisaukaskatt með tilliti til ferðaþjónustu verði endurskoðuð nú í vetur. Á þetta við um fólksflutninga í afþreyingaskyni, gististaði og veitingahús sem og alla aðra ferðaþjónustu. Markmiðið er að öll ferðaþjónusta verði í neðra þrepi virðisaukaskatts og að virðisaukaskattskil nái einnig til þeirra sem leigja fasteignir í atvinnuskyni. Með því er tryggt að ferðaþjónustan verði skilvirkari með tilliti til skattskyldu í virðisaukaskatti og stórauki þannig skatttekjur.*
- *Virðisaukaskattur á áfengi verði í lægra þrepi og áfengisgjald hækkað til samræmis. Aðgerðin mun auka skattskil vegna sölu á áfengi verulega og einfalda mjög virðisaukaskattsumhverfi veitingastaða.*
- *Skýrt verði með hvaða hætti fyrirtæki sem fara inn í virðisaukaskattsumhverfið hafi afturvirka heimild til innskatts vegna öflunar lausafjármuna en reglugerð nr. 192/1993 er ekki nógu skýr hvað þetta varðar.*
- *Samtökin leggja einnig til að núverandi endurgreiðslur á vsk. vegna kaupa á hópþífreidum verði framlengdar um eitt ár til samræmis við gildistöku.*

Eftirfarandi ástæður liggja til grundvallar tillögu Samtaka ferðaþjónustunnar um frestun gildistöku og heildarendurskoðun á virðisaukaskattsumhverfi ferðaþjónustu en nánar er fjallað um þær í greinargerð

Fyrirvari of stuttur

Ferðaþjónustufyrirtæki gera sölusamninga með löngum fyrirvara, oft á tíðum meira en ár fram í tímann. Þegar breyting á vsk. lögum var gerð haustið 1992 var kveðið á um að þeir þættir sem snúa að ferðaþjónustu tækju gildi 1. janúar 1994 eða ári síðar.

Takmörkuð breikkun skattstofna viðheldur flækjustigi.

SAF telja að markmið um breikkun skattstofns náist best með því að öll ferðaþjónusta og samgöngur sem tengjast ferðaþjónustu, að undaskildu millilandaflugi verði í neðra þrepi virðisaukaskatts. Með enn frekari breikkun skattstofns aukast tekjur ríkissjóðs og því mögulegt að takmarka hækkun neðra þreps. Samtökin benda á að lækkun vsk. á áfengi og hækkun áfengisgjalds eykur einnig tekjur ríkissjóðs.

Nauðsynlegar aðgerðir gegn óskráðri starfsemi

SAF telja að leiga á fasteignum í atvinnuskyni þurfi að verða virðisaukaskattsskyld til að lögin um virðisaukastatt verði virk ásamt því að eftirlit með óskráðri starfsemi verði eftl. Einnig leggja samtökin til að skilgreining á skammtímaleigu og langtímaleigu verði samræmd í öllum lögum og reglum.


Skráning erlendra aðila sem starfa og/eða veita þjónustu hér á landi

Samtökin gera kröfu um að erlend fyrirtæki sem stunda ferðaþjónustu hér á landi verði virðisaukaskattsskyld enda er það í samræmi við núverandi löggjöf. Einnig þarf að skoða tollalöggjöf með tilliti til skemmtiferðaskipa.

Miðað við núverandi tillögur fjárlagafrumvarps virðist vera að eingöngu hluti ferðaþjónustunnar, verði virðisaukaskattsskyldur og eftir stendur að lagaákvæðin eru áfram óljós með háu flækjustigi. Frestun á gildistöku til 2016 og endurskoðun löggjafarinnar með tilliti til ferðaþjónustu mun tryggja að skattskil greinarinnar verði betri og skatttekjur ríkissjóðs aukast verulega .

Virðingarfyllst

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri

Greinargerð um tillögur Samtaka ferðapjónustunnar

Þegar fjallað er um einföldun á skattumhverfi ferðapjónustunnar hefur fyrst og fremst verið vísað til laga um virðisaukaskatt. Lög um virðisaukaskatt voru samþykkt á Alþingi 1988 en eru að stofni til mun eldri eða allt frá áttunda áratug síðustu aldar þegar fyrstu frumvarpsdrögin litu dagsins ljós og voru þá byggð á dönsku virðisaukaskattslöggjöfni eins og hún var á þeim tíma. Síðan þá hefur margt breyst og lögin fyrir löngu orðin gömul og úrelt og ekki í samræmi við núverandi viðskiptaumhverfi. Það má glöggt sjá á greinum tengdum ferðapjónustunni þar sem mikil aukning hefur orðið á alls konar afþreyingu fyrir ferðamenn og nýjar tegundir þjónustu orðið til á síðustu árum.

Í greinargerð með nýju frumvarpi til breytinga á löggjöfni er einmitt bent á það að núverandi skattframkvæmd á sviði virðisaukaskatts byggji að miklu leyti á túlkunum skattyfirvalda og á það ekki síst við um ferðapjónustuna. Skattumhverfi ferðapjónustunnar er því margbreytilegt og flækjustigið á köflum gríðarlegt. Reynsla okkar sýnir að þessu til viðbótar ríkir mikil vanþekking um skattskyldu til virðisaukaskatts í greininni sem leiðir enn frekar til svartrar starfsemi og undanskoti frá skatti. Það er ekki síst vegna þess að það er mjög misjafnt hvort ýmis afþreying er talin virðisaukaskattsskyld eða ekki. Í sumum tilvikum kann sama þjónusta að vera ýmist virðisaukaskattsskyld eða ekki, t.d. gæsaveiði, stangveiði, skoðunarferðir, aðgangur að sýningum og söfnum, hestaferðir og vélsleðaferðir, sjá nánar í viðauka um áhrif boðaðra breytinga á ferðapjónustu.

Fram til þessa hafa reglur um skattskyldu í ferðapjónustu verið leiddar af ákvæðum um undanþegna starfsemi eins og um fólksflutninga, fasteignaleigu, íþróttastarfsemi og aðgang að söfnum auk þess sem milliganga ferðaskrifstofa hefur verið undanþegin virðisaukaskatti. Til þess að útvikka skattskyldu til virðisaukaskatts þarf því að horfa til þessarar atvinnugreinar í heild sinni því annars verður þetta áfram sú atvinnugrein þar sem eitt mesta flækjustigið ríkir vegna virðisaukaskatts sem veldur því að svört starfsemi þrífst betur og ríkissjóður verður af skatttekjum.

Með því að atvinnugreinin verði í heild sinni virðisaukaskattsskyld í sama þrepi, hvort sem boðið er upp á afþreyingu fyrir ferðamenn sem innifelur rútuferð, gistingu, veitingar, skoðunarferðir, sportveiði, sýningar, jeppaferðir og hópefli af ýmsum toga eða ekki þá fyrst verður kerfið einfaldað. Miðað við núverandi tillögur virðist vera að eingöngu hluti ferðapjónustunnar, þótt veigamikill sé, verði virðisaukaskattsskyldur og eftir stendur að lagaákvæðin eru áfram óljós og fyrirséð að flækjustigið verði áfram hátt. Með því að endurskoða löggjöfin í heild og gefa sér tíma í vetur til þess og gildistöku breytinga frestað þar til 2016 eru meiri líkur á að ferðapjónustan verði skilvirkari með tilliti til skattskyldu í virðisaukaskatti.

Hér á eftir nánar gert grein fyrir þeim ástæðum sem liggja til grundvallar tillögu Samtaka ferðapjónustunnar um heildarendurskoðun virðisaukaskattslaga og frestun gildistöku.

Fyrirvari of stuttur

Ferðapjónustufyrirtæki gera sölusamninga með löngum fyrirvara, oft á tíðum meira en ár fram í tímann. Þegar breyting á vsk. lögum var gerð haustið 1992 var kveðið á um að þeir þættir sem snúa að ferðapjónustu tækju gildi 1. janúar 1994 eða ári síðar

Samtök ferðapjónustunnar telja að sú hækkun á virðisaukaskatti sem boðuð er sé með allt of stuttum fyrirvara og fara fram á að gildistaka verði 1. janúar 2016. Ferðapjónusta gerir stóran hluta sinna viðskipta ár fram í tímann og í mörgum tilfellum með enn lengri fresti. Í breytingum á vsk. sem boðaðar voru árið 1992 var beðið með gildistöku þeirra þriggja þátta sem sneru að ferðapjónustu þ.e. milliganga um ferðapjónustu, fólksflutningar og gistiþjónusta, til 1. janúar 1994. Fallið var síðar frá ákvæðinu um milligöngu um ferðapjónustu og fólksflutninga.

Takmörkuð breikkun skattstofna viðheldur flækjustigi.

SAF telja að markmið um breikkun skattstofns náist best með því að öll ferðaþjónusta og samgöngur sem tengjast ferðaþjónustu, að undaskildu millilandaflugi verði í neðra þrepi virðisaukaskatts. Með enn frekari breikkun skattstofns aukast tekjur ríkissjóðs og því mögulegt að takmarka hækkun neðra þreps. Samtökin benda á að lækkun vsk. á áfengi og hækkun áfengisgjalds eykur einnig tekjur ríkissjóðs.

Margskonar hópferðir með leiðsögn/skoðunarferðir sem ekki innifela í sér fólksflutninga eru áfram undanþegnar skattskyldu. Undir þetta fellur t.d. alls konar menningartengd ferðaþjónusta, aðgangur að stöðum sem teljast falla undir safnaundanþáguna eða íþróttastarfssemi og heilsulindir. Einnig verður útleiga á vélsleðum og hestum án leiðsagnar þá skattskyld í herra þrepinu og flækjustigið eykst enn frekar í ferðaþjónustunni í stað þess að vera einfaldara.

Til þess að koma í veg fyrir aukið flækjustig þarf í fyrsta lagi að skilgreina alla fólksflutninga sem virðisaukattsskylda og í öðru lagi að fella alla ferðaþjónustu undir lægra skattþrep virðisaukaskatts. Ekki sé gerður greinarmunur á vélsleðaferð með eða án leiðsagnar, veiði í ám og vötnum eða skotveiði á tünnum með og án magnkvóta, aðgangi að heilsulind til að skoða hana eða aðgangi til þess að fara ofan í að baða sig, ferð á bát til að skoða hvali eða röltu um Þingholtin að skoða hús og menningu. Í dag er þetta sitt á hvað með vsk. og án og eftir fyrirhugaðar breytingar yrði þetta áfram með vsk. eða án nema að vskþrepin eru orðin tvö. Við þetta má bæta að skoða þarf vel safnaundanþáguna upp á nýtt þar sem ýmislegt sem boðið er upp á er á mörkum þess að vera safn eða aðgangur að náttúruperlu sem skv. skilgreiningu RSK er með vsk.

Í skýrslu um undanskot í ferðaþjónustu kom í ljós að virðisaukaskatti er ekki skilað til samræmis við selt áfengi. Samtökin telja að með lækkun vsk. á áfengi og hækkun áfengisgjalds megi auka tekjur ríkissjóðs umtalsvert. Með því að breikka skattstofninn frá því sem nú er boðað og ráðast í aðgerðir gegn óskráðri starfsemi má leiða líkum að því að tekjur ríkisins aukist um að minnsta kosti einn milljarð og gefur það tækifæri til minni hækkunar á neðra þrepi.

Nauðsynlegar aðgerðir gegn óskráðri starfsemi

SAF telja að leiga á fasteignum í atvinnuskyni þurfi að verða virðisaukaskattsskyld til að lögin um virðisaukastatt verði virk ásamt því að eftirlit með óskráðri starfsemi verði eftt. Einnig leggja samtökin til að skilgreining á skammtímaleigu og langtímaleigu verði samræmd í öllum lögum og reglum.

Undanfarin ár hafa Samtök ferðaþjónustunnar bent ítrekað á þann markað sem þrífst í skjóli óskráðrar starfsemi og er að miklu leyti ekki að skila sköttum og skyldum til samfélagsins. Þetta á við um alla atvinnustarfsemi en í ferðaþjónustu snýst þetta mest um íbúðir og herbergi sem ekki hafa tilskilin leyfi og boðin eru ferðamönnum til skammtímaleigu en einnig eru aðrar greinar ferðaþjónustu að kljást við vandamálið.

Til að bregðast við vandanum er nauðsynlegt að öll atvinnustarfsemi og útleiga á fasteignum í atvinnuskyni sé virðisaukaskattsskyld frá fyrstu krónu. Einnig verður skilgreining á skammtímaleigu að vera samræmd í opinberri stjórnslu þannig að ekki fari á milli mála að langtímaleiga sem undanþiggur starfsemina virðisaukaskatti eða rekstrarleyfum miðist við að minnsta kosti þrjá mánuði en ekki sitt á hvað mánuð eða 8 daga. Að auki þarf eftirlit með óskráðri starfsemi að vera virkt og afleiðingar við að reka slíka starfsemi þurfa að vera öflugar og ótvíræðar.

Skráning erlendra aðila sem starfa og/eða veita þjónustu hér á landi

Samtökin gera kröfu um að erlend fyrirtæki sem stunda ferðaþjónustu hér á landi verði virðisaukaskattsskyld enda er það í samræmi við núverandi löggjöf Einnig þarf að skoða tollalöggjöf með tilliti til skemmtiferðaskipa.

Starfsemi erlendra ferðaþjónustuaðila hér á landi er að mestu í formi þjónustu sem seld er á erlendum vettvangi en er veitt og nýtt hér á landi. Í fyrsta lagi er um að ræða skráðan ferðaskrifstofurekstur þar sem virðisauki af aðkeyptri þjónustu verður eftir hér á landi en framlegðin á sér stað í heimalandi ferðaskrifstofunnar. Sama á við um íslenskar ferðaskrifstofur sem starfa á erlendum vettvangi sbr. borgarferðir, sólarlandaferðir o.fl. þar sem framlegðin sem verður til hér á landi er ekki skattlögð í öðru landi. Í öðru lagi er um að ræða aukinn rekstur hópþingreiða sem starfa hér á landi og eru að vinna í samkeppni við hópþingreiðar sem munu greiða vsk. af sinni starfsemi miðað við boðaðar breytingar.

Nauðsynlegt er að erlend hópþingreiðafyrirtæki sem aka um vegi Íslands geri skil á virðisaukaskatti, annað hvort með því að vera skráð hér á landi eða greiða kílómetragjald pr. farþega en báðir þessir þættir eiga sér fordæmi í Evrópu. Starfsemi erlendra bílaleiga hefur einnig aukist hér á landi þar sem bílar á erlendum númerum koma til landsins að vori og eru í rekstri yfir sumarið. Nauðsynlegt er að slík starfsemi verði skráð og greiði vsk. eins og aðrar bílaleigur sem skráðar eru hér á landi gera nú þegar. Þriðji þátturinn sem um ræðir er þjónusta hvers konar bókunarvéla en bera má þær saman við rekstur ferðaskrifstofu þar sem virðisaukinn af seldri þjónustu verður eftir í því landi sem þjónustunnar er neytt og þóknunin verður eftir í heimalandi bókunarsíðunnar.

Samtökin telja að markmiðum um einföldun og betri skattskil sé best náð með því að innlendar sem erlendum bókunarsíðum verði gert skylt til að upplýsa um sölu hér á landi þannig að hægt verði að bæta eftirlit. Hægt væri að horfa til þeirra reglna sem gilda hér á landi um virðisaukaskatt af aðkeyptri þjónustu hér á landi, sbr. 35. gr. vskl en að upplýsinga- og skilaskyldan sé hin sama burtséð frá því hvort kaupandi þjónustunnar sé í virðisaukaskattskyldri starfsemi eða ekki.

Viðauki I

Áhrif boðaðra virðisaukaskattsbreytinga á einstaka greinar ferðapjónustu

Dæmi um skattskyldu til virðisaukaskatts á grundvelli laga nr. 50/1988 og áhrif tillagna fjármálaráðherra til breytinga á lögum um virðisaukaskatts:

Afþreyingafyrirtæki

Fyrirtæki í afþreyingu eru að starfa á mörgum mismunandi sviðum og rekstrarumhverfi en eiga það þó sameiginlegt að selja sína þjónustu með löngum fyrirvara. Misjafnt er hve hátt hlufall aðfanga ber virðisaukaskatt og leggst því 12% vsk. með ólíkum hætti á sölu fyrirtækjanna.

Hér á eftir eru nokkur dæmi um áhrif vsk breytinga á mismunandi tegundir afþreyingar

- **Stangveiði** í ám og vötnum er almennt undanþegin á grundvelli 8. tl. 3. mgr. 2. gr. um fasteignaleigu. Sé hins vegar magnkvóti settur á leyfða veiði telur RSK að um vörusölu sé að ræða, í 7% skattþrepi. Ekki liggur fyrir álit um skattskyldu vegna „veiða/sleppa“ en leiddar líkur að því að það yrði undanþegið á grundvelli sama ákvæðis eða jafnvel 5. tl. um íþróttastarfsemi. Engin áhrif eru af núverandi tillögum nema hvað varðar skattþrep „vörunnar“ sem færi í 12%.
- **Skotveiði**. Útleiga á höfum til veiðimanna telst vera undanþegin VSK á grundvelli 8. tl. 3. mgr. 2. gr. sé hins vegar settur magnkvóti á leyfða veiði gildir það sama og um stangveiðina.
- **Hestasýningar** eru almennt undanþegnar á grundvelli 5. tl. 3. mgr. 2. gr. þar sem þær falla undir skilgreiningu RSK á íþróttastarfsemi. Engin breyting yrði ef núverandi tillögur eru samþykktar.
- **Vélsleðaferðir** eru undanþegnar á grundvelli 6. tl. 3. mgr. 2. gr. ef um er að ræða skipulagða hópferð undir leiðsögn fararstjóra. Séu vélsleðar leigðir án leiðsagnar er hins vegar um lausafjárleigu að ræða sem fellur undir hærra skattþrepið, 25,5%. Áhrifin af samþykkt frumvarpsins yrðu þau að almennt yrðu þessar ferðir með leiðsögn skattskyldar í lægra þrepinu en leigan ein og sér í því hærra.
- **Hestaferðir** eru undanþegnar á grundvelli 6. tl. 3. mgr. 2. gr. ef um er að ræða skipulagða hópferð undir leiðsögn fararstjóra. Séu hestar leigðir án leiðsagnar er hins vegar um lausafjárleigu að ræða sem fellur undir hærra skattþrepið, 25,5%. Áhrifin af samþykkt frumvarpsins yrðu þau að almennt yrðu þessar ferðir með leiðsögn skattskyldar í lægra þrepinu en leigan ein og sér í því hærra.
- **Aðgangur að söfnum** er almennt undanþeginn virðisaukaskatti en RSK hefur á undanförunum 25 árum alloft þurft að gefa álit sitt á því hvort aðgangur að hinum ýmsu sýningum falli þar undir. Túlkun skattýfirvalda hefur verið frekar víð þegar kemur að þessari undanþágu á grundvelli orðalags ákvæðisins um að „önnur hliðstæð menningarstarfsemi“ sé undanþegin. Ýmsar farandsýningar sem hafa haft yfirbragð minjasafns, náttúrugripasafns eða sögusafns hafa þ.a.l. verið taldar undanþegnar VSK en aðrar verið skilgreindar sem skattskyldar. Í nýlegu áliti RSK frá því í vor var talið að aðgangur að náttúruperlum eða landssvæðum sé virðisaukaskattsskyldur. Stundum er skilsmunur safns og náttúruperlu óljós eins og sjá má af ýmsum tegundum afþreyingar sem boðið er upp á í ferðapjónustunni, t.d. íssgöng í Langjökli eða aðgangur að sérstöku landsvæði með upplýsingum á sviði jarðfræði og náttúrufræði, leiðsögn um gamla bóndabæi og sýning heimafólks á gömlum búskaparháttum. Í mörgum tilvikum er ekki um raunverulegt safn að ræða og spurning hvort túlkun skattýfirvalda sé of víðtæk eða hvort þrengja þurfi safnaundanþáguna. Núverandi tillögur hafa lítil áhrif hér nema verið sé að selja saman í pakka flutning á ákveðið svæði og aðgang að viðkomandi safni/landsvæði/sýningu.
- **Skoðunarferðir** eru skattskyldar ef ekki felst í þeim fólksflutningar sbr. 6. tl. 3. mgr. 2. gr., þ.e. skoðunarferð með rútu er undanþegin virðisaukaskatti. En ýmsar skoðunarferðir þar sem leiðsögumaður fylgir gangandi hópi fólks um landsvæði, borgarhluta eða byggingar, jafnvel kirkjugarða eða aðra einhverja sögustaði sem ekki teljast söfn og tekur gjald fyrir eru ekki undanþegnar virðisaukaskatti. Núverandi tillögur hafa lítil áhrif hér nema verið sé að selja saman í pakka flutning á ákveðið svæði og skoðunarferð í kjölfarið

Bílaleigur

Bílaleigur eru nú þegar í efra þrepi vsk. og hafa breytingarnar því ekki áhrif á rekstrarumhverfi þeirra nema að því leyti að efra þrep lækkar. Vörugjaldalækkun hefur óveruleg áhrif.

Ferðaskrifstofur

Ekki er gert ráð fyrir að breytingar verði á fyrirkomulagi ferðaskrifstofa og að þjónusta þeirra verði áfram undanskilin virðisaukaskatti. Þetta fyrirkomulag gengur upp há þeim ferðaskrifstofum sem eru sölu á utanlandsferðum þar sem aðföng bera að mestu ekki vsk. Hins vegar skekkir fyrirkomulagið samkeppnisumhverfi ferðaskrifstofa á innanlandsmarkaði þar sem aðföng hækka og ekki er hægt að nýta vsk. Nauðsynlegt er að ferðaskrifstofur verði skattskyldar til vsk í því þrepi sem varan er sem þær selja (þá almennt í lægra þrepi) og sala á ferðum til útlanda verði í 12. gr. (undanþegin velta, með innskattsrétti)

Flugfélög

Lagt er til að innanlandsflug verði virðisaukaskattsskyldt í lægra þrepi. Skoða verður hvort frjáls skráning vegna fólksflutninga geti átt við um innanlandsflug eins og millilandaflug. Flug innanlands er nú í blandaðri starfsemi í virðisaukaskattskerfinu með eftirfarandi hætti:

- Fargjöld í innanlandsflugi eru án virðisaukaskatts þar sem fólksflutningar eru ekki í virðisaukaskattskerfinu. Í því felst að enginn innskattsfrádráttur er heimill af rekstrarkostnaði (2. gr.).
- Fraktflutningar eru virðisaukaskattsskyldir. Lagður er virðisaukaskattur á frakttekjur og fullur innskattsfrádráttur er af rekstrarkostnaði sem tengist fraktflutningum.
- Millilandaflug er í virðisaukaskattsumhverfi. Ekki er lagður útskattur á tekjur en fullur innskattsréttur er vegna rekstrarkostnaðar (12. gr.).

Gististaðir

Gististaðir eru nú þegar í lægra þrepi virðisaukaskattsumhverfis. Gististaðir gera með sama hætti og afþreyingafyrirtæki samninga um sölu með mjög löngum fyrirvara og er því ljóst að tímasetning á hækkun úr 7% í 12% kemur sér mjög illa og lendir á rekstraraðilum að miklu leyti sem ekki samræmist hugmyndum um að virðisaukaskattur sé neytendaskattur.

Hópbifreiðar

Útreikningar sýna að við 7 - 8% skatthlutfall væri útskattur af tekjum því sem næst sá sami og innskattur af rekstrarkostnaði og fjárfestingum.

Hópferðafyrirtæki hafa fengið 2/3 hluta virðisaukaskatts af innflutningi á hópferðabilum endurgreiddan þrátt fyrir að vera ekki í virðisaukaskattskerfinu. Slík undanþága verður óþörf þegar breytingarnar taka gildi en nauðsynlegt er að viðhalda henni fram að því til að endurnýjun flotans haldist í þeim takti sem verið hefur undanfarið.

Veitingastaðir

Veitingastaðir eru eins og gististaðir nú þegar í lægra þrepi virðisaukaskattsumhverfis. Veitingastaðir gera talsvert af samningum um sölu með mjög löngum fyrirvara og er því ljóst að tímasetning á hækkun úr 7% í 12% kemur sér illa og lendir á rekstraraðilum sem ekki samræmist hugmyndum um að virðisaukaskattur sé neytendaskattur



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. október 2014

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins vegna breytinga á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, brottfall laga nr. 97/1987 og breytingu á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt, mál nr. 2. og umsögn um frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2015, 3. mál.

Jákvæðar breytingar á virðisaukaskattskerfinu

Samtök iðnaðarins taka undir þau meginsjónarmið sem lögð eru fram í frumvarpinu um kerfisbreytingar á virðisaukaskatti. Hækkun neðra þreps virðisaukaskatts úr 7% í 12% og lækkun efra þreps skattsins úr 25,5% í 24% hafa jákvæð efnahagsleg áhrif. Breytingarnar eru til þess fallnar að auka skilvirkni skattkerfisins og jafna samkeppnisstöðu í atvinnulífinu. Samtökin fagna því að skattstofnar séu breikkaðir og bilið milli þrepanna minnkað enda hefur það verið stefna Samtakanna um árabíl að minnka eða eyða bilinu.

Að mati Samtakanna hafa breytingarnar jákvæð áhrif á neytendur jafnvel þótt matvælavæðing hækki lítillega. Ekki er ástæða til að óttast minnkandi eftirspurn að neinu ráði eftir flokki matvæla enda hafa aðgerðirnar í heild sinni aukinn kaupmátt. Virðisaukaskattur hentar illa til tekjujöfnunar og staðfestir neyslurannsókn Hagstofunnar það sem og rannsókn AGS á virðisaukaskattskerfinu. Áhrif breytinga á kerfinu eru því, að mati Samtakanna, jákvæð fyrir heimilin í landinu og atvinnulífið í heild sinni.

Afnám vörugjalda fagnaðarefni

Samtökin fagna því að fella eigi brott lög nr. 97/1987 um vörugjöld. Samtökin hafa ítrekað bent á að innheimtukerfi vörugjalda af matvælum, einkum hinn svokallaði sykurskattur, sé afar flókið og kostnaðarsamt bæði fyrir framleiðendur og hið opinbera. Vörugjöldin voru ógagnsæ skattlagning sem voru neytandanum falinn. Ennfremur er ljóst að skatturinn var fjarri því að skila í ríkissjóð þeim tekjum sem ætlað var. Sérstakir skattar á matvæli og sykraðar vörur duga illa til að ná fram manneldismarkmiðum og hafa nágrannalönd okkar, t.d. Danmörk horfið frá slíku. Tölur og gögn sem sýna raunar fram á neikvætt samband ofþyngdar og sykurneyslu á Íslandi staðfesta þetta.

Afnám vörugjalda mun ennfremur hafa jákvæð áhrif á samkeppnisstöðu margvíslegra annarra innlendra iðnframleiðenda sem hafa þurft að bera vörugjöld og jafnvel verið með skerta samkeppnisstöðu gagnvart innflutningi. Afnámið hefur jákvæð áhrif á byggingariðnaðinn í heild sinni enda hafa margvíslegar byggingarvörur borið há vörugjöld án þess á bakvið það liggi skynsöm skattaleg rök. Í heild sinni fagna samtökin því að til stendur að afnema lögin.



Varðandi 100% endurgreiðslu VSK vegna vinnu á byggingarstað

Undanfarin ár hefur verið í gildi heimild til endurgreiðslu 100% virðisaukaskatts vegna vinnu á byggingarstað. Að óbreyttu lækkar endurgreiðsluhlutfallið í 60% um næstu áramót. Þessu kerfi var komið á fót árið 2009, annars vegar til að bregðast við slæmu atvinnuástandi í byggingariðnaði og hins vegar til að hvetja til vinnuskapandi framkvæmda. Auk þess að hækka greiðsluhlutfallið í 100% þá var gildissviðið víkkað út til mikilla muna. Áður var eingöngu vinna við íbúðarhúsnæði endurgreiðsluhæf en um leið og hlutfallið var hækkað þá var orlofshúsum og húsnæði í eigu sveitarfélaga bætt við. Hið síðastnefnda var gert til að auka framkvæmdafé sveitarfélaganna sem hafði dregist alvarlega saman eftir hrunið 2008. Hvað varðar hækkaðar endurgreiðslu íbúðarhúsnæðis og þá sérstaklega orlofshúsa var ástæðan ekki síst að til að skapa hvata til heiðarlegra viðskiptahátta og draga úr svartri atvinnustarfsemi í byggingariðnaði og þá með tekjuhagsmuni ríkissjóðs að leiðarljósi. Vissulega hefur atvinnuástand í byggingariðnaði batnað mikið og ekki sérstök ástæða til aðgerða til að bregðast við því að hálfu stjórnvalda. Hins vegar er margt sem bendir til að umtalsverður þrýstingur sé á að viðskipti í greininni séu nóttalaus. Að mati Samtakanna er mikilvægt að hvati sé til þess að öll viðskipti í þessari grein séu uppi á borðum og þá er 100% endurgreiðsla VSK vegna vinnu á byggingastað einföld og hagkvæm aðgerð sem líkleg er til að hafa jákvæð áhrif á tekjur ríkissjóðs.

Samtök iðnaðarins leggja því til að fest verði í sessi í lögum nr. 50/1988 umrædd 100% endurgreiðsla vegna vinnu á byggingastað, í það minnsta að heimildin verði framlengd um eitt ár. Vel mætti hugsa sér að heimild sveitarfélaga til að nýta sér 100% endurgreiðslu VSK á byggingastað verði felld niður enda óheyrt að viðskipti sveitarfélaga vegna byggingaverkefna fari fram undir borðum.

Áhrif á vísitölu byggingarkostnaðar

Rétt er að benda á að ef hætt verður með 100% endurgreiðslu um næstu áramót mun það óhjákvæmilega leiða til umtalsverðrar hækkunar á vísitölu byggingarkostnaðar. Þegar 100% endurgreiðslunni var komið á hækkaði vísitalan í einum vettvangi um 2,6% í mars 2009 sem olli margvíslegum áhrifum þar sem verksamningar, leiga og lán eru verðtryggð með vísitölunni. Breyting um næstu áramót mun leiða til mikillar hækkunar á vísitölunni með tilheyrandi hækkunum á kostnaði verkkaupa í verðtryggðum verkum sem kunna í mörgum tilfellum að vera opinberir verkkaupar.

Tryggingagjald og atvinnuleysistryggingar

Samtök iðnaðarins gera ekki athugasemd við styttingu þess tímabils sem heimilt er að greiða atvinnuleysisbætur og telja skynsamlegt að hafa sem mestan hvata fyrir atvinnuleitendur að komast sem fyrst út á vinnumarkaðinn. Hins vegar hefur þessi stytting í för með sér að útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs lækka um 1,1 milljarð á ári án þess að tryggingagjaldið lækki. Eðlilegt væri að tryggingagjald myndi lækka með tilsvarendi hætti eða um 0,11% vegna þessa.

Ennfremur felur frumvarpið í sér að hlutdeild lífeyrissjóða í tekjum af almennu tryggingagjaldi lækki útgjöld ríkisins um 650 milljónir og frestun á framlagi ríkisins til starfsendurhæfingarsjóða lækkar útgjöldin um 1.300 milljónir. Með þessu er ríkið í reynd að leggja það á lífeyrissjóði og atvinnurekendur að fjármagna þessa starfssemi. Samtök iðnaðarins mótmæla þessu.



Um úrvinnslugjald á raf- og rafeindatæki

Samtök iðnaðarins styðja að umsjón með söfnun á raf- og rafeindaúrgangi sé flutt til Úrvinnslusjóðs enda sé hagkvæmni í því að nýta kerfi og þekkingu Úrvinnslusjóðs í stað þess hafa sér kerfi til að safna þessari tegundar úrgangs. Samtökin vekja athygli á að tölur sem lagðar eru fram í frumvarpinu voru unnar á síðasta ári og beina því til

nefndarinnar að skoða, með Úrvinnslusjóð, hvort tilefni sé til lækkunar miðað við þróun mála síðasta ár.

Virðingarfyllt
F.h. Samtaka iðnaðarins

Two handwritten signatures in blue ink. The first signature is 'Almar Guðmundsson' and the second is 'Bjarni Már Gylfason'.

Almar Guðmundsson
framkvæmdastjóri SI

Bjarni Már Gylfason
hagfræðingur SI



14. október 2014

1409167


Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Með tölvupósti dags. 22. september 2013, óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um virðisaukaskatt o.fl. (skattkerfisbreytingar), 2. mál.

Frumvarp þetta er lagt fram í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar um að einfalda og samræma skattlagningu virðisaukaskatts. Frumvarpið er liður í endurskoðun á lögum um virðisaukaskatt og lögum um almenn vörugjöld. Tillögur frumvarpsins um breytingar á virðisaukaskatti og vörugjöldum munu óhjákvæmilega hafa áhrif á vísitölu neysliverðs, bæði til lækkunar og hækkunar. Ekki er fyllilega ljóst hver heildaráhrif þessara tillagna muni vera á vísitölu neysliverðs en mat fjármála- og efnahagsráðuneytisins er að lækkunin gæti numið allt að 0,2%. Seðlabanki Íslands tekur ekki afstöðu til þess hvernig álagningu virðisaukaskatts og vörugjalda er háttað að öðru leyti en því hver áhrif breyttrar álagningar eru á afkomu og aðhaldsstig ríkisfjármálastefnunnar. Samkvæmt mati fjármála- og efnahagsráðuneytisins þá munu áhrifin á afkomu vera óveruleg.

Að öðru leyti gerir Seðlabanki Íslands ekki athugasemdir við frumvarp þetta.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri


Þórarinn G. Pétursson
aðalhogfræðingur



Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda
Collecting Society for Performing Artists and Phonogram Producers

Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Reykjavík 12. september 2014

Í núgildandi virðisaukaskattslögum kemur eins og kunnugt er fram sú meginregla í 1. mgr. 14. gr. að virðisaukaskattur skuli vera 25,5%. Frá þessu eru þó þær undantekningar sem tilgreindar eru í tíu töluliðum í 2. mgr. sömu greinar, en greiða skal 7% virðisaukaskatt af ýmsum vörum og þjónustu. Meðal undantekninga þar eru mat-og drykkjarvörur, hótél-og gistipjónusta, tímarit, dagblöð og bækur og geisladiskar og rafræn miðlun á tónlist.

Ríkisstjórnin lagði nú í vikunni fram frumvarp til laga m.a. um breytingu á framangreindum ákvæðum. Í c-lið 1. greinar frumvarpsins er lagt til að almenna skatthlutfallið í virðisaukaskatti verði lækkað úr 25,5% í 24% og að lægra skatthlutfallið verði hækkað úr 7% í 12%. Af þessu sést að virðisaukaskattur af geisladiskum og rafrænum miðlum með tónlist verður hækkaður um 72 % frá því sem nú er.

Fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu að ráðleggingar sérfræðinga í skattamálum til ríkja heims séu mjög á þá lund að afnema beri lægra/lægri þrep virðisaukaskatts. Síðan segir orðrétt: „Með því að nýta þó ekki væri nema hluta tekjuaukans af afnámi lægra þrepsins til að jafna lífskjör á markvissari hátt mætti ná mun meiri árangri í kjarajöfnun með aðeins einu skattþrepi“.

Af þessu að dæma er hér um að ræða skattapólitík sem hefur það að leiðarljósi til lengri tíma að innleiða kerfisbreytingu með aðeins einu skattþrepi virðisaukaskatts. Allar líkur eru því á að þetta muni leiða til enn meiri hækkunar á framangreindar vörur og þjónustu í framtíðinni en nú er lagt til, en að ríkisstjórnin telji raunhæft að þessar vörur og þjónusta geti til að byrja með borið 72 % aukna skattbyrði.

Fyrir hönd Sambands flytjenda og hljómplötuframleiðenda er þessum tillögum harðlega mótmælt. Neysla á tónlist hefur aldrei verið meiri en einmitt nú. Því miður verður ekki sagt að þeir sem skapa, flytja og markaðssetja tónlistina beri mikið úr bótum þrátt fyrir þessa miklu grósku þar sem langstærstur hluti þessarar neyslu á sér stað á netinu, án þessa að rétthafar fái greitt nema brot af því sem þeim bæri. Veltan í íslenskri hljómplötusölu hefur dregist saman um yfir 50% frá árinu 2000 til 2014. Á fyrstu sex mánuðum þessa árs dróst sala á geisladiskum saman um 19%.

Áðurnefnd tillaga ríkisstjórnarinnar um 72% hækkun á virðisaukaskatti á hugverk tónlistariðnaðarins er því mikið áfall fyrir þá innlendu aðila sem hafa háð gífurlega erfiða baráttu á undanfórnum árum í samkeppni við ólöglegan tónlistarmarkað á netinu, án nokkurs áhuga lögregluþyrvalda á að halda uppi eðlilegri réttargæslu gegn höfundaréttarbrotum á netinu. Ef fram fer sem horfir munu framangreind áform ríkisstjórnarinnar stuðla að því að hagur tónlistarfólks skerðist enn frekar og með svipuðu áframhaldi er ljóst að slíkt mun til langframa kæfa þá miklu sköpun sem verið hefur í íslensku tónlistarlífi.

F.h. Sambands flytjenda og hljómplötuframleiðenda

Björn Arnason form.

Ásmundur Jónsson varaform.

Gunnar Guðmundsson frkvstj.

Afrit sent meðráðherrum og alþingismönnum.


Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 13. október 2014

Efni: Umsögn um frumvörp til laga um virðisaukaskatt o.fl. (skattkerfisbreytingar), 2. mál og um ýmsar forsendur fjárlagafrumvarps 2015 (breyting ýmissa laga), 3. mál.

Breytingar á skattkerfinu og forsendur fjárlagafrumvarpsins hafa verið til umfjöllunar á formannafundum Starfsgreinasambandsins og í nær öllum aðildarfélögunum. Í fylgiskjali með umsögn Alþýðusambands Íslands um 2. mál eru tíundaðar ályktanir aðildarfélaga ASÍ, þar af eru 13 stjórnir og/eða trúnaðarráð innan SGS sem hafa ályktað. Starfsgreinasamband Íslands styður umsögn ASÍ um frumvörpin og hvetur Alþingi til að taka til greina þær skýru kröfur sem koma samróma fram í ályktunum stéttarféлага um allt land.

virðingafyllst,



Drífa Snædal

Framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands

Um SGS

Starfsgreinasamband Íslands (SGS) er landssamband almenns og sérhæfðs verkafólks. SGS er stærsta landssamband innan ASÍ, en 19 verkalýðsfélög eiga aðild að sambandinu með um 50 þúsund félagsmenn.

Aðildarfélög SGS eru þessi:

Efling-stéttarfélag, Vlf. Akraness, Stéttarfélag Vesturlands, Vlf. Snæfellinga, Vlf. Vestfirðinga, Vlsfél. Bolungarvíkur, Stéttarfélagið Samstaða, Aldan stéttarfélag, Eining-löjja, Framsýn stéttarfélag, Vlf. Þórshafnar, Afl- Starfsgreinafélag, Vlf. Suðurlands, Bárán stéttarfélag, Drífandi stéttarfélag, Vfl. Grindavíkur, Vlsfél. Keflavíkur og nágrennis (VSFK), Vlsfél. Sandgerðis og Vlf. Hlíf.



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. nóvember 2014

Umsögn

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, brottfall laga nr. 97/1987, um vörugjald, og breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (kerfisbreyting á virðisaukaskatti, brottfall laga og hækkun barnabóta).

Viðtakandi: Alþingi

Sendandi: Strætó bs.

Fyrir efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis liggur frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, brottfall laga nr. 97/1987, um vörugjald, og breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (kerfisbreyting á virðisaukaskatti, brottfall laga og hækkun barnabóta).

Strætó bs. vill vekja athygli efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis á þeim miklu áhrifum sem þessi lagabreyting, ef samþykkt verður, hefur á félagið og möguleika þess til að veita öfluga þjónustu við almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

Samkvæmt samningi frá 7. maí 2012 á milli Vegagerðarinnar og Innanríkisráðuneytisins annars vegar og hins vegar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, um eflingu almenningssamganga á höfuðborgarsvæðinu kemur fram í 2. grein, liður ii) a)

... að vagnafloði Strætó bs. verði markvisst endurnýjaður og aukinn.

Á grundvelli þessa samningsákvæðis var sett fram fjárfestingaráætlun um að vagnafloði Strætó bs. yrði endurnýjaður á næstu árum, þ.e. að næstu fimm árum yrði fjárfest í allt að 72 vistvænum nýjum vögnum. Með því myndi meðalaldur vagnafloða Strætó bs. fara úr um 12 árum í um 5 ári í lok árs 2019 og að árlegur almennur rekstrarkostnaður vagna myndi lækka um allt að 200 mkr.

Í samræmi við þetta voru á árinu 2013 keyptir 12 nýir vagnar og von er á 20 vögnum í lok árs 2014. Í framangreindir fjárfestingaráætlun Strætó er gert ráð fyrir að næstu 5 árum (2015-2019) verði keyptir 8 vagnar á ári eða samtals 40 vagnar í viðbót. Áætlaður kostnaður vegna þeirra er um 320 mkr á ári eða samtals 1.400 mkr.


Fjárfestingaráætlun Strætó byggði á því að Strætó fái 2/3 hluta af virðisaukaskatti vagna endurgreiddan eða um 46,5 mkr á ári miðað við árlega fjárfestingu upp 320 mkr. Miðað við fjárfestingaráætlun Strætó bs. þýðir áformaðar breytingar á lögum um virðisaukaskatt að fjárfestingarkostnaður félagsins eykst um **ríflega 232 mkr samtals á næstu fimm árum**, sem mun draga verulega úr getu Strætó til að endurnýja vagnakostinn.

Þessi áform koma til viðbótar þeim áformum ríkisins sem birtast í fjárlagafrumvarpi um að draga enn frekar úr samningsbundnu framlagi sínu á næsta ári. Á þessu ári átti framlagið að nema 968 mkr en var í reynd 823 mkr. Á næsta ári ætti framlagið að vera 1005 mkr en samkvæmt fjárlagafrumvarpi stefnir í að það verði 806 mkr.

Miðað við fyrirbyggjandi frumvarp fyrir árið 2015 **vantar tæpar 200 mkr. upp á framlag ríkisins næsta ár.**

Strætó bs hvetur hæstvirta efnahags- og viðskiptanefnd til að endurskoða áformin sem birtast í frumvarpinu gagnvart almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllt,




Astríður Þórðardóttir, fjármálastjóri Strætó bs.

Laxárdal II, 13. október 2014

Efni: Umsögn frá Svínaræktarfélagi Íslands vegna 2. máls á 144. löggjafarþingi 2014-2015, frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, brottfall laga nr. 97/1987, um vörugjald, og breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (kerfisbreyting á virðisaukaskatti, brottfall laga og hækkun barnabóta):

- a) Frumvarpið gerir ráð fyrir að hækka virðisaukaskatt á matvælum og ýmsum öðrum vörum úr 7% í 12% sem er rúmlega 70% hækkun á þessum lið. Hækkunin mun þýða að fersk matvæli eins og landbúnaðarafurðir muni hækka í verði, verði þessi breyting að veruleika. Þetta eru mikil vonbrigði enda hafa íslenskir svínabændur náð miklum árangri í að ná niður verðum á sínum afurðum. Þá er rétt að geta að nýlegri könnun Eurostat um matvælaverð í Evrópu kemur fram að Íslendingar njóta lægsta matvöruverðsins á Norðurlöndunum og að það hefur lækkað nokkuð hin síðustu ár. Ein helsta ástæða þessa er að verð á landbúnaðarafurðum á Íslandi hefur eftir hrun haldist lágt í samanburði við önnur lönd. Verð á íslenskum landbúnaðarafurðum hefur hækkað minna en aðrar vörur heimilisins og meira segja vegið upp verðhækkunir á innfluttum vörum sem hækkuðu mjög eftir gengisfall krónunnar.



Íslenskir bændur leggja sitt af mörkum við að halda niðri verðlagi á matvörum á Íslandi eins og sést á þróun verðs samanborið við hækkun neysluverðsvísitölu (sjá mynd). Með

hækkun á matarskatti er ríkisvaldið að vinna gegn þeirri hagræðingu sem hefur átt sér stað í innlendri matvælaframleiðslu og auka álögur á hana.

- b) Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir að vörugjöld á ýmsum vörum falli niður í þeim tilgangi að veða á móti hækkun „matarskattsins“. Falla m.a. niður vörugjöld á sykrudum matvælum og sykrudum drykkjarvörum. Með frumvarpinu eru því hækkaðar álögur á heilnæmum matvælum en felld út ýmis gjöld á vörum sem teljast óholl. Niðurfelling vörugjalda til að veða upp á móti hækkun matarskatts yrði því aðeins til þess að beina neytendum yfir í óhollari matvöru. Er þessi ráðstöfun því í andstöðu við lýðheilsuþátt en í nýlegri grein eftir læknana Karl Andersen og Vilmund Guðnason í Læknablaðinu kemur fram að „[ó]hófleg neysla sykurs stuðlar að þeim offitufaraldri sem flest lönd búa við í dag. Offita og afleidd sykursýki er ein helsta undirrot margra langvinnra sjúkdóma. Það er því lýðheilsuþáttur að draga úr sykurneyslu þjóðarinnar til að stemma stigu við þessari sjúkdómsþróun.“¹ Þannig er ekki hægt að tala um að lækkun vörugjalda vegi á einhvern hátt á móti hækkun matarskatts, líkt og gert er í frumvarpinu, enda eru um ósambærilegar vörur að ræða.
- c) Skattkerfisbreytingar ættu að miða að því að auka innlenda matvælaframleiðslu enda skapar hún dýrmæt störf og sparar gjaldeyri með minni innflutningi. Neikvæður vöruskiptajöfnuður á árinu 2014 hlýtur að vera stjórnáráðgjafi sem og almenningi verulegt áhyggjuþefni enda greiðslubyrði þjóðarbúsins í erlendri mynt þung á næstu árum. Gjaldþrotavandi þjóðarbúsins lagast ekki við að draga úr innlendri framleiðslu og auka innflutning á sykrudum vörum. Þess má einnig geta að sú þróun sem hefur átt sér stað í kornrækt á síðustu árum á Íslandi dregur verulega úr innfluttu fóðri sem þýðir enn frekari gjaldþrotasparnað fyrir þjóðarbúið. Að auki er efling innlendar matvælaframleiðslu mikilvægur þáttur í að draga úr útblæstri gróðurhúslofttegunda vegna vöruflytninga og þannig sporna við loftslagsbreytingum af mannavöldum í samræmi við skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist í þeim efnum.
- d) Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks er að finna eftirfarandi um íslenskan landbúnað:

„Ríkisstjórnin lítur á landbúnað sem eina af mikilvægustu atvinnugreinum framtíðarinnar. Vaxandi eftirspurn eftir mat á heimsvísu skapar íslenskum landbúnaði sóknarfæri með möguleikum á aukinni framleiðslu og margbreytilegum afurðum. Ríkisstjórnin mun gera íslenskum landbúnaði kleift að nýta þau sóknarfæri sem greinin stendur frammi fyrir. Með það fyrir augum er brýnt að kanna með hvaða hætti er unnt að auka verðmætasköpun og nýta sem best tækifærin sem felast í sveitum landsins.

Til að bregðast við aukinni eftirspurn eftir matvælum og hækkandi verðlagi verður skipaður starfshópur til að móta tillögur um hvernig auka megi matvælaframleiðslu á Íslandi og tryggja að ávinningur af aukinni eftirspurn og sókn á nýja markaði skili sér í bættum kjörum bænda.“²

¹ *Stefnumörkun í heilbrigðismálum: leiðin til lýðheilsu*. <http://www.laeknabladid.is/tolublod/2013/03/nr/4790>

² *Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins*. <http://www.stjornarrad.is/Stefnuyfirlýsing/#landbunadur>

Ekki verður séð hvernig framlagt frumvarp styðji við þessa skýru markmiðssetningu um að efla íslenskan landbúnað.

Í frumvarpi sem þessi umsögn tekur til leggst Svínaræktarfélag Íslands gegn hækkun á „matarskatti“ enda skaðleg neytendum, vinnur gegn innlendri matvælaframleiðslu og heilnæmum matvælum. Jafnframt setur félagið spurningarmerki við þær áherslur sem felast í lækkun á vörugjöldum.

Virðingarfyllt
fyrir hönd Svínaræktarfélags Íslands

Hörður Harðarson, formaður

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. október 2014

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, brottfall laga nr. 97/1987, um vörugjald, og breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (kerfisbreyting á virðisaukaskatti, brottfall laga og hækkun barnabóta), 2. mál

SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu vísa til erindis efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 22. september sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, brottfall laga nr. 97/1987, um vörugjald, og breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (kerfisbreyting á virðisaukaskatti, brottfall laga og hækkun barnabóta), 2. mál. Í umræddu frumvarði eru lagðar til einstaka breytingar á áðurnefndum lögum, þ.m.t. breytingar á skatthlutfalli virðisaukaskatts sem og afnám hinna almennu vörugjalda.

SVÞ hafa kynnt sér fyrirbyggjandi frumvarp og vilja samtökin fá að koma á framfæri við efnahags- og viðskiptanefnd eftirfarandi athugasemdum hvað varðar umrætt frumvarp.

Hvað varðar breytingar á skatthlutfalli virðisaukaskatts, þ.e. lækkun á efra þrepi og hækkun þess neðra, benda SVÞ á að fyrirhugaðar breytingar eru skref í rétta átt til að koma á breytingum til auka skilvirkni skattkerfisins og jafna samkeppnisstöðu í atvinnulífinu. Að mati SVÞ verður hins vegar markmiðum um skilvirkni, hagkvæmni og gagnsæi skattkerfisins sem og jafnræðis ekki að fullu náð fyrr en komi verði á einu skatthlutfalli virðisaukaskatts. SVÞ fagna hins vegar og styðja þær tillögur sem lagðar eru til í fyrirbyggjandi frumvarpi og varða breytingar á virðisaukaskattkerfinu.


Þá er einnig í frumvarpinu lagt til að hin almennu vörugjöld verði aflögð og er sú tillaga um afnám þessa kerfis sérstakt fagnaðarefni fyrir SVÞ. SVÞ benda á að vörugjöld hafa lengi verið þynnir í augum verslunarinnar og hafa samtökin ávallt barist fyrir afnámi þessara óskilvirku og íþyngjandi álagna. Sem dæmi má nefna það frumkvæði samtakanna að árið 2011 var unnin greining á vörugjaldskerfinu, í samvinnu við fjármálaráðuneyti, en afrakstur vinnunnar var skýrsla SVÞ sem ber heitið „Vörugjaldskerfið á Íslandi“. Óumdeilt er að vörugjaldskerfið er úrelt og felur í sér handahófskennda skattlagningu með tilheyrandi kostnaði fyrir atvinnulíf, ríkissjóð og síðast en ekki síst neytendur.

Að mati SVÞ er það því verulegt, og löngu tímabært, fagnaðarefni að sjá loks tillögur þess efnis að afnema hin almennu vörugjöld. Þótt bæði verslun og neytendur hafi hagsmuni af því að skattheimtu sé haldið í lágmarki þá felast hagsmunir þessara aðila einnig í því að skattkerfið sé einfalt, hlutlaust, gagnsætt og skilvirkt, enda er sá háttur til þess fallinn að stuðla að heilbrigðri samkeppni og bæta verðskyn neytenda en vörugjöld eru síst til þess fallin að uppfylla þessar kröfur. Í ljósi þessa styðja SVÞ þær framkomnu tillögur um að afnema hið almenna vörugjaldskerfi. Hins vegar ítreka SVÞ að þrátt fyrir að tillögur þessar nái fram að ganga standa enn eftir sérstök vörugjöld sem samtökin telja mikilvægt að tekin verða til


endurskoðunar með það að markmiði að afnema þau einnig á grundvelli sömu sjónarmiða og snúa að hinu almenna vörugjaldskerfi og því óhagræði sem þau gjöld hafa fyrir atvinnulíf, ríkið og almenning í landinu.

SVÞ mælast með því að frumvarp þetta nái fram að ganga og hvetja samtökin Alþingi til að lögfesta frumvarpið. Að öðru leyti gera SVÞ ekki frekari athugasemdir við fyrirbyggjandi frumvarp. SVÞ áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. SVÞ



Andrés Magnússon
framkvæmdastjóri



Lárus M.K. Ólafsson hdl.



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. september 2014

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, brottfall laga nr. 97/1987, um vörugjald, og breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (kerfisbreyting á virðisaukaskatti, brottfall laga og hækkun barnabóta).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp.

Endurskoðun neysluskatta er tímabær. Tollar og vörugjöld eru margfalt hærri hérlendis en í nágrannalöndunum og almennt þrep virðisaukaskatts er það næsthæsta í heimi. Á sama tíma eru stór hluti einkaneyslu á Íslandi annað hvort í lægra þrepi virðisaukaskatts eða undanþeginn honum. Slíkt fyrirkomulag er óhagkvæmt og felur í sér neyslustýringu sem leiðir til lakari lífskjara. Áform um afnám almennra vörugjalda, breikkun skattstofns virðisaukaskatts og minna bil á milli þrepa hans eru því fagnaðarefni.¹

Kaupmáttaraukning mest fyrir þá tekjulægstu

Í aðdraganda fjárlaganna hefur því verið haldið fram að boðaðar breytingar komi sér illa fyrir þá tekjulægri. Til dæmis hefur stjórn VR sent frá sér ályktun þar sem fullyrt er að breytingarnar leggist „með næstum tvöfalt meiri þunga á lægsta tekjuhópinn en þann hæsta.“ Þá hefur forseti ASÍ sagt að breytingarnar komi einkum illa við tekjulág heimili og barnafólk. Þegar áhrif fjárlagafrumvarpsins á heimilin eru skoðuð kemur hins vegar önnur mynd í ljós.

Á mynd 1 má sjá hlutfall ráðstöfunartekna sem íslensk heimili eyða í nokkrar tegundir neysluvara. Tekjulægsti hópurinn eyðir hærra hlutfalli tekna sinna í matvæli, sem munu hækka nokkuð í verði við breytingarnar. Með vísan í þessar upplýsingar hefur verið fullyrt að hækkun lægra þreps virðisaukaskatts komi verst niður á tekjulægstu heimilunum. Þar með er þó ekki öll sagan sögð.

¹ Nánari umfjöllun um núverandi fyrirkomulag neysluskatta má finna í skoðun Viðskiptaráðs frá 2012: „*Neysluskattar komnir á síðasta sölundag.*“ Slóð: vi.is/malefnastarf/utgafa/skidanir/1528/


Mynd 1

Tekjulægri heimili verja hærra hlutfalli ráðstöfunartekna sinna í neyslu og finna því frekar fyrir verðbreytingum á neysluvörum

Hlutfall neysluvara af ráðstöfunartekjum heimila

Vísitala (100 = meðaltal allra heimila), skipt eftir tekjufjórðungum

Matvæli og drykkjarvörur Sjónvörp, tölvur o.fl. Allir útgjaldaflokkar




Heimildir: Hagstofa Íslands; greining Viðskiptaráðs Íslands

Á myndinni má einnig sjá að tekjulægstu heimilin verja hærra hlutfalli ráðstöfunartekna sinna í neysluvörur almennt. Með öðrum orðum þá er heildarneysla tekjulægstu heimilanna meiri sem hlutfall af tekjum. Þannig verja tekjulægstu heimilin til dæmis mun hærra hlutfalli tekna sinna í sjónvörp og raftæki, sem munu lækka verulega í verði við boðaðar breytingar á skattkerfinu. Þær verðlækkanir munu því gagnast tekjulægstu heimilunum mest.

Ef heildaráhrif boðaðra breytinga á neyslusköttum eru skoðuð, í stað þess að taka sérstaklega út ákveðna flokka neysluvara líkt og matvæli, má sjá að breytingarnar auka kaupmátt heimilanna (mynd 2). Matur og drykkjarvörur hækka vissulega í verði, sem og þjónusta veitingahúsa, en flestir aðrir neysluflokkar lækka í verði og sumir hverjir verulega. Þegar allt er tekið saman kemur í ljós að ráðstöfunartekjur allra heimila munu hækka.

Mynd 2

Boðaðar breytingar á neyslusköttum auka kaupmátt heimila þegar allir útgjaldaflokkar eru meðtaldir



¹ Miðað við óbreytt neyslumynstur eftir breytingar

² Virðisaukaskattur á þennan flokk hækkar um 4,7%. Á móti kemur lækkun á vörugjöldum á nokkra flokka mat- og drykkjarvara svo heildarhækkunin nemur 1,6%

³ Virðisaukaskattur á hita og rafmagn hækkar um 4,7%. Á móti kemur afnám vörugjalda á nokkra vörutegundir, m.a. á byggingarvörur, sem leiðir til lækkunar í þessum flokki um 0,6%.

Heimildir: Hagstofa Íslands; Fjármála- og efnahagsráðuneytið; áætlun Viðskiptaráðs Íslands

Auk þessara breytinga hafa stjórnvöld boðað hækkun barnabóta um 13% til viðbótar við 2,5% verðlagsuppfærslu. Vegna tekjuskerðingar þeirra bóta munu þær breytingar einnig koma sér best fyrir tekjulægstu heimilin. Matvæli og drykkjarvörur vega þyngra í neyslukörfu barnafjölskyldna, en hækkun barnabóta tryggir að þær fjölskyldur beri ekki skarðan hlut frá borði. Viðskiptaráð áætla að hækkun barnabóta muni auka ráðstöfunartekjur tekjulægsta fjórðungs heimila um 0,6%, samanborið við 0,4% fyrir öll heimili.

Á mynd 3 má sjá áætluð áhrif frumvarpsins á fjölskyldur eftir tekjufjórðungum. Kaupmáttur tekjulægsta fjórðungs fjölskyldna eykst mest, eða um 1,1%, samanborið við 0,5% fyrir allar fjölskyldur. Þetta stafar af því að tekjulægstu heimilin verja hærra hlutfalli ráðstöfunartekna sinna í neyslu en önnur og finna því frekar fyrir jákvæðum verðlagsáhrifum. Þá hefur hækkun og aukin tekjuskerðing barnabóta jákvæð áhrif á tekjulægsta fjórðunginn, en lítilla neikvæð áhrif á þann tekjuhæsta. Boðaðar breytingar koma sér því best fyrir tekjulægstu heimilin í landinu.

Mynd 3

Heildaráhrif frumvarpsins eru jákvæð fyrir alla tekjuhópa og mest fyrir þá tekjulægstu

Tekjuhópur	Áhrif á kaupmátt heimila				
	%				
	Neðsti fjórð.	Annar fjórð.	Þriðji fjórð.	Efsti fjórð.	Allir
Breytingar á neyslusköttum ¹	+0,5	+0,4	+0,4	+0,4	+0,4
Hækkun barnabóta ²	+0,6	+0,2	+0,1	-0,2	+0,1
Samtals	+1,1	+0,6	+0,5	+0,2	+0,5

¹ Miðað er við óbreytt neyslumynstur eftir breytingar

² Vegna hækkunar skerðingarhlutfalls lækka útgreiddar barnabætur til efsta tekjufjórðungsins lítillega

Heimildir: Hagstofa Íslands; Fjármála- og efnahagsráðuneytið; áætlun Viðskiptaráðs Íslands

Lágmarka má óhagræði með endurskoðun gildistöku

Lágmarka má óhagræði vegna frumvarpsins með því að flýta lítillega gildistöku niðurfellingar vörugjalda og seinka lítillega gildistöku breytinga á virðisaukaskatti í frumvarpinu.

Niðurfelling vörugjalda mun hafa í för með sér verðlækkunar um allt að 20% í sumum vöruflokkum. Því er líklegt að margir neytendur bíði með þau útgjöld fram að gildistöku laganna. Þá er hætt við að söluaðilar sitji uppi með birgðir af vörum sem fluttar voru inn á fullum vörugjöldum fram yfir jólavertíð. Með því að flýta gildistöku niðurfellingar vörugjalda til t.d. 1. nóvember næstkomandi mætti lágmarka þetta óhagræði.

Þá felst óhagræði í því fyrir smásölufyrirtæki að ráðast í breytingar á virðisaukaskatti um áramót þegar mikið álag er á verslunum. Hentugra væri að fara í þær breytingar í lok janúar þegar verslanir eru að hefja nýtt sölutímabil. Þá kæmu enn fremur ekki upp vandamál tengd því að verslanir taki við vörum til skila eða skipta sem keyptar voru með annarri álagningu virðisaukaskatts fyrir áramót.

Þýðingarmikið skref í rétta átt

Viðskiptaráð telur fyrirliggjandi frumvarp vera þýðingarmikið skref í rétta átt í skattamálum. Frumvarpið felur í sér afnám vörugjalda á um 630 vöruflokka, lækkun almenns þreps virðisaukaskatts, breikkun skattstofna og minnkun bilsins á milli efra og lægra þreps skattsins. Allar

Þessar breytingar eru til þess fallnar að auka skilvirkni neysluskatta og styrkja grundvöll verðmætasköpunar héraendis. Þá hafa stjórnvöld útfært breytingarnar þannig að þær komi best út fyrir tekjulægstu heimilin í landinu.

Það er von ráðsins að þetta sé fyrsta skrefið í frekari vegferð í átt að einfaldara kerfi neysluskatta. Þar má sérstaklega taka til skoðunar sameiningu efra og neðra þreps virðisaukaskatts, afnám undanþága á fleiri vöru- og þjónustuflokka og endurskoðun tollkerfisins með afnám sem flestra tollflokka á leiðarljósi. Væri einnig ráðist í slíkar breytingar stæði Ísland uppi með eitt hagkvæmasta kerfi neysluskatta í Evrópu. Slíkt væri til mikilla hagsbóta fyrir neytendur og myndi styðja við frekari verslun og verðmætasköpun héraendis.

Í því ljósi gerir Viðskiptaráð Íslands engar athugasemdir við efnisatriði frumvarpsins. Ráðið leggur þó til að gildistaka þess sé endurskoðuð með hliðsjón af framangreindum sjónarmiðum.

Viðskiptaráð Íslands leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllt,



Marta Guðrún Blöndal
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um virðisaukaskatt o.fl. (2. mál, þingskjal 2, 144. löggjafarþing 2014-2015)

Ævintýri ehf. hópferðabíla
Jón Þór Ólafsson framkvæmdastóri

nefnasvid@althingi.is

Aðalmál : Mismunun er varðar rekstrargrundvöll hópferðabíla.

Lagafrumvarp um einföldun skattkerfis er bæði þarft og tímabært, en í þessu frumvarpi hefur það misst marks er varðar undanþágu frá VSK tiltekinna hópferðabíla. Ekki verður séð, að óskað hafi verið eftir umsögn nokkurs fyrítækis í rekstri hópferðabíla.

Tekið skal undir þá umsögn Jóns Seinsonar, að ekki sé ástæða til að undanskilja VSK í almenningssamgöngum þar sem þær eru hvort sem er styrktar af almanna fé. Það fjármagn færir fram og til baka.

Mismunun er rökstudd með að benda á, að erlendis séu almenningssamgöngur með skattaívilnanir. Þetta kann að vera rétt í einhverju tilfelli en betra er að líta til staðreynda í íslensku rekstrarumhverfi hópferðabíla,

1. Flestir þeirra sem annast almenningssamgöngur stunda jafnframt hópferðaakstur til afþreyingar. Þetta kallar auljóslega möguleika á mismunun í rekstrarumhverfi.
Nefnd skulu hér nokkur þeirra fyrítæki :
Hópbíla í Hafnarfirði (Stræto + utanbæjarstrætó)
Kynniferðir í Kópavogi. (srætó og flugrúta)
Allrahanda (Flugrúta og akstur fatlaðra)
Hópferðabílar Akureyrar (strætó)
2. Flestir þeirra sem annast skólaakstur og fyrir íþróttafélög stunda jafnframt hópferðaakstur til afþreyingar með sömu hópferðabílunum.
(Nauðsynlegt til að ná sem bestri nýtingu)

Eiga þessir hópferðabílar einnig að að vinna með tvenns konar rekstrarform ?

Auljóst er að aðilar 1 og 2 fengju of mikla freistingu til að setja kostnað í VSK umhverfi.

Niðurstaða :

Eitt og sama rekstrarumhverfi þarf að vera hjá öllum í flutningi farþega á landi, ekki síst vegna þess að í mörgum tilfellum geta komið upp vafaatriði í túlkun þess hvað sé almennings samgöngur, einnig hvað sé skólaakstur, fyrir íþróttafélög og annað sambærilegt.

Dæmi um þetta :

- a. Er akstur til og frá Keflavíkurflugvelli á vegum Kynniferða og Allrahanda almennar samgöngur ? Hvað um áætlunarferðir í Þórsmörk eða Landmannalaugar ? (Í samkeppni við hópferðabíla í akstri til afþreyingar)
- b. Fjöldi skólahópa koma erlendis frá. Munu þeir flokkast eins og akstur með íslenska skólahópa ?
- c. Hvernig munu svokallaðar vettfangsferðir skólahópa flokkast, eða ferðalög í lok skólaárs ?

Ekki verður hjá því komist að nefna leigubílaakstur sem á að vera áfram utan VSK rekstrar. Vandséð er hvaða rök séu fyrir því, þar sem einnig er um farþegaflutning að ræða. Auk þess hafa þeir stundað pakkaflutninga um langt skeið í samkeppni við sendibíla sem hafa VSK rekstur.

Að lokum verður að gagnrýna gildistöku laganna í mai sem kallar á tvenns konar rekstrarreikning 2015 auk þess sem ferðaskrifsofur hafa nú þegar selt ferðir við föstu verði árið 2015

1.jan 2016 hlítur því að vera fyrsti raunhæfi möguleiki á gildistöku laganna.



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

Reykjavík 13. október 2014

Efni: Umsögn Örorkjabandalags Íslands (ÖBÍ) um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, brottfall laga nr. 97/1987, um vörugjald, og breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, þingskjal 2 -2. mál.

Hér er álit ÖBÍ við erindi velferðarnefndar Alþingis um frumvarp til laga er varða kerfisbreytingu á virðisaukaskatti, brottfall laga og hækkun barnabóta.

Örorkjar reka heimili eins og aðrir þjóðfélagsþegar og hluti af rekstri heimilis er að eiga fyrir mat

Í neðra þrepi virðisaukaskatts hér á landi, sem áform eru um að hækka, er meðal annars öll mat- og drykkjarvara að áfengi undanskildu. Þetta er áhyggjuefni þar sem tekjulágir hópar s.s. örorkulífeyrisþegar verja stærri hluta tekna sinna í mat og aðrar dagvörur en aðrir. Hækkun virðisaukaskatts á ýmsar nauðsynjar s.s. matvörur, rafmagn og hita mun koma sérstaklega illa við þennan hóp. Fyrirhugaðar breytingar munu hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér þegar haft er í huga að nýlegar rannsóknir sýna fram á að örorkubætur duga ekki til mannsæmandi framfærslu. Fjölmargir örorkulífeyrisþegar eiga hreinlega ekki fyrir mat út mánuðinn.

Ráðstöfunartekjur örorkulífeyrisþega, sem er með engar eða litlar aðrar tekjur, eru á bilinu 168 þúsund til 187 þúsund krónur á mánuði. Tekjuskerðingar eru mjög miklar, eða 100%, á fyrstu viðbótartekjunum og því eru margir örorkulífeyrisþegar í þeirri stöðu að geta ekki aukið ráðstöfunartekjur sínar. Minnt er á að nauðsynjar og vörur sem fólk getur ekki verið án, s.s. matvara og húshitun hækkar um 5% á meðan fjárlagafrumvarp fyrir árið 2015 gerir ráð fyrir 3,5% hækkun bóta almannatrygginga. 3,5% þýðir allt að 5.300 kr. hækkun á mánuði, en allt að kr. 6.000 á mánuði fyrir þá sem njóta heimilisuppbótar¹.

Í samhengi við örorkubætur – viðmið útgjalda fyrir mat

Ef horft er til grunnviðmiðs í neysluviðmiðum velferðarráðuneytisins fer tæplega einn fjórði tekna örorkulífeyrisþega í mat, drykk og aðra dagvöru, sem verður að teljast mjög hátt hlutfall ráðstöfunartekna. Reiknað er með um 1.450 kr. á dag í mat, en grunnviðmiðið er mjög lágt og því ekki gert ráð fyrir því að hægt sé að draga úr útgjöldum. Mjög svipað viðmið er hjá umboðsmanni skuldara.

¹ 30% örorkulífeyrisþega fá greidda heimilisuppbót.

Fyrirhugaðar breytingar á virðisaukaskatti

Boðuð kerfisbreyting sem taka á gildi næstu áramót, þ.e. að lækka almennt þrep virðisaukaskatts úr 25,5% í 24,5% og hækka neðra þrepið úr 7 í 12%, er ætlað til einföldunar. Áfram verða þó tvö þrep, einungis tölurnar breytast og er lækkun efra þrepsins að auki mun lægri en hækkun lægra þrepsins. Flækjustigið helst því óbreytt. Enn fremur á að afnema almenn vörugjöld sem eru lögð á afmarkaða vöruflokka. Bandalagið sér ekki nauðsyn þess að hækka álagningu á matvörur til þess að afnema vörugjald vara, sem ekki geta talist til nauðsynja s.s. sykraðar matvörur, ýmsar byggingavörur eða rafmagnstæki.

Lyf og hjálpartæki í efra skattþrepi virðisaukaskatts – breytinga er þörf

Rannsóknir hafa sýnt að örorkulífeyrisþegar nota heilbrigðiskerfið meira en margur annar. Gjöld fyrir heilbrigðistengda þjónustu hækkuðu á bilinu 4 – 20% í byrjun þessa árs auk þess sem gjaldskrá hins opinbera fyrir rannsóknir og sérfræðiþjónustu hækkaði einnig í júlí síðastliðnum. Til að bæta gráu ofan á svart eru boðaðar enn frekari hækkanir í frumvarpinu s.s. með hækkun viðmiðunarfjárhæða í greiðsluþáttökukerfi lyfja. Lyf og hjálpartæki eru í efri virðisaukaskattþrepi. ÖBÍ leggur mikla áherslu á að virðisaukaskattur á lyfjum og hjálpartækjum verði felldur niður eða að öðrum kosti færð í neðra skattþrepið. Minnt er á að á Landsfundi Sjálfstæðisflokksins í október 2005 var samþykkt eftirfarandi ályktun : *"Athuga ber að fella niður virðisaukaskatt á lyfseðilsskyldum lyfjum, sem í senn er einföldun á skattkerfinu og einkum til hagsbóta fyrir aldraða, öryrkja og barnafjölskyldur."*

Mótvægisáðgerðir


Bandalagið lýsir ánægju sinni með að áætlað sé að hækka barnabætur og er það mikilvæg áðgerð fyrir barnafólk með lágar tekjur. Mótvægisáðgerðin nær hins vegar því miður ekki til nema lítills hóps örorkulífeyrisþega.

Lokaorð

Stjórnvöld boða 3,5% hækkun bóta almannatrygginga í frumvarpi til fjárlaga 2015 á sama tíma og áætlanir eru um að hækka neðra þrep virðisaukaskatts í 12% og auka álögur á öryrkja og sjúklinga í heilbrigðiskerfinu, þrátt fyrir að útgjöld vegna heilbrigðisþjónustu vegur þungt hjá þeim. Þá er minnt á að lífeyrisþegar bíða enn eftir leiðréttingu kjaragliðnunar síðustu ára. Stjórnvöld eru hvött til að breyta um stefnu og forgangsraða í þágu velferðar og mannréttinda svo fólk búi við mannsæmandi framfærslu.

Ekkert um okkur án okkar.

Með vinsemd og virðingu,



Ellen Calmon
formaður ÖBÍ